


**SIGRÍÐUR ÁSDÍS JÓNASDÓTTIR**

*Hefur hagsýnina að leiðarljósi við fatakaup*

• tíska

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**FYRIRTÆKJAGJAFIR**

*Sérsniðnar gjafir, handverk og kræsingar*

Sérblað um fyrirtækjagjafir

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**ÆVISÖGUR**

*Sjálfsævisögur, játningar og endurminningar*

Sérblað um ævisögur

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**


# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

19. nóvember 2009 — 274. tölublað — 9. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**



### Í herferð fyrir Óskarinn

Sigurjón Sighvatsson setur þrjár milljónir dala í að kynna nýjustu mynd sína fyrir Akademíunni.

**FÓLK 66**

### Á ártíð hrunsins

„Á ártíð hrunsins er þess krafist af stjórnmálamönnum að þeir slíðri sverð og vinni sem samstilltur hópur að lausn þeirra mála sem á okkur hvíla,“ skrifa átta guðfræðingar.

**UMRÆÐAN 30**



### Jafntefli í toppslagnum

Valur og Stjarnan skildu jöfn í N1-deild kvenna.

**ÍÞRÓTTIR 60**

**Athafnavika**



### Talað um tækifærin

Sóknarfæra verður leitað á nýsköpunarfundi í Blönduvirkjun.

**ATHAFNAVIKAN 16**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**Strekkingsvindur** verður víða á landinu í dag en hvassviðri á Vestfjörðum. Rigning eða slydda um allt land. Hlýnandi veður.

**VEÐUR 4**

# Einn starfsráðgjafi á hverja þúsund á atvinnuleysisskrá

**Vinnumálastofnun getur engan veginn sinnt öllum sem nú eru atvinnulausir. Ráðgjöfum stofnunarinnar hefur verið fjölgað um þrjá en tíu þúsund manns hafa bæst við hóp atvinnulausra á sama tíma.**

**ATVINNUMÁL** Vinnumálastofnun hefur aðeins ráðið þrjá náms- og starfsráðgjafa frá hruninu þrátt fyrir að atvinnulausum hafi fjölgað um mörg þúsund manns. Atvinnulausir í október voru tæplega þrettán þúsund en spár um þróun atvinnuleysis gera ráð fyrir að þeim fjölgi hratt á næstunni. Ráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu voru sjö fyrir hrunið en eru nú tíu talsins. Fjöldi viðskiptavina hefur tífaldast frá því í október 2008 og eru þeir um tíu þúsund á höfuðborgarsvæðinu.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að þegar allt er talið starfi um tuttugu ráðgjafar á fimmtán stöðum á landinu. Þeir séu hins vegar allt of fáir. „Það má orða það sem svo að hver einasti náms- og starfsráðgjafi sem bætist við væri vel þeginn.“ Starfsmönnum stofnunarinnar hefur verið fjölgað um hátt í þrjátíu frá áramótum. Þeir sinna hins vegar bótaútreikningi og greiðslum til atvinnulausra en ekki svokölluðum virkniúrræðum. Gissur segir það skjóta skökku við að á meðan stofnunina sárvanti náms- og starfsráðgjafa gangi margir með slíka menntun um atvinnulausir. Hins vegar hefur stofnunin ekki fjármagn til að ráða þá í vinnu.

Þórdís Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi hjá Vinnumálastofnun, segir vonlaust að tíu ráðgjafar geti sinnt öllum þeim fjölda fólks sem nú er atvinnulaust. „Við náum 800 til 1.000 einstaklingsviðtölum á mánuði sem þýðir að það tæki okkur tólf mánuði að ná til allra þeirra sem eru á skrá í dag.“

Þórdís bendir á að fjöldinn allur af starfshópum hafi farið yfir vandann og fyrir liggi rannsóknir sem sýni skaðsemi atvinnuleysis. „Á meðan fjárvana stjórnmálamenn stofna nefndir vantar okkur fólk og peninga til að lágmarka skaðann sem langtímaatvinnuleysi veldur,“ segir Þórdís. Hún segir að ef vel ætti að vera ættu að starfa fjörutíu ráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu.

Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, segir ekki mögulegt að fjölga starfsfólki stofnunarinnar í takt við óskir þeirra sem þar starfi. Til þess sé ekki til fjármagn. „Það er hins vegar óskastaðan og við vinnum að því með öllum ráðum að skapa það svigrúm.“

**- shá / sjá síðu 4**




**AF VETTVANGI** Lögregla hafði mikinn viðbúnað í miðborginni þær mínútur sem ræninginn var ófundinn. Konan var ein í afgreiðslunni þegar ránið var framið, en gullsmiðurinn Símon, sem hér sést, var baka til. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Réðst inn í skartgripaverslun:

## Rændi dýru úri og sparkaði í þungaða konu

**LÖGREGLUMÁL** Maður á þrítugsaldri réðst inn í skartgripaverslunina Jón Sigmundsson við Laugaveg síðdegis í gær, sparkaði í kvið þungaðrar afgreiðslukonu og stal 390 þúsund króna úri.

Maðurinn flúði af vettvangi en var handtekinn fimmtán mínútum síðar á skyndibitastaðnum Aktu taktu við Skúlagötu með úrið í fórum sér. Hann hefur oft komið við sögu lögreglu áður.

Konan, sem er rúmlega tvítug, var flutt á spítala í skoðun eftir árásina. Símon Ragnarsson, gullsmiður í versluninni, sagði í gær að henni hefði eðlilega verið afar brugðið en taldi ekki að henni eða barninu hefði orðið meint af árásinni, þótt hann þyrði ekki að fullyrða það. **- sh**


opnum í dag kl. 17



20%

opnunar-afsláttur af öllum vörum

gallerí sautján

Smáralind


Tekjuskattar hækka á alla með meira en 270 þúsund krónur í mánaðarlaun:

# Sérstakur skattur á eignafólk

**STJÓRNMÁL** Tímabundinn auðlegðarskattur á stóreignafólk á að skila allt að fjórum milljörðum króna á ári næstu þrjú árin.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði á blaðamannafundi í gær talsverðan hóp fólks í „prýðilegum færum til að leggja nú samfélaginu lið næstu þrjú árin með því að greiða þennan auðlegarskatt og bera það að verkum að við getum haft hærri vaxtabætur og komist hjá skerðingu barnabóta“.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði breytingar á skattkerfinu sem kynntar voru í gær gera kerfið sanngjarnara. Meðal annars á að taka upp þriggja þrepa tekjuskattskerfi. Sagði ráðherrann það þýða að tekjuskattur myndu lækka hjá þeim sem hafa undir 270 þúsund krónur á mánuði en hækka hjá öðrum. Efsta þrepið verður um 46 prósent að meðtöldu útsvari og leggst það á þann hluta mánaðartekna sem er yfir 650 þúsund krónum.

Þá verður lagt nýtt orkugjald á rafmagn sem felur í sér að stóriðja þarf að skila 1.600 milljónum aukalega í ríkissjóð. Bensín og áfengi hækkar einnig og virðisaukaskattur sömuleiðis.

**- gar / sjá síðu 18**


sbarro®

18 tommu pönnupizza með 2 áleggstegundum

1990 kr.

Risa pizza

Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750

Kringlan



Opið til 21

SPURNING DAGSINS



*Hrönn, er þetta daglegt brauð hjá ykkur?*

„Já, það er svo sannarlega daglegt brauð að leika sér að góðu hráefni.“

Hjónin Hrönn Vilhelmsdóttir og Þórólfur Antonsson á Café Loka bjóða þessa dagana upp á framandi rúgbrauðsrétti í tilefni af athafnaviku.

Sjálfstæðismenn leggja fram frumvarp um skattlagningu séreignarsparnaðar:

# Skilar 115 milljörðum um áramótin

**ALÞINGI** Verði nýtt frumvarp þingmanna Sjálfstæðisflokksins um skattlagningu séreignarsparnaðar að lögum renna samtals 115 milljarðar króna til ríkisins og sveitarfélaganna um næstu áramót; 74,6 milljarðar renna til ríkisins og 40,5 milljarðar til sveitarfélaganna.

Næstu ár myndu svo tæpir sjö milljarðar renna árlega í ríkissjóð og tæpir fjórir til sveitarfélaganna.

Skattur er nú greiddur við útgreiðslu séreignarsparnaðar en ekki við greiðslu iðgjalda. Því vilja sjálfstæðismenn breyta til að mæta mikilli fjárþörf hins opinbera. Telja þeir óskynsamlegt að leggja enn þyngri byrðar á atvinnulíf eða einstaklinga í formi skattahækkana eftir þau áföll sem dunið hafa yfir, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu. Þar kemur líka fram að samsvarandi aðgerð gagnvart samtryggingarsjóðum hafi komið til skoðunar en sú leið ekki talin skynsamleg.

Í frumvarpinu er lagt til að lífeyrissjóðunum verði gefinn kostur á og veitt heimild til að gefa út stöðluð skuldabréf til allt að 25 ára til að greiða staðgreiðsluna. Er það gert til að sjóðirnir neyðist ekki til að setja eignasöfn sín á brunaútsölu með tilheyrandi verðfalli til að mæta skattgreiðslunum. **- bþs**



**FYLGST MEÐ UMRÆÐUM** Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins í þingsalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sjálfvirk greiðslujöfnun:

## Fresturinn rennur út í dag

**FJÁRMÁL** Frestur til að afþakka sjálfvirka greiðslujöfnun verðtryggðra fasteignalána rennur út í dag. Í gærmorgun höfðu 15.872 einstaklingar hafnað greiðslujöfnun á 25.839 lánum hjá Íbúðalánasjóði. Þetta er 31 prósent af lánum einstaklinga hjá sjóðnum.

Hafi menn hug á því að fá greiðslujöfnun síðar, þótt þeir hafi sagt sig frá henni, geta þeir sótt um hana síðar. Greiðslujöfnun verður sjálfkrafa sett á öll verðtryggð fasteignalán frá og með gjalddaga í desember, hafi menn ekki afþakkað hana. Það er hægt að gera í netbanka, á heimasíðum, eða í næsta útibúi lánveitanda. **- kóp**



**MANNÓSÍUR** Sokkabuxurnar eru vissulega sérstakar.

Sokkabuxur fyrir karlmenn:

## Mannósíur fyrir sterklega leggi

**TÍSKA** Nælonsokkabuxur fyrir karlmenn eru að ryðja sér til rúms vestanhafs ef marka má vefsíðuna e-mancipate.net. Sokkabuxurnar, sem kallast mantyhose upp á ensku en það er dregið af orðinu pantyhose, gætu útlagst á íslensku sem mannósíur.

Sokkabuxurnar virðast vinsælastar meðal íþrótta- og útivistarmanna, sem finnst þær halda vel við og gefa þreyttum fótum kraft. **- bb/** **sjá Allt**

# Stóraukin ásókn er í byssu- og veiðileyfi

**Þeim sem sækja námskeið Umhverfisstofnunar í meðferð skotvopna hefur fjölgað um fimmtíu prósent milli ára. Námskeiðin eru forsenda þess að fólk fái byssu- eða veiðileyfi. Í ár voru haldin 57 námskeið í sextán bæjarfélögum.**

**VEIÐIMENNSKA** Metaðsókn hefur verið á námskeið Umhverfisstofnunar í meðferð skotvopna og vegna umsókna um veiðikort á þessu ári. Fjölgun frá síðasta ári nemur um fimmtíu prósentum, að sögn Einars Guðmann, sérfræðings stofnunarinnar sem heldur utan um námskeiðin. Síðasta námskeið þessa árs var haldið 12. nóvember.

„Það er aukin ásókn í bæði skotvopna- og veiðikortaleyfi,“ segir Einar og bætir við að þótt á síðasta ári hafi mátt merkja nokkuð aukna aðsókn á námskeiðin sé aukning á þessu ári umtalsverð. Til þess að fá skotvopnaleyfi og/eða veiðileyfi þarf fólk að sitja námskeið og standast próf úr því hjá Umhverfisstofnun.

Á höfuðborgarsvæðinu hafa í tvígang á þessu ári verið yfir 100 manns á námskeiði stofnunarinnar, en Einar segir kjörfjölda á námskeið vera nær fimmtíu manns. „Ég held að flestir hafi orðið 110 á einu námskeiði hjá okkur,“ segir hann og áréttar um leið að aukningin sé á landsvísu, ekki höfuðborgarsvæðinu einu. „Á þessu ári erum við búin að halda 57 námskeið í sextán bæjarfélögum.“

Einar segir hins vegar ekki gott að segja hvað valdi þessari aukningu. „Getgátur eru hins vegar um að núna komi eldri menn í auknum mæli á námskeiðin. Áður fyrr voru þetta meira og minna strákar og stelpur nær tvítugu.“ Nú virðist hins vegar meira um að menn sem jafnvel hafi haft skotvopnaleyfi í mörg ár séu að verða sér úti um réttindi. „Þetta er í sjálfu sér mjög jákvætt og vísbendingar um að menn séu að gera sig löglega. En hvort það er vegna tíðra frétta af því að lögreglan grípi menn fyrir skammarstrik gegn veiðilöggjöfinni er erfiðara um að segja. Ég held raunar að þetta séu samverkandi áhrif margra þátta,“ segir hann og nefnir að auk fregna af auknu eftirliti með veiðum hafi verið fjallað meira um veiði, sem veki áhuga. Þá hafi verið gerðar breytingar á rjúpnaveiðitímabilinu, sem nú standi fram í desember. „Það verður til þess að eftirspurn eftir námskeiðum varir óvenju lengi.“ Annar þáttur sé svo að tekið hafi verið upp rafrænt skráningarform á námskeið stofnunarinnar á vefnum veiðikort.is.

Þá segir Einar að merkja megi að veiðimönnum fjölgi. „Á hverju ári hættir stór hópur veiðum sökum aldurs og fram að þessu ári hafa námskeiðin ekki gert annað en að halda í við fækkunina sem orðið hefur.“

Núna segir hann að um tólf þúsund manns séu í hópi þeirra sem endurnýi veiðikort sín árlega, en fjöldinn hafi verið undir ellefu þúsundum síðustu ár. **olikr@frettabladid.is**



**VEIÐIRIFFLAR TIL SÝNIS** Gamlir veiðirifflar til sýnis í framleiðslustöð byssuframleiðandans Beretta. Í lögum er kveðið á um að eigendur vopna verði að geyma þau í læstum hirslum, og fleiri en þrjár byssur í sömu eigu verði að geyma í sérstökum byssuskáp vottuðum af lögreglu. NORDICPHOTOS/AFP



**EINAR GUÐMANN**

Obama Bandaríkjaforseti:

## Hitti hálfbróður sinn í Kína

**KÍNA, AP „Ég þekki hann ekki vel. Við hittumst fyrst fyrir tveimur árum,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti um hálfbróður sinn, Mark Ndesandjo. Þeir hittust í Peking þegar Obama kom þangað á mánudag.**

**Ndesandjo býr í Kína ásamt kínverskri eiginkonu sinni. Hann sagðist vera í skýjunum yfir því að hafa hitt bróður sinn: „Og konan mín. Hún er mesti aðdáandi hans. Ég held hún sé enn að jafna sig.“**

**Ndesandjo gaf nýverið út skáldsögu um föður þeirra, Barack Obama eldri, sem fór illa með börn sín og fjölskyldu. - gb**



**MARK NDESANDJO**

Skrifa sameiginlega grein:

## Varaformenn samstiga um athafnasemi

**SAMFÉLAGSMÁL** Varaformenn Framsóknarflokks, Samfylkingar, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs skrifa saman grein í Fréttablaðið í dag þar sem þau fagna athafnaseminni sem fylgir athafnavikunni og hvetja Íslendinga til að styðja jákvætt frumkvæði og taka þátt í því.

„Í gegnum sögu Íslands hafa margvísleg áföll dunið yfir þjóðina. Sum hafa verið af völdum náttúru og önnur hafa verið efnahagsleg. Það sem öll þessi áföll eiga þó sameiginlegt er að íslenskum þjóðinni hefur tekist að vinna sig út úr þeim,“ segir í greininni. Eina leiðin til þess sé með athafnasemi. **- sh /** **sjá síðu 32**

ALÞINGI

### Þingforsetinn í Albaníu

Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, er nú í opinberri heimsókn í Albaníu í boði albanskrar starfssystur sinnar. Með Ástu í för eru varaforsetarnir Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Siv Friðleifsdóttir. Munu þær í heimsókninni ræða við þingmenn og ráðherra.






Telja Steingrím J. Sigfússon hafa brotið stjórnarskrá og kvarta til umboðsmanns:

# Segja mannréttindi sín brotin

**STJÓRNSÝSLA** 26 manna hópur, með Jóhann Ágúst Hansen viðskiptafræðing í fararbroddi, hefur kvartað til umboðsmanns Alþingis vegna meints brots Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra á 2. gr. stjórnarskrárinnar. Í henni er fjallað um þrískiptingu valds.

Telur hópurinn að Steingrímur hafi gerst brotlegur við greinina þegar hann sem fjármálaráðherra og handhafi framkvæmdarvalds gerði Icesave-samningana og síðar sem alþingismaður og handhafi löggjafarvalds veitti þeim brautargengi á Alþingi með atkvæði sínu. Er það mat hópsins að þetta stangist ekki einasta á við stjórnarskrá heldur gangi líka gegn mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála Evrópu. Í kvörtuninni segist hópurinn telja háttsemi Steingríms brot á mannréttindum sínum.

Meðal þeirra sem standa að kvörtuninni eru þingmenn Hreyfingarinnar: Birgitta Jónsdóttir, Þór Saari og Margrét Tryggvadóttir en áðurnefndur Jóhann Ágúst er eiginmaður Margrétar.

Ragnhildur Helgadóttir, lagaprófessor við Háskólann í Reykjavík, segir að þrátt fyrir aðra greinina sé beinlínis gert ráð fyrir því í stjórnarskránni að ráðherrar séu jafnframt þingmenn. Í 51. grein segi að ráðherrar eigi sæti á Alþingi en hafi aðeins atkvæðisrétt ef þeir séu jafnframt kjörnir þingmenn. Umkvörtunin vegna tilviks Steingríms eigi því varla stoð í stjórnarskránni. Það sé svo annað mál hvort það sé heppilegt fyrirkomulag eða ekki að þingmenn séu ráðherrar. **- bþs**



**KVARTAR TIL UMBOÐSMANNS** Jóhann Ágúst Hansen er í fararbroddi hópsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Jólagjöfin
TAX FREE
öll rafmagnsverkfæri - öll leikföng - öll smáraftæki
Aðeins fimmtudag til sunnudags
Nýtt
Leikföng væntanleg í allar verslanir fyrir helgi
FIRE ALARM
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs
blómaval
HÚSASMIÐJAN
Tilboð
999
1.499
Aðventuljós
hvít, viðar og rauð
5899631-3
Tilboð
599
Grenilengja
9 ft x 8"
2718500
Sýpris, verð frá
399
Pottahlífar fylgja ekki
Jólastjarna
999

## GENGIÐ 18.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 123,20 | 123,78 |
| Sterlingspund | 207,01 | 208,01 |
| Evra | 183,95 | 184,97 |
| Dönsk króna | 24,718 | 24,862 |
| Norsk króna | 22,053 | 22,183 |
| Sænsk króna | 18,031 | 18,137 |
| Japanskt jen | 1,3811 | 1,3891 |
| SDR | 197,31 | 198,49 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
237,5414

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Félagsmálaráðherra segir ekki hægt að fjölga starfsfólki Vinnumálastofnunar:

# Óskastaðan er að fjölga fólki

**ATVINNUMÁL** Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, segir ekki mögulegt að fjölga starfsfólki Vinnumálastofnunar í takt við óskir þeirra sem þar starfi. Til þess sé ekki til fjármagn. „Það er hins vegar óskastaðan og við vinnum að því með öllum ráðum að skapa það svigrúm. Við verðum hins vegar að starfa innan ramma fjárlaga og hugmyndirnar sem við vinnum með þessa dagana er að veita hluta af bótagreiðslum í virkni- og námsúrræði. Við berum sem samfélag ábyrgð á því að viðhalda virkni þessa fólks og nýta krafta þess og teljum það skyldu okkar. Að óbreyttu endum við í ógöngum.“


**ÁRNI PÁLL ÁRNASON** Vegna fjárskorts er ekki hægt að fjölga starfsmönnum Vinnumálastofnunar í takt við óskir þeirra sem þar starfa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Árni Páll segir að á sama tíma og lítið svigrúm sé til aðgerða sé verið að stokka spilin upp á nýtt. „Sérstaklega erum við að vinna að hugmyndum sem snerta yngsta hópinn og þar þurfum við án efa fjölþætt og flókin úrræði. Við erum með áætlanir um að nýta allt nærsamfélagið í þetta verkefni. Við þurfum að semja við stéttarfélögin um að styðja sína félaga og bjóða fólki í viðkomandi starfsgrein úrræði á þeirra vegum. Við þurfum að fá kirkjuna til leiks og Rauða krossinn svo dæmi sé tekið. Það er gríðarlegt verkefni fram undan. Önnur lönd búa svo vel að geta veitt miklum fjármunum til að leysa þennan vanda. Það höfum við ekki. Í staðinn mætum við vandanum með hugmyndaauðgi.“ - shá

Mannfjöldasjóður SÞ:

# Smokkar vinna gegn hlýnun

**BRETLAND, AP** Hægt væri að hægja á hlýnun jarðar með því að dreifa ókeypis smokkum og fræða fólk um getnaðarvarnir, segir í nýrri skýrslu frá Mannfjöldasjóði Sameinuðu þjóðanna, UNFPA.

Með því einfaldlega að hægja á fjölgun mannkyns er hægt að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

„Konur sem hafa aðgang að kynheilbrigðisþjónustu,“ segir í skýrslunni, „hafa lægri fæðingartíðni, sem stuðlar að hægari vexti útblásturs gróðurhúsalofttegunda.“ - gb

Kröfur bankafólksins átaldar:

# Vill lög gegn ofurbónusum

**ALÞINGI Árni Þór Sigurðsson, formaður þingflokks VG, vill að lög verði sett um launabónusa. Slík lagasetning sé óhjákvæmileg í tiltektinni eftir hrunið.**

**Á þingfundi í gær ræddi Árni um tíðindin af milljónakröfum fyrrverandi yfirmanna Landsbankans í þrotabú hans. Kvað hann þær úr takti við þau gildi sem þjóðfundurinn á laugardag lagði til grundvallar endurreisn samfélagsins en þau eru heiðarleiki, réttlæti, jafnrétti og virðing. Hvatti Árni til samstöðu um lög sem hömluðu ofurbónusastefnu í anda 2007.** - bþs

Obama treystir dómstólum:

# Fullviss um að Khalid fái dóm

**KÍNA, AP** Bæði Barack Obama Bandaríkjaforseti og Eric Holder dómsmálaráðherra hafa varið þá ákvörðun að flytja hóp fanga frá Guantanamo-búðunum til Bandaríkjanna þar sem réttað verði yfir þeim.

Obama, sem er á ferðalagi í Asíu, sagðist sannfærður um að Khalid Sheikh Mohammed, sem talinn er hafa skipulagt hryðjuverkin í Bandaríkjunum 11. september 2001, yrði dæmdur sekur.

Holder, sem ræddi við blaðamenn í Washington, tók fram að jafnvel þótt grunaður hryðjuverkamaður frá Guantanamo yrði sýknaður yrði hann ekki látinn laus í Bandaríkjunum. - gb

## LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í Fréttablaðinu í gær að Arnar Arnarson, sem starfaði sem verðbréfamiðlari hjá Landsbanka Íslands, hefði gert 167 milljóna kröfu í þrotabú bankans. Hið rétta er að krafa Arnars nemur 67 milljónum króna.

# Ómetanleg gögn um Nýja Bíó fundust á haugunum

**Fyrir áratug hirtu tveir starfsmenn borgarinnar tvo filmukassa af haugunum. Nokkru síðar uppgötvuðust í þeim gögn sem varða sögu Nýja Bíós í Reykjavík. Gögnunum var komið í vörslu Borgarskjalasafnsins.**

**BORGARMÁL** „Mér var tekið eins og ég hefði uppgötvað fjársjóð þegar ég kom með þetta blaðadrasl,“ segir Eiríkur Símon Eiríksson, fyrrverandi trésmiður og starfsmaður borgarinnar, sem lét af því verða í gær að koma í vörslu borgarinnar skjölum sem hann rakst á fyrir tilviljun.

Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörur segir að gögnin sem Eiríkur Símon færði Borgarskjalasafni séu ómetanlegar heimildir um upphaf og rekstur Nýja Bíós, sem stofnað var í Reykjavík árið 1912. „Við skráum þetta og gögnin verða strax aðgengileg fyrir þá sem vilja skoða,“ segir hún.

Í gögnunum eru handskrifaðar fundagerðarbækur frá 1914 til ársins 1944. Þá er þarna að finna undirrituð lög hlutafélagsins frá 1912 og afrit af leyfi sýslumanns til að vera með kvikmyndasýningar í húsnæði Nýja Bíós frá sama ári, auk efnahagsbókar frá 1916 til 1928.


**HEIMILDIR** Meðal skjala Nýja Bíós sem forðað var frá glötun eru fundagerðarbækur, lög félagsins og fleira. MYND/BORGARSKJALASAFN

„Það var nú eiginlega óafvitandi sem ég passaði upp á þetta, meðan ég geymdi það sem lengst,“ segir Eiríkur Símon. Árið 1999 vann hann við að setja saman plasttunnur fyrir borgina, en eldri járntunnum var komið á haugana. Eiríkur er 79 ára, en var þarna í einu af sínum síðustu verkum fyrir borgina.

Í einni haugaferðinni rakst hann á tvo stóra filmukassa sem hann sá að mætti nýta í annað. „Ég var þarna með Sveini Jósepssyni og það var nú eiginlega hann sem vildi hirða kassana. Við vorum þá með garðrækt og kartöfluskúra þar sem við töldum að þeir gætu nýst. Þangað fóru kassarnir, en gleymdust svo eiginlega.“

Þarna fyrir áratug segist Eiríkur ekkert hafa tekið eftir gögnunum sem voru í öðrum kassanum. „En svo var það fyrir einu og hálfu til tveimur árum að ég var að losa mig við garðræktina og rakst á kassana. Þá ætlaði ég að nota uppi í sumarbústað uppi á lofti, því helvítis músin komst þar inn og ég náði henni aldrei út aftur.“

Þegar Eiríkur ætlaði af stað með kassana heyrði hann hringla í öðrum og rakst þar á skjölin. „Fyrst ætlaði ég nú bara að henda þessu, en sá þá að þarna stóð stofnfundur á einu skjalinu.“ Eiríkur gekk því frá gögnunum í poka og fór með heim til sín og upp í hillu. „Þar gleymdist þetta nú bara þangað til í vor, en svo varð alltaf eitthvað til þess að ég komst ekki af stað með þetta fyrr en núna.“

olikr@frettabladid.is


**GLUGGAÐ Í GÖGNIN** Eiríkur Símon Eiríksson, trésmiður og fyrrverandi borgarstarfsmaður, og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður glugga í gögn frá árdögum Nýja Bíós í Reykjavík sem Eiríkur Símon bjargaði frá glötun. MYND/BORGARSKJALASAFN

## ÁGRIP AF SÖGU NÝJA BÍÓS

Í riti Félags sýningarmanna sem finna má á vef Rafiðnaðarsambandsins, raf.is, kemur fram að Nýja Bíó h/f hafi verið stofnað í Reykjavík 12. apríl árið 1912 af bræðrunum Sturlu og Friðriki Jónssonum, Sveini Björnssyni, Pétri Þ. J. Gunnarssyni, Ólafi Johnsson, Carl Sæmundssyni og Pétri Brynjólfssyni.

Fyrsta kvikmyndasýning á vegum félagsins fór fram í austursal Hótels Íslands 4. júlí 1912. Í maí 1919 var hafist handa við byggingu nýs húsnæðis fyrir bíóið við Austurstræti í miðbæ Reykjavíkur. Húsið þótti bylting í aðstöðu fyrir bíóhús og voru margvíslegar aðrar sýningar þar líka. Bíórekstri var svo hætt í húsinu fyrir lok níunda áratugarins, en seinustu árin voru ýmsir skemmtistaðir til húsa í Nýja Bíói, svo sem Tunglið. Húsið skemmdist síðan illa í bruna 1998 og var síðar rifið.




## VEÐURSPÁ


Ingibjörg Karlsdóttir
Veðurfréttamaður

**HLÝNAR** Það hlýnar á landinu í dag og má gera ráð fyrir fremur mildum dögum miðað við árstíma fram yfir helgi. Það verður heldur vindasamt hjá okkur í dag en svo dregur úr vindi um austanvert landið. Á Vestfjörðum má búast við að blási nokkuð næstu daga.



**Á MORGUN**
Fremur hæg breytileg átt. Strekkingur á V-fjörðum.

**LAUGARDAGUR**
Strekkingur sunnan- og vestantil, annars hægari.

### HEIMURINN

| | |
| --- | --- |
| Alicante | 21° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 12° |
| Eindhoven | 13° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 14° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 15° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 9° |
| París | 15° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



19.–22. nóvember

# HELGARFERÐ
## Í SMÁRALIND

- ENGINN GJALDEYRIR
- ALLTAF 23 STIGA HITI
- EKKERT VEGABRÉF
- ENGIN TOLLSKOÐUN
- TÚLKAR ÓÞARFIR
- ENGIN ÓKYRRÐ
- ALDREI YFIRVIGT

## Góðir farþegar!

Verið velkomnir í Smáralind sem tekur vel á móti ykkur um helgina með ótrúlegum fjölda frábærra tilboða. Hagkvæmustu jólainnkaupin í ár eru gerð í stærstu verslunarmiðstöð á Íslandi.

**Við vonum að ferðin verði ánægjuleg!**

Sjáumst í Smáralind!

## Þegar piparkökur bakast

**Laugardag** og **sunnudag kl. 14-16** fá allir krakkar gefins piparkökuhjörtu frá Kötlu sem fagmenn hjálpa þeim að skreyta. Þeir gefa líka góð ráð um piparkökuhúsagerð.

- Munið piparkökuhúsakeppni Smáralindar og Kötlu
- Piparkökumix Kötlu fæst í Hagkaupum
- Tilbúinn glassúr frá Kötlu fæst í Hagkaupum



Opið til kl. 21 í dag

SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM38934

## KJÖRKASSINN



*Á að lækka atvinnuleysisbætur yngri en 25 ára til að fjármagna aukna menntun fyrir þann hóp?*

| | |
|---|---|
| Já | 54,5 |
| Nei | 45,5 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er sanngjarnt að greiða bankamönnum tugmilljóna króna bónusa úr þrotabúi Landsbankans?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Bandarískt skip varð öðru sinni fyrir árás sjóræningja frá Sómalíu:

# Sjóræningjar hraktir frá borði

**SÓMALÍA, AP** Sjóræningjar frá Sómalíu réðust í gær á bandaríska flutningaskipið Maersk Alabama, sama skipið og varð fyrir barðinu á sómalískum sjóræningjum fyrir sjö mánuðum.

Að þessu sinni tókst öryggisvörðum um borð í skipinu að hrinda árásinni með því að beita skotvopnum og hávaða. Bandarísk eftirlitsflugvél fylgdi skipinu síðan áfram að áfangastað í Keníu.

Í apríl síðastliðnum tókst sjóræningjum að halda Richard Philips, skipstjóra Maersk Alabama, í gíslingu í litlum björgunarbát í fimm daga. Skyttur úr úrvalssveitum bandaríska sjóhersins frelsuðu Philips og drápu í leiðinni þrjá sjóræningja.

Í gær tókst að frelsa annað skip, Alakrana frá Spáni, úr klóm sjóræningja sem flúðu til lands. Reynt var að stöðva þá á flótta og skotið á þá úr spænskri þyrlu, en þeir komust undan.

Í gær skýrðu síðan sjóræningjar frá því að skipstjóri skips frá Norður-Kóreu, sem rænt var á mánudag, hefði látist af skotsárum sem hann hlaut í átökum þegar skipinu var rænt.

Bandaríski varaaðmírállinn Bill Gortney hrósar útgerð Maersk Alabama fyrir að hafa ráðið öryggisverði um borð. **- gb**



**MAERSK ALABAMA** Öryggisverðir um borð beittu skotvopnum og hávaða til að hrinda árás sjóræningja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslandsbanki tekur af skarið:

# Steypustöðin boðin til sölu

**VIÐSKIPTI** Steypustöðin ehf., sem nú er í eigu Íslandsbanka, verður boðin til sölu.

Fyrirtækjaráðgjöf bankans mun annast ráðgjöf og sjá um söluferlið, sem verður opið einstaklingum og fyrirtækjum sem uppfylla skilyrði til þess að geta talist fagfjárfestar.

Fjárfestar þurfa að skila trúnaðaryfirlýsingu og nauðsynlegum upplýsingum fyrir 26. nóvember. Frestur til að skila skuldbindandi tilboðum er til 2. desember, en þeir sem leggja fram hæstu tilboðin fá síðan frest til 16. desember til að skila endanlegu tilboði. **- gb**

Stefnuræða Gordons Brown:

# Kosningabarátta að hefjast

**BRETLAND, AP** Samkvæmt venju las Elísabet Bretadrottning upp stefnuræðu Gordons Brown forsætisráðherra á sameinuðu þingi í gær.



**ELÍSABET BRETADROTTNING**

Brown verður að efna til kosninga ekki síðar en í júní á næsta ári, þannig að margir líta á stefnuræðuna núna sem eitt af fyrstu skrefunum í langri kosningabaráttu.

Í ræðunni lofar Brown meðal annars að setja lög sem banna bankamönnum að þiggja stórar kaupaukagreiðslur. Einnig lofar hann því að minnka fjárlagahalla um helming. **- gb**

Airliner World um Icelandair:

# Dæmi um góð kreppuviðbrögð

**VIÐSKIPTI Innan flugiðnaðarins er tekið eftir góðum árangri Icelandair mitt í einni af verstu kreppum sem riðið hafa yfir í sögu flugsins.**

**Breska flugtímaritið Airliner World, sem dreift er um heim allan, tileinkar flugfélaginu fimm síðna umfjöllun í nóvemberhefti ritsins.**

**Richard Maslen, höfundur greinarinnar, segir að Icelandair sé dæmi um það hvernig afla megi tekna í kreppunni miðri, ef félög séu nógu snör í snúningum að breyta viðskipamódeli sínu. „Það þýðir að árið 2009 kemur til með að enda í hagnaði hjá félaginu og farþegum fjölgar, sem er ótrúlegt afrek miðað við að búist er við að flugfélög á heimsvísu tapi yfir níu milljörðum Bandaríkjadala [yfir 1.100 milljörðum króna] á árinu.“ - óká**

# Baldur hefur fengið stöðu sakbornings

**Baldur Guðlaugsson hefur nú réttarstöðu sakbornings hjá saksóknara. Vel á annað hundrað milljónir í hans eigu voru kyrrsettar í síðustu viku. Baldur á ríkan bótarétt komi í ljós að eignir hans hafi ekki verið kyrrsettar af nægri ástæðu.**

**LÖGREGLUMÁL** Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, er kominn með réttarstöðu sakbornings í rannsókn sérstaks saksóknara á sölu hans á bréfum í Landsbankanum. Vel á annað hundrað milljónir í hans eigu voru í síðustu viku kyrrsettar vegna rannsóknarinnar, en því úrræði er aðeins beitt gegn sakborningum í málum.

Baldur er grunaður um að hafa búið yfir innherjaupplýsingum um stöðu Landsbankans þegar hann seldi bréf í bankanum fyrir vel á annað hundrað milljónir eftir miðjan september í fyrra. Hann var þá ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu. Bankarnir hrundu tæplega þremur vikum síðar. Nú hefur jafnvirði bréfanna verið kyrrsett.

Baldur var færður til í starfi síðasta vor og gerður að ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneytinu. Hann hætti síðan störfum þar um mánaðamótin eftir að hann hygðist hætta því að sérstakur saksóknari hefði tekið mál hans til rannsóknar.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að í vikunni áður en Baldur tilkynnti að hann hygðist hætta störfum í menntamálaráðuneytinu hafi ráðuneytið grennslast fyrir um réttarstöðu hans. Hann hafi þá hvorki haft réttarstöðu grunaðs manns né sakbornings. Engu að síður varð það að samkomulagi milli hans og ráðherra að hann léti af störfum að eigin frumkvæði.



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON**

Þetta hefur nú breyst, og Baldur fengið réttarstöðu sakbornings sem áður segir. Kyrrsetningin á eignum hans markar nokkur tíðindi, því þetta er í fyrsta sinn sem sérstakur saksóknari nýtir sér heimild sína til að kyrrsetja eignir sakborninga frá því að embættið var sett á laggirnar.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, staðfestir að heimildin hafi verið nýtt en vill ekki staðfesta að um mál Baldurs sé að ræða. Hann vill heldur ekki greina frá því hvort það voru fjármunir eða fasteignir sem voru kyrrsettar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er sakborningum í tilvikum sem þessum leyft að bjóða fram eignir sem kyrrsetja má, en þó séu fjármunir alltaf valdir fram yfir aðrar eignir.

Ólafur segir að þeir sem kyrrsetningunni sé beint gegn eigi sterkan bótarétt komi í ljós að gerðin hafi verið ekki á rökum reist. „Og við höfum í þessari umræðu um kyrrsetningar vísað til þess að það sé ekki rokið í þær nema að vel athuguðu máli,“ segir hann.

**stigur@frettabladid.is**

## RÆTT UM YFIRTÖKU BANKANS Í ÁGÚST

Í nýútkominni bók Styrmis Gunnarssonar, Umsátrinu, segir að um miðjan ágúst 2008 hafi verið orðið ljóst að rekstur Landsbankans væri kominn í uppnám. Í kjölfarið hafi farið fram umræður innan stjórnkerfisins um það hvernig bregðast ætti við, færi allt á versta veg. Jafnvel hafi kviknað hugmyndir um að ríkið yfirtæki bankann. Bankinn hafi þá farið fram á 2,5 milljarða punda lán frá Seðlabankanum til að tryggja reksturinn. Baldur var á þessum tíma einn af æðstu embættismönnum í íslenskri stjórnsýslu, sem ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu.



**BALDUR GUÐLAUGSSON** Vel á annað hundrað milljónir hafa verið kyrrsettar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**INNFLYTJENDUR** Helmingur innflytjenda hér á landi sendir hluta launa heim. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Innflytjenda á Íslandi:

# Rúmur helmingur sendir peninga heim

**INNFLYTJENDUR Rúmur helmingur útlendinga sem búsettir eru á Íslandi sendir hluta af launum sínum til heimalandsins, ef marka má niðurstöður umfangsmikillar könnunar sem nýlega var gerð á vegum Félagsvísindastofnunar HÍ og Fjölmenningarseturs.**

**Um áttatíu prósent þátttakenda frá Asíu kváðust senda hluta launa til heimalandsins. Það gerðu einnig 55,6 prósent Pólverja og 47,5 prósent fólks frá öðrum Austur-Evrópulöndum. Hlutfallið var mun lægra hjá Vestur-Evrópubúum, eða 11,1 prósent, og 46 prósent meðal fólks frá öðrum svæðum.**

**Í könnuninni kemur fram að því minni menntun sem svarendur höfðu, þeim mun líklegri voru þeir til að senda hluta launanna til heimalandsins. -þg**

## SKÁK

### Carlsen heimsmeistari í hraðskák

Hinn átján ára gamli Norðmaður Magnus Carlsen varð heimsmeistari í hraðskák í Moskvu í gær. Hann hlaut 31 vinning af 42 mögulegum. Næstur kom heimsmeistarinn í kappskák, Viswanathan Anand, þremur vinningum á eftir, og þriðji varð jafnaldri Magnusar, Sergei Karjakin.


Klæddu þig vel!

**Vindur Jakki**
**Verð nú: 19.250 kr.**
**Verð áður: 38.500 kr.**



• Vindheldur og flísfóðraður •

**Kaldi vettlingar**
**Verð nú: 4.000 kr.**
**Verð áður: 7.500 kr.**



• Mjúkir og hlýir •

**Gola Jakki**
**Verð nú: 16.400 kr.**
**Verð áður: 32.800 kr.**



• Ullarblanda með vindheldu flísfóðri •

ÚTSÖLUMARKAÐUR

**Glerárgata 32, 600 Akureyri** | Opið Mán.- fös. 9-18 · Laug. 11-16 | **Faxafeni 12, 108 Reykjavík** | Opið Mán.- fös. 8-18 · Laug. 11-16

www.66north.is 66° NORÐUR

# Afnemum VSK af ÖLLUM skóm

**Yfir 400 tegundir af skóm!**

# TAX FREE DAGAR

**herraskór** dömuskór **spariskór** lakkskór
strigaskór **sportskór** barnaskór **strákaskór**
**mokkasínur** stelpnaskór **reimaðir skór** kanvas
skór **stígvél** leður skór **gúmmístígvél** kuldaskó
**inniskór** ökklaskór **hælaskór** ballerínuskór
bandaskór **ökklastígvél** herraskór **dömuskór**
**mokkasínur** strigaskór **sportskór** barnaskór
strákaskór **stelpnaskór** reimaðir skór **kanvas**
skór **stígvél** leður skór **gúmmístígvél** kuldaskó



Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 22. nóvember 2009.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## VEISTU SVARIÐ?




**1** *Hvenær var Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga stofnað?*

**2** *Hvaða íslenska tónlistarkona semur lag fyrir teiknimynd um Múmínálfana?*

**3** *Hvaða samtök gefa út lista um spillingarstig ríkja heims?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 66

Lögregla gerði tvær árangursríkar húsleitir á höfuðborgarsvæðinu:

# Fundu dópsala við birtingu dóms

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gerði upptæk fíkniefni þegar hún fór heim til manns í miðborginni til að birta honum niðurstöðu dóms um nálgunarbann. Í íbúð hans og nágranna hans fundust samtals um hundrað grömm af fíkniefnum, auk þess sem nágranninn var nappaður við sölu fíkniefna.

Fyrrnefndi maðurinn hafði hlotið nálgunarbannsdóm eftir að hann hafði hótað einstaklingi, er hafði nýverið borið vitni í héraðsdómi, í máli sem hann hafði verið dæmdur í.

Þegar lögreglan kom í íbúð mannsins var þar rammur þefur af maríjúana og fíkniefni, tól og neyslutæki út um allt. Við leit í húsinu fundust fimmtíu grömm af maríjúana.



**MARIJÚANA** Lögregla fann um fimmtíu grömm af maríjúana í annarri íbúðinni og hass og amfetamín í hinni.

Meðan á þessum aðgerðum stóð veitti lögregla því athygli að annar íbúi í sama stigagangi var á miklu stími og átti greinilega annríkt. Þóttu ferðir hans grunsamlegar og við nánari eftirgrenslan reyndist hann hafa verið að selja fíkniefni.

Við húsleit hjá honum fundust um fimmtíu grömm af hassi og amfetamíni.

Mennirnir sem báðir eru á þrítugsaldri, hafa komið við sögu lögreglu áður, og að minnsta kosti annar vegna fíkniefnamála. Þar sem nálgunarbannsmaðurinn er þekktur fyrir að hóta ofbeldi fór sérsveit ríkislögreglustjóra með lögreglumönnunum á höfuðborgarsvæðinu til að birta dóminn.

Átta mánaða fangelsi:

# Ók á mann undir áhrifum

**DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur karlmaður hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi og til sviptingar ökurétti ævilangt fyrir að valda árekstri við bifhjól. Ökumaður þess beinbrotnaði á sex stöðum við áreksturinn.**

**Héraðsdómi Suðurlands þótti fullsannað að maðurinn hefði ekið undir áhrifum fíkniefna, gegn biðskyldu án þess að virða hana og í veg fyrir bifhjólið með þeim afleiðingum að ökumaður þess stórslasaðist.**

**Ökuníðingurinn á langan sakaferil að baki þrátt fyrir ungan aldur, þar á meðal ítrekaðan fíkniefnaakstur.**

**- jss**

Atvinna í Þingeyjarsýslum:

# Samstarfsaðila leitað til 1. apríl

**ATVINNUMÁL** Verkefnisstjórn um leit að samstarfsaðilum um atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslum hefur verið skipuð og tekið til starfa.

Stjórnin á að ljúka fyrstu athugun á mögulegum samstarfsaðilum fyrir 1. apríl á næsta ári og nýta næstu sex mánuði þar á eftir til nánari viðræðna og samningagerðar.

**- bþs**

**Verkefnisstjórnin:**

Bergur Elías Ágústss. f.h. Norðurþings
Margrét Hólm Valsd. f.h. Skútust.hr.
Tryggvi Harðars. f.h. Þingeyjarsveitar
Reinhard Reyniss. f.h. Atv.þr.f. Þing.
Einar Mathiesen f.h. Landsvirkjunar
Martha Eiríksdóttir f.h. iðnaðarráðun.

## KENÍA

### Hægt að bjarga þúsundum

Hægt væri að koma í veg fyrir dauða 24 þúsund ungbarna á hverjum einasta degi í þróunarlöndum ef stjórnvöld þar verðu meira fé til heilsugæslu. Þetta kom fram á alþjóðlegri ráðstefnu í Kenía.

## SVISS

### Hraðallinn brátt í notkun

Öreindahraðall kjarnvísindastofnunarinnar CERN í Sviss verður brátt tekinn í notkun á ný eftir að hafa verið í viðgerð í meira en ár. Bilun varð í hraðlinum þegar hann var fyrst tekinn í notkun með mikilli viðhöfn á síðasta ári.

# Ekki trygg orka fyrir álverið

**Ekki er til trygg orka fyrir 360 þúsund tonna álveri í Helguvík sem framkvæmdir eru þegar hafnar við. Orka er til fyrir tveimur áföngum af þremur. Óljóst hvernig full orka verður tryggð sem og í annan iðnað.**

**VIRKJANIR** Til að tryggja 360 þúsund tonna álver Norðuráls í Helguvík þarf 625 megawött (MW) af orku. Óljóst er hvaðan sú orka kemur, en fyrirtækið hefur samið við HS Orku og Orkuveitu Reykjavíkur um öflun hennar. Þar á bæ er aðeins tryggð orka fyrir tveimur af þremur áföngum álversins.

Orkuveita Reykjavíkur hefur á borðinu þrennar framkvæmdir sem umhverfismati er lokið á: fimmta áfanga Hellisheiðarvirkjunar, Hverahlíðarvirkjun og Bitruvirkjun. Þar að auki hefur matsáætlun verið samþykkt fyrir virkjun við Gráuhnúka. Samtals gefa þessar virkjanir af sér 360 MW.

HS Orka hefur fyrirhugað stækkun Reykjanesvirkjunar um 100 MW. Umhverfismat hefur farið fram, en hvorki er komið virkjanaleyfi frá Orkustofnun né heimild skipulagsyfirvalda í Reykjanesbæ og Grindavík. Að auki eru hugmyndir um ýmsa virkjanamöguleika, sumir hverjir mjög skammt á veg komnir, sem saman eiga að gefa 200 til 300 MW.

Eftir stendur að einungis er búið að fulltryggja 460 MW af orku fyrir álverið í Helguvík, sem framkvæmdir eru þegar hafnar við. Norðurál sótti fyrst um starfsleyfi fyrir 250 þúsund tonna álveri, en orkuþörf þess nemur 435 MW.

Ágúst Hafberg, hjá Norðuráli, segir að ætlunin sé að byggja álverið upp í fjórum níutíu þúsund tonna áföngum. Hagkvæmast sé fyrir fyrirtækið að tólf til fimmtán mánuðir líði á milli þess sem áfangarnir eru teknir í notkun. „Við viljum vera þokkalega vissir um að við fáum alla áfangana.“



**HELGUVÍK** Framkvæmdir eru hafnar við álver í Helguvík, en óljóst er hvaðan orkan í það mun koma. Allar tölur í fréttinni eru fengnar úr gögnum Orkuveitu Reykjavíkur og HS Orku til Skipulagsstofnunar vegna mats á Suðvesturlínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrirtækið hafi gert samning við HS Orku og Orkuveituna um orkuöflun og koma verði í ljós hversu hratt og vel gengur að ná í orkuna. Í Norðuráli séu menn bjartsýnir á að það takist.

Auk álversins eru nokkrar orkufrekar framkvæmdir fyrirhugaðar á Reykjanesi, sem óljóst er hvaðan muni fá orku. Þetta eru netþjónabú í Sandgerði og annað á Keflavíkurflugvelli, kísilmálmverksmiðja í Helguvík og framleiðsluaukning álversins í Straumsvík. Samanlögð orkuþörf þeirra er 270 til 370 MW.

Sé álverið reiknað með er orkuþörfin á svæðinu 895 til 995 MW. Gangi allar hugmyndir HS Orku eftir, sem allsendis er óvíst, sjáum við fram á 760 til 860 MW af orku.

**kolbeinn@frettabladid.is**

Húsfélagaþjónusta Kaupþings
sparar þér tíma og fyrirhöfn

- Ekkert mánaðargjald
- Öflugur netbanki
- Fullkomið rekstraryfirlit
- Einföld innheimta
- Þinn þjónusturáðgjafi
- Félagatal og greiðslustaða

Nánar á www.kaupthing.is/husfelag

Komdu í viðskipti með húsfélagið þitt. Sendu fyrirspurn á **husfelag@kaupthing.com** - hringdu í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibúi. Starfsfólk Kaupþings tekur vel á móti þér og veitir allar nánari upplýsingar.

NÝI KAUPÞING BANKI





**25 TÍMA AÐGERÐ** Stúlkunum verður haldið sofandi næstu daga. NORDICPHOTOS/AFP

Samvaxnir tvíburar:

# Aðskildir með skurðaðgerð

**ÁSTRALÍA, AP** Samvaxnir tvíburar, tveggja ára stúlkur frá Bangladess, voru aðskildir með skurðaðgerð í Melbourne í Ástralíu. Aðgerðin tók alls 25 klukkustundir og tóku sextán skurðlæknar þátt í henni ásamt hjúkrunarfólki.

Stúlkurnar voru samvaxnir á höfði. Hluti af æðakerfi þeirra, höfuðkúpu og heilavef var sameiginlegur.

Óljóst er hvort stúlkurnar hafa beðið heilaskaða af aðgerðinni. Þeim verður haldið sofandi í nokkra daga.

Fyrir fram voru taldar helmingslíkur á heilaskaða.

**- gb**




# GLÆSILEGT STÓRVIRKI!



**Svavar Guðnason** var í hópi fremstu listamanna Evrópu eftirstríðsáranna og er sá myndlistarmaður þjóðarinnar sem mesta athygli hefur vakið erlendis, auk þess að vera brautryðjandi í íslenskri myndlist. Í þessu glæsilega stórvirki **Kristínar G. Guðnadóttur** eru lífi hans og list loksins gerð verðug skil.

**Veglegur minnisvarði um einn merkasta fulltrúa íslenskrar menningar fyrr og síðar.**

VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK

Svooona hollt





Sumt breytist aldrei

Veldu aðeins það besta fyrir barnið þitt, því lengi býr að fyrstu gerð.

Gerber
Því lengi býr að fyrstu gerð

Fimm ára stúlka drakk „Sour Blast“ úða sem rann ofan í lungu hennar:

# Hlaut lungnaskaða af sælgætisúða

**DÓMSTÓLAR** Stúlku hafa verið dæmdar tæplega 3,4 milljóna króna skaðabætur eftir að hún skaddaðist varanlega við að súpa á sælgætisúða. Innflytjandi úðans og eigandi sölustaðarins þar sem hann var keyptur skulu greiða skaðabæturnar.

Málavextir eru þeir að 19. ágúst árið 2003 drakk stúlkan, þá fimm ára, svokallaðan „Sour Blast“-sælgætisúða. Um er að ræða eldsúran vökva sem seldur er í úðabrúsa og er eingöngu ætlaður til notkunar í afar smáum skömmtum hverju sinni í formi úða. Er gert ráð fyrir að vökvans sé neytt með þeim hætti að neytandinn sprauti honum upp í sig beint úr umbúðunum.

Telpunni tókst að opna umbúðir sælgætisúðans þannig að mögulegt var að súpa á vökvanum, sem hún og gerði. Þar sem hann er eldsúr svelgdist henni á honum, sem varð til þess að hluti hans rann ofan í lungu barnsins.



**SOUR BLAST** Stúlka drakk sælgætisúðann þegar hún var fimm ára og bíður þess ekki bætur.

Stúlkan hefur átt við þrálát lungnavandamál að stríða síðan og ekki náð fullum bata þrátt fyrir umfangsmikla læknismeðferð. Matsmenn meta varanlegan miska hennar átta prósent og varanlega örorku einnig átta prósent.
- jss

# Háskalegt inngrip að stöðva refaveiðarnar

**Umhverfisstofnun er hætt að endurgreiða sveitarfélögunum fyrir refaveiðar. Formaður refaskyttna óttast að veiðarnar leggist af og að refnum fjölgi til muna. Hefur áhyggjur af lífríkinu í heild sinni. Fimm þúsund refir veiddir á ári.**

**DÝRALÍF** Snorri Jóhannesson, formaður Bjarmalands, félags refa- og minkaveiðimanna, óttast að refaveiðar leggist af hér á landi þar sem niðurgreiðslu frá ríkinu nýtur ekki lengur við.

Umhverfisstofnun hefur lagt allt að sautján milljónir króna á ári í endurgreiðslu til sveitarfélaganna vegna refaveiða. Greiðslan átti að jafngilda helmingnum af því verðlaunafé sem skyttur fá fyrir hvern ref. Vegna niðurskurðar er búið að leggja greiðslurnar af og því hætt við að sveitarfélögin haldi að sér höndum. Um fimm þúsund refir eru veiddir hér á ári hverju.

„Ég held að þetta sé mjög hæpinn sparnaður burtséð frá þeirri áhættu sem ég tel menn vera að taka. Það eru mikil inngrip í náttúruna að hefja veiðar á dýrastofni en það eru líka mikil inngrip að hætta veiðum á dýrum sem hafa verið veidd öldum saman,“ segir Snorri. „Við vitum að þar sem refaveiðar hafa verið illa stundaðar eða alls ekki hefur það haft mikil áhrif á fuglalífið.“

Landssamtök sauðfjárbænda hafa einnig mótmælt ákvörðuninni. Veruleg fjölgun á ref geti haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir lífríkið.

„Það má gera ráð fyrir að það séu hundruð lömb sem fari í refinn á hverju ári. Ég get ekki verið nákvæmari en það en ég vona að það séu ekki þúsundir,“ segir Sindri Sigurgeirsson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda

Snorri refaskytta hefur ekki jafn miklar áhyggjur af sauðfénu. „Ég hef miklu meiri áhyggjur af lífríkinu í heild og þessari tilraun sem er verið að gera. Ef refaveiðum verður hætt þarf að taka upp rannsóknir á áhrifunum og það verður dýrara en veiðarnar sjálfar.“

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, tekur undir orð Snorra og Sindra.

Hann segir að sveitarfélögin hafi tekið upp þetta mál á fundum með ríkisvaldinu, enda um samstarfsverkefni að ræða. Nú sé ríkisvaldið búið að draga sig út úr refaveiðunum. Það muni þó halda áfram endurgreiðslu fyrir mink.

„Minkurinn er í forgangi og almennt talinn meiri vargur. En það er rétt að taka undir með þeim Snorra og Sindra,“ segir Halldór.

Sjálfur gerir hann mikinn mun á mink og ref. „Mín persónulega skoðun er sú að það þurfi að leggja meiri áherslu á minkinn. Það ætti að skoða hvort það sé ekki hægt að útrýma honum úr íslensku lífríki. Refurinn á hins vegar allan rétt á því að vera hér. Það þarf að halda aftur af honum – spurningin er bara hversu mikið það á að vera.“
kristjan@frettabladid.is

## FUGLAR UPPISTAÐAN Í FÆÐU TÓFUNNAR

Helsta uppistaðan í fæðu tófunnar hér á landi eru fuglar. Þó er breytileiki í fæðuvali hennar eftir búsvæðum og árstíðum. Sjófuglar eru aðalfæðan við sjávarsíðuna. Inn til landsins eru farfuglar aðaluppistaðan á sumrin, til dæmis gæsir, vaðfuglar og spörfuglar, en rjúpan á veturna.

Hræ af ýmsum toga, til dæmis af sjávarspendýrum, hreindýrum og sauðfé geta skipt máli fyrir tófuna að vetrarlagi. Sum dýr, svokallaðir dýrbítar, taka upp á því að drepa sauðfé, einkum lömb, sér til matar.

Heimild: Heimasíða Páls Hersteinssonar, http://www3.hi.is/~pher/refir_faeduval.htm



**REFAVEIÐAR** Um fimm þúsund refir eru veiddir hér á landi á hverju ári. Refaskyttur óttast að refaveiðar leggist af með ófyrirséðum afleiðingum fyrir lífríkið.

Borgarferðir



Ódýr Aðventuferð til Berlínar

11. - 14. desember 2009

Expressferðir bjóða upp á mjög hagstæða aðventuferð til hinnar óviðjafnanlegu Berlínar þar sem gist er á 4* hóteli Park Inn. Hótelið er staðsett á Alexanderplatz sem er eitt fjörugasta torg borgarinnar.
Á þessum tíma árs í Berlín glitra jólastjörnur og jólaljós út um alla borg og er fjölbreytt úrval af tónleikum í kirkjum og tónlistarhúsum.

Verð á mann í tvíbýli:
68.800 kr.
Innifalið: flug með flugvallarsköttum og öðrum gjöldum ásamt gistingu með morgunverði og íslenskri fararstjórn.

Nánari upplýsingar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Starfshópur sem undirbýr sameiningu Keflavíkurflugvallar og Flugstoða:

# Verkefni Varnarmálastofnunar verði hluti af nýju félagi

**STJÓRNSÝSLA** Starfshópur, sem Kristján L. Möller samgönguráðherra skipaði, telur að stefna eigi að sameiningu Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. í eitt félag sem fyrst. Jafnframt eigi að kanna hagkvæmni þess að sameina því félagi rekstur ratsjárkerfis og fasteignarekstur Varnarmálastofnunar Íslands á Keflavíkurflugvelli.

Jón Karl Ólafsson, fyrrverandi forstjóri Icelandair, var formaður starfshópsins, sem lagði fram skýrslu sína í lok september. Meginniðurstaða þeirrar skýrslu er að stefna eigi að því að sameina Keflavíkurflugvöll og Flugstoðir í nýtt félag sem hafi með höndum rekstur flugvalla og flugleiðsögukerfis hér á landi.

Í skýrslunni er vísað í það að samkvæmt stjórnarsáttmálanum ætli ríkisstjórnin að endurskoða starf Varnarmálastofnunar. Utanríkisráðherra hafi í hyggju að leggja þá stofnun niður í núverandi mynd og færa hluta verkefna hennar til annarra ráðuneyta og stofnana.

Samkvæmt upplýsingum frá samgönguráðuneytinu hafa ekki farið fram viðræður við utanríkisráðuneytið um þessa hugmynd starfshópsins. Hins vegar sé unnið að undirbúningi sameiningar Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. Ekki náðist í Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, en hann er nú erlendis.
- pg



**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Starfshópur vill sameina ratsjárkerfi Flugstoða og Varnarmálastofnunar í nýju félagi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**3.840 kr.**
~~5.490 kr.~~
Karlsvagninn




**4.890 kr.**
~~6.990 kr.~~
Vigdís




**3.980 kr.**
~~5.690 kr.~~
Svörtuloft

# Níu góðar ástæður til að slökkva á sjónvarpinu




**3.150 kr.**
~~4.500 kr.~~
Hlýjar hendur






**690 kr.**
~~990 kr.~~
Grallarasögur 3




**3.830 kr.**
~~5.480 kr.~~
Milli mjalta og messu




**2.580 kr.**
~~3.690 kr.~~
Hjartsláttur




**3.840 kr.**
~~5.490 kr.~~
Auður




**3.490 kr.**
~~4.990 kr.~~
Fuglalíf á Framnesvegi

Tilboð gildir til og með 22.11.09

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

Fíkniefnahundurinn Amiga á Litla-Hrauni kom upp um fíkniefnasmyglara:

# Fundu amfetamín í endaþarmi fanga

**FANGELSISMÁL** Fangi á Litla-Hrauni var tekinn með fjörutíu grömm af nokkuð hreinu amfetamíni innvortis í gær. Fíkniefnahundur Litla-Hrauns, Amiga, merkti á hann eftir heimsóknartíma, þar sem hann hafði fengið heimsókn. Maðurinn var þegar tekinn til rannsóknar og fundust efnin í endaþarminum á honum.

Vitað er hver var í heimsókn hjá fanganum. Málið var þegar kært til lögreglunnar á Selfossi þar sem það er til rannsóknar.

Þá kom pólskur fangi með fíkniefni í skónum úr Héraðsdómi Reykjaness í fyrradag. Þangað hafði hann verið fluttur úr lausagæslu á Litla-Hrauni þar sem hann þurfti að mæta fyrir dóm sem einn af átta manna hóp sem er nú fyrir dómi vegna stórfelldra þjófnaðarmála. Árvakurt starfsfólk fangelsisins á Litla-Hrauni fann þrjú grömm af amfetamíni og þrjátíu og sjö töflur af rítalíni og öðrum lyfseðilsskyldum ávanabindandi efnum í skósóla fangans við komuna til baka í fangelsið.

„Þetta er afrakstur ótrúlega góðrar vinnu fangavarða á Litla-Hrauni við óviðunandi aðstæður, þar sem allir öryggisklefar og aðrar vistarverur eru yfirfullar,“ segir Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins. „Svona árangur í starfi við þær aðstæður er afrek.“ - jss



**LITLA-HRAUN** Tveir fangar voru í vikunni teknir með fíkniefni í fangelsinu.



**UMDEILD STOFNUN** Varnarmálastofnun er til húsa á gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Lög ekki brotin en stjórnsýsla gagnrýnd

**Ríkisendurskoðun gagnrýnir stjórnsýslu Varnarmálastofnunar en telur ekki að lagafyrirmæli hafi verið brotin við ráðningar starfsmanna eða opinber innkaup á búnaði af fyrirtækjum sem tengdust forstjóra stofnunarinnar.**

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun hefur í nýrri skýrslu gert athugasemdir við stjórnsýslu Varnarmálastofnunar (VMSÍ). Úttektin var gerð að ósk utanríkisráðuneytisins sem vildi fá úr því skorið hvort VMSÍ hefði brotið í bága við lagafyrirmæli og jafnframt hvort fjölskyldu- og vinatengsl stjórnenda stofnunarinnar kynnu að hafa valdið vanhæfi við afgreiðslu einstakra mála.

Utanríkisráðuneytið tilgreindi fjögur atriði í beiðni sinni til Ríkisendurskoðunar. Varða þau ráðningar starfsmanna og opinber innkaup.

VMSÍ keypti símkerfi af fyrirtækinu Svar tækni ehf. í desember 2008 fyrir sextán milljónir króna án útboðs. VMSÍ taldi að kaupin hefðu verið undanskilin útboðsskyldu á grundvelli laga um opinber innkaup sem snúa að öryggisráðstöfunum. Ellisif Tinna Víðisdóttir, forstjóri VMSÍ, er mágkona framkvæmdastjóra Svar tækni. Hún segist ekki hafa komið nálægt kaupum símkerfisins. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er ekki efast um að Ellisif hafi sagt sig frá málinu en gagnrýnir að sú ákvörðun var ekki skjalfest hjá stofnuninni né hafi utanríkisráðuneytinu verið greint frá þeirri ákvörðun með óyggjandi hætti.

Ríkisendurskoðun skoðaði einnig kaup VMSÍ á rafjöfnunarbúnaði frá HBT hf. út frá sömu forsendum og kaupin á símkerfinu. Ríkisendurskoðun telur að forstjóri VMSÍ og aðrir stjórnendur hafi ekki verið vanhæfir til að taka ákvarðanir um kaup á búnaðinum en Jóhann R. Benediktsson, fyrrverandi lögreglustjóri á Suðurnesjum, var framkvæmdastjóri fyrirtækisins á þeim tíma sem kaupin áttu sér stað. Hann er fyrrverandi yfirmaður Ellisifjar auk nokkurra annarra stjórnenda VMSÍ.

VMSÍ taldi að kaupin á rafjöfnunarbúnaðinum væru undanskilin útboðsskyldu á grundvelli sömu laga og kaupin á símkerfinu. Á það fellst Ríkisendurskoðun ekki og telur að kaupin hefði átt að bjóða út og vegna umfangsins, en búnaðurinn kostaði 38 milljónir króna, hefði slíkt útboð átt að ná til alls EES-svæðisins.

Utanríkisráðuneytið taldi vafa leika á að VMSÍ hefði staðið rétt að ráðningu starfsmanna við stofnunina. Ríkisendurskoðun kemst að þeirri niðurstöðu að svo hafi ekki verið enda viðurkennir ráðuneytið að hafa misskilið upplýsingar um ráðningarnar. svavar@frettabladid.is

Samfylkingin

Sókn til betra samfélags

**Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar**
**Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Reykjanesbæ, laugardaginn 21. nóvember kl. 13:00**

13:00 *Árangur og umbætur*
Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar
*Heilbrigt viðskiptaumhverfi*
Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra

14:00 Kaffihlé

14:15 Málefnanefndir
Fulltrúar nefnda gera grein fyrir umræðum.

15:00 Almennar umræður og fyrirspurnir
Ráðherrar sitja fyrir svörum.
Önnur mál

16:30 Fundi slitið

**Fundarstjórar:** Margrét S. Björnsdóttir, formaður framkvæmdastjórnar og Oddný G. Harðardóttir, þingkona.

**Athugið:**
- Málefnanefndir funda kl. 10–12 á sama stað.
- Verkalýðsmálaráð fundar í hádeginu.
- Örnámskeið í notkun á samskiptavefnum Facebook kl. 12:15.

www.xs.is Allir velkomnir



GÓLF-MOTTUR
við innganginn borga sig
CORAL
Vörn gegn óhreinindum og bleytu
KJARAN GÓLFBÚNAÐUR
SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18.



„Michelin X-ICE eru bestu vetrardekk sem ég hef prófað hingað til...
...og hef ég þó prófað fjölda vetrardekkja gegnum tíðina, negld og ónegld, nú síðast undir EuroRAP mælingabílnum. Dekkin gefa frábært grip við allar aðstæður og eru hljóðlát og endingargóð. Best af öllu er þó, að eyðslan er 0.52 lítrum minni á hundraðið en á sumardekkjunum sem bíllinn kom á frá framleiðanda.“
Ólafur Kr. Guðmundsson.
Tæknistjóri EuroRAP á Íslandi og dómari í Formúlu 1.
N1 Þú færð Michelin dekkin hjá Hjólbarðaþjónustu N1



# Lækkað verð



## MacBook Pro 13”

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
160GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjákort
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi, eitt FireWire 800, ein SD kortarauf
Þráðlaust WiFi netkort, Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðuending
Aðeins 2,04 kg

Lækkað verð
**Verð: 219.990.- ***

Nýr snertiflötur
Sterkbyggðari umgjörð úr áli
Bjartari skjár (LED)
Allt að 7 klst. rafhlöðuending

## MacBook 13”



2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n),
Bluetooth
Allt að 7 klst. rafhlöðuending
Aðeins 2,13 kg

**Verð: 199.990.-**

## Nýr iPod nano



Nýtt: Innbyggð videoupptaka
Nýtt: FM- útvarp
Stærri skjár
2000-4000 lög / 8-16 klst. video
USB snúra og heyrnartól

**Verð frá: 39.990,-**



### Já, getur keyrt Windows

og fer létt með það...

Sífellt fleiri kjósa tölvur frá Apple og nú eru engar afsakanir eftir þar sem tölvurnar geta keyrt hvaða hugbúnað sem er. Verðið er ekki hindrun því Apple-tölvur eru orðnar ódýrari en aðrar PC-tölvur af sambærilegum gæðum.



### Jólakortagerð í iPhoto

Námskeið fyrir alla

Sendu persónuleg jólakort á vini og vandamenn á auðveldan hátt með iPhoto ‘09.
Við bjóðum viðskiptavinum okkar námskeið í jólakortagerð án endurgjalds laugardaginn 21. nóv. kl. 14:00 í verslun okkar.



### Frí Apple námskeið

Varstu að kaupa þér Apple tölvu eða langar þig að læra meira? Þá getur þú kíkt á námskeið í Apple búðinni að Laugavegi 182 og lært eitthvað nýtt.

**Námskeiðin eru án endurgjalds í allan vetur**
og þú þarft ekki að skrá þig, bara mæta.

Nánar um dagsetningu og tíma:
**www.apple.is/fraedsla**

**Apple búðin** | www.icemac.is
Sími: 512-1300 | **Opnunartími:**
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. * Takmarkað magn

# Fjórf
# Vildarpunkta
# hjá Olís

Allir sem safna Vildarpunktum Icelandair fá fjórfalda punkta þegar þeir versla hjá Olís, dagana 19.–22. nóvember.

Staðgreiðslukorthafar safna sjálkfrafa Vildarpunktum Icelandair. Þú getur sótt um Staðgreiðslukortið á olis.is, á næstu Olís-stöð eða í síma 515 1141.

**Við minnum á vetrartilboð til Staðgreiðslukorthafa!**






| Frostlögur | Rúðuhreinsir | Bílaperur | Quiznos-réttir | Þurrkublöð | Rúðusköfur | Lásaspray og lásaolía | Sómasamlokur og langlokur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 25% afsláttur | 25% afsláttur | 25% afsláttur | 20% afsláttur | 25% afsláttur | 25% afsláttur | 25% afsláttur | 20% afsláttur |

Þessi tilboð gilda til 31. des. 2009

PIPAR\TBWA • SÍA • 095883

# faldir

## ar Icelandair

19.–22.
nóvember

Vildarklúbbur

*Við höldum með þér!*

olís

**ATHAFNAVIKA:** Samráðsfundur um umhverfisvænar áherslur í atvinnu- og menningarlífi



**JÓLASVEINN Í DIMMUBORGUM** Sagt verður frá jólasveinum í Mývatnssveit í Ketilhúsi í dag.

Drifkraftur og athafnasemi:

## Norðlenskt athafnalíf kynnt í Ketilhúsi

Framkvæmd og sköpunargleði verður yfirskriftin í dag þegar kynnt verða nokkur góð dæmi um drifkraftinn í norðlensku athafnalífi í Ketilhúsi í tengslum við athafnaviku. Þar geta áhugasamir kynnst því sem er að gerast í norðlensku athafnalífi og hitt aðila meðal annars frá Byggðastofnun, Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, Menningarráði Eyþings, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Háskólanum á Akureyri, Akureyrarstofu og Norrænu upplýsingaskrifstofunni sem verða á staðnum og veita upplýsingar um sína starfsemi og stuðningsumhverfi frumkvöðla og atvinnulífs á Norðurlandi.

Á hálftíma fresti verða svo stuttir fyrirlestrar um verkefni sem eru í gangi á Norðurlandi. Þar má nefna Gebris-verkefnið sem er nýsköpunarverkefni í ferðaþjónustu í Langanesbyggð, fyrirlestur um skotveiðitengda ferðaþjónustu, um náttúrutengda köfun í ferðaþjónustu, snjótöfra og jólasveina í Dimmuborgum og fleira. Dagskráin hefst klukkan þrjú og lýkur klukkan sex. **- sbt**



**FRÁ BLÖNDUÓSI** Landsvirkjun stendur fyrir samráðsfundi í Blönduvirkjun um umhverfisvænar áherslur í atvinnu- og menningarlífi á Norðurlandi vestra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Landsvirkjun blæs til fundar um nýsköpun

**Á þriðja tug manna sækja samráðsfund í dag um sóknarfæri í atvinnu- og menningarlífi á Norðurlandi vestra. Landsvirkjun stendur fyrir viðburðinum. Á fundinum verður fjallað um nýsköpun af ýmsu tagi með áherslu á umhverfismál.**

„Sú var tíðin að allt of margir fóru í gegnum svæðið án þess að stoppa. Á Norðurlandi vestra er margt að sjá,“ segir Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, sem stendur fyrir samráðsfundi um umhverfisvænar áherslur í atvinnu- og menningarlífi á svæðinu í samstarfi við Vaxtarsamning Norðurlands vestra í dag. Blásið er til fundarins í Blönduvirkjun og stendur hann yfir í fjórar klukkustundir.

Þorsteinn segir forsvarsmenn Alþjóðlegu athafnavikunnar hafa átt frumkvæðið að því að leita til Landsvirkjunar, sem setti samstundis höfuðið í bleyti. Niðurstaðan hafi verið sú að leita sóknarfæra á Norðurlandi vestra í samstarfi við íbúa svæðisins.

Í fyrstu var hugmyndin að líkja eftir Þjóðfundinum í Reykjavík um síðustu helgi og kalla til fólk eftir úrtaki. Þeirri hugmynd var hins vegar kastað fyrir róða og ákveðið að boða á bilinu tuttugu til 25 manns af Norðurlandi vestra með brennandi áhuga á málinu til að ræða málin og leita leiða til að gera hugmyndir sínar að veruleika.

Rætt verður um þau sóknarfæri sem felast í umhverfisvænum áherslum í atvinnu- og menningarlífi í fjórðungnum. Þar á meðal er nýsköpun af ýmsu tagi, betri nýting afurða, náttúruvernd og aðgengi að náttúruperlum.

Þorsteinn segir Landsvirkjun hafa verið að vinna að samfélagslegri stefnu fyrirtækisins enda vilji það marka sér stefnu á þeim stöðum sem fyrirtækið er með starfsemi. Það vilji taka þátt í verkefnum sem geti af sér jákvæða þróun. Fundurinn í dag er liður í því. Raunar sé undir heimamönnum komið að vinna úr þeim hugmyndum sem fram koma á fundinum í dag. Sé samhljómur um að halda áfram með ákveðin mál sé Landsvirkjun tilbúin til að styðja við það.

„Ég lít á þetta sem lærdóm fyrir okkur. Við getum hugsað okkur að skoða önnur svæði þar sem við erum með starfstöð. Kannski skoðum við þetta áfram á öðrum svæðum landsins,“ segir Þorsteinn.

**jonab@frettabladid.is**

## Fimmtudagurinn 19. nóvember

**10.00 – 12.00** Þrívíddarhönnun með Blender, Nýsköpunarmiðstöð Íslands í Vestmannaeyjum, Bárustíg 1

**11.00 – 14.00** Opinn fundur. „Norðurljós - Kveikjum á perunni!“, Café Síróp, Hvammstanga

**12.00 – 13.00** Úr reynsluheimi frumkvöðla – Kaffihúsahittingur, Súfistinn, Laugavegi 18

**12.00 – 13.00** Daðraðu við sjálfstraustið, VR - Húsi verslunarinnar, fundarsalur jarðhæð. FULLBÓKAÐ

**12.00 – 12.50** Nýsköpun og frumkvöðlastarf notenda, Háskólinn í Reykjavík, Ofanleiti 2 (stofa 201)

**12.00 – 13.00** Nýjar aðferðir við hugbúnaðarþróun, Háskólinn í Reykjavík, Ofanleiti 2 (stofa 101)

**12.15 – 12.45** Frumkvæði og framkvæmdagleði, Amts-Café (Amtsbókasafninu)

**13.00 – 15.00** Saumasmiðjan, Rauðakrosshúsið, Borgartúni 25

**13.00 – 14.00** Fjármálalæsi og frumkvöðlar, Réttarholtsskóli

**13.00 – 15.00** Fundur hjá Atvinnuleysi, nei takk!, VR - Húsi verslunarinnar, fundarsalur jarðhæð

**13.00 – 20.00** Smíði rafbíls, Lagnakerfamiðstöð Íslands, Keldnaholti

**14.00 – 18.00** Ný sóknarfæri á Norðurlandi vestra - umhverfi og afurðir, Blönduvirkjun

**14.15** Sögustund fyrir yngstu kynslóðina, Nýheimar Bókasafn - Menningarmiðstöð Hornafjarðar

**15.00 – 18.00** Drifkraftur og athafnasemi, Ketilhús, Akureyri

**18.00** Kveikt á jólaljósum í Árborg, Fyrir framan bókasafn Árborgar, Selfossi

**18.00** Hausttónleikar Lúðrasveitar Stykkishólms, Stykkishólmskirkja

**20.00** Upplestur í Bókasafni Árborgar, Bókasafn Árborgar, Selfossi

**20.00** Opinn kynningarfundur, Sögumiðstöðin, Grundarfirði

**Upplýsingar um ótímasetta viðburði má finna á heimasíðu Athafnavikunnar www.innovit.is**






**UPPTEKNIR** Hér sjást Hjörtur Már Gestsson og Hrafn Leó Guðjónsson niðursokknir í verkefni sitt. MYND/HRAFN LEÓ GUÐJÓNSSON

Þrír nemendur við HR sýna lokaverkefni sitt:

## Breyta bensínbíl í rafbíl

Þrír nemar úr Háskólanum í Reykjavík, tveir úr rafmagnstæknifræði og einn úr véla- og orkutæknifræði hafa unnið að því hörðum höndum frá því í haust að breyta bensínknúnum bíl í rafmagnsbíl. Verkið er lokaverkefni þeirra frá skólanum og á morgun gefst fólki tækifæri til að kynna sér vinnu þeirra í Lagnakerfismiðstöð Íslands í Kelduhverfi.

„Upphaflega var ætlunin að breyta bíl, en síðan hefur þetta í rauninni þróast út í það að við erum að smíða heilan bíl,“ segir Hrafn Leó Guðjónsson, sem vinnur að verkefninu ásamt Guðjóni Hugberg Björnssyni og Hirti Má Gestssyni. Verkið hafi reynst flókið, og þeir hafi til dæmis þurft að breyta bílnum úr framhjóladrifnum í afturhjóladrifinn. Fátt sé eftir af upprunalega bílnum.

Áætlað er að smíðinni verði lokið í janúar, en tilgangur verkefnisins er meðal annars að þróa mælitæki fyrir skólann sem mælir orkunotkun rafbíla á Íslandi.

Hrafn er vongóður um að verkefnið nýtist skólanum og nemendum hans vel í framtíðinni.

Verk sem þetta er nokkuð dýrt, þótt atvinnumenn á þessu sviði geti unnið það mun hraðar en nemarnir, enda var öll hönnunarvinna inni í verkinu hjá þeim auk þess sem þeir sinna öðrum verkum samhliða. **- sh**

Hart tekið á mótmælendum:

## Fimm dæmdir til dauða í Íran

**ÍRAN, AP** Fimm þeirra sem tóku þátt í mótmælum í Teheran, höfuðborg Írans, í kjölfar umdeildra forsetakosninga í júní voru í gær dæmdir til dauða.

Að minnsta kosti þrír aðrir úr hópi mótmælenda hafa hlotið dauðadóm. Að auki hefur 81 verið dæmdur til fangelsisvistar frá hálfu ári allt upp í fimmtán ár.

Mótmælendur sökuðu stjórnvöld um kosningasvik þegar tilkynnt var að Mahmoud Ahmadinejad væri sigurvegari og sæti því annað kjörtímabil í embættinu.

Óeirðirnar voru þær mestu í landinu í þrjátíu ár. - gb



**UTANRÍKISRÁÐHERRAR** Össur ræddi meðal annars við ítalskan starfsbróður sinn um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu.

Utanríkisráðherra:

## Situr fund um matvælaöryggi

**UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sat leiðtogafund Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna í Róm í gær. Efni fundarins var fæðuöryggi.**

**Í tilkynningu utanríkisráðuneytisins kemur fram að Össur hafi í ræðu sinni lagt áherslu á aðgerðir til að auka fæðuöryggi á komandi árum. Íslendingar væru tilbúnir til að deila þekkingu sinni með umheiminum í þeim efnum. Þá sat ráðherra fund með ítölskum starfsbróður sínum, Franco Frattini, um samskipti ríkjanna og aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu.** - kóp

Bátur dreginn í land:

## Fékk snurvoð í skrúfuna

**ÖRYGGISMÁL** Björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Húnabjörg á Skagaströnd, var kallað út klukkan 10.45 í gærmorgun vegna vélarvana báts, tvær sjómílur suðvestur af Skagaströnd. Um rúmlega tuttugu metra langan afturbyggðan trébát var að ræða sem hafði fengið snurvoð í skrúfuna. Þrír menn voru um borð.

Húnabjörgin fór úr höfn tólf mínútum eftir að útkall barst og kom að bátnum innan við fimmtán mínútum síðar. Hinn vélarvana bátur var dreginn til hafnar á Skagaströnd. Veður var fínt á svæðinu og því ekki talin mikil hætta á ferðum. - shá

Palestínumenn ósáttir:

## Ísraelar huga að frekari byggð

**ÍSRAEL, AP Ísraelsk stjórnvöld undirbúa að níu hundruð íbúðir verði reistar í austurhluta Jerúsalemborgar, en Palestínumenn gera kröfu til þess að sá hluti borgarinnar verði framtíðarhöfuðborg Palestínuríkis.**

**Saeb Erekat, aðalsamningafulltrúi Palestínustjórnar, segir tilgangslítið að hefja samningaviðræður þegar Ísraelar haldi áfram að byggja við hverfi gyðinga í austanverðri borginni.**

**Ísrael hertók austurhluta borgarinnar árið 1967 ásamt Vesturbakkanum og Gasa.** - gb

Nýr meirihluti í bæjarstjórn Álftaness vill hlíta niðurstöðu úrskurðarnefndar:

# Meirihlutinn leyfir umdeilt hús á sjávarlóð

**SKIPULAGSMÁL** Meirihluti Sjálfstæðisflokks og óháðra í skipulags- og byggingarnefnd Álftaness hefur samþykkt byggingarleyfi á umdeildri sjávarlóð á Miðskógum 8.

Mikll styr hefur staðið um byggingu húss á umræddri lóð. Meirihluti Á-listans, sem sprakk í fyrravor, heimilaði ekki að húsið yrði reist og afmáði hana sem byggingarlóð með breyttu skipulagi. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála felldi nýja skipulagið hins vegar úr gildi og einnig ákvörðun bæjarstjórnar Álftaness um að neita lóðareigendunum um byggingarleyfi.



**MIÐSKÓGAR 8** Eftir áralangan ágreining um heimild til byggingar einbýlishúss á þessari sjávarlóð framan við íbúðarhús fyrrverandi forseta bæjarstjórnar hefur leyfið nú verið veitt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Á fundi skipulags- og byggingarnefndar Álftaness á mánudag lagði fulltrúi Á-listans til að byggingarleyfisumsókninni yrði aftur hafnað „með tilvísun í ákvæði um hverfisvernd í aðalskipulagi Álftaness 2005-2024 og samþykkt deiliskipulag fyrir Vestur-Skógtjarnarsvæðið, enda verði samið um sanngjarnar bætur fyrir réttmætar væntingar um að þarna yrði leyft að byggja.“ Þá sagði fulltrúi Á-listans hús á bakka Skógtjarnar stríða gegn samþykktu aðalskipulagi og ákvæðum um hverfisvernd.

Meirihlutinn vísaði hins vegar í lögfræðiálit sem aflað var og samþykkti umsóknina þar sem hún uppfyllti ákvæði byggingarreglugerðar. Ítrekað var að samþykktin næði til framkvæmda á lóðinni ofan núverandi sjóvarnargarðs. - gar


Opið í útibúinu
í Kringlunni
til klukkan 21 í kvöld



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 09-2083

Starfsfólk okkar í Þjónustuverinu verður einnig við símann til kl. 21 í kvöld. Síminn er 440 4000.

Komdu og kynntu þér úrræði vegna húsnæðis- og bílalána

Að undanförnu höfum við kynnt úrræði með það að markmiði að auðvelda viðskiptavinum að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins.

Má þar nefna höfuðstólslækkun og greiðslujöfnun fyrir einstaklinga á:
- verðtryggðum húsnæðislánum
- erlendum húsnæðislánum
- bílalánum og bílasamningum

Úrræðin henta viðskiptavinum misvel og við viljum hjálpa þér að vega og meta kosti þeirra og galla. Þess vegna bjóðum við viðskiptavinum að setjast niður með starfsfólki okkar í kvöld og fara ítarlega yfir þau úrræði sem eru í boði. Ekki verður opið hjá gjaldkerum.

**Allir viðskiptavinir Íslandsbanka velkomnir.**

Íslandsbanki

**FRÉTTASKÝRING:** Breytingar á skattkerfinu

# Vilja fá fjóra milljarða í nýjan ríkismannaskatt

**Ríkisstjórnin kynnir þriggja þrepa tekjuskattskerfi sem sagt er jafna kjör landsmanna með auknum byrðum á hátekjufólk. Hækka á rafmagnsreikninginn hjá stóriðju um 1.600 milljónir króna og stóreignafólki er ætlað að skila allt að fjórum milljörðum í nýja auðlegðarskatt.**

„Þetta bætir mjög stöðu þeirra lægst launuðu og færir byrðarnar þá frekar til þeirra sem var hlíft í gamla kerfinu hjá Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra þegar nýjar tillögur ríkisstjórnarinnar í skattamálum voru kynntar í gær.

Meðal nýjunga í skattkerfinu verður svonefndur auðlegðarskattur. Miðað er við að skatturinn verði 1,25 prósent og leggist ofan á hreinar eignir umfram níutíu milljónir króna hjá einstaklingi og umfram 120 milljónir hjá hjónum. Samkvæmt Jóhönnu forsætisráðherra og Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra er vonast til að þessi skattur skili á bilinu 3,5 til 4 milljörðum króna. Sú upphæð eigi að standa undir hækkun vaxtabóta og koma í veg fyrir skerðingu barnabóta sem ella hefði verið í kortunum.

### Sluppu með eignir úr hruninu

Steingrímur J. Sigfússon kallaði nýja auðlegðarskattinn „ríkismannaskatt“ og sagði hann lagðan á ríkasta hluta þjóðarinnar sem hefði sloppið með miklar eignir í gegnum hrunið. „Við teljum sanngjarnt að þessi hópur leggi sitt af mörkum,“ sagði fjármálaráðherra. „Talsverður hópur fólks á gríðarlegar eignir, skuldlausar eignir, og er í alveg prýðilegum færum til að leggja nú samfélaginu lið næstu þrjú árin með því að greiða þennan auðlegðarskatt og gera það að verkum að við getum haft hærri vaxtabætur og komist hjá skerðingu barnabóta sem annars stefndi í að yrði,“ segir Steingrímur.

Fjármagnstekjuskattur verður hækkaður úr 15 í 18 prósent. Fyrstu eitt hundrað þúsund krónurnar í vaxtatekjum verða þó skattfrjálsar.

### Réttlátara skattkerfi

Ráðherrarnir kynntu nýtt þriggja þrepa skattkerfi. Steingrímur sagði kerfið standast bestu kröfur á norræna vísu. „Það hlífir lágtekjufólki við skattlagningu eins og okkar aðstæður nú fremst bjóða upp á,“ sagði hann.

Auk þess að taka upp þrepaskiptingu er ætlunin að hækka persónuafslátt þannig að skattfrelsismörk hækki úr um 177 þúsund krónum í tæpar 199 þúsund krónur. Ofan á mánaðartekjur sem eru yfir skattleysismörkunum og að 200 þúsund krónum á að leggja 24,1 prósents tekjuskatt. Útsvar sveitarfélaga, sem algengast er nú að sé 13,1 prósent, leggst síðan ofan á þetta tekjuskattþrep og næstu þrep þar fyrir ofan. Þau eru 27,0 prósent fyrir mánaðartekjur sem eru yfir 200 þúsundum og að 650 þúsund krónum. Á þann hluta teknanna sem fer yfir 650 þúsund krónur leggst 33,0 prósenta tekjuskattur.

„Þó að skattar aukist verulega teljum við að við séum hér að koma á réttlátara skattakerfi þar sem byrðunum er dreift miklu jafnar, réttlátar og sanngjarnar heldur en verið hefur í því skattkerfi sem við höfum búið við,“ sagði forsætisráðherra.

Að sögn ráðherranna þýðir nýja kerfið að tekjuskattar á einstaklinga sem hafa undir 270 þúsund krónur í mánaðartekjur verða lægri en nú er. Hjá þeim sem hafi hærri tekjur verði skatturinn hærri.

### Bensín og verðbólga hækkar

Vörur og þjónusta sem nú bera 24,5 prósenta virðisaukaskatt munu frá og með áramótum bera 25,0 prósenta skatt. Þá verður virðisaukaskattur á veitingastarfsemi og ýmsar sykraðar vörur hækkaður í 14 prósent úr 7 prósentum. Í lægsta þrepinu verði áfram til dæmis matvörur, húshitun, fjölmiðlar og tónlist.

Vörugjöld á eldsneyti hækka um 2,7 krónur á bensínlítra og 2,9 krónur á lítra af dísilolíu. Að meðtöldu nýju kolefnisgjaldi mun hækkunin nema 5 til 6 krónum á lítra. Gjöld á áfengi og tóbak hækka einnig um 10 prósent.

Reiknað er með að áhrif hækkana á óbeinum sköttunum hækki verðbólgu um 0,8 prósent.

### Fyrirtækin borgi atvinnuleysi

Tryggingargjald sem fyrirtækin greiða á að hækka um 1,6 prósentustig og gjaldið í heild sinni að skila 28 milljörðum á næsta ári. Að sögn fjármálaráðherra á gjaldið þar með standa undir þeim kostnaði sem búist sé við að verði vegna atvinnuleysis á næsta ári.

Þá verða lagðir á ný orku og auðlindagjöld. Meðal annars er rætt um 12 aura auðlindgjald á hvert kílóvatt raforku sem selt er í landinu. Samkvæmt áætlun ríkisstjórnarflokkana á þetta að skila 1.885 milljónum króna. Þar af á stóriðjan að borga 1.600 milljónir. Þess utan á að freista þess að ná samkomulagi við stóriðjufyrirtækin um að þau greiði 1.200 milljónir króna á ári í fyrir fram tekjuskatt næstu árinu.

Fram kom á fundi þeirra Jóhönnu og Steingríms í Þjóðminjasafninu í gær að þingflokkar þeirra beggja hefðu samþykkt þessar tillögur fyrr um daginn. Þær fælu í sér að skattheimta yrði lækkuð um 20 til 25 milljarða króna frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Það væri hægt vegna skárra ástands í efnahagslífinu en áður hafi verið gert ráð fyrir.



FRÉTTASKÝRING
GARÐAR ÖRN ÚLFARSSON
gar@frettabladid.is

## NÝTT ÞREP EKKI GOTT



„Það má segja að umfangið sé nokkuð í takt við það sem við höfðum reiknað með,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. „Við höfum átt í viðræðum við ríkisstjórnina um skattlagningu á atvinnulífið, og þróunin hefur verið í þá átt að koma til móts við okkar óskir. Það er jákvætt.

En það sem stendur út af er tvennt. Annars vegar er sjávarútvegurinn að taka á sig yfir 3,5 milljarða í hækkaða skatta, sem væri svo sem í lagi ef ekki væri verið að ógna rekstrargrundvelli hans um leið með frumvarpi sjávarútvegsráðherra. Hitt er svo virðisaukaskatturinn. Okkur finnst ekki gott að taka upp nýtt þrep heldur hefðum við viljað hækka bæði í efra og neðra þrepinu.“ **- gb**

## DREGUR ÚR VERÐMÆTASKÖPUN



„Mér líst illa á þessar hækkanir, og fyrir því eru ýmsar ástæður,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins. „Þær hafa neikvæð áhrif á versta hugsanlega tíma og til lengri tíma litið er þetta ekki að auka tekjur ríkisins heldur minnka þær.

Í fyrsta lagi hafa þær bein áhrif til að íþyngja heimilum og fyrirtækjum sem eru ekki aflögufær. Þessar álögur hafa áhrif á verðlagið, sem hefur síðan áhrif á vísitöluna sem hækkar skuldirnar. Í öðru lagi er þetta líklegt til að ýta undir landflótta, jafnframt því að hindra erlenda fjárfestingu og draga úr ferðamannastraumnum. Þetta gerir sem sagt allt til að draga úr verðmætasköpun einmitt þegar við þurfum að auka neysluna til að halda fyrirtækjunum gangandi.“ **- gb**

## STÓRFELLDAR SKATTAHÆKKANIR



„Okkar skilaboð í Sjálfstæðisflokknum eru einföld,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. „Við teljum að það sé ekki hægt að hækka skatta við þessar aðstæður. Við höfum bent á aðrar leiðir, og gerum það ekkert að gamni okkar.

Við skulum hafa það í huga að skattar á tekjur frá 650 þúsund eru að hækka úr 37 prósentum upp í 47 prósent, og það er 27 prósenta hækkun. Menn geta kallað það öllum góðum nöfnum, en þetta er ekkert annað en stórfelldar skattahækkanir. Þetta gerist á sama tíma og kaupmáttur þessara sömu tekna hefur dregist stórkostlega saman.“ **- gb**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON OG JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Forystumenn ríkisstjórnarinnar kynntu í gær breytingar og nýjungar í skattkerfi landsins á fundi í Þjóðminjasafninu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ÞREPASKIPT TEKJUSKATTSKERFI




Ofan á hverja prósentutölu leggst um það bil 13% útsvar til sveitarfélaga. Skattleysismörk hækka úr um 113 þúsund krónum í tæpar 119 þúsund krónur.

## DÆMI

| | | |
|---|---|---|
| **Þriggja þrepa skattkerfi** Einstaklingsbundin skattlagning | | |
| **Einstaklingur** | Núverandi kerfi | Nýtt kerfi |
| Brúttólaun krónur á mánuði | 180.000 | 180.000 |
| Frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð | 7.200 | 7.200 |
| Skattskyldar tekjur, krónur á mánuði | 172.800 | 172.800 |
| Tekjuskattur + útsvar | 22.077 | 20.077 |
| Breyting í krónum | | -2.000 |
| Skattbyrði (%) | 12,8% | 11,6% |
| Breyting á skattbyrði (%stig) | | -1,2% |
| **Þriggja þrepa skattkerfi** Einstaklingsbundin skattlagning | | |
| **Hjón/sambúðarfólk** | Núverandi kerfi | Nýtt kerfi |
| Maki A, brúttólaun á mánuði | 350.000 | 350.000 |
| Maki B, brúttólaun á mánuði | 350.000 | 350.000 |
| Frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð | 28.000 | 28.000 |
| Skattskyldar tekjur, krónur á mánuði | 672.000 | 672.000 |
| Tekjuskattur + útsvar | 175.990 | 180.691 |
| Breyting í krónum | | +4.701 |
| Skattbyrði (%) | 26,2% | 26,9% |
| Breyting á skattbyrði (%stig) | | 0,7% |
| **Hjón/sambúðarfólk** | | |
| Maki A, brúttólaun á mánuði | 700.000 | 700.000 |
| Maki B, brúttólaun á mánuði | 700.000 | 700.000 |
| Frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð | 56.000 | 56.000 |
| Skattskyldar tekjur, krónur á mánuði | 1.344.000 | 1.344.000 |
| Tekjuskattur + útsvar | 436.390 | 467.391 |
| Breyting í krónum | | +31.001 |
| Skattbyrði (%) | 32,5% | 34,8% |
| Breyting á skattbyrði (%stig) | | 2,3% |

Heimild: Fjármálaráðuneytið




SÖLUSTAÐIR Davidsson: Rammagerðin ehf Hafnarstræti 19, Reykjavík · Leifstöð, Keflavíkurflugvelli · Brekkugötu 3, Akureyri · Miðvangi 13, Egilsstöðum · www.rammagerdin.is

# Jólin koma
# PAKKADAGAR hjá Ormsson

30% afsláttur

· AEG OFN [B-3051-5-M]
· AEG HELLUBORÐ [66030 K-M]
· AEG VEGGHÁFUR [DK 3160-M]

LISTAVERÐ: 270.700,-
**TILBOÐSVERÐ: 189.900,-**
ÞÚ SPARAR 80.800,- kr.

AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

30% afsláttur

· AEG OFN [B-4101-5-M]
· AEG HELLUBORÐ [66030 K-M]
· AEG VIFTA [DS70-M]

LISTAVERÐ: 304.700,-
**TILBOÐSVERÐ: 209.900,-**
ÞÚ SPARAR 94.800,- kr.

AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

30% afsláttur

· AEG OFN [B-4101-5-M]
· AEG HELLUBORÐ [6630 K-M]
· AEG VIFTA [DK9660-M]

LISTAVERÐ: 354.700,-
**TILBOÐSVERÐ: 248.900,-**
ÞÚ SPARAR 105.800,- kr.

AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

30% afsláttur

· AEG OFN [E-3051-5-W]
· AEG HELLUBORÐ [661000 M-MN]
· AEG VIFTA [DU 4161-W]

LISTAVERÐ: 204.700,-
**TILBOÐSVERÐ: 142.900,-**
ÞÚ SPARAR 61.800,- kr.

AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

LAVAMAT 52840

## AEG þvottavél
1200 snúningar
Taumagn: 6 kg
Þvottahæfni: A
Orkuflokkur: A+
Notendahandbók á íslensku
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

LISTAVERÐ: 144.900,-
**TILBOÐSVERÐ: Kr. 109.900,-**
ÞÚ SPARAR 35.000,- kr.

AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

## AEG þvottavél
1400 snúninga
Taumagn: 7 kg
Þvottahæfni: A · Orkuflokkur: A+
Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
Notendahandbók á íslensku
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

LISTAVERÐ: 169.900,-
**TILBOÐSVERÐ: Kr. 139.900,-**
ÞÚ SPARAR 30.000,- kr.

AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

LAVAMAT 76850 LAVATHERM 58840

## AEG þvottavél
Taumagn: 7 kg
1600 snúningar
Þvottahæfni: A · Orkuflokkur: A+
Öll hugsanleg þvottakerfi
Notendahandbók á íslensku
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

## AEG þurrkari
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 7 kg
Mjög hljóðlátur
Notendahandbók á íslensku
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

ÍSLENSKA PARIÐ

LISTAVERÐ: 334.900,-
**TILBOÐSVERÐ: Kr. 279.900,-**
ÞÚ SPARAR 54.000,- kr.

FAVORIT 88020VI

## AEG uppþvottavél
Gerð til innbyggingar
Tekur 12 manna stell
8 þvottakerfi
Mjög hljóðlát vél – aðeins 41db
Aðeins 39 db á RÖKKURRÓ stillingu (Night Cycle)
TURBO-þurrkun – þurrkar með heitum blæstri
Hægt að stilla á ræsingu allt að 19 klst. fram í tímann
Ljós inni í vélinni
Orkunýtni : A · Þvottahæfni : A · Þurrkhæfni : A

*Ein fullkomnasta uppþvottavélin sem í boði er!*

AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

LISTAVERÐ: 199.900,-
**TILBOÐSVERÐ: Kr. 159.900,-**
ÞÚ SPARAR 40.000,- kr.

DCS-585

Pioneer
HEIMABÍÓ

SHARP
32" LCD sjónvarp
LC32DH57SBK

LISTAVERÐ: 269.800,-
**TILBOÐSVERÐ: 229.800,-**
ÞÚ SPARAR 40.000,- kr.

LC-42DH77

UNDURFÖGUR MYND
SHARP
42" LCD sjónvarp

Verbatim
Sjónvarpsflakkari með upptöku 500 GB

LISTAVERÐ: 409.800,-
**TILBOÐSVERÐ: 349.800,-**
ÞÚ SPARAR 60.000,- kr.

UNDURFÖGUR MYND
SHARP
LC-42DH77
42" LCD sjónvarp

Pioneer
DV-420V-S
DVD SPILARI

A-402 HCS 5
Jamo
HÁTALARASETT

Pioneer
VSX-519V-K
MAGNAÐUR
MAGNARI

LISTAVERÐ: 537.200,-
**TILBOÐSVERÐ: 459.900,-**
ÞÚ SPARAR 77.300,- kr.

LE-37B655
SAMSUNG
37" LCD sjónvarp

BD-P1600
Samsung BluRay spilari

LISTAVERÐ: 339.900,-
**TILBOÐSVERÐ: 299.900,-**
ÞÚ SPARAR 40.000,- kr.

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

# ORMSSON

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| LÁGMÚLA 8 | SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 |

Rannsókn á endingu tölva:

# Þriðja hver fartölva ónýt innan þriggja ára



**TÖLVUR** Þriðja hver fartölva verður ónýt innan þriggja ára. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem bandaríska fyrirtækið SquareTrade framkvæmdi og greint er frá á vef Aftenposten. Fyrirtækið skoðaði viðgerðarsögu þrjátíu þúsund tölva á þremur árum og komst að þeirri niðurstöðu að litlar fartölvur, sem kallaðar eru á ensku netbooks, bila oftast.

Annars eru ódýrustu fartölvurnar þær lélegustu, samkvæmt SquareTrade, sem segir ASUS-tölvur standa sig best og HP verst. Fyrirtækið SquareTrade hefur lifibrauð af því að selja tryggingar fyrir kaupendur heimilistölva. **- sbt**

**FBL-GREINING:** LISSABONSÁTTMÁLI EVRÓPUSAMBANDSINS

# *Breytt fyrirkomulag*

Evrópusambandið tekur á sig nýja mynd þegar Lissabonsáttmálinn tekur gildi í byrjun næsta mánaðar.

### ■ Hvenær tekur hann gildi?

Lissabonsáttmálinn gengur í gildi 1. desember næstkomandi. Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna undirrituðu sáttmálann í Lissabon í Portúgal þann 13. desember árið 2007. Áður en hann gæti tekið gildi þurftu öll aðildarríkin þó að staðfesta hann. Upphaflega stóðu vonir til þess að sáttmálinn gæti tekið gildi í byrjun þessa árs, en það tafðist þegar Írar höfnuðu sáttmálanum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Eftir að Evrópusambandið hafði komið til móts við helstu gagnrýnisatriði Íra var sáttmálinn á ný borinn undir þjóðina, sem samþykkti hann loks í október síðastliðnum. Eftir það staðfestu bæði Pólverjar og Tékkar sáttmálann, en forsetar þessara tveggja ríkja höfðu dregið það í lengstu lög vegna óánægju sinnar með hann.

### ■ Hvaða breytingar verða helstar?

Tvö ný embætti verða stofnuð þegar sáttmálinn gengur í gildi. Annað er embætti forseta leiðtogaráðsins, sem verður í reynd eins konar forsetaembætti Evrópusambandsins. Forsetinn er kosinn af leiðtogaráðinu og situr í tvö og hálft ár. Hitt er embætti fulltrúa utanríkis- og öryggismála, sem verður eins konar utanríkisráðherra sambandsins. Með Lissabonsáttmálanum tekur einnig ný mannréttindaskrá Evrópusambandsins gildi.

Evrópuþingið fær meiri völd með Lissabonsáttmálanum og þjóðþing aðildarríkjanna fá einnig aukin áhrif í lagasetningarferli sambandsins. Einnig verður í fyrsta sinn í lögum sambandsins að finna ákvæði um að ríki geti sagt sig úr Evrópusambandinu, sem til þessa hefur verið illframkvæmanlegt, þó ekki hafi það verið útilokað og Grænland hafi gert það árið 1985. Ýmsar fleiri breytingar verða á starfsemi og stjórnkerfi Evrópusambandsins. Til að mynda er ákvæði um að ein milljón íbúa geti tekið sig saman og sent framkvæmdastjórninni tillögur, sem taka þarf til skoðunar.




# 80 ára afmæli

## Neskaupstaðar 2009

**Norðfirðingafélagið heldur upp á 80 ára afmæli Neskaupstaðar í Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 19. nóvember kl. 20:00.**

***Stjórnin***

# Aðalfundur GO og GOF 2008

**verður haldinn í golfskálanum Urriðavelli fimmtudaginn 26. nóv. nk. kl. 20:00**

**Dagskrá:**

- Kosning fundastjóra og fundarritara, eftir tillögu stjórnar.
- Fundargerð síðasta aðalfundar lesin upp.
- Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir liðins starfsárs
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.
- Umræður og atkvæðagreiðslur um lagabreytingar og tillögur félaga
- Kosning stjórnar og varamanna í stjórn
- Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara
- Önnur mál


**FRÉTTAVIÐTAL:** Nýr formaður Heimssýnar

# ESB-umsókn arfavitlaus þegar þörf er á samstöðu

**Ásmundur Einar Daðason, þingmaður VG, er nýr formaður Heimssýnar. Hann er harður andstæðingur Evrópusambandsaðildar og telur umsókn misráðna enda kljúfi hún þjóðina á erfiðum tímum.**



**FORMAÐUR HEIMSSÝNAR** Ásmundur Einar Daðason hefur verið andsnúinn Evrópusambandsaðild alveg frá því að hann hóf að fylgjast með stjórnmálum. Andstaða hans hefur styrkst eftir því sem árin hafa liðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

*Hefur þú lengi verið einarður andstæðingur ESB-aðildar?*

„Alveg frá því að ég fór að fylgjast með stjórnmálum sem var þegar ég var innan við tvítugt hefur mér litist illa á Evrópusambandsaðild. Eftir því sem ég skoða málið betur sannfærist ég enn frekar um að þetta sé ekki það sem er brýnast fyrir land og þjóð, hvorki núna né nokkurn tíma.“

*Hvað hefur mótað þá afstöðu þína?*

„Fyrst og fremst þessi samþjöppun sem hefur orðið í Evrópusambandinu. Þarna er í rauninni að verða til sambandsríki. Sífellt færist meira og meira vald til Brussel. Í Lissabonsáttmálanum er kveðið á um sameiginlega utanríkisstefnu, forseta Evrópusambandsins og opnað fyrir heimildir fyrir því að Evrópusambandið komi sér upp her. Þetta verður alltaf þéttara og þéttara og markmiðið er greinilega að koma á fót Bandaríkjum Evrópu, með sama hætti og Bandaríki Norður-Ameríku. Sjálfstæði okkar og réttur til að semja fyrir eigin hönd og setja eigin lög færist að stórum hluta til Brussel.

Yfirráðin yfir auðlindunum okkar eru ekki síður mikilvæg. Það er klárt mál að Evrópusambandið ásælist þær. Það sem einkennir okkur er fámennið, yfirfullt land af auðlindum og óþrjótandi möguleikar þeim tengdum. Fyrir hrun vorum við stöndugasta þjóð heims. Það er vegna þess að við eigum auðlindir og þær eru fyrir Íslendinga. Það má ekki rugla skuldsetningu í tengslum við hrunið saman við þetta.

*Þú ert sauðfjárbóndi úr Dölunum. Fullyrt er að staða sauðfjárbænda geti styrkst við Evrópusambandsaðild. Hreyfir það ekki við þér?*

„Margir halda því fram að undir einhverjum kringumstæðum gætu hugsanlega einhverjir sauðfjárbændur komið betur út við aðild. En heildin og dreifðu byggðirnar munu ekki koma betur út. Ríkisstuðningurinn hér við landbúnað er framleiðsluhvetjandi. Styrkjakerfi Evrópusambandsins er það ekki.

Í þessu tilliti þarf líka að hugsa um tolla. Það er viðurkennd aðferð að ríki verji framleiðslu sína með tollum. Evrópusambandið ver sig sem eitt ríki með tollum og við hefðum ekkert um þá að segja.

Við gerum líka meiri heilbrigðiskröfur í landbúnaði en aðrir og hér er lítil lyfjanotkun. Matvælaöryggi þjóðarinnar er líka í húfi. Aðild myndi fylgja gríðarlegt högg fyrir dreifðu byggðirnar þar sem landbúnaður er undirstaða alls, þar með talið ferðaþjónustunnar.“

*Er ekki rétt að láta samningaviðræðurnar fara fram og sjá hvernig samningurinn lítur út áður en kveðið er upp úr um kosti og galla aðildar?*

„Því var haldið fram að þetta væru einhverjar könnunarviðræður og að við fengjum að sjá hvað væri í boði. En þetta er ekki þannig. Evrópusambandið er ekki hlaðborð. Þar er í gildi stjórnarskrá sem aðildarþjóðir gangast undir og við þurfum ekki annað en að kynna okkur hana til að sjá um hvað þetta snýst.

Við erum að fara í gríðarlega kostnaðarsamt ferli sem snýst um að samhæfa okkar lög og stofnanakerfi að Evrópusambandinu.

Að auki get ég sagt að þær kröfur sem meirihlutinn setti fram sem samningsskilyrði í sumar eru með þeim hætti að engin þjóð hefur nokkurn tíma fengið nokkru slíku framgengt. Ég hef enga trú á að Evrópusambandið gefi eftir grundvallarþætti sína, til dæmis um að stjórn fiskveiða verði í höndum Íslendinga. Hvað ætli Bretar og Spánverjar segðu við því? Það getur vel verið að við fáum tímabundnar undanþágur frá einhverju til að aðlagast Evrópusambandinu en það er afar langsótt að halda fram að slíkar undanþágur geti orðið varanlegar.“

*Aðildarumsókn Íslands er mál ríkisstjórnarinnar. Þú situr í þingflokki stjórnarflokks. Er það ekki öfugsnúið?*

„Andstaða mín við ákvörðun um umsókn hefur aldrei dulist neinum. Ég og fleiri þingmenn VG létum bóka við ríkisstjórnarmyndunina að við myndum berjast gegn þessum áformum Samfylkingarinnar með öllum mögulegum ráðum. Þegar málið var inni í þinginu í sumar vann ég með framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum að því að reyna að stöðva þetta. Það tókst því miður ekki en ég mun áfram vinna með þessum hætti.

Það er svo rétt að minna á að í stjórnarsáttmálanum stendur að flokkarnir séu sammála um að virða ólíkar áherslur hvor um sig í þessu máli og virða líka réttinn til málflutnings og baráttu úti í samfélaginu. Um þetta hlýtur fólk að vita.“

*Býstu við að baráttan með og á móti Evrópusambandsaðild verði hörð?*

„Þetta er að mínu mati stærsta mál sem Íslendingar hafa þurft að útkljá á síðustu árhundruðum og eðlilega verður tekist á um það. Vonandi verður það gert með málefnalegum hætti en það gefur auga leið að þjóðin er klofin. Það var varað við því að ekki ætti að leggja í þennan leiðangur nema pólitískt bakland væri sterkt, bæði í þinginu og meðal þjóðarinnar. Nú hefur komið á daginn að svo er ekki. Kannanir sýna að sextíu prósent eru andsnúin aðild.“

*Getur þessi barátta orðið skaðleg?*

„Já ég held það. Og ég minni á að ég sagði áður en þingsályktunartillagan var samþykkt í sumar, og tók þar undir með framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum, að nú þegar við göngum í gegnum alla erfiðleikana eftir bankahrunið og mesta niðurskurð Íslandssögunnar, meðal annars í heilbrigðis- og menntamálum, þá væri í fyrsta lagi vitlaust að eyða öllum þessum peningum í þetta og í öðru lagi misráðið að ráðast í aðgerðir sem skipta þjóðinni í fylkingar. Þetta væri það síðasta sem við þyrftum núna. Við þessu var sumsé varað. Það er arfavitlaust að fara af stað í þetta núna, einmitt þegar við þurfum svo mikið á því að halda að ná samstöðu um ýmis mál úti í þjóðfélaginu.“

*Í ljósi þess að þú finnur Evrópusambandinu flest til foráttu, hvernig skýrir þú áhuga aðildarsinna?*

„Þeir verða að svara fyrir sig en við höfum ólíka sýn á hvernig möguleikar Íslands verða best nýttir. Myntumræðan hefur drifið menn áfram núna og margir segja að við verðum að ganga í ESB og taka upp evru hið snarasta. En þetta virkar ekki þannig. Það er er mjög langt í að við uppfyllum Maastricht-skilyrðin fyrir upptöku evru.

Mér finnst sjálfsagt að skoða það að taka upp aðra mynt en um leið þyrfti að skoða hvort raunhæft sé að vera áfram með krónuna. Í öllu falli þurfum við ekki að ganga í ríkjasamband og afsala okkur fullveldi og auðlindum til þess eins að taka upp nýja mynt.“

## ÍSLENDINGUM BETUR BORGIÐ UTAN ESB

Heimssýn, hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum, eru þverpólitísk samtök fólks sem telur hagsmunum Íslendinga best borgið með því að standa utan Evrópusambandsins.

Hreyfingin var stofnuð í júní 2002. Ragnar Arnalds, fyrrverandi þingmaður og ráðherra, gegndi formennsku frá stofnun og þar til um helgina. Ásmundur Einar Daðason alþingismaður er nýr formaður og Heiðrún Lind Marteinsdóttir lögmaður er varaformaður. 43 sitja í stjórninni og eru margir í þeim hópi kunnir af störfum sínum í stjórnmálum, viðskiptum og fleiru. Má þar nefna Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Atla Gíslason, Birnu Lárusdóttur, Bjarna Harðarson, Egil Jóhannsson, Frosta Sigurjónsson, Guðna Ágústsson, Pál Vilhjálmsson, Pétur Blöndal, Ragnar Arnalds, Ragnar Sæ Ragnarsson, Sigurð Kára Kristjánsson, Stefán Jóhann Stefánsson, Styrmi Gunnarsson og Þórhall Heimisson.

*Vefur Heimssýnar er á heimssyn.is*




FRÉTTAVIÐTAL
**BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON**
bjorn@frettabladid.is

# Lagersala
## Veiðihornsins
## opnar í dag í
## ÁRMÚLA 18

**Opið 12 til 18**

**og aðeins í fáeina daga**

***Ætlarðu nokkuð að missa af þessu?***


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS KJÚKLINGUR Á GÓÐU VERÐI
FRYSTIVARA
1598
BÓNUS FROSNAR KJÚKLINGALUNDIR 1598 kr.kg.
539
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR 539 kr.kg.
998
BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAMOLAR
1 KG 998 kr.
1598
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR 1598 kr.kg.
498
BÓNUS FERSK KRYDDUÐ KJÚLINGALÆRI
498 kr.kg.
198
FRYSTIVARA
BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAVÆNGIR
198 kr.kg.
498
BÓNUS FERSKIR KRYDDAÐIR KJÚKLINGALEGGIR
498 kr.kg.
998
N.F FROSIN GRÆNMETISBUFF
1 KG 998 kr. (AÐEINS AÐ HITA)
159
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500G 159 kr.
198
BÓNUS NÝBAKAÐAR LANGLOKUR
4 stk 198 kr.
198
BÓNUS NÝBAKAÐIR KORNKUBBAR
4 stk tvær teg 198 kr.
Gerðu pizzuna heima
259
BÓNUS FERSKT SPELT PIZZADEIG
400g 259 kr.
198
BÓNUS FERSKT PIZZADEIG
400g aðeins 198 kr.
89
K.F PIZZUSKINKA 125g
89 kr.
1749
BÓNUS ÁLEGG PEPPERONI/SPÆGIPYLSA
MERKT VERÐ 2498 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR 1749 kr.kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
1189
K.S LAMBAHRYGGUR FROSINN
MERKT VERÐ 1398 KR.KG. 15% AFSLÁTTUR 1189 kr.kg.
698
MATFUGL GRILLAÐUR HEILL ELDAÐUR KJÚKLINGUR
1250 GR 698 kr stk. (KALDUR)
798
K.S LAMBABÓGUR FROSINN HEILL
798 kr.kg.
BÓNUS
Bajone skinka
AÐEINS UNNIN ÚR GRÍSALÆRI
898
BÓNUS BAJONESKINKA
MERKT VERÐ 1198 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR 898 kr.kg.
SUÐUSÚKKULAÐI
Góð kaup!
298
G.K SUÐUSÚKKULAÐI 3 stk. 100g plötur 298 kr.
KURL
198
APPOLO LAKKRÍSKURL 200g 198 kr.
NAMMIDAGAR ALLA DAGA
SUN-MAID
298
SUN-MAID RÚSÍNUR 500g
298 kr.
598
FERSKAR DÖÐLUR 600g 598 kr.
SUNSWEET
SVESKER
298
SUNSWEET SVESKJUR 400g
298 kr.
359
SUNSWEET APRIKÓSUR, BLANDAÐIR ÁVEXTIR, FÍKJUR
250g 359 kr.
LONG GRAIN HRÍSGRJÓN
159
HEIMA „LONG GRAIN" HRÍSGRJÓN
5 x 100g 159 kr.
BASMATI HRÍSGRJÓN
259
HEIMA BASMATI HRÍSGRJÓN
5 x 100g 259 kr.
Cocoa Puffs
298
COCOA PUFFS 335g 298 kr.
GRÆNN ASPAS Í BITUM
159
HEIMA ASPAS Í BITUM
283g 159 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

## Útgjöldin

Bensínverð á lágvöruverðsstöðvum.*




*Meðalverð yfir landið allt. Ódýrast er bensínið á Selfossi; 180,5 krónur lítrinn hjá Orkunni og ÓB, en 181,1 hjá Atlantsolíu.

HEIMILD: NEYTENDASAMTÖKIN

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** GUÐNI ÁGÚSTSSON, FV. RÁÐHERRA OG FORMAÐUR FRAMSÓKNAR

## *Kasmírfrakkinn sem hvarf*

„Bestu kaup mín og eftirminnilegustu voru gríðarlega fallegur svartur kasmírullarfrakki sem ég keypti þegar ég var landbúnaðarráðherra á ferðalagi um Washington,“ segir Guðni Ágústsson.

„Ég hugsaði oft sem svo að þetta væru mín albestu fatakaup í lífinu,“ segir Guðni og telur tilfinninguna sennilega hafa verið líka og hjá konum sem eignast hafa fínan pels. „Örlögin höguðu því hins vegar þannig að þessi bestu kaup mín breyttust á einu augabragði í þau verstu þegar ég var heiðursgestur á karlakvöldi hjá Kulsfélaginu í Kópavogi.“ Félagið var að sögn Guðna stofnað í kringum „einhvern vonlausasta stóðhest landsins“ en fjör hafi verið um kvöldið.

„Ég mætti að sjálfsögðu stoltur í frakkanum í fimmtán stiga frosti og vetrarfegurð eins og hún gerist best í Kópavogi.“ Frakkinn fór í fatahengið með öðrum yfirflíkum en þegar Guðni ætlaði heim var hann horfinn.



„Nóttin leið og daginn eftir var hringt í mig og sagt að frakkinn væri í henginu.“ En í Kópavogi blöstu svo vonbrigðin ein við. Þar hékk að vísu svartur frakki en bæði stór og slitinn. „Og af hvaða trölli er þessi frakki eiginlega? spurði ég. Vinur minn Gunnar Birgisson bæjarstjóri, sem þarna var, hefði týnst í þessum frakka.“

Til fína frakkans spurðist hins vegar aldrei meir. „Ég dauðsá því eftir að hafa eignast svona dýran frakka. Og ekki bætti úr skák að Margrét, kona mín, snupraði mig fyrir að hafa ekki passað upp á hann. Kulshátíðin stóð því undir nafni og fer kulur um mig þegar ég minnist frakkans sem hvarf mér með öllu á þessu kalda vetrarkvöldi fyrir mörgum árum.“

# HÚSRÁÐIÐ

## BANANA Á SKÓNA

■ *Kolbrún Björgólfsdóttir leirlistakona lumará snilldarráði sem ætti að nýtast fjölmörgum í kreppunni.*



„Þegar ég var við listnám í Kaupmannahöfn 1973 lærði ég af yfirkennara mínum Richard Kjærgård, frábærum vel þekktum dönskum keramiker, að til að breyta gömlum „uppáhalds“ leðurskóm í nýja væri ráð að nudda þá með bananahýði, og þá innra laginu, og pússa síðan með mjúkum klút. Ég hef sjálf reynt þetta og það jafnast á við endurfundi við gamla vini.“

■ **Jólakort með mynd á 99 krónur stykkið**

## Sama verð síðan 2002

Hjá Prentlausnum státa menn af því að hafa selt A6-jólakort á 99 krónur stykkið síðan 2002, sem er hið besta mál fyrir neytendur. Lágmarkspöntun er þrjátíu kort. Einnig er hægt að kaupa kort í stærðinni A5 og kostar stykkið þá 159 krónur og er lágmarkspöntun einnig þrjátíu stykki. Fleira jólalegt er að finna hjá Prentlausnum því þar er einnig hægt að gera dagatöl og myndabækur, sjá www.prentlausnir.is.




# Jólamatur á 350 krónur

**Um 100 manns mættu til Rauða krossins og fylgdust með þegar Ragnar Wessman og nemendur hans í Hótel- og matvælaskólanum elduðu ódýran og góðan jólamat.**

„Undirtektirnar voru ótrúlega góðar, hingað mættu helmingi fleiri en á venjulegum degi,“ segir Sólveig Ólafsdóttir hjá Rauða krossinum. Rauði krossinn rekur miðstöð fyrir atvinnulausa og í hana mæta um fimmtíu til sextíu manns á hverjum degi, en áhuginn á jólamatnum var mjög mikill og aðsóknin sló met. „Ég heyrði eina konu segja að þessir réttir myndu bjarga jólunum hjá henni, þarna væri jólamaturinn kominn.“

Ragnar Wessmann, kokkur og kennari í Hótel- og matvælaskóla Menntaskólans í Kópavogi, hafði umsjón með matreiðslunni fyrir gesti Rauðakrosshússins. Hann segir fyrirmælin hafa verið að slá upp veislu en kosta litlu til. „Við sáum fljótlega að svínakjöt hentaði vel og það er jólalegur matur,“ segir Ragnar, sem matreiddi ásamt nemum úr skólunum svínasíðu með meðlæti. Puran á síðunni var skorin af og poppuð sér og úr henni búið til nokkurs konar snakk sem er fyrirtaks upphitun áður en veislumaturinn er borinn á borð.



**VEISLUMATUR BORINN FRAM** Haraldur Sæmundsson, nemi í matreiðslu, sker kjötið fyrir gesti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hráefnið var þannig nýtt til hins ýtrasta, grænmetið sem gekk af er grænmetisrandalínan var búin til var til dæmis soðið í sykursöltuðu eplaediki og nýttist þannig sem súrt meðlæti í stað rauðkáls. Sósan var hin einfaldasta, smjöri var bætt út í soðið eftir að það hafði verið soðið niður.

Eftirrétturinn var svo útgáfa af frómas, skreyttur með marsipani og súkkulaði. „Þetta féll vel í kramið og það eru hugmyndir um að halda þessu samstarfi áfram,“ segir Ragnar, sem slær á að jólamaturinn sem hann bjó til fyrir Rauða krossinn kosti um 350 krónur á manninn, sem verður að teljast vel sloppið.

sigridur@frettabladid.is

## UPPSKRIFT AÐ ÓDÝRUM JÓLAMAT*

**Poppuð svínapura með jógúrt ídýfu**

500 g af svínapuru er skorin í 1cm breiðar og 5cm langar lengjur, þær eru síðan soðnar í söltu vatni og þurrkaðar í ofni við 65 gráðu hita í nokkrar klukkustundir. Purustrimlarnir eru síðan djúpsteiktir rétt áður en þeir eru bornir fram með jógúrt ídýfu.

**Jógúrtídýfa**

200 ml jógúrt
100 ml sýrður rjómi
15 g graslaukur
Salt og pipar

**Aðferð**

Jógúrtið er hrært upp í sýrða rjómanum, smátt skornum graslauk og kryddað til með salti og pipar.

**Brasseruð svínasíða**

1,2 kg svínasíða
1 stk. laukur
50 g rósmarín
50 ml rauðvínsedik
500 ml grísasoð
2 stk. lárviðarlauf
12 stk. hvítur pipar
60 g hvítlaukur

**Aðferð**

Svínasíðan er snyrt og fitan tekin af. Síðan er brúnuð og sett í steikarílátið, soðinu og rauðvínsedikinu hellt yfir, kryddi og grænmeti bætt út í. Steikarílátinu er lokað og síðan brasserað í ofni við 140 gráður í 5 klst. Úr soðinu er síðan löguð soðsósa. Þá er soðið soðið niður og örlitlu köldu smjöri bætt við.



**Bökuð kartöflu- og grænmetisrandalína**

1,5 kg bökunarkartöflur
250 g seljurót
250 g gulrætur
400 g hreinsað smjör
Salt og pipar

**Aðferð**

Kartöflur, seljurót og gulrætur eru skrældar og sneiddar í þunnar sneiðar og lagðar í kalt vatn. Bökunarílátið er penslað að innan með bræddu smjöri og smjörpappír lagður ofan í bökunarílátið. Kartöflurnar og rótargrænmetið er lagt til skiptis í bakkann, kryddað með salti og pipar og penslað með salti og pipar í hvert skipti þegar nýju lagi af grænmeti er bætt í bakkann. Smjörpappír er lagður yfir og farg sett ofan á, bakað við 170 gráður í 35 til 45 mínútur og þá kælt, gjarnan yfir nótt. Mikilvægt er að fargi sé haldið ofan á randalínunni þegar hún er kæld og meðan hún er í ísskápnum, annars er hætta á að hún losni í sundur.



**Jóladesert 2009**

250 g rjómi
1 blað matarlím (lítið)
60 g súkkulaði
150-200 g ávextir
Makkarónur og ananassafi

**Aðferð**

Makkarónur eru settar í botninn og ananassafa er hellt yfir. Ávextirnir eru skornir niður, gott að hita þá ef þeir eru frosnir, matarlímið má þá hita með ávöxtum þar til það hefur bráðnað. Þá er gott að kæla stutta stund og blanda þessu varlega við þeytta rjómann og saxað súkkulaði sett út í.

Svo má þá skreyta að vild til dæmis með ferskum berjum eða súkkulaðispæni.

Á heimasíðu Hótel- og matvælaskólans, www.faggreinar.is eru uppskriftirnar auk myndbands af úrbeiningu svínasíðu, undir liðnum kjötiðn.



*Magnið er áætlað fyrir 6 manns



# 20% afsláttur
## af fæðubótarefnum

easy body FITNESS

DeTox




20% afsláttur við kassa




20% afsláttur við kassa

**DeTox**
- Dregur úr uppþembu
- Hreinsar og afeitrar líkamann
- Losar fólk hnitmiðað við umframfitu
- Dregur úr vökvasöfnun
- Inniheldur einungis náttúruleg efni

**Red og Blue Booster**
- Gefa þér orku og auka fitubrennslu á samatíma
- 0% hitaeiningar!




20% afsláttur við kassa

## Froosh
**100% hreinn ávaxta-smoothie**
án allra aukaefna og sykurs




20% afsláttur við kassa




20% afsláttur við kassa




20% afsláttur við kassa




20% afsláttur við kassa




20% afsláttur við kassa




20% afsláttur við kassa

24 Hagkaup **OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 22. nóvember á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Velta:** 47,9 milljónir

**OMX ÍSLAND 6**
806 **+0,30%**

MESTA HÆKKUN

**ÖSSUR** 0,37%
**MAREL** 0,15%

MESTA LÆKKUN

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atlantic Petroleum 166,00 +0,00% ... Bakkavör 1,50 +0,00% ... Føroya Banki 134,00 +0,00% ... Icelandair Group 4,00 +0,00% ... Marel 68,00 +0,15% ... Össur 136,50 +0,37%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Ósáttur við rannsókn

Regin Freyr Mogensen, yfirlögfræðingur Kaupþings, hætti störfum í vikunni. Hann var nýsestur í stjórn 1998 ehf., móðurfélags Haga, í nafni bankans. Regin var einn af þremur stjórnarmönnum og hafði þar Kaupþing tvo á móti Jóhannesi Jónssyni, stofnanda Bónuss. Regin sagði í samtali við Vísi í fyrradag brotthvarf sitt úr bankanum ekki tengjast stjórnarsetunni. Heyrst hefur að stjórn Kaupþings hafi látið undan pólitískum þrýstingi og fengið utanaðkomandi aðila til að kanna hvort Regin hafi farið út fyrir heimildir í stjórn 1998. Niðurstaðan mun hafa verið sú að svo var ekki. Eftir því sem næst hefur komist var Regin ósáttur við vantraustið sem fólst í rannsókninni og sagði starfi sínu lausu. Ekki náðist í Regin til að bera þetta undir hann þegar eftir því var leitað í gær.



### Ókeypis og ekki nýtt

Og meira af Kaupþingi. Bankinn kynnir viðskiptavinum sínum um þessar mundir það kostaboð að þeir geti lækkað yfirdráttarheimildir sínar í netbankanum eftir hentugleika. Breytingunni fylgja hvorki skilyrði né skuldbindingar og gefur þetta viðskiptavinum bankans færi á að ráða sjálfir ferðinni þegar kemur að því að lækka greiðslubyrðina. Flestir eru með yfirdráttarheimildir og nýta margir hana ekki. Á mannamáli má segja að yfirdráttarheimild sem kosti ekki neitt sé svipað brauði sem maður kýs að kaupa ekki. Það kostar ekki neitt.

## Veltan dróst saman um 10%

Virðisaukaskattskyld velta fyrirtækja í júlí og ágúst nam 460,1 milljarði króna í júlí og ágúst. Þetta er 0,7 prósenta samdráttur að nafnvirði á milli ára. Að teknu tilliti til verðlagsþróunar er samdrátturinn rúm tíu prósent. Þetta kemur fram í Hagsjá hagfræðideildar Nýja Landsbankans (NBI).

Af tíu atvinnugreinum hefur veltan í flugsamgöngum aukist mest að nafnvirði, um tæpan þriðjung. Samdrátturinn er mestur í bygginga- og mannvirkjagreinunum en veltan þar hefur dregist saman um tæp fimmtíu prósent. **- jab**

# Fasteignafélag N1 skuldum hlaðið

Umtak, félag sem heldur utan um fasteignir olíufélagsins N1, skuldaði 13,5 milljarða króna í lok árs 2007. Í lok ársins átti félagið eignir á móti skuldum, eða fyrir tæpa 14,4 milljarða króna.

Skuldirnar eru að mestu í evrum, svissneskum frönkum og japönskum jenum og standa eftir hrun krónunnar nú í tæpum tuttugu milljörðum króna.

N1 stofnaði Umtak í ársbyrjun 2007. Félagið hefur ekki skilað ársreikningi fyrir síðasta ár.

Sævar Þór Ólafsson, framkvæmdastjóri Umtaks, segir hafa verið skrifað undir ársreikning um mitt ár og hafi honum verið skilað til ársreikningaskrár. Þá sé það því miður algengt að lán fyrirtækja í erlendri mynt hafi hækkað mikið við fall krónunnar. Hann segir öll lán í skilum og enga gjalddagar í nánustu framtíð.

Fréttablaðið greindi frá því á þriðjudag að framkvæmdastjórar N1, sem eru með afkomutengd laun, hafi síðustu daga verið að innleysa bónusa sína. Þeir nemi í einhverjum tilvikum tugum milljóna króna. Ástæðan mun ótti þeirra við að lánardrottnar félagsins kunni að taka það yfir.



**ÚR VERSLUN N1** Félag sem heldur utan um fasteignir olíufélagsins N1 skuldar milljarða í erlendri mynt.

N1 er með 1,5 milljarða króna lán á gjalddaga fyrir mitt næsta ár og sjö milljarða á gjalddaga árið eftir. **- jab**

# Skuldabréfið ófundið

Skilanefnd Glitnis hefur enn ekki fundið hvar skuldabréfakrafa upp á 140 milljarða króna liggur í bókhaldi þrotabús gamla bankans.

Glitnir gaf skuldabréfið út á fyrri hluta síðasta árs. Fyrir hálfum mánuði kom upp á fundi með kröfuhöfum að krafan, sem jafngildir fimm prósentum af heildarkröfum í búið, stemmdi ekki við bókhaldið og var endurskoðendafyrirtækið Deloitte fengið til að skoða málið. Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, sagði í samtali við Fréttablaðið í kjölfarið ekkert óeðlilegt þurfa að vera við misræmið. Skuldabréfið kunni að vera fært undir öðrum bókhaldslið. Niðurstöðu var vænst á föstudaginn var.

Leitin stendur hins vegar enn yfir og mun tilkynning um málið verða gefin út fljótlega, samkvæmt upplýsingum frá skilanefndinni.



**BLAÐAÐ Í PAPPÍRUM** Enn er unnið að því að stemma af bókhald þrotabús Glitnis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ekki liggur fyrir hver á skuldabréfið en frestur til að skila inn kröfu í bú Glitnis rennur út eftir viku. Reiknað er með því að þorri krafnanna skili sér í búið síðustu dagana fyrir lokafrestinn. **- jab**

# Lífsýnasafnið ekki til sölu

**Saga Investments býður 1,7 milljarða króna fyrir Íslenska erfðagreiningu. Erlendir fjölmiðlar segja DeCode hafa runnið út á tíma. Þeir hafa áhyggjur af lífsýnabanka Íslenskrar erfðagreiningar.**

Fjölmargir erlendir fjölmiðlar hafa birt fréttir um greiðslustöðvun DeCode, sem lögð var fram í Delaware í Bandaríkjunum á þriðjudag. Þeir eru sammála um að sala á genaprófum hafi ekki staðist væntingar, handbært fé fyrirtækisins brunnið upp og það lent í greiðsluerfiðleikum.

Á sama tíma og greiðslustöðvun deCode var lögð fram gerði fjárfestingarfélagið Saga Investments bindandi tilboð í reksturinn. Tilboðið hljóðar upp á fjórtán milljónir dala, jafnvirði 1,7 milljarða íslenskra króna. Þar af er ellefu milljónum ætlað að duga á greiðslustöðvunartíma DeCode sem endar í janúar, að sögn Bloomberg-fréttaveitunnar.

Nokkrir netmiðlar sögðu í gær kaupin tímabundna lausn. Hætt væri við að félagið færi á hliðina innan nokkurra ára, rættist ekki úr áætlunum.

Breska dagblaðið Times varaði við því að nýir eigendur fyrirtækisins kynnu með kaupunum að komast yfir dýrmætan lífsýnabanka Íslenskrar erfðagreiningar og gætu nýtt hann með öðrum hætti en upphaflega hefði staðið til. Í safni Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE) eru lífsýni 140 þúsund Íslendinga. Álíka mikið af gögnum er frá erlendum einstaklingum. Persónuvernd hefur lýst yfir áhyggjum af afdrifum safnsins.

Kári Stefánsson, forstjóri DeCode, segir í samtali við Fréttablaðið ÍE eiga lífsýnabankann og lúti hann afar ströngum skilyrðum Persónuverndar og fleiri eftirlitsaðila. Ekki komi til greina að skilja hann frá félaginu. Sé það stefnan verði ekkert úr sölunni á Íslenskri erfðagreiningu. **jonab@frettabladid.is**



**ÚR HÚSAKYNNUM ÍE** Fjölmargir hafa áhyggjur af afdrifum verðmæts lífsýnabanka Íslenskrar erfðagreiningar. Í honum eru gögn þrjú hundruð þúsund einstaklinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjögur fyrirtæki í eina sæng

Fjögur fyrirtæki, Eskill, Landsteinar strengur, Kögun og Skýrr, hafa verið sameinuð undir heiti þess síðastnefnda. Gestur G. Gestsson hefur verið ráðinn forstjóri, en hann var áður framkvæmdastjóri tæknisviðs Vodafone og stýrði þar áður Margmiðlun.

Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr, og Sigurjón Pétursson, forstjóri Landsteina Strengs, munu láta af störfum hjá fyrirtækinu. Sigrún Eva Ármannsdóttir, forstjóri Eskils, og Bjarni Birgisson, forstjóri Kögunar, munu starfa áfram hjá fyrirtækinu.

Sameininguna bar brátt að; starfsfólki var tilkynnt um hana í gær og forstjórar kvöddu starfsfólk sitt.

Starfsfólk sameinaðs fyrirtækis er um 320 talsins og áætlaðar tekjur árið 2009 eru tæplega fimm milljarðar króna. Viðskiptavinir þess eru um þrjú þúsund talsins.

„Við sameininguna verða hagsmunir viðskiptavina í hvívetna hafðir að leiðarljósi. Hið nýja sameinaða fyrirtæki hvílir á sterkum stoðum gömlu fyrirtækjanna, sem öll hafa náð góðum árangri og áunnið sér eftirsóknarvert orðspor úti í atvinnulífinu," segir hinn nýráðni forstjóri. **- kóp**



**GESTUR G. GESTSSON** Nýi forstjórinn kemur frá Vodafone og tekur við rekstri fyrirtækisins. Um 320 manns vinna hjá nýja fyrirtækinu.


Veldu það sem þú þarft

Við komum með það til þín, fyllum á og tryggjum að vinnustaðurinn þinn eigi alltaf allt til alls.

selecta
selecta.is




Skódagar
20% afsláttur af öllum skóm
til mánudags
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Vinnumálastofnun heldur ekki í við fjölgun atvinnulausra.

## Getur eitt viðtal á ári verið nóg?

**STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR**

Atvinnuleysi er nýr veruleiki á Íslandi. Hér hefur um langt árabil verið næga atvinnu að hafa en á fáeinum mánuðum í vetur sem leið fór atvinnuleysi úr nánast engu upp í hátt í tíu prósent. Vinna jókst aftur þegar voraði en þegar kom fram á haustið fór atvinnuleysið að aukast að nýju og búist er við því að það verði ekki minna í vetur en raunin var í fyrravetur. Fjöldi atvinnulausra í landinu stendur nú í tæplega þrettán þúsundum og gert er ráð fyrir að um sautján þúsund manns verði atvinnulausir á Íslandi um næstu áramót.

Á höfuðborgarsvæðinu hefur fjöldi viðskiptavina Vinnumálastofnunar tífaldast milli ára. Á sama tíma hefur náms- og starfsráðgjöfum við stofnunina fjölgað úr sjö í tíu. Við blasir að þessi fámenni hópur annar hvergi nærri margföldum fjölda viðskiptavina. Margir menntaðir náms- og starfsráðgjafar eru þó án atvinnu en Vinnumálastofnun skortir fé og fjölgun starfsmanna stofnunarinnar hefur einkum verið í hópi þeirra sem sinna bótaútreikningum og greiðslum til atvinnulausra.

Þórdís Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi við Vinnumálastofnun, bendir í forsíðufrétt blaðsins á þá staðreynd að miðað við að hver ráðgjafi nái til 800 til 1000 einstaklinga á mánuði taki það tólf mánuði að ná til allra þeirra sem séu á atvinnuleysisskrá á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að þetta er fjarri því nægjanlegt utanumhald.

Vitað er að atvinnuleysi er hættulegt bæði andlegri og líkamlegri heilsu. Fjárskortur er þó það sem hamlar fjölgun ráðgjafa til að koma til móts við þennan hóp og lágmarka það tjón sem langtímaatvinnuleysi veldur honum. Hætt er við að sá sparnaður eigi eftir að koma í bakið á þjóðinni síðar.

Það er ekki síst unga fólkið sem fer illa út úr atvinnuleysi og því er nauðsynlegt að halda þeim hópi virkum. Það krefst stöðugs utanumhalds um hópinn og einnig framboðs á úrræðum sem eru til þess fallin að byggja upp einstaklingana, viðhalda virkni þeirra og búa þá undir að takast á við margbreytileg störf í framtíðinni. Nú stendur yfir vinna í félags- og tryggingamálaráðuneytinu sem beinist að því að veita hluta bótagreiðslna til virkni- og námsúrræða. Þetta er skref í rétta átt sem ber að fagna, ekki síst ættu forsvarsmenn launafólks að gera það.

Bregðast verður við atvinnuleysinu með markvissum aðgerðum og nýta þá reynslu sem skapast hefur í þeim löndum þar sem atvinnuleysi hefur verið landlægt. Ef ekki verður brugðist við getur hér farið eins og þekkist víða í nágrannalöndum okkar að hér vaxi upp kynslóð sem ekki þykir það endilega sjálfsagður hluti af fullorðinslífi að vera í starfi og afla tekna.

Þetta er veruleiki sem enginn óskar sér. Horfast verður í augu við að hér dugar ekki að tala og skrifa skýrslur heldur verða að koma til aðgerðir. Hugmyndaauðgi er góð og gild og forsenda allrar þróunar. Hins vegar verður fjármagn að koma til líka. Annað gæti reynst dýrt til framtíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Ný vetrardekk
Dekkjaskipti




Sparaðu, láttu
skipta um dekk hjá Max1

Umfelgun og ný dekk á góðu verði

Umfelgun og jafnvægisstilling á fjórum fólksbíladekkjum á 12–16 tommu stálfelgum **6.190 kr.** Kauptu vetrardekkin hjá Max1 á góðu verði. Spyrðu okkur hvað við getum gert meira fyrir þig.

*Opið virka daga frá 8-17 og laugardaga frá 9-13*

**Reykjavík:** Bíldshöfði 5a, Bíldshöfði 8, Jafnasel 6, Knarrarvogur 2, sími 515 7190.
**Hafnarfjörður:** Dalshraun 5, sími 515 7190.
**Akureyri:** Tryggvabraut 5, sími 462 2700.

MAX1 BÍLAVAKTIN

*Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Framsýnin**

Baldur Guðlaugsson tilkynnti þáverandi samstarfsfólki sínu í menntamálaráðuneytinu að hann hefði ákveðið að láta af störfum 23. síðasta mánaðar. Í bréfinu sagði Baldur umfjöllun fjölmiðla um viðskipti hans með hlutabréf í Landsbanka Íslands, og rannsókn á þeim viðskiptum, hafa truflað dagleg störf hans, auk þess sem hún væri til þess fallin að hafa neikvæð áhrif á starf og trúverðugleika ráðuneytisins. Segja má að hann hafi verið framsýnn, umfjöllun fjölmiðla um að eignir Baldurs hafi verið kyrrsettar vegna rannsókna á meintum innherjasvikum hefði mögulega sett blett á trúverðugleika ráðuneytisins.



**Upplýsingafulltrúinn**

Í Varnarmálastofnun vinna 46 fastir starfsmenn, álíka margir og í Vesturbæjarskóla, en þar eru starfsmenn 41. Sá er munur á þessum tveimur stofnunum að sú fyrrnefnda hefur ákveðið að hún verði að hafa upplýsingafulltrúa og ráðið Svanborgu Sigmarsdóttur tímabundið í það starf. Vafasamt er að Svanborg sé komin í framtíðarstarfið, enda mál manna að tímaspursmál sé hvenær stofnunin verði lögð niður.

**Vanhæfur landsdómari**

Styrmir Gunnarsson veltir upp þeirri alvarlegu spurningu í nýrri bók sinni, Umsátrinu, hvort vera kunni að einhverjir ráðherrar þjóðarinnar verði dregnir fyrir landsdóm og látnir sæta ráðherraábyrgð vegna athafna sinna og athafnaleysis í aðdraganda og eftirmálum bankahrunsins. Af því ærna tilefni væri ekki úr vegi að hreinsa aðeins til í landsdómnum. Einn af kjörnum varamönnum hans er nefnilega ekki bær til þeirrar setu, starfs síns vegna. Sá heitir Unnur Brá Konráðsdóttir og er nú orðinn alþingismaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Og eðlilega eru þingmenn ekki kjörgengir í landsdóm.



kolbeinn@frettabladid.is
stigur@frettabladid.is

## Ísland á allra vörum



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Rætur kreppunnar

Íslenzk spilling er nú almælt í öðrum löndum. Hvernig ætti annað að vera? Mikill fjöldi útlendinga hefur beðið stórfellt tjón af viðskiptum sínum við íslenzka banka og kallar á upplýsingar og uppgjör og engar refjar. Skaði erlendra lánardrottna bankanna, fjárfesta og annarra er nú talinn nema um fimmfaldri landsframleiðslu Íslands. Við þá tölu þarf að bæta eignatjóninu, sem Íslendingar urðu sjálfir fyrir, þegar bankarnir hrundu, en það er nú metið á um tvöfalda landsframleiðslu. Fjárskaðinn allur er því nú talinn nema um sjöfaldri landsframleiðslu Íslands eins og Gylfi Magnússon efnahags- og viðskiptaráðherra hefur lýst. Reynist þetta mat rétt, hefur ekkert bankahrun í samanlagðri hagsögu heimsins valdið öðru eins fjártjóni miðað við umfang þjóðarbúskaparins, og er þá ýmislegt enn ótalið, svo sem aukin skuldabyrði heimila og fyrirtækja af völdum hrunsins og ýmis kostnaður vegna uppgjörsins. Og þá er enn ótalið það, sem mestu skiptir: álitshnekkir landsins. Hann verður ekki metinn til fjár. Góður orðstír deyr aldregi, segir í Hávamálum. Það getur tekið Ísland langan tíma að endurheimta glataðan orðstír og gagnkvæmt traust innan lands og utan.

**Fregnir frá Íslandi**

Erlendir blaðamenn reyna skiljanlega að grafast fyrir um tildrög hrunsins til að geta upplýst lesendur sína um þau. Brezka stórblaðið Financial Times lagði alla forsíðu helgarblaðs síns um síðustu helgi og meira til undir frásögn af starfi Evu Joly á Íslandi. Joly segir þar, að hneykslið á bak við bankahrunið sé umfangsmeira en Elf-hneykslið í Frakklandi fyrir áratug, en það var fram að hruni talið mesta fjármálahneyksli álfunnar eftir stríð. Hún ætti að vita það, hafandi stjórnað rannsókninni. Joly kom þrem yfirmönnum ríkisolíufélagsins Elf-Aquitaine (og eiginkonu eins þeirra) bak við lás og slá fyrir fjárdrátt, en þau vörðust með þeim rökum, að ríkisstjórnin hefði verið höfð með í ráðum frá degi til dags. Dómsmálaráðherrann sagði af sér. Réttarhöldin sviptu hulunni af fjárdrætti, mútum og spillingu í efstu lögum stjórnkerfisins, þótt aðeins fjórir sakborningar af 37 fengju fangelsisdóma auk fjársekta. Lífverðir þurftu að gæta Joly dag og nótt í sex ár.

Eva Joly lofar ákærum hér heima fyrir lok næsta árs. Hún er bezta trygging þjóðarinnar fyrir því, að rannsókn hrunsins verði ekki einskær hvítþvottur eins og bersýnilega stóð til í byrjun og saksókn ríkisins renni ekki út í sandinn. Dagbladet í Noregi birti fyrir nokkrum dögum frétt um, að tveir þriðju hlutar Íslendinga teldu stjórnsýsluna spillta. Blöð í öðrum löndum flytja tíðar fregnir af þessum toga. Íslendingar ættu að fagna slíkum fréttaflutningi, því að hann eykur líkurnar á, að rannsókn hrunsins og saksókn ríkisins að henni lokinni skili árangri. Hér er mikið í húfi. Íslendingar geta aldrei bætt útlendingum nema brot af þeim skaða, sem bankarnir og bandamenn þeirra hafa valdið. Þeim mun brýnna er, að Íslendingar rétti umheiminum sáttahönd og heiti því að afhjúpa sannleikann um tildrög hrunsins og draga ekkert undan, hversu illa sem nakinn sannleikurinn kann að koma sér fyrir innlenda menn. Aðeins þannig getur landið vænzt þess að endurheimta traust umheimsins.

**Bréf framkvæmdastjóra AGS**

Fyrir skömmu fékk hópur manna, sem hafði beint spurningum til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og beðið um fund með forstjóra sjóðsins, svar frá forstjóranum, Dominique Strauss-Kahn. Þar segist hann sammála hópnum um, að upptök kreppunnar á Íslandi megi rekja til bankanna. Hann segir (í þýðingu minni): „Bankarnir tóku of mikla áhættu, og eftirlit og regluverk brugðust. Grunnurinn var lagður með einkavæðingu bankanna, en hún átti sér ekki stað að undirlagi AGS: sjóðurinn hafði ekki þá og hefur yfirhöfuð ekki markað sér þá stefnu, að bankar skuli einkavæddir.“ Forstjórinn lýsir því í bréfinu, að krafan um lausn IceSave-deilunnar sé krafa Norðurlanda, og án fulltingis þeirra hefðu endar ekki náð saman. Hann segir, að án efnahagsáætlunarinnar og aðstoðar sjóðsins hefði gengi krónunnar fallið mun meira en raun varð á og samdráttur framleiðslu og atvinnu orðið meiri en ella. Allt er þetta satt og rétt frá mínum bæjardyrum séð, svo sem ég hef lýst áður á þessum stað. Ekki kemur á óvart, að þeir, sem mesta ábyrgð bera á hruninu, reyni að skella skuldinni á sjóðinn. Hitt kemur mér á óvart, að fólk, sem ber enga ábyrgð á hruninu, skuli bergmála gamla gagnrýni á sjóðinn með háreysti og reyna að draga hann til ábyrgðar á ástandinu nú. Slíkar ásakanir hneigjast til að dreifa athygli almennings frá ábyrgð innlendra sökudólga.

## Réttindi barna til lífs og þroska

**UMRÆÐAN**

Glódís Perla Viggósdóttir, Hulda Margrét Erlingsdóttir og Harpa Björnsdóttir skrifa um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Í 6. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi til lífs og þroska segir að sérhvert barn eigi meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildarríkin tryggja að það megi lifa og þroskast. Allir einstaklingar undir átján ára aldri eru börn.

Börn í bágstöddum löndum þurfa að hafa mikið fyrir öllu, t.d. drykkjarvatni sem við hin myndum flokka sem allt of óhreint til að jafnvel þvo fötin okkar upp úr. En vatn er ein aðalundirstaða alls lífs á jörðu.

Við á Íslandi höfum rétt á menntun sem við fáum svo sannarlega. Öll börn eiga rétt á menntun en ekki eru aðstæður alltaf til þess, annað hvort vegna stríða í löndunum eða fjárhags. Ómenntaður einstaklingur er ekki með fullþjálfaðan heila og er því ekki fullfær um að taka mikilvægar ákvarðanir sem varða framtíðina. Börn sem fá ekki menntun vita ekki betur en að framtíð þeirra felist í því að vinna allan daginn, eiga erfitt líf og bera skyldu til að ná sér í peninga með hvaða hætti sem er. Börn eiga rétt á að vita betur, fá fræðslu og njóta þess að vera til. Þau eiga að vakna á hverjum degi með það í huga að þau eigi von.

Á Íslandi höfum við það gott en við kunnum ekki alltaf að meta það. Krakkar kvarta undan skólanum, fullorðnum þykir vinnan sín leiðinleg og ef eitthvað fer úrskeiðis lítum við oft neikvætt á það. Kreppan er gott dæmi um það.

Sumir fá ekki menntun og aðrir fá enga vinnu og/eða tækifæri. Fjölskyldur í þróunarlöndunum líta ekki alltaf með neikvæðni á líf sitt þrátt fyrir fátæktina. Þá litlu en björtu von sem þær hafa nýta þær sér til að byggja upp sterkari fjölskyldubönd og betra líf. Allir í fjölskyldunni treysta og styðja hver annan í einu og öllu og hjálpast að við að halda í vonina.

Þetta gætum við Íslendingar tekið okkur til fyrirmyndar.

*Höfundar skrifa fyrir hönd ungmennaráðs Barnaheilla.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Windows® 7

Einfaldara. Hraðara. Betra.

## Komið aftur í verslanir

Opin kerfi eru Innkaupa- og dreifingaraðili Microsoft á Íslandi

w7.is

start TÖLVUVERSLUN
TÖLVULISTINN SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ
OPIN KERFI
TÖLVUVIRKNI
TÖLVUTEK
omnis
ELKO EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ
et
svar) tækni
EJS
BT

# Á ártíð hrunsins

**UMRÆÐAN**

Anna Sigríður Pálsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, Baldur Kristjánsson, Hjalti Hugason, Pétur Pétursson, Sigrún Óskarsdóttir, Sigurður Árni Þórðarson og Sólveig Anna Bóasdóttir skrifa um hrunið


ANNA SIGRÍÐUR PÁLSDÓTTIR


ARNFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR


SIGURÐUR ÁRNI ÞÓRÐARSON


SÓLVEIG ANNA BÓASDÓTTIR


BALDUR KRISTJÁNSSON


PÉTUR PÉTURSSON


HJALTI HUGASON


SIGRÚN ÓSKARSDÓTTIR

Rúmt ár er liðið frá hruni íslenska fjármálakerfisins. Tímamótin eru tilefni ártíðar, en það er minningardagur sem er haldinn þegar ár er liðið frá andláti. Það sem dó var samfélagsgerð byggð á falskri hugmyndafræði. Árið hefur reynst samfélaginu erfitt. Hvert áfallið hefur rekið annað. Skelfileg ný mál hafa ítrekað komið í ljós.

Endurreisn hefur gengið hægt. Hér skal þó ekki lagst á sveif með þeim sem telja að ekkert hafi verið gert. Vandinn sem við er að glíma er slíkur að íslensk stjórnmálastétt hefur aldrei staðið frammi fyrir neinu viðlíka.

Stjórnmála- og embættismenn voru ekki undirbúnir og gátu ekki brugðist fumlaust við. Fleira hefur þó verið gert en við munum frá degi til dags. Það eitt að félagsleg upplausn í kjölfar hrunsins risti ekki dýpra en raun ber vitni sýnir það glöggt.

### Hvar er „nýja Ísland"?

Í byltingunni síðastliðinn vetur fæddist draumur um „nýtt Ísland", gagnsætt og réttlátt samfélag sem reist yrði úr rústum hins gamla. Hugmyndin var að segja skilið við kunningjasamfélagið, samfélag einkavinavæðingar, helmingaskiptareglu, þöggunar og krosseignatengsla Ári eftir hrun er það áleitin spurning hvað líði þeirri gagngeru uppstokkun sem búsáhaldabyltingin krafðist. Er „nýtt Ísland" í vændum eða erum við á leið í gamla farið?

Hvert stefnum við ef skuldir útrásarvíkinga verða afskrifaðar án þess að þeir missi fé í skattaskjólum, eignarhald á fyrirtækjum, meirihluta í hlutafélögum, gjafakvóta eða annan feng frá dögum „hins gamla Íslands"? Það væri merki um að „hið gamla" hafi borið sigurorð af „hinu nýja". Verði stjórnmálaleiðtogum sem þjóðin hafnaði veittar vegtyllur að gömlum sið er það merki um hið sama. Ef embættismenn sem rannsóknarnefnd Alþingis sýnir að hafi brugðist verða að nýju lykilpersónur í samfélaginu bendir það enn í sömu átt. Hrunið afhjúpaði gerðir kaupahéðna. Bylting og kosningar kváðu upp dóm yfir stjórnmálamönnum. Í tilfelli embættismanna verðum við að bíða skýrslna sem birtast á nýju ári.

„Hið nýja Ísland" verður ekki til án uppgjörs og raunverulegra sinnaskipta. Það verður sumum sárt. Við skulum þá hafa hugfast að sársauki í íslensku samfélagi er ekki öllum ókunnur – til dæmis ekki þeim sem að ósekju urðu fyrir höggi hrunsins. Krafa um uppgjör verður þó að miða að réttlæti en ekki hefnd.

### Gleðileg breyting

Lítum þó ekki framhjá því að sitthvað hefur breyst. Víða má sjá merki samstöðu. Fé safnast fyrir góð málefni. Fyrirtæki og einstaklingar leggja kirkjum og mannúðarsamtökum lið. Sjálfboðaliðar koma til starfa í hjálparstarfi innlendu sem erlendu. Miklu fleiri taka til máls en áður. Fólk hræðist ekki eins og áður að kveða upp úr með það hvað því finnst rétt og hvað rangt. Enginn er þess lengur umkominn að hafna því að mál séu á dagskrá.

Á sama tíma hefur traust á valdastofnunum minnkað. Það er að sumu leyti gott. Það er ætíð hættulegt að treysta valdi í blindni. Á hinn bóginn þarf fólk að geta treyst helstu stofnunum samfélagsins, geta treyst réttlátri málsmeðferð lögreglu og dómstóla, treyst því að engir annarlegir hagsmunir stjórni gerðum þingmanna, treyst því að eftirlitsstofnanir séu í raun sjálfstæðar. Til þess að öðlast traust verða almannastofnanir að sýna í verki að þeim sé treystandi. Ódýrt traust er ekki lengur til.

### Krafa um samstöðu

Á ártíð hrunsins er þess krafist af stjórnmálamönnum að þeir slíðri sverð og vinni sem samstilltur hópur að lausn þeirra mála sem á okkur hvíla. Þeir láti stjórnast af einlægum vilja til uppbyggingar, virðingu fyrir pólitiskum andstæðingum, gagnkvæmu trausti og rödd samviskunnar. Þegar við merkjum að þeir vinni með þetta að leiðarljósi munum við fylgja þeim jafnvel um grýtta slóð. Það er eina leiðin í átt til „nýja Íslands".

Þótt á móti blási megum við aldrei slá af kröfunni um félagslegt réttlæti og velferð öllum til handa, einkum þeim sem standa höllum fæti. Stöndum ennfremur vörð um landið, náttúru þess og auðlindir. Krafan er sú að framundan sé betra og réttlátara samfélag en það sem við kvöddum fyrir ári.

*Höfundar eru guðfræðingar.*






# Icesave og stjórnarskrá

**UMRÆÐAN**

Sigurður Líndal skrifar um Icesave-málið


SIGURÐUR LÍNDAL

Senn virðist líða að því að svokallað Icesave-mál verði afgreitt með lögum frá Alþingi. Eins og kunnugt er samþykkti þingið 2. september sl. lög nr. 96/2009 þar sem heimiluð er ríkisábyrgð á láni Tryggingarsjóðs innstæðueigenda frá Bretum og Hollendingum samkvæmt samningum frá 5. júní sl. Í lögunum voru settir veigamiklir fyrirvarar: ábyrgðin var tímabundin, tiltekin efnahagsleg viðmið skyldu takmarka hana, áskilinn var réttur til að fá úrlausn tiltekins þar til bærs úrlausnaraðila um ábyrgð ríkisins og gæti Alþingi takmarkað hana ef niðurstaðan yrði íslenzka ríkinu í vil, og loks skyldi farið að íslenzkum lögum við uppgjör og úthlutun eigna Landsbankans.

Í frumvarpi því sem nú er til umfjöllunar í Alþingi er gert ráð fyrir að ábyrgð á láni Tryggingarsjóðs innstæðueigenda verði ekki tímabundin, þannig að hún hvíli á íslenzka ríkinu unz skuldin sé greidd, að fullir vextir verði greiddir óháð því hvort hagvöxtur verði, að íslenzka ríkið geti ekki takmarkað ábyrgðina – eða fellt hana niður – ef þar til bær úrlausnaraðili komist að þeirri niðurstöðu að íslenzka ríkið beri ekki ábyrgð á láni Tryggingarsjóðsins og loks að ekki sé gert ráð fyrir að ríkisábyrgð á láninu verði takmörkuð við það að uppgjör og úthlutun eigna Landsbankans fari að íslenzkum lögum og lúti niðurstöðum íslenzkra dómstóla nema með óeðlilegum skilyrðum, þar sem brezk lög og brezkir dómstólar kunna að hafa síðasta orðið um ýmis álitaefni sem rísa.

Af umræðum undanfarið verður helzt ráðið að í raun viti enginn með neinni vissu hvaða skuldbindingar íslenzka ríkið gangist undir. Nefndar hafa verið vaxtagreiðslur sem kynnu að nema allt að 300 milljörðum króna, gífurleg gengisáhætta, óvissa um efnahag þjóðarinnar, t.d. ef aflabrestur yrði eða önnur áföll, auk sem þessar kvaðir eru ótímabundnar og líklegt að hvíli á komandi kynslóðum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum, og loks óvissa um hvort neyðarlögin svokölluðu samrýmist stjórnarskrá og afleiðingin verði miklar ábyrgðarskuldbindingar til viðbótar þeim sem fyrir eru ef þau standist ekki.

Merkilegt má heita að í þeirri miklu umræðu sem fram hefur farið virðist ekkert hafa verið fjallað um hversu langt heimildir löggjafans ná til að skuldbinda íslenzka ríkið (og þá um leið þjóðina) með þessum hætti – hvort ekki sé óhjákvæmilegt að setja slíkum skuldbindingum, sem allt bendir til að verði mjög þungbærar, einhver takmörk eins og leitazt var við að gera í lögum nr. 96/2009. – Og þá hlýtur stjórnarskráin að koma til skoðunar.

Þar er ekki tekið berum orðum á slíkum álitamálum. Í 21. gr. segir að samþykki Alþingis þurfi til breytinga á stjórnarhögum ríkisins og í 40. gr. að ekki megi taka lán er skuldbindi ríkið nema samkvæmt lagaheimild. Með frumvarpi því sem nú bíður afgreiðslu liggur vissulega fyrir lagaheimild, en verður ekki að gera þá kröfu að hún sé þannig úr garði gerð að skuldbindingum séu sett skýr takmörk og stofni þannig fullveldi ríkisins ekki í hættu? Og hér er álitaefnið hvort frumvarpið fullnægi þessum áskilnaði. Um það skal ekkert fullyrt, en hins vegar kemur á óvart að þessi þáttur virðist ekki hafa komið til almennrar umræðu. Væri nú ekki rétt að huga að þessu áður en frumvarpið verður samþykkt?

*Höfundur er lagaprófessor.*

# Kær búbót á erfiðum tímum

**UMRÆÐAN**

Jón Bjarnason skrifar um strandveiðar


JÓN BJARNASON

Eitt af mínum fyrstu verkum sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, var að heimila strandveiðar með undirritun reglugerðar þann 25. júní sl., en veiðar þessar höfðu áður verið boðaðar af forvera mínum í embættinu, Steingrími J. Sigfússyni. Nú er beðið eftir því að lokið verði mati á árangri tilraunarinnar og lagður grunnur fyrir framhaldi þessara veiða á næsta ári.

Eins og við mátti búast hafa komið fram úrtöluraddir gegn þessum veiðum og því m.a. mótmælt að strandveiðarnar hafi tekist vel og sömuleiðis því haldið fram að strandveiðarnar stuðli hvorki að nýliðun í atvinnugreininni né bættri aflameðferð.

Nú er það svo með þetta mál sem önnur að sitt sýnist hverjum og sannarlega hef ég fengið þakkir fyrir að heimila strandveiðarnar frá fjölmörgum, m.a. frá flestum ef ekki öllum félögum smábátasjómanna í landinu. Fyrir skömmu barst mér bréf sem innihélt þakkir fyrir strandveiðar frá smábátasjómönnum og íbúum í Langanesbyggð.

Í bréfinu segir m.a.: „Með bréfi þessu viljum við undirritaðir í Langanesbyggð koma á framfæri þökkum okkar fyrir þá miklu framför sem strandveiðikerfið er og það mikla líf sem það hefur hleypt í hafnir landsins. Hér í Langanesbyggð reri í sumar vel á annan tug báta og höfðu um 25 manns beina atvinnu af þessum róðrum auk afleiddra starfa. Kemur slíkt sér vel í ekki stærra byggðalagi. Er það mat okkar að hér sé um kæra búbót að ræða á erfiðum tímum."

Bréf þetta var undirritað af 183 einstaklingum í Langanesbyggð.

Mér er ljúft að þakka þessa kveðju og tel rétt að koma henni á framfæri við landsmenn.

*Höfundur er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.*




# Hæstiréttur gefur innherjum veiðileyfi

**UMRÆÐAN**

Sveinn Valfells skrifar um nýfallinn dóm um hlutabréfaviðskipti


SVEINN VALFELLS

Þann 30. apríl 2007 var kosin ný stjórn Glitnis. Undir forystu Þorsteins M. Jónssonar ákvað hún samdægurs að borga fráfarandi forstjóra, Bjarna Ármannssyni, tæplega 7 milljarða króna af peningum bankans fyrir hlutabréf Glitnis sem Bjarna höfðu áskotnast utan starfssamnings hans.

Þessi upphæð er um 20 prósent af hagnaði ársins 2006 og næstum jafnhá og allur arður greiddur það árið. Bjarni fékk 29 krónur fyrir hvern hlut, 7,6 prósentum hærra verð en hæsta verð á markaði þennan dag. Bjarni fékk um 500 milljónum króna meira en ef hann hefði selt á hæsta gengi dagsins.

Vilhjálmur Bjarnason stefndi stjórn Glitnis vegna þessara viðskipta. Héraðsdómur telur að stjórn Glitnis „hafi hvorki gætt hagsmuna bankans né hluthafa er hún gekk frá kaupum á hlutum Bjarna Ármannssonar á yfirverði. Stjórnin mismunaði einnig hluthöfum bankans. Henni bar að sýna ráðdeild við meðferð eigna bankans en það gerði hún ekki“.

Samkvæmt Héraðsdómi var samþykkt hluthafafundar samkvæmt 55. grein laga um hlutafélög til kaupa félagsins á eigin bréfum ekki lögleg. Þá brutu einkaviðskipti stjórnar Glitnis við fráfarandi forstjóra einnig 76. grein laga um hlutafélög. Sú grein bannar stjórn og stjórnendum að „gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins“.

Hæstiréttur úrskurðar hins vegar að lögleg heimild hluthafafundar samkvæmt 55. grein til kaupa félagsins á eigin bréfum hafi legið fyrir. „Eðli máls samkvæmt“ feli 55. greinin í sér „frávik“ frá 76. grein laga um bann við mismunun hluthafa, stjórn hlutafélags „hvorki getur boðið né ber að bjóða öllum hluthöfum að ganga til slíkra kaupa með sömu kjörum“.

Hvergi í lögum um hlutafélög er sagt að samþykkt hluthafafundar samkvæmt 55. grein geti fellt 76. grein úr gildi. Greinarnar stangast heldur engan veginn á. Þessi túlkun Hæstaréttar er álíka rökleysa og að segja að ökumanni sem fylgir einni grein umferðarlaga sé ekki skylt að virða aðra, sá sem aki undir hraðamörkum megi fara yfir á rauðu ljósi.

Almenningshlutafélag kaupir eigin hlutabréf fyrst og fremst til að skila umframfé úr sjóðum félagsins til hluthafa. Kaup á eigin bréfum kemur í staðinn fyrir eða til viðbótar við arðgreiðslur. Félag getur auðveldlega gætt jafnræðis með því að kaupa bréf á markaði eða í opnu tilboðsferli. Fullyrðing Hæstaréttar um að stjórn geti ekki gætt jafnræðis milli allra hluthafa við kaup hlutafélags á eigin bréfum er algerlega úr lausu lofti gripin. Hún sýnir mjög alvarlega vanþekkingu á verðbréfaviðskiptum.

Líkt og í öðrum ráðstöfunum vegna fjármögnunar ber stjórn hlutafélags að gæta ráðdeildar og kaupa eigin bréf ódýrt frekar en dýrt. Stjórnin hefði getað keypt bréf Glitnis á markaði þann 30/04/07 á lægra verði en því sem Bjarni bauð. Tilgangurinn með kaupum stjórnar af Bjarna var því greinilega einhver annar en venjuleg uppkaup á eigin bréfum.

Dómur Hæstaréttar er ekki samkvæmt íslenskum lögum. Dómurinn stangast einnig á við góðar viðskiptavenjur. Hæstiréttur hefur fríað innherja ábyrgð og gefið þeim opið veiðileyfi til þess að fara með fjármuni íslenskra almenningshlutafélaga eftir eigin geðþótta.

*Höfundur er eðlisfræðingur og hagfræðingur.*

# Við styðjum öll athafnasemi

**UMRÆÐAN**

Birkir Jón Jónsson, Dagur B. Eggertsson, Katrín Jakobsdóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir skrifa í tilefni af athafnaviku


KATRÍN JAKOBSDÓTTIR


ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR


BIRKIR JÓN JÓNSSON


DAGUR B. EGGERTSSON

Í gegnum sögu Íslands hafa margvísleg áföll dunið yfir þjóðina. Sum hafa verið af völdum náttúru og önnur hafa verið efnahagsleg. Það sem öll þessi áföll eiga þó sameiginlegt er að íslensku þjóðinni hefur tekist að vinna sig út úr þeim. Sú efnahagskreppa sem við erum nú stödd í ætti ekki að verða undantekning á þeirri reglu. Íslendingar munu halda áfram að tryggja að hér á landi verði lífskjör með því besta sem þekkist. Um þetta er engin ágreiningur þótt stjórnmálamenn deili um aðferðir og leiðir. Það er heldur ekki ágreiningur um að vandamál og erfiðleikar leysast ekki nema með því að fólk, stofnanir og fyrirtæki grípi til aðgerða. Ekkert vinnst með athafnaleysi – en á flestu má sigrast með athafnasemi.

*Á þjóðfundinum var jákvæðni og framtakssemi í öndvegi. Það er viðhorf sem þjóðin þarf mjög á að halda og allir ættu að fylkja sér um, óháð stjórnmálaskoðunum.*

Þjóðfundurinn sem haldinn var síðastliðinn laugardag sýndi að mörgum finnst kominn tími til þess að fólk snúi saman bökum og hyggi að framtíðinni. Á þjóðfundinum var jákvæðni og framtakssemi í öndvegi. Það er viðhorf sem þjóðin þarf mjög á að halda og allir ættu að fylkja sér um, óháð stjórnmálaskoðunum.

Í þessari viku verða haldnir yfir 100 viðburðir á Íslandi undir merkjum Alþjóðlegrar athafnaviku. Þessi þátttaka sýnir þá athafna- og sköpunargleði sem þjóðin býr yfir. Hvort sem fólk finnur orku sinni farveg í rekstri fyrirtækja, sköpun menningar, nýsköpun í vísindum eða með því að vinna góðverk fyrir náunga sinn þá getur hver og einn komið miklu til leiðar og haft jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Um þetta er heldur ekki deilt, hvar sem menn standa í stjórnmálum.

Hið öfluga sjálfboðaliða- og hugsjónastarf sem fólk innir af hendi um land allt um þessar mundir er svo sannarlega þakkarvert. Við hvetjum alla til að styðja jákvætt frumkvæði og taka þátt í því. Það er mikilvægt að við stöndum saman um þá fjölmörgu hluti sem við erum öll sammála um.

*Birkir Jón Jónsson er varaformaður Framsóknarflokksins, Dagur B. Eggertsson er varaformaður Samfylkingarinnar, Katrín Jakobsdóttir er varaformaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er varaformaður Sjálfstæðisflokksins.*

# Útlendingar hafa hag af styrkingu krónunnar

**UMRÆÐAN**

Magnús Orri Schram skrifar um efnahagsmál


MAGNÚS ORRI SCHRAM

Nokkur umræða er nú um gengisáhættu vegna Icesave-uppgjörs. Á það hefur verið bent að tekjur TIF eru miðaðar við íslenskar krónur (krafan á bankann) en gjöldin eru í erlendri mynt (lánið sem Alþingi er að gangast í ábyrgð fyrir). Þar af leiðandi er komin gengisáhætta – veiking krónunnar mun þá hækka gjöldin en styrking krónunnar minnka gjöldin. Þar sem miðað er við gengi krónunnar í apríl 2009 hlýtur því lykilspurning að vera: Teljum við að gengi krónunnar hafi verið veikt eða sterkt þá? Flestir telja reyndar að gengið hafi verið mjög lágt skráð þá. Styrking krónunnar frá apríl 2009 er því íslenska ríkinu til hagsbóta.

Þá hefur því verið haldið á lofti að almennir kröfuhafar hafi hag af því að gengi krónunnar sé veikt, því þá aukast líkurnar á því að þeir fái eitthvað útúr bankanum þegar forgangskröfum hefur verið sinnt.

Á hitt ber hins vegar að líta að aðrir forgangskröfuhafar (þ.e. hollenska og breska ríkið) hafa hag af styrkingu krónunnar næstu sjö árin. Það er vegna þess að þeir breyta sínum erlendu kröfum yfir í íslenskar krónur í kröfulýsingarferlinu og miða þá við gengið í apríl 2009. Dæmi: Ákveðinni upphæð í evrum er breytt yfir í t.d. 100 milljónir íslenskar krónur 22. apríl. Þessari 100 milljóna kröfu er svo lýst haustið 2009. Styrkist gengi krónunnar frá apríl 2009, fær viðkomandi fleiri evrur fyrir þessa 100 milljóna kröfu þegar greiðist upp í kröfuna. Því hefur sá sami mikinn hag að styrkingu krónunnar á næstu árum.

Þessi umræða sýnir vel hvað það er erfitt að reka (og leggja niður) alþjóðlegt fyrirtæki í mynt örlítils hagkerfis. Gengisáhætta gegnsýrir í raun allan rekstur í ferðaþjónustu og inn- og útflutningi á Íslandi. Þar liggur rót vandans og þess vegna hljóta skynsamir menn og konur að horfa til breytinga á myntmálum þjóðarinnar.

*Höfundur er alþingismaður.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.





Málþing á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Samtaka iðnaðarins í Öskju, sal 132, föstudaginn 20. nóvember kl. 13 – 16

13.00 **Málþing opnað**

13.05 **Ávarp**
Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

13.10 **Hversu Evrópuvædd eru íslensk sveitarfélög?**
Jóhanna Logadóttir, meistaranemi í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands með áherslu á Evrópufræði

13.30 **Rétturinn til aðgangs að gögnum hjá Evrópusambandinu**
Vigdís Eva Líndal, lögfræðingur

13.50 **Stefnur og stofnanir upplýsinga- og þekkingarsamfélagsins í ESB-löndunum og Íslandi**
Bergljót Gunnlaugsdóttir, MA í Evrópufræðum frá Háskólanum á Bifröst, forstöðumaður bókasafns Flensborgarskóla

14.10 **Kaffihlé – bóksala Alþjóðamálastofnunar**

14.40 **Vestræn samvinna og öryggis- og varnarmálastefna ESB**
Vilborg Ása Guðjónsdóttir, MA í alþjóðasamskiptum frá Háskóla Íslands

15.00 **Evrópuvæðing utanríkis-, öryggis- og varnarmála**
Margrét Cela, doktorsnemi í alþjóðasamskiptum við Háskólann í Lapplandi

15.20 **Umræður – frummælendur svara fyrirspurnum úr sal**

15.50 **Evrópustyrkir Samtaka iðnaðarins og Alþjóðamálastofnunar**
Pia Hansson, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar

16.00 **Málþingi slitið**

**Fundarstjóri:**
Högni S. Kristjánsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu og stundakennari við Háskólann í Reykjavík

Allir velkomnir

SI

ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI

## Áskorun til stjórnvalda:

# Stöndum vörð um veika alkóhólista

*Kæru alþingismenn*

**Þegar kreppir að** þurfum við Íslendingar að standa vörð um það sem er nauðsynlegt og dýrmætt. Við verðum að huga sérstaklega að þeim sem eru vanmáttugir og eiga erfitt með að gæta réttar síns. Við skorum á ykkur að sýna dug og forgangsraða verkefnum með þetta í huga. Við skorum á ykkur að hætta við niðurskurð hjá SÁÁ.

**Við biðjum ykkur** að vernda börn áfengis- og vímuefnasjúklinga og rétta mikið veikum og þurfandi sjúklingum hjálparhönd með því að tryggja þeim góða meðferð og betri framtíð.

**Við skorum á ykkur** að huga sérstaklega að unga fólkinu sem þarf að komast á unglingadeildina á Vogi. Minnist þess að því fyrr sem veikt ungt fólk kemst til meðferðar því mun meiri eru batahorfurnar.

**Fyrirhugaður niðurskurður** mun ekki lækka kostnað. Hann mun þvert á móti auka útgjöld ríkis og sveitarfélaga og íþyngja velferðarkerfinu. Niðurskurðurinn mun aðeins auka á kvöl og lífshættu áfengis- og vímuefnasjúklinga.

**Við skorum á ykkur** að varðveita og styrkja starf SÁÁ og hjálpa með því alkóhólistum og fjölskyldum þeirra.

**19. nóvember 2009**

Aðalsteinn Árni Baldursson<br>formaður Framsýnar<br>Reykjavík

Agnes Bragadóttir<br>blaðamaður<br>Reykjavík

Andrés Magnússon<br>geðlæknir<br>Kópavogi

Andrés Skúlason<br>oddviti<br>Djúpavogshreppi

Ásdís Finnbogadóttir<br>hjúkrunarfræðingur<br>Reykjavík

Ásgerður Halldórsdóttir<br>bæjarstjóri<br>Seltjarnarnesi

Axel Rúnar Guðmundsson<br>bóndi Valdarási<br>V-Húnavatnssýslu

Benedikt Jónsson<br>sendiherra<br>London

Berglind Eyjólfsdóttir<br>rannsóknarlögreglukona<br>Reykjavík

Birgitta Pálsdóttir<br>hjúkrunarfræðingur<br>Sauðárkróki

Björn Jónsson<br>innheimtustjóri<br>Siglufirði

Bryndís Eiríksdóttir<br>framkvæmdastjóri<br>Reykjavík

Davíð Þór Jónsson<br>blaðamaður<br>Reykjavík

Eiður Svanberg Guðnason<br>fyrrverandi sendiherra<br>Reykjavík

Einar Már Guðmundsson<br>rithöfundur<br>Reykjavík

Eiríkur Jónsson<br>formaður K.Í.<br>Reykjavík

Emilía Söebech<br>lífeindafræðingur<br>Kópavogi

Erla Pálmadóttir<br>forstöðumaður<br>Fossvogskirkju<br>Kópavogi

Eydís Ósk Sigurðardóttir<br>hjúkrunarforstjóri<br>Vestmannaeyjum

Friðrik Páll Jónsson<br>yfirlæknir<br>Eyjafjarðarsveit

Georg Georgsson<br>formaður Rafiðnaðarfél.<br>Suðurnesja<br>Reykjanesbæ

Gísli Ragnarsson<br>skólameistari FÁ<br>Reykjavík

Grétar Sigurðsson<br>framkvæmdastjóri<br>Kópavogi

Guðlaugur Sveinsson<br>forstöðumaður við Risið<br>Reykjavík

Guðmundur Gunnarsson<br>verkfræðingur<br>Reykjavík

Guðmundur Sigurðsson<br>framkvæmdastjóri<br>Selfossi

Guðrún Bachmann<br>kynningastj. hjá HÍ<br>Reykjavík

Gunnar Gunnlaugsson<br>fyrrverandi yfirlæknir<br>Reykjavík

Gunnar Jóhannsson<br>framkvæmdastjóri<br>Mývatnssveit

Gunnar Smári Egilsson<br>blaðamaður<br>Reykjavík

Gunnlaugur Stefánsson<br>forseti sveitarstjórnar<br>Norðurþingi

Gyða Björnsdóttir<br>hjúkrunarfræðingur<br>Hafnarfirði

Halldóra Geirharðsdóttir<br>leikari<br>Reykjavík

Halldóra Ólafsdóttir<br>yfirlæknir ferli- og bráðaþj.<br>geðsviðs LSH<br>Reykjavík

Haraldur Þórarinsson<br>form. Landssambands<br>hestamannafélaga<br>Flóahreppi

Heiðar Jónsson<br>snyrtir<br>Reykjavík

Herdís Pála Pálsdóttir<br>mannauðsstjóri<br>Reykjavík

Hlöðver Sigurðsson<br>veitingamaður<br>Reykjavík

Inda Björk Gunnarsdóttir<br>leikskólakennari<br>Akureyri

Ingibjörg Benediktsdóttir<br>hæstaréttardómari<br>Reykjavík

Ingveldur Ýr Jónsdóttir<br>söngkona<br>Reykjavík

Jóhannes Jónsson<br>kaupmaður í Bónusi<br>Svalbarðsstrandahreppi

Jón H.B. Snorrason<br>aðstoðarlögreglustjóri<br>og saksóknari<br>Reykjavík

Jón Stefánsson<br>organisti og kórstjóri<br>Reykjavík

Kári Stefánsson<br>forstjóri Í.E.<br>Reykjavík

Kristín Jónsdóttir<br>sjúkraliði<br>Akureyri

Kristján Örn Frederiksen<br>matreiðslumeistari<br>Borgarbyggð

Kristmundur Valberg<br>stöðvarvörður,<br>Blönduvirkjun<br>Blönduósi

Lára Björnsdóttir<br>fyrrv. félagsmálastj.<br>Rvk.borgar<br>Reykjavík

Linda Björk Helgadóttir<br>kvennsjúkdómalæknir<br>Noregi

Linda Pétursdóttir<br>eigandi Baðhússins<br>Reykjavík

Margrét Benediktsdóttir<br>forstöðumaður<br>Reykjavík

Margrét Kr. Pétursdóttir<br>leikari<br>Reykjavík

Mikael Torfason<br>rithöfundur<br>Reykjavík

Ólafur Baldursson<br>framkvæmdastjóri<br>lækninga LSH<br>Reykjavík

Ólafur Helgi Kjartansson<br>sýslumaður<br>Selfossi

Ólafur Ólafsson<br>fyrrverandi landlæknir<br>Reykjavík

Örn Bárður Jónsson<br>sóknarprestur Neskirkju<br>Reykjavík

Páll Biering<br>hjúkrunarfræðingur<br>Reykjavík

Páll Óskar Hjálmtýsson<br>tónlistarmaður<br>Reykjavík

Pálmi Matthíasson<br>sóknarprestur<br>Reykjavík

Pétur S. Gunnarsson<br>lyfjafræðingur<br>Reykjavík

Ragnar Bjarnason<br>söngvari<br>Reykjavík

Sævar Hjaltason<br>mjólkurbússtjóri<br>Búðardal

Sigmundur Sigmundsson<br>forstöðumaður<br>Fjallabyggð

Sigurður Einar Sigurðsson<br>yfirlæknir gjörgæsludeildar FSA<br>Akureyri

Sigurður Ólafsson<br>umsjónarlæknir<br>lifrarsjúkdóma LHS<br>Reykjavík

Smári Geirsson<br>bæjarfulltrúi<br>Fjarðabyggð

Styrmir Gunnarsson<br>fyrrverandi ritstjóri<br>Reykjavík

Tómas Guðbjartsson<br>prófessor og yfirlæknir<br>Reykjavík

Þorgeir Ástvaldsson<br>fjölmiðlamaður<br>Reykjavík

Þórgunnur Ársælsdóttir<br>geðlæknir<br>Reykjavík

Þorsteinn G. Gunnarsson<br>ráðgjafi KOM<br>Reykjavík

Þórunn Egilsdóttir<br>verkefnisstjóri<br>Vopnafirði

Tómas Guðbjartsson<br>prófessor og yfirlæknir<br>Reykjavík

Vigdís Finnbogadóttir<br>fyrrverandi forseti Íslands<br>Reykjavík

## Es.

Þetta bréf til stjórnvalda markar upphaf undirskriftasöfnunar velunnara SÁÁ sem vilja standa vörð um óeigingjarna mannúðarstarfsemi sem stunduð er af samtökunum. Við hvetjum landsmenn til að leggja nafn sitt við þetta mikilvæga málefni með því að skrifa undir áskorunina. Þannig varðveitum við og styrkjum samfélagsstarf SÁÁ.
**Hægt er að skrá nafn sitt rafrænt á www.saa.is/pages/askorun**

SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN

KOM almannatengsl / svarthvítt



*Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi og langafi okkar,*

**Haraldur Ásgeirsson**

verkfræðingur frá Sólbakka í Önundarfirði,

andaðist á Landspítalanum þann 15. nóvember. Útförin fer fram frá Neskirkju, föstudaginn 20. nóvember kl 11.00

**Elísabet Haraldsdóttir** **Gunnar Örn Guðmundsson**
**Ragnheiður Haraldsdóttir** **Hallgrímur Guðjónsson**
**Ásgeir Haraldsson** **Hildigunnur Gunnarsdóttir**
**Einar Kristján Haraldsson** **Helga Guðrún Hallgrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar,*

**Aðalheiður Dagmar Ólafsdóttir**

Reynimel 58, Reykjavík,

lést að kvöldi miðvikudagsins 11. nóvember á Landspítalanum í Fossvogi. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 20. nóvember nk. kl. 11.00.

**Jóhanna Kristín Jónmundsdóttir**
**Guðmundur Kristinn Jónmundsson**
**Fanný Jónmundsdóttir**
**Þórey Rut Jónmundsdóttir**
**og fjölskyldur.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóna Guðríður Arnbjörnsdóttir**

frá Nýlendu, Stafnesi, til heimilis að Miðhúsum, Sandgerði,

verður jarðsungin frá Safnaðarheimilinu Sandgerði, föstudaginn 20. nóvember kl. 13.00.

**Sigurbjörg Eiríksdóttir** **Gunnar B. Sigfússon**
**Arnbjörn R. Eiríksson**
**Guðrún J. Eiríksdóttir** **Þröstur Sveinsson**
**Laufey Þ. Eiríksdóttir**
**Dagbjört H. Eiríksdóttir** **Eiður Stefánsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**



*Okkar kæri*

**Oddgeir Þorleifsson**

rafvirki,
Sporðagrunni 11, Reykjavík,

lést laugardaginn 14. nóvember. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 20. nóvember kl. 11.00.

**Halldóra L. Sveinsdóttir**
**Elín Oddgeirsdóttir**
**Sesselja Oddgeirsdóttir**
**Oddgeir Eiríksson**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lilja Guðrún Pétursdóttir**

áður til heimilis að Kirkjubraut 52, Akranesi,

lést á Dvalarheimilinu Höfða 11. nóvember. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 20. nóvember kl. 14.00.

**Guðmundur Smári Guðnason** **Kristín Guðjónsdóttir**
**Eufemía Berglind Guðnadóttir** **Kjartan Björnsson**
**Júlíus Víðir Guðnason** **Fanney Björnsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

**INDIRA GANDHI (1917-1984) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Á Indlandi er enginn stjórnmálamaður nógu hugrakkur til að reyna að útskýra fyrir fjöldanum að það megi borða kýr.“*

***Indira Gandhi var forsætisráðherra Indlands 1966-1977 og 1980-1984. Hún var dóttir Jawaharlal Nehru, fyrsta forsætisráðherra Indlands.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 19. NÓVEMBER 1974

## *Geirfinnur Einarsson hverfur*

Á þessum degi árið 1974 hvarf hinn 32 ára gamli Geirfinnur Einarsson í Keflavík. Markaði það upphafið að Guðmundar- og Geirfinnsmálunum svokölluðu, einum viðamestu og umtöluðustu sakamálum Íslands fyrr og síðar.

Hópur ungmenna var síðar handtekinn vegna hvarfs Geirfinns og annars ungs manns, Guðmundar Einarssonar, í janúar 1974. Ungmennin voru síðan dæmd í Hæstarétti árið 1980 fyrir mismikla aðild að morðum Guðmundar og Geirfinns. Lík þeirra hafa þó aldrei fundist.



**HÆSTIRÉTTUR** Dæmir í Guðmundar- og Geirfinnsmálum árið 1980.

Dómurinn yfir ungmennunum byggðist mikið til á játningum sem síðar voru dregnar til baka. Hafa þau æ síðan haldið fram sakleysi sínu og sakað rannsóknarmenn um harðræði.

Árið 1996 reyndi Sævar Ciesielski, sem þyngstan dóm hlaut, árangurslaust að fá málið tekið upp að nýju. Við það tækifæri lýsti Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, yfir vonbrigðum sínum með málalyktir og sagði meðal annars: „Þau voru mörg dómsmorðin sem framin voru á þessari vegferð allri og það er mjög erfitt fyrir okkur að búa við það.“

**KVENNALANDSLIÐ:** HLÝTUR VIÐURKENNINGU JAFNRÉTTISRÁÐS ÁRIÐ 2009

# Enn einn sigur landsliðsins

Elja, áhugi og agi eru aðalsmerki íslenska kvennalandsliðsins að mati Jafnréttisráðs og Guðbjörg Guðmundsdóttir, markmaður liðsins, er alveg sammála því. „Já, við höfum svo sannarlega þurft að hafa fyrir því að komast þangað sem við erum því oft hefur verið á brattann á sækja en með einmitt þessum eiginleikum ásamt mörgum góðum sem lagt hafa hönd á plóg hefur okkur tekist að komast svona langt.“

Guðbjörg byrjaði sjálf að æfa átta ára en aldrei datt henni svo mikið sem í hug að hún gæti orðið atvinnumaður í greininni. Nú, sextán ára síðar, spilar hún hins vegar með Djurgården í Svíþjóð. „Þegar ég hóf minn feril höfðum við engar fyrirmyndir en nú er öldin önnur því um helmingur íslenska kvennalandsliðsins er í atvinnumennsku erlendis. Það segir líka sína sögu um þann góða árangur sem við höfum náð.“



Landslið Íslands í knattspyrnu fyrir leik þess við Eistland í undankeppni HM í fótbolta.

Í fréttatilkynningu frá Jafnréttisráði segir einmitt að meginröksemd ráðsins fyrir að veita viðurkenninguna sé það fordæmisgildi sem starf og árangur kvennalandsliðsins hafi og sé stúlkum mikil hvatning og fyrirmynd.

„Viðurkenningin kom skemmtilega á óvart en það er alltaf gaman að fá viðurkenningar. Það er líka rétt að við höfum þurft að yfirstíga margar hindranir en nú held ég að íslenska þjóðin sé loksins farin að fylgjast með okkur. Það var vitaskuld frábær árangur að komast í tólf liða úrslit í Evrópukeppninni í ár,“ segir Guðbjörg. „Ungar stelpur flykkjast líka á fótboltaæfingar því núna þykir bara flott að æfa fótbolta og þær hafa fleiri fyrirmyndir en þegar ég var að byrja. Þær sjá, eins og fleiri, að við erum góðir og flottir íþróttamenn,“ segir markmaðurinn. Undir það hefur Jafnréttisráð tekið og vill með viðurkenningunni samfagna kvennalandsliðinu í fótbolta. Vonast er til að viðurkenningin verði liðinu hvatning til frekari dáða og ungum stúlkum hvatning til að sækja fram á öllum sviðum þjóðlífsins.

unnur@frettabladid.is



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Helgi Eiríksson**

aðalbókari,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 20. nóvember kl. 15.00.

**Sigrún Dúfa Helgadóttir** **Gunnar Karlsson**
**Eiríkur Helgason** **Þórunn Kristinsdóttir**
**Sigurjón Helgason** **Vilhelmína Haraldsdóttir**
**Ingólfur Helgason**
**Jón Helgason** **Sigrún Greta Magnúsdóttir**
**Anna Sigríður Helgadóttir** **Ívar Gunnarsson**
**afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar konu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Höllu Þóreyjar Skúladóttur**

Fornuströnd 9, Seltjarnarnesi.

Blessuð sé minning hennar.

**Jón V. Guðjónsson**
**Jörundur Jóhannesson**
**Sveinfríður Jóhannesdóttir**
**Hákon Jóhannesson**
**Helga Jóhannesdóttir** **Gunnlaugur B. Ólafsson**
**og barnabörn.**



*Hjartkær móðir mín, systir, amma okkar og langamma,*

**Jóhanna Hinriksdóttir**

Aflagranda 40,

lést laugardaginn 14. nóvember á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum. Jarðarförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 20. nóvember og hefst athöfnin klukkan 15.

**Guðríður Sigurðardóttir**
**Sigríður Hinriksdóttir**
**Jóhanna Árnadóttir**
**Sigurður Árnason** **Brynhildur Tinna Birgisdóttir**
**Þórdís Elín Sigurðardóttir**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Úlfar Haraldsson**

verkfræðingur
Seiðakvísl 30, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 11. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 20. nóvember kl. 13.00.

**Margrét Ríkarðsdóttir**
**Haraldur Úlfarsson** **Elín Helena Bjarnadóttir**
**Ríkarður Úlfarsson** **Berghildur Magnúsdóttir**
**Ásdís Úlfarsdóttir**
**og barnabörn.**



**BURBERRY** stendur líkt og mörg önnur tískufyrirtæki höllum fæti eftir efnahagsþrengingar síðasta árs. Fyrirtækið hefur nú ákveðið að breyta um áherslur og leggja meira upp úr fylgihlutum en fötum til að bregðast við breyttu viðskiptaumhverfi.


















Sigga Dís í kjól sem hún keypti fyrir tólf árum á kílóamarkaði í Spútník. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Huggulegheit og praktík

**Sigríður Ásdís Jónasdóttir er hagkvæm í sínum tískuinnkaupum. Hún notar það sem til fellur og er dugleg að nýta sér útsölulagera og Rauða krossinn auk þess sem hún býr til eigin fylgihluti í vinnunni.**

„Ég er í kjól sem ég keypti fyrir tólf árum á kílóamarkaði í Spútník og er svo heppin að passar enn á mig,“ segir Sigríður Ásdís Jónasdóttir sem ávallt er kölluð Sigga Dís. Það voru litirnir í kjólnum sem heilluðu hana á sínum tíma. „Hann er svartur í grunninn en svo eru margir litir í honum. Þannig er bæði hægt að nota hann sem sumarkjól og á veturna yfir hlýrri föt,“ segir hún.

Á höndunum ber Sigga Dís fallegar handstúkur sem hún bjó til sjálf í vinnunni en hún starfar hjá JM design. „Stúkurnar eru úr þæfðri ull með bómullarfóðri og stinga því ekki. Mér finnst þær ægilega hlýjar og praktískar en einnig mjög fallegar,“ segir Sigga Dís sem notar stúkur bæði þegar kalt er í veðri en einnig í vinnunni þegar hún býr til hálsmen og eyrnalokka. „Við notum einnig þæfða ull í skartið. Til dæmis þæfðar ullarperlur og alls konar steina, perlur, kristalla og hraun,“ útskýrir Sigga Dís en fylgihlutir á borð við stúkur, trefla, sjöl og skart eru aðalsmerki JM design.

Við kjólinn er Sigga Dís í legghlífum sem hún segist mjög hrifin af. „Ég geng mikið í kjólum og á veturna er gott að vera í þykkum sokkabuxum og legghlífum við,“ segir hún og bætir við að yfirleitt sé fataval hennar samtíningur af huggulegheitum og praktík. Hún segist vera mjög hagkvæm í fatakaupum og fatavali. „Ég nota það sem fellur til og nýti tækifærin þegar ég dett inn á útsölur og lagersölur auk þess sem Rauði krossinn er líka alveg ágætur.

*solveig@frettabladid.is*




**LÍFSMOTTÓ** fyrirsætunnar Kate Moss er „Nothing tastes as good as skinny feels“ sem útleggst á íslensku sem, „ekkert er svo gómsætt að það jafnist á við það að vera grannur“. Þetta lét hún hafa eftir sér í nýlegu viðtali við WWD-tískuvefsíðuna.



# Axlabönd sem jafnast á við skartgripi

**Aaron Charles Bullion hefur komið víða við síðan hann kom hingað til lands fyrir nokkrum árum. Hann hefur starfað við sjónvarpsframleiðslu og rýmishönnun en sneri sér nýlega að því að hanna föt.**

Breski rýmis- og vöruhönnuðurinn Aaron Charles Bullion sneri sér að fatahönnun fyrir skemmstu og gerir herraskyrtur og kvenmannsaxlabönd. Á teikniborðinu eru síðan ullarvörur og yfirhafnir fyrir konur bæði og karla.

„Ég elska föt og er nánast öfundsjúkur út í þá óendanlegu möguleika sem konur hafa í fatavali. Að sama skapi finnst mér karlmannsföt oft skorta sjarma. Fram til þessa hef ég hvorki haft tækifæri né gilda ástæðu til að snúa mér að fatahönnun að neinu ráði en þegar önnur verkefni runnu út í sandinn vegna kreppunnar ákvað ég að slá til.“ Aaron gerir aðsniðnar herraskyrtur með úthugsuðum smáatriðum og kvenmannsaxlabönd sem eru ígildi skartgripa. „Þau má bæði bera á hefðbundinn hátt en allt eins láta hanga niður með pilsi eða gallabuxum.“

Aaron kom hingað til lands fyrir nokkrum árum og kynntist þá kærustunni, Þóreyju Björk Halldórsdóttur fatahönnuði, sem hannar undir merkinu Eight of Hearts. Hann hefur unnið við sjónvarpsframleiðslu og auglýsingagerð hjá Sagafilm og Pegasus, við leikmyndagerð í Clint Eastwood myndinni Flags of Our Fathers og við að útbúa senur og leikmuni fyrir Stelpurnar. Þá hefur hann starfað sem sviðsmaður í Þjóðleikhúsinu og við rýmishönnun. „Mér var falið að hanna sjö hús, fjögur þeirra voru byggð en hin þrjú risu aldrei sökum efnahagshrunsins.“

Aaron beinir því sköpunargáfunni í nýjan farveg og ætlar að sjá hvert það leiðir hann. „Skyrturnar verða fáanlegar í herrafataverslun Kormáks og Skjaldar innan tíðar en auk þess er hægt að nálgast vörurnar hans á Pop-up-mörkuðunum sem hafa skotið upp kollinum með reglulegu millibili frá því í haust. Þar er um að ræða milliliðalausa verslun frá hönnuðum til neytenda en markaðirnir skjóta upp kollinum á nýjum stað hverju sinni. „Þetta er hefð sem hefur skapast í London, New York og öðrum tískuborgum og gefist afar vel,“ segir Aaron en hægt er að fylgjast með því hvar næsti markaður verður á Facebook með því að slá inn: Milliliðalaus verzlun, frá hönnuði til neytandans.

*vera@frettabladid.is*



Aaron beinir nú sköpunargáfunni í nýjan farveg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Axlaböndin eru ígildi skartgripa og má bera með hefðbundnum hætti eða láta hanga niður með pilsi eða gallabuxum.



## Hanski Jacksons boðinn upp

**Munir sem tengjast Michael Jackson verða boðnir upp í New York um helgina.**

Gimsteinum skreyttur hanskinn sem Michael Jackson klæddist þegar heimurinn leit í fyrsta sinn dansssporið Moonwalk verður boðinn upp 21. nóvember næstkomandi. Jackson kom fram í sjónvarpsþættinum Motown 25 árið 1983, söng lagið Billie Jean og dansaði þá fyrir áhorfendur sem urðu gáttaðir á fótafimi poppkóngsins verðandi.

Talið er að fyrir hanskann sem framleiddur var í Kóreu á sínum tíma, fáist um 40 til 60 þúsund dollarar en líklegt er að boð fáist víða að úr heiminum.

Fleiri munir Jacksons verða á uppboðinu sem haldið verður á Hard Rock Café á Manhattan í New York um helgina. Þar má nefna glitrandi skó, myndir af Charlie Chaplin sem Jackson teiknaði þegar hann var níu ára, svört skyrta sem goðið hafði áritað, hattar, Benz-bifreið frá 1985 og handskrifuð bréf. Hreinn fjársjóður fyrir Jacksons-áhangendur um allan heim.



Hanskinn er talinn vera 40 til 60 þúsund dollara virði. NORDICPHOTO/AFP



Fallega jólaskeiðin frá Ernu
Verð 14.900.-
ERNA
sími 552 0775


White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél Topphlaðin - 10 kg -
Þurrkari - 10 kg -
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið


pompea
Lyfja Smáralind býður til kynningar
á Pompea sokkabuxum
20 nóvember frá 13:00- 17:00
Kaupauki fylgir öllum sokkabuxum
Tilboðið gildir frá 20-27nóvember
Verið velkomin!
LYFJA


Frábært úrval af flottum jólafötum frá
zhenzi WOMENS WEAR crizpy by zhenzi
Stærðir 42-56
Opnunartími:
Mán.-fös. 11-18
laugardag 11-15
belladonna
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

FLOTTIR
GÖNGUSKÓR

grisport
Stærðir 36-47
Verð kr. 24.995.-
Sérverslun með
Gabor
xena
FÁKAFENI 9 - (við hliðina á ísbúðinni) - Sími: 553 7060

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Sex and the City hjá H&M

Fyrir nokkrum árum fengu markaðshugsuðir sænsku verslunarkeðjunnar Hennes & Mauritz þá snilldarhugmynd að fá heimsþekktan tískuhönnuð í gestahlutverk við hönnunina. Þetta er nú orðinn árlegur viðburður og kemur gestalínan á markað um miðjan nóvember ár hvert. Hugmyndin sló í gegn í fyrstu tilraun enda enginn annar en Karl Lagerfeld sem reið á vaðið á sínum tíma. Biðraðir mynduðust við verslanir H&M hér í París og lá við slagsmálum þegar salan hófst. Þar á eftir fylgdu svo Stella McCartney, Victor & Rolf og Comme des Garçons svo nokkrir séu nefndir.

Það var sama stemningin á laugardag þegar tískulína Jimmy Choo kom í búðir. Þetta er eitt heitasta skómerkið í dag og klukkan 4 um morguninn byrjuðu spenntir viðskiptavinir (aðallega kvenkyns) að bíða fyrir utan búðirnar. Þegar inn var komið hafði Jimmy Choo-vörunum verið komið fyrir á afgirtu VIP-svæði og fékk hver viðskiptavinur armband sem veitti aðgang að svæðinu en þeim var síðan hleypt inn í hópum og hver þeirra fékk aðeins 15 mínútur til að velja úr varningnum og svo var næsta hópi hleypt að. Skemmst er frá því að segja að allt hvarf á augabragði og margar voru þær sem fóru burt án þess svo mikið sem máta eitt einasta skópar og ekki laust við að gremja réði ríkjum í hópi vonsvikinna viðskiptavina. Jimmy Choo er einn af uppáhaldshönnuðum Söru Jessicu Parker úr Sex and the City framhaldsþáttunum og átti hún reyndar stóran hlut í því að koma Jimmy Choo á kortið þegar lúxusskór eru annars vegar og notaði þá við flest tækifæri.

Að vanda eru hælarnir háir, mikið um semelíusteina og sterka liti þó einnig sjáist sléttbotna skór í línunni. Skórnir eru því kannski heppilegri við síða kjóla á rauðum dreglum. Sama má segja um beltin sem ekki eru beinlínis til þess fallin að vera látlaus. Nokkrar gerðir af herraskóm eru einnig í boði sem ekki eru síður spennandi en kvenlínan.

Það sem er þó er öðruvísi en var í upphafi þegar H&M bauð upp á hönnun Karl Lagerfelds er að verðið er ekki eins lágt og það var í fyrstu. Nú er skóparið á um 130 evrur (um 24.000 íslenskar krónur), aðeins brot af verði á skóm frá Jimmy Choo en þó nokkuð hærra en verð á skóm frá vinsælum verslunarkeðjum. Hjá ódýrari skómerkjum er skóparið oft á um 60-100 evrur.

Í ár lætur H&M sér þó ekki duga að fá einn frægasta fylgihlutahönnuðinn til samstarfs heldur kemur á markað í byrjun desember barnafatalína, kvennærföt og fatnaður frá Soniu Rykiel en sú nýbreytni verður þá tekin upp að tískuhús Soniu Rykiel mun einnig selja tískulínurnar sem eru framleiddar í samstarfi við H&M. Líklegt að enn og aftur verði verslanir H&M í umsátursástandi.

*bergb75@free.fr*



Þurrsjampó getur gert kraftaverk.

# Þurrsjampó fyrir þreytt hár

ÞURRSJAMPÓ DREGUR Í SIG ÓHREININDI OG FITU OG VIRKAR VEL ÞEGAR LÍTILL TÍMI ER FYRIR HÁRÞVOTT OG STURTU.

Hefur þú einhvern tíma lent í því að vakna allt of seint með skítugt hár sem enginn tími er til að þvo? Þá er þurrsjampó lausnin. Þurrsjampó virkar þannig að það dregur í sig óhreinindi og fitu sem fær hárið til að virðast skítugt. Þurrsjampói er ekki ætlað að koma algerlega í staðinn fyrir venjulegan hárþvott en er frábær valkostur þegar þannig ber undir. Þurrsjampó er til frá ýmsum framleiðendum og þá yfirleitt í úðaformi en það þarf ekki að vera dýrt og í óumhverfisvænum umbúðum, nóg er að eiga til dæmis gróft salt, malað haframjöl eða talkúm og stundum er gott að blanda einhverju tvennu saman og jafnvel setja nokkra dropa af ilmkjarnaolíu saman við. Þessari blöndu er svo sáldrað yfir hárið og beðið í tíu mínútur. Greiðið svo hárið eða burstið… og sjá! Hárið virðist hreint og enginn veit hvort þú svafst yfir þig eða ekki.

# Fylltir hælar í flest mál

FYLLTU HÆLARNIR SEM URÐU VINSÆLIR Á NÝ Í SUMAR ÆTLA AÐ VERÐA LANGLÍFARI EN MARGAR AÐRAR TÍSKUBYLGJUR.

Tískan fer í hringi, spírala, bylgjur og upp og niður. Þetta á sérstaklega við um skótískuna sem ýmist er í hæstu hæðum eða nánast niðri á jafnsléttu, samanber pinnahælana og skylmingaþrælasandalana sem áttu saman sviðið hér ekki alls fyrir löngu. Fylltu hælarnir sem áttu verðskuldaða endurkomu í sumar ætla þó að verða langlífari en mörg tískubylgjan enda einstaklega þægileg leið til að hækka um nokkra sentimetra án þess að þurfa að fórna þægindunum og jafnvægisskyninu. Fylltu hælana má finna á alls kyns skófatnaði, allt frá háum stígvélum og niður í galopna sandala með viðkomu í strigaskóm og ökklastígvélum. Þannig að allir ættu að geta fylkt sér um fyllta hæla og spígsporað af fullkomnu öryggi.



Fylltir hælar tröllríða nú tískusýningarpöllunum.








Eva Longoria hefur unnið mikið starf í þágu góðgerðamála. NORDICPHOTOS/GETTY

# Longoria er mannvinur

**Eva Longoria er mannvinur ársins að mati Hollywood Reporter.**

Leikkonan íðilfagra, Eva Longoria, var valin mannvinur ársins af Hollywood Reporter tímaritinu á dögunum og mætti til veislu þar sem henni voru afhent verðlaunin.

Longoria þykir hafa borið af á liðnu ári fyrir starf sitt í þágu bágstaddra barna. Áður en Longoriu var afhent viðurkenningin fór útgefandinn fögrum orðum um hana. „Ég hef aldrei áður hitt samviskusamari og félagslega meðvitaðri unga stjörnu. Viðleitni Evu er mikil. Hún eyðir stórum hluta frítíma síns og orku í að safna milljónum dollara fyrir góð málefni sem breyta miklu fyrir rómanska samfélagið og aðrar góðgerðastofnanir."










# Mannósíur og gælonsokkabuxur

**Stelpurnar hafa stolið stóru hvítu skyrtunni, bleisernum, kúluhattinum og axlaböndunum og nú er komið að strákunum. Nælonsokkabuxur fyrir karlmenn njóta nú sívaxandi vinsælda. Þær kallast á ensku mantyhose og er orðið dregið af enska orðinu pantyhose.**

Þótt undarlegt megi virðast eru það íþrótta- og útivistarmenn sem eru hvað ánægðastir með sokkabuxurnar. Þeir hafa komist að því, sem konur hafa vitað í marga áratugi, að nælonsokkabuxur eru þægilegar, halda vel utan um vöðva í kálfum og gefa þreyttum fótum aukinn kraft. Svo eru þær auðvitað einkar klæðilegar, eins og meðfylgjandi myndir bera með sér.

Nælonsokkabuxur fyrir karla kallast á ensku „mantyhose“ en orðið er dregið af enska orðinu „pantyhose“ sem þýðir sokkabuxur. Á íslensku mætti kalla þykkari útgáfuna MANNósíur (samanber gammósíur) og þá þynnri gælonsokkabuxur, til aðgreiningar frá nælonsokkabuxum kvenna.

Á vefsíðunni e-mancipate.net má finna lofgjörð til þessarar nýju tísku og leiðbeiningar fyrir áhugasama um hvernig á að klæða sig í þessar fínlegu en þó níðsterku flíkur.

*- bb*



Hann og hún í stíl, hver segir að konur hafi einkarétt á því að sýna fallega fótleggi í glæsilegum umbúðum?



Þær eru líka einkar klæðilegar með þægilegum stuttbuxum og bol.

Mannósíur má nota innan undir síðbuxur en einnig við stuttbuxur í jakkafatastíl. Kannski má ætla að þetta sé framtíðarstíll bankamannsins?

Sportlegur á barnum. Mannósíurnar eru einkar vinsælar meðal íþróttamanna enda halda þær einkar vel um þreytta vöðva.

# Litríkar stjörnur á nýju tungli

MYNDIN THE TWILIGHT SAGA: NEW MOON VAR FRUMSÝND Í VIKUNNI AÐ VIÐSTÖDDUM FJÖLDA PRÚÐBÚINNA STJARNA.



Vampírumyndin Twilight átti fádæma vinsældum að fagna hjá unglingum heimsins á síðasta ári. Nú er komin út önnur myndin um sama efni sem ber heitið The Twilight Saga: New Moon.

Nýja myndin var frumsýnd í Los Angeles í vikunni. Þangað streymdu bæði heimsþekktar stjörnur og minna þekkt smástirni og létu ljós sitt skína á rauða dreglinum.

Hinar ungu stjörnur myndarinnar vöktu athygli fyrir djarft litaval en margir kjólarnir voru í skærum litum. Hvort þar hafi ráðið tískan eða athyglisþörfin skal ósagt látið.



Leikkonan Tinsel Korey var í heiðgulum kjól með pífum.


**Nýkomið mikið úrval af kuldaskóm og stígvélum.**



Þægilegir dömuskór úr leðri, flísfóðraðir. litir: brúnt og svart Stærðir. 36 - 42 **Verð: 17.500.-**



Vandaðir dömuskór úr leðri, flísfóðraðir litir: brúnt og svart stærðir: 36 - 42 **Verð: 18.750.-**



Flottir kuldaskór úr leðri, loðfóðraðir. litir: rautt og svart stærðir: 36 - 42 **Verð: 18.750.-**

**Misty skór**
*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

**Nýtt í Topphúsinu**
**Fallegar peysur**
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 • Sími 588 5518
Opnunartímar:
mán.-föstud. 10-18
laugardaga 10-16




HÖNNUN • MIÐLUN & TÍZKA
Eins árs nám í Flórens, Milanó, eða Róm

Istituto Europeo di Design hefur í rúm 40 ár verið í fremstu röð Evrópskra hönnunarskóla. Nám hjá IED hentar nemum sem lokið hafa grunnnámi á hönnunar- og listasviði eða í viðskiptum. **Eins árs nám hjá IED hefst í janúar 2010 og er kennt á ensku. Námið er lánshæft hjá LÍN.**

IED lingó MÁLAMIÐLUN
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS
ESSEMM 08/09



MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6B
SÍMI 562 6999

Auglýsingasími 512 5473
ALLT



# fyrirtækjagjafir

FIMMTUDAGUR 19. NÓVEMBER 2009




NORDICPHOTOS/GETTY






Vilbergur Sverrisson með girnilegan hamborgarhrygg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Londonlamb í vinnslu hjá Pétri Karlssyni.

# Lokkandi ilmur af hátíðamat

**Margir vinnuveitendur hafa komið á þeirri hefð að gefa starfsfólki sínu eðalkjöt í hátíðamatinn. Annaðhvort hangikjöt eða hamborgarhrygg eða jafnvel hvort tveggja.**

„Það er mikill annatími hér þessar vikurnar. Bæði eru jólahlaðborðin að sigla af stað nú um helgina og svo fer kjöt frá okkur í jólapakka starfsfólks stórra og smárra fyrirtækja," segir Vilbergur Sverrisson, einn af þremur eigendum kjötvinnslunnar Esju í Dugguvogi í Reykjavík. Fullyrða má að kjöt sé gjöf sem komi að góðum notum víða og Vilbergur segir suma ganga hreinlega að því vísu hjá sínu fyrirtæki.

Í Esju eru unnar margs konar kjötvörur. Þær fara þó yfirleitt ekki í verslanir heldur mötuneyti, veitingastaði og fyrirtæki að sögn Vilbergs nema svokölluð drottningarskinka sem fer á markað fyrir jól og páska. Á leið inn í vinnslusalina er gengið fram hjá stórum ofni sem brennir sagi. Þar er álegg í reyk og þaðan leggur ljúfan og léttan ilm. Vilbergur er nýbúinn að hengja upp úrbeinuð svínalæri í rekka og búa þau undir reyk. Eftir reykingu kallast þau bayonneskinka.

„Við gerum þetta dálítið öðruvísi en þeir sem eru á búðamarkaði," segir hann. „Við þurfum ekki að salta kjötið mikið til að auka geymsluþolið því við verkum það nánast beint á borðin og í pakkana rétt fyrir hátíðina."

Hangikjötslærin eru til bæði heil og úrbeinuð í Esju en Vilbergur segir þau reykt úti á landi því taðreykur sé ekki vinsæll innan höfuðstaðarins. *- gun*



Salami og spægipylsa.



Bayonneskinkan rétt ófarin í reykingu.



Lárus Þórhallsson stoltur með jólahangikjötið.



**● ALLIR FÁ ÞÁ EITTHVAÐ ÆTT** Þegar gefa þarf mörgum og ólíkum einstaklingum jólagjöf getur verið snúið að finna eitthvað sem öllum líkar. Þá er góð lausn að lauma einhverju bragðgóðu í jólapakkann. Flestir vilja gera sér dagamun í mat og drykk yfir hátíðirnar en hafa kannski ekki tíma eða hugmyndaflug til að kynna sér og kaupa allt sem er í boði. Þá er vel þegið að fá góðan glaðning í gogg og ekki verra ef hann er óvæntur. Ostakörfur eru sígildar og hitta alltaf í mark og ekki er verra að skeyta einhverri framandi sultu eða mauki með. Reyktur og grafinn lax, fiskpaté og fleira gómsætt úr hafinu gleður líka á þeirri miklu kjöthátíð sem jólin eru og svo má ekki gleyma enskum jólakökum, handgerðu konfekti og marsipangrísum. Þeir sem vilja gefa eitthvað varanlegra ættu að hugleiða gjafakörfur með olíum, kryddi og ediki sem gleðja viðtakandann langt fram eftir ári.












# Ævisögur

SÉRBLAÐ • 19. NÓVEMBER 2009






**REYNDU AFTUR**
**ÆVISAGA MAGNÚSAR EIRÍKSSONAR**

*„Ein af bestu bókum um íslenska tónlistarmenn sem komið hafa út. Einlæg, áhugaverð og umfram allt þrælskemmtileg."*
Kjartan Guðmundsson Fréttablaðinu




**REYNDU AFTUR**
**BESTU LÖG MAGNÚSAR EIRÍKSSONAR MEÐ MAGNÚSI OG HLJÓMSVEITINNI BUFF**

*„Þegar snillingarnir í Buff fara smiðju snillingsins Magnúsar Eiríkssonar getur útkoman ekki verið annað en snilld!"*
Dr. Gunni




**JÓNAS KRISTJÁNSSON FRJÁLS OG ÓHÁÐUR**

Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri, er þekktur fyrir að láta skoðanir sínar í ljós og hrista upp í fólki. Hefur þrívegis verið rekinn úr starfi fyrir að segja sannleikann. Þessi bók fjallar um feril hans í fjölmiðlum. Um skrif hans, öflin sem mótuðu hann og fólkið sem hafði áhrif á hann.




**STEINARNIR TALA**
**SAGA HLJÓMSVEITARINNAR THE ROLLING STONES**

*…„Hér fá áhangendurnir eitthvað til að gleðjast yfir í bók sem dregur fram innsta kjarna sveitarmeðlima og sýnir okkur listamennina, lagasmiðina, fylgjendurna og ekki síst náungana sjálfa."*
Daily Mail

sögur ÚTGÁFA


**● SYSTIR CASTROS NJÓSNAÐI FYRIR BANDARÍKIN** Juanita Castro, systir kúbverska leiðtogans Fídels Castro, upplýsir í nýrri ævisögu sinni að hún hafi njósnað um bróður sinn fyrir bandarísku leyniþjónustuna CIA.

Í bókinni, sem heitir Fidel y Raul, mis hermanos. La historia secreta (Fidel og Raul, bræður mínir. Sagan sem aldrei var sögð), segist Juanita hafa njósnað fyrir CIA á árunum 1961 til 1964, en þá flúði hún og fékk hæli í Bandaríkjunum. Í upphafi hafi hún verið hlynnt byltingu bróður síns, en misst trúna á henni þegar hann lét myrða andstæðinga sína í stórum stíl og sigldi hraðbyri inn í kommúnismann.

Juanita hefur ekki talað við bræður sína í fjörutíu ár.



# Aðdáendur Magnúsar frá blautu barnsbeini

**Sögur útgáfa lætur ekki nægja að gefa út ævisögu Magnúsar Eiríkssonar tónlistarmanns fyrir jólin, heldur hefur hljómsveitin Buff hljóðritað nýjar útgáfur á nokkrum þekktustu lögum hans.**

„Við erum í skýjunum yfir útkomunni. Þetta gekk svo vel að við værum alveg til í að gera aðra svona plötu," segir Hannes Friðbjarnarson, starfsmaður útgáfufyrirtækisins Sögur og trommuleikari hljómsveitarinnar Buff. Auk þess að gefa út starfssögu Jónasar Kristjánssonar, fyrrverandi ritstjóra, og ævisögu Magnúsar Eiríkssonar tónlistarmanns fyrir jólin kemur einnig út á vegum fyrirtækisins geisladiskurinn Reyndu aftur, þar sem Buffið tekur mörg af þekktustu lögum Magnúsar í spánnýjum útgáfum.

Hannes segir hugmyndina að disknum hafa fæðst í sumar. „Tómas Hermannsson hjá Sögum, sem ritaði ævisögu Magnúsar, hafði oftsinnis viðrað þá hugmynd við Magga að fá nokkrar ungar hljómsveitir til að taka nýja vinkla á lögin hans, en Maggi tók aldrei sérstaklega vel í það. Svo spurði Tómas mig hvort Buffið væri til í verkefnið og ég sagði auðvitað strax já. Maggi var líka hrifinn af hugmyndinni. Ég fór í bíltúr með honum til að ræða gerð plötunnar og hann sagði okkur að gera bara það sem okkur sýndist. Ef við vildum að hann syngi þá skyldum við hringja í hann, en ef ekki þá skyldum við bara sleppa því. Þetta var mjög fljótákveðið."

Sjálfur syngur Magnús í nokkrum lögum á disknum. Hannes segir hafa verið erfitt að velja lögin sem enduðu á disknum, enda úr miklum fjölda frábærra laga að velja. „Mikið til eru þetta okkar eftirlætislög, en við ákváðum líka að taka ekki lög á borð við Bragga-blús því það hefur verið gert of oft. Við erum auðvitað miklir aðdáendur Magga frá blautu barnsbeini, eins og flestir íslenskir tónlistarmenn," segir Hannes.



**Hannes Friðbjarnarson, trommari Buffsins, segir það mikinn heiður að hafa fengið tækifæri til að hljóðrita lög Magnúsar Eiríkssonar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Verandi starfmaður útgáfufyrirtækisins hafði Hannes lesið ævisögu Magnúsar þegar upptökur á Reyndu aftur stóðu yfir í haust. „Í stúdíóinu, sem við bjuggum til heima hjá Bergi bassaleikara, var ég sífellt að segja sögur úr bókinni, sögurnar á bak við lögin og slíkt, til að koma mönnum í réttan fíling.

Þetta var stórskemmtilegt, og Magnús sjálfur hafði líka mjög gaman af þessu," segir Hannes.

# Palin lætur allt flakka

Umtalaðasta ævisagan vestanhafs um þessar mundir er bók fyrrverandi varaforsetaframbjóðandans Söruh Palin, Going Rogue: An American Life, sem út kom síðastliðinn þriðjudag.

Upphaflega átti bókin að koma út næsta vor, en útgáfudeginum var flýtt. Útgáfufyrirtækið virðist ekki draga í efa að bókin komi til með að seljast vel, en fyrsta upplag bókarinnar er ein og hálf milljón eintaka.

Sögur sem lekið hafa út í aðdraganda útgáfu bókarinnar snúast langflestar um atburði sem áttu sér stað þegar Palin var varaforsetaefni repúblikana, en John McCain forsetaefni. Palin segir að gríðarleg spenna hafi ríkt milli stuðningsmanna sinna og stuðningshóps McCains. Þá viðurkennir hún að sér hafi verið meinað að halda ræðu á kosninganótt þegar ljóst var orðið að kosningabaráttan hefði tapast.

Þá talar Palin um áfallið sem hún varð fyrir þegar hún uppgötvaði að Bristol, sautján ára dóttir hennar, var barnshafandi. Hún segist ekki hafa vitað að Bristol stundaði kynlíf fyrr en hún fékk hinar afdrifaríku fréttir.

Einn vinsælasti spjallþáttastjórnandi Bandaríkjanna, hinn kaldhæðni David Letterman, hefur síðastliðnar vikur haft sem fastan lið í þáttum sínum að benda á hluti sem eru skemmtilegri en að lesa ævisögu Palin. Að drekka hland og að verða fyrir bíl hafa meðal annars komist þar á blað.



**Bók Palin er umtalaðasta ævisagan vestanhafs.**

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462

# Íþróttafólk leysir frá skjóðunni


Ævisaga Andre Agassi hefur vakið mikla athygli, en þar greinir hann meðal annars frá eiturlyfjaneyslu sinni.

Sífellt færist í vöxt að þekkt íþróttafólk sendi frá sér ævisögur sínar, enda hafa sumar þeirra notið fádæma vinsælda. Hluti af ástæðunni gæti verið sú að téðir íþróttamenn eru oftar en ekki í játningagírnum í bókunum, segja í fyrsta sinn opinberlega frá einhverju sem gæti valdið umtali og jafnvel hneykslun. Bækurnar verða víst að seljast.

Spánnýtt dæmi er ævisaga bandaríska tennis-undrabarnsins Andre Agassi. Í ævisögu sinni, sem kom út fyrir skömmu og ber hinn skondna orðaleikstitil Open, segir Agassi frá því að hann hafi notað eiturlyfið metamfetamín árið 1997, og í kjölfarið fallið á lyfjaprófi sem Alþjóðatennissambandið stóð fyrir. Agassi náði að ljúga sig út úr vandræðunum, en opinberunin hefur vakið miklar umræður um eiturlyfjanotkun íþróttafólks.


John Amaechi kom út úr skápnum í ævisögu sinni.

Ekki minni athygli vakti sjálfsævisaga breska körfuknattleiksmannsins Johns Amaechi, sem lék í mörg ár í bandarísku NBA-deildinni með Orlando, Utah og Cleveland. Bókin, Man in the Middle, kom út árið 2007. Þar greinir Amaechi frá því að hann er samkynhneigður. Þetta var í fyrsta sinn sem fyrrverandi leikmaður í deildinni opinberar samkynhneigð sína, og hafa margir fyrrverandi liðsfélagar Amaechis brugðist ókvæða við. Aðrir lofa leikmanninn fyrir hugrekki. Einn af eftirminnilegri köflum bókarinnar segir frá því þegar Amaechi óttaðist að hafa komið upp um sig í sturtuklefanum eftir leik, þegar hann gleymdi sér og hóf að söngla lag með hljómsveitinni The Carpenters. Eftir á þakkaði Amaechi sínum sæla fyrir að liðsfélagarnir lögðu ekki dýpri skilning í uppátækið en raun bar vitni. *-kg*

# Mótmælahreyfing á umbrotatímum

**Ólafur Ormsson er höfundur bókarinnar Byltingarmenn og bóhemar en þar rekur hann upplifanir sínar af miklum umbrotatímum í Reykjavík á árunum 1963-1973.**

„Fyrir tveimur árum gaf ég út bók sem heitir Ævintýraþorpið. Það er fyrsta bindi af endurminningum mínum, fyrsta bindi af þremur, hugsa ég,“ segir Ólafur, spurður um tilurð bókarinnar. „Ég var þar að fjalla um uppvaxtarár og bernsku mína í Keflavík. Þessi bók er beint framhald af fyrri bókinni og byrjar þegar ég er fluttur til Reykjavíkur haustið 1962. Ég byrjaði að vinna í Ríkisprentsmiðju Gutenberg í janúar 1963 og þar var mikið af róttækum starfsmönnum, sósíalistum og kommúnistum sem stundum var heitt í hamsi enda var þetta á dögum kalda stríðsins, skömmu eftir Kúbudeiluna.“

Árið 1963 var sögulegt fyrir margra hluta sakir, árið sem Kennedy var myrtur og Bítlarnir slógu í gegn. „Fyrsta lagið sem ég heyrði var She Loves You, sem hafði mikil áhrif á mig og ég varð mikill aðdáandi,“ segir Ólafur og bætir við: „Það var svo mikið að gerast úti í heimi á þessum tíma og verið að endurmeta gömul gildi. Ég kom frá Keflavík, frekar hægrisinnaður, hliðhollur hernum og litaður af umhverfinu þar en í Reykjavík var allt þetta að gerast og ég varð fyrir gríðarlegum áhrifum. Skemmst er frá því að segja að ég gekk í Æskulýðsfylkinguna vorið 1964.“

Ólafur tók þátt í átökum Æskulýðsfylkingarinnar í tengslum við mótmæli gegn Víetnamstríðinu ásamt fjölda fólks sem síðar átti eftir að vera áberandi í þjóðlífinu. Þar á meðal voru Kári Stefánsson, Vernharður Linnet, Birna Þórðardóttir og Ragnar Stefánsson, sem var forseti fylkingarinnar. Í bókinni rekur Ólafur sögu þessarar mótmælahreyfingar en segir líka frá bóhemum sem settu svip sinn á bæinn og ýmsu skondnu og skemmtilegu sem dreif á daga hans á þessum umbrotatímum, jafnt á Íslandi sem annars staðar í heiminum.


Ólafur Ormsson var í hringiðu mótmæla sjöunda áratugarins og féll fyrir Bítlunum við fyrstu hlustun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





**Það liggur í loftinu**

Saga Birnu Óladóttur og Dagbjarts Einarssonar útgerðarmanns í Grindavík. Opinská og heiðarleg ævisaga þar sem ekkert er dregið undan. Saga dugmikils fólks sem með áræðni og vinnusemi byggði upp öflugt fyrirtæki og getur með stolti litið yfir farinn veg.




**Þjófur, fíkill falsari**
**– sjálfsævisaga síbrotamanns**

*Einstæð frásögn úr afkimum samfélagsins.*
– Sigurður G. Tómasson, útvarpsmaður

*Bók sem hlýtur að vekja áhuga allra.*
*– Einar Már Guðmundsson,*rithöfundur




**Stalín ungi**

*Ein besta sagnfræði sem völ er á.*
– Guðmundur Ólafsson, hagfræðingur

*Ævisaga eins og þær gerast bestar.*
– Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur




**Í Kvosinni**
**– Æskuminningar og bersöglismál**

Æskuár Flosa Ólafssonar í miðbæ Reykjavíkur. Leiftrandi húmor og nístandi háð. Frábærlega skemmtileg bók!

SKRUDDA




## Ég er Nojoud, 10 ára – fráskilin

Árið 2008 gekk 10 ára stúlka inn í dómhúsið í Jemen og bað um skilnað frá eiginmanni sem hafði beitt hana hrottalegu ofbeldi. Átakanleg en falleg saga um litla manneskju sem brýst undan ómanneskjulegum hefðum. Bókin kemur út 1. desember varpar ljósi á menningarheim sem er lítt þekktur á Vesturlöndum.




## Þegar amma var ung

Mannlíf og atburðir á Íslandi 1925-1955
Fróðleg og skemmtileg bók eftir Sigrúnu Huld Þorgrímsdóttur sem veitir innsýn í daglegt líf Íslendinga á árunum 1925-1955. Hvernig var Ísland þá? Bókin tengir saman kynslóðir, eykur skilning og bætir samskipti. Fjöldi mynda prýðir bókina.




## Reynsluslóðir lögreglumanns og íþróttakappa

Hallgrímur frá Laxamýri vann mörg afrek í íslenskri íþróttasögu og setti mörg Íslandsmet. Hann á líka að baki litríkan feril sem lögreglumaður og sundlaugarvörður. Hér rekur hann sögu sína á lifandi og skemmtilegan hátt. Bókin er væntanleg í lok nóvember.




## Elfa Gísla

Elfa Gísladóttir hefur átt viðburðaríkt líf þar sem skipst hafa á skin og skúrir. Tuttugu og sex ára að aldri missti hún eiginmann sinn frá ungum syni. Við tóku átakaár sem lyktaði með „brúðkaupi aldarinnar" þegar Elfa gekk að eiga sjónvarpsstjórann Jón Óttar Ragnarsson, en hjónabandið stóð stutt. Leiðin lá til Bandaríkjanna þar sem hún fann ástina á ný. Hún stofnaði barnaleikhús og morðgátuleikhús og lifir nú ævintýralegu lífi.

Salka
Skipholti 50 c, www.salka.is


# Litríkur lífsferill


Elfa Gísladóttir er hreinskilin í nýrri ævisögu sem ber titilinn Elfa Gísla og hinar sögurnar.

Elfa Gísla og hinar sögurnar eftir Önnu Ólafsdóttur Björnsson kemur út í lok nóvember. Þar segir Elfa frá dramatísku lífi sínu á Íslandi og í Bandaríkjunum.

Elfa Gísla var mest í sviðsljósinu á meðan hún tók þátt í stofnun Stöðvar 2 og síðar þegar þau Elfa og Jón Óttar Ragnarsson gengu í hjónaband. Elfa var mikið vestan hafs fyrstu átján ár ævi sinnar og síðastliðin átján ár en þess á milli bjó hún á Íslandi. Ævintýri hennar í Bandaríkjunum og Kanada eru víst ekkert minni en þegar hún bjó hérlendis eins og blaðamaður komst að raun um, þegar hann skrifaðist á við Elfu sem er stödd í Seattle.

„Ég hugsa að Anna Björnsson hafi viljað skrifa sögu mína vegna þess að minn lífsferill hefur verið mjög litríkur. Sjálf hefði ég ekki tíma til að skrifa hana á þessum annasama tíma í lífi mínu. Ég er að vinna við að koma á fót skemmtistað sem samanstendur af leikhúsi, listasafni og tónleikahúsi í gamalli hlöðu sem við Tom, eiginmaður minn, höfum verið að gera upp," upplýsir Elfa.

Í væntanlegri ævisögu sinni kemur Elfa inn á marga erfiða hluti, meðal annars samskiptin við móður hennar. Blaðamanni liggur því forvitni að vita hvort gerð bókarinnar hafi reynt á hana. „Það var stundum erfitt að rifja upp sumar minningar. Núna er erfitt að bíða og sjá hvernig henni verður tekið, því ég segi margt í henni sem ég hef ekki upplýst áður. Ég vona að fólk verði ekki hneykslað, en ef svo er þá verður svo að vera því það er of seint núna að hætta við," segir Elfa og tekur fram að bókin sé hins vegar vel skrifuð. Hún hafi ekki getað hugsað sér að neita Önnu þegar hún bað um að fá að skrifa söguna því henni sé sýndur svo mikill heiður.

„Þess vegna vildi ég vera eins hreinskilin og ég var til þess að gefa rétta mynd af sjálfri mér með öllum mínum kostum og göllum. Ég hefði eflaust getað sagt meira um gallana en ég gerði," segir Elfa.

Þess má geta að á Snjáldursíðu (e. Facebook) bókarinnar er hægt að fá örlítinn forsmekk að sögunni og skoða myndir úr henni.


Kári Stefánsson, Hannes Hólmsteinn Gissurarson og Davíð Oddsson voru ekki hafðir með í ráðum þegar ævíágrip þeirra voru gefin út.

# Ævisögur gefnar út í leyfisleysi

Víða erlendis er það viðtekin venja að rita æviágrip þekktra lifandi einstaklinga án þess að viðkomandi umfjöllunarefni séu höfð með í ráðum. Slík iðja hefur enn ekki náð að festa rætur hér á landi, en undantekningar eru þó til.

Skemmst er að minnast bókarinnar Davíð: Líf og saga, sem Eiríkur Jónsson blaðamaður skrifaði um Davíð Oddsson, þáverandi borgarstjóra í Reykjavík, árið 1989. Einnig má telja til bók sem sagnfræðingurinn Guðni Th. Jóhannesson skrifaði um Kára Stefánsson árið 1999 og hét Kári í jötunmóð, en sú bók var gefin út í óþökk sjálfs vísindamannsins.



Óttar M. Norðfjörð gaf út ævisögu Hannesar í þremur bindum.

Þá gaf rithöfundurinn Óttar M. Norðfjörð út ævisögu Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar fyrir fáum árum. Bindin voru þrjú og nefndust Hannes, Hólmsteinn og Gissurarson. Skömmu áður hafði prófessorinn ritað ævisögu Nóbelsskálds Íslendinga í bindunum Halldór, Kiljan og Laxness. *- kg*


Katie Price, eða Jordan, hefur gefið út þrjár sjálfsævisögur.

# Alls 944 blaðsíður af Jordan

Enska glamúrgellan Katie Price, sem einnig er þekkt undir nafninu Jordan, hlýtur að teljast einn ötulasti ævisagnaritari síðari tíma. Jordan, sem fæddist fyrir 31 ári í Brighton, vakti fyrst athygli umheimsins sem stúlkan á síðu þrjú í hinum ýmsu götublöðum, enda hafði hún þá nýlega gengist undir viðamikla aðgerð sem færði skálastærð hennar úr B í F. Engu minni athygli slúðurþyrsts almennings vöktu sambönd hennar við menn á borð við knattspyrnukappann Dwight Yorke og söngvarann Peter André, sem fóru mikið til fram í fjölmiðlum.

Hingað til hafa útgefendur talið lífsreynslu Jordan efni í þrjár sjálfsævisögur og ekki er loku fyrir það skotið að enn bætist við. Bækurnar þrjár, Being Jordan (2004), Jordan: A Whole New World (2006) og Jordan: Pushed to the Limit (2008) geyma samtals 944 síður af lífreynslusögum módelsins, og þykir víst mörgum nóg um. *- kg*

# Næring fyrir andann




**Svartbók kommúnismans**
*Hannes Hólmsteinn Gissurarson þýddi*




**Krabbamein í blöðruhálskritli**
*Snorri Ingimarsson og Eiríkur Jónsson þýddu og staðfærðu*




**Hvað eru vísindi?**
*Erlendur Jónsson*




**Ástin á tímum ömmu og afa**
Bréf og dagbækur Bjarna Jónassonar kennara, sveitarhöfðingja og samvinnumanns í Húnaþingi á öndverðri 20. öld
*Anna Hinriksdóttir*




**Raddir frá Kúbu**
Smásagnasafn með fjórtán sögum eftir konur frá Kúbu.
*Erla Erlendsdóttir valdi sögurnar og þýddi.*




**Hið mystíska X**
*Jón Hnefill Aðalsteinsson*




**Saga viðskiptaráðuneytisins 1939-1994**
– Frá höftum til viðskiptafrelsis
*Hugrún Ösp Reynisdóttir*




**Auðginnt er barn í bernsku sinni**
Afnám fyrningar alvarlegra kynferðisbrota gegn börnum
*Svala Ísfeld Ólafsdóttir*



**Vegur minn til þín**
*Matthías Johannessen*




**Í sátt við óvissuna**
*Atli Harðarson*




**Ritið 1/2009**
*Ritstjórar Ásdís R. Magnúsdóttir og Björn Þorsteinsson*




**Almanak Háskóla Íslands 2010**
*Þorsteinn Sæmundsson ritstjóri*

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N

www.haskolautgafan.hi.is • hu@hi.is • 525 4003



# JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

kemur út þriðjudaginn 24. nóvember.




Matur, gjafir, viðtöl, föndur og fleira.

Allt um jólaundirbúninginn, jólamatinn og jólastemmninguna í Jólablaði Fréttablaðsins 2009.



Nánari upplýsingar veita:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is
Hlynur í síma 512 5439 eða hlynurs@365.is
Benedikt í síma 512 5411 eða benediktj@365.is
Bjarni Þór í síma 512 5471 eða bjarnithor@365.is


**● BOWIE LEITAÐI TIL SEIÐKONU** Popparinn David Bowie nýtti sér þjónustu seiðkonu til að komast yfir ofsóknarbrjálæðið sem óhófleg neysla kókaíns olli honum á 8. áratugnum. Þetta kemur fram í nýrri ævisögu Bowie sem skrifuð er af rokk-blaðamanninum Mark Spitz.

Í bókinni segir Spitz frá því að kókaínneysla Bowie hafi gert það að verkum að honum kom ekki dúr á auga í margar vikur í senn. „Hann varð sannfærður um að nornir girntust sæði hans. Sæðið ætluðu þær að nota til að búa til barn sem þær gætu fórnað djöflinum,“ segir í bókinni.

Seiðkonan Walli Elmlark frá New York var kölluð til hjálpar og gerði hún margar særingar á popparanum. Ekki fer sögum af árangrinum.





**Sigurður Gylfi Magnússon segir endurminningarit vera markaðsvöru sem alla tíð hafi notið mikilla vinsælda.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sögur af alþýðufólki fylltu inn í ákveðið tómarúm

**Sigurður Gylfi Magnússon, doktor í sagnfræði, hefur rannsakað íslenskar ævisögur, sjálfsævisögur og endurminningarit í gegnum tíðina. Hann segir slíkar bókmenntir hafa haft mikla þýðingu fyrir samfélagið.**

„Fyrst og fremst eru þetta alvöru bókmenntir sem hafa haft mikla þýðingu fyrir samfélagið,“ segir Sigurður Gylfi Magnússon, doktor í sagnfræði, sem hefur rannsakað íslenskar ævisögur, sjálfsævisögur og endurminningarit í gegnum tíðina.

Gylfi segir mikilvægt að gera greinarmun á ritum sem falla í ofannefnda flokka, því um ólíkar tegundir bókmennta sé að ræða. Ævisögur sem slíkar fjalli um líf tiltekins einstaklings sem er látinn. „Þar er blandað saman ævi þeirra og útgáfu heimilda sem tengjast þeim, svo sem löngum köflum úr bréfum eða dagbókum, án mikillar úrvinnslu. Það einkennir þessar tegundir bóka þar sem skrifað er um Jón Sigurðsson, Hannes Hafstein eða Halldór Laxness, að þær eru mjög langar, eða allt upp í tvö þúsund síður sumar. Bresk bók um Wittgenstein eða Churchill er kannski á bilinu þrjú til fjögur hundruð síður, og rannsóknirnar þrælhugsaðar.“

Sigurður Gylfi segir að sjálfsævisagan hafi orðið mjög vinsælt bókmenntaform hér á landi. „Það er merkilegt að því leyti að fólk af öllum stigum ruddist fram og sagði sína sögu, oft án þess að hafa unnið sér nokkuð til frægðar. Í þessum skilningi má segja að sjálfsævisagan hafi verið þjóðernispólitískt rit. Í langflestum tilfellum voru þetta karlmenn að segja frá því hvernig þeir stóðu sína plikt og unnu með hinu nýfrjálsa landi. Fram eftir 20. öldinni var ekki til mikil sagnfræði og segja má að sögur alþýðufólks hafi fyllt inn í ákveðið tómarúm. Það var kallað eftir þessum sögum,“ segir Sigurður.

Að hans sögn gerðist það svo um og eftir miðja 20. öldina að aðrir þjóðfélagshópar hafi komið fram á sviðið í samræmi við sérhæfingu samfélagsins á þeim tíma. „Þá verður til þetta bókmenntaform sem ég kalla endurminningarit, þar sem aðalpersónan vinnur með höfundi bókarinnar. Svo varð til hópur fólks sem sérhæfir sig í slíkum skrifum og þetta form hefur orðið æ vinsælla eftir því sem á líður.“

Síðari hluta 20. aldarinnar kallar Sigurður menningu játninganna. „Þar er keppst við að játa á sig allar syndir heimsins. Þetta er tími tólf spora- og sálfræðimeðferða. Þessar bækur eru líka mikil markaðsvara sem njóta gríðarlegra vinsælda og hafa alla tíð gert,“ segir hann. *- kg*

**● STEINARNIR MEST LIFANDI:**
Af öllum „dauðum hlutum“ fannst mér steinarnir vera mest lifandi. Það var af því að þeir voru náttúrlegastir og mundu áreiðanlega lengst aftur. Það hafði enginn umskapað þá og neytt þá til að vera öðruvísi en náttúran hafði gert þá. En hinir „dauðu hlutirnir“ voru afmyndaðir af mönnum og ónáttúrlegir, og mér fannst þeir hefðu glatað miklu af sálu sinni, með því að vera gerðir svona, og týnt mikið minni. Hvað var ævi spíkara eða blýsökku eða hrífu í samanburði við ævi steins?

*Úr Steinarnir tala eftir Þórberg Þórðarson.*



**Í brekkunum var einn steinn sem mér sýndist fjörmeiri og furðulegri en allir aðrir steinar.** MYND/WWW.HALI.IS

EFTIRMINNILEGAR ÆVISÖGUR

# Allt hjálpast að


Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir bókmenntafræðingur.

„Ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar eftir Þórberg Þórðarson er að mínum dómi albesta ævisagan sem skrifuð hefur verið hér á landi, og þótt víðar væri leitað,“ segir Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir bókmenntafræðingur.

Þórunn segir allt hjálpast að til að gera söguna góða. „Áhugaverður maður, sem hefur lifað langa og viðburðaríka ævi, segir frá og óviðjafnanlegur rithöfundur færir í letur. Sögur af vondu fólki og góðu fólki, munnmæli um þennan heim og annan, frásagnir af eilífðarverum og þjóðþekktum stórmennum jafnt sem óbreyttum vinnumönnum. Allt svo ljóslifandi og skemmtilegt, eða sorglegt og átakanlegt.“

Þórunn segir vart hægt að ímynda sér vinnuna sem Þórbergur hefur lagt í ævisöguna. „En samviskusemi hans, nákvæmni og stílgáfa virðist hafa verið einmitt það sem hinn kjaftagleiði klerkur þurfti til þess að búa minningum sínum viðeigandi form. Sagt hefur verið að séra Árni hafi verið síðasti fulltrúi hinnar fornu íslensku frásagnalistar. Ég veit svo sem ekki nákvæmlega hvað í henni er fólgið en ég veit að Þórbergur sagði í eftirmælum um séra Árna: „Það er ein af náðargáfum snillingsins að trúa því sem hann veit að er lygi,“ segir Þórunn. *- kg*

# Stórbrotin ævi


Einar Kárason rithöfundur.

„Ég held voðalega mikið upp á ævisögu Sigurðar Ingjaldssonar frá Balaskarði, sem hann skrifaði á elliheimili í Gimli í Kanada á þriðja áratugnum,“ segir Einar Kárason rithöfundur.

„Sigurður átti stórbrotna ævi. Í harðindum í kringum 1890 ákváðu hann og konan hans að selja allt sem þau áttu og flytja til Kanada. Í ljós kom að það dugði bara fyrir farinu handa öðru þeirra, svo Sigurður ákvað að fara á undan og vinna fyrir farinu handa henni. Það tók hann tólf ár.“

Einar segir söguna skrifaða í yndislegum tón. „Þótt þetta sé saga um gífurlegar hrakningar er Sigurður alltaf þakklátur og glaður og lofar forsjónina og guð fyrir allt sem lífið hefur fært honum,“ segir Einar Kárason. *- kg*

# Feminísk og fyndin


Ólafía Erla Svansdóttir, bókaútgefandi.

„Lang-uppáhalds ævisagan mín er Hvunndagshetjan eftir Auði Haralds. Hún er ekki bara háfemínísk og sjúklega fyndin, heldur lýsir hún líka þeim gildum sem foreldrar og samfélagið þröngvuðu upp á stúlkur, og pilta, til að halda þeim niðri og steypa í sama mót um miðbik síðustu aldar,“ segir Ólafía Erla Svansdóttir bókaútgefandi.

„Auður lýsir vel hvernig samfélagið tók á móti einstaklingum sem féllu ekki inn í hið fyrirframgefna form; að vilja í fyrsta lagi, giftast fyrsta kærastanum sínum, í öðru lagi eignast barn innan hjónabands og í þriðja lagi geta unnið fyrir sér og börnum sínum án þátttöku þá svokallaðrar fyrirvinnu, sem var aðalhlutverk karlmanna á þessum tíma.“

Ólafía segir Auði gera stólpagrín að þessu öllu saman, og þá sérstaklega sjálfri sér. „Hún er alin upp til að verða hin ágætasta rýjamotta fyrir hvern þann sem vill þurrka fætur sína á. Uppreisn fær hún, en þó ekki fyrr en eftir tilheyrandi baráttu við fjölskylduna, kerfið, ofbeldisfullan barnsföður og fjölskyldu hans. Hún verður aldrei aftur að meðalmanneskju sem tekur kreddum samfélagsins sem heilögum sannleik,“ segir Ólafía. *- kg*


GAMAN OG ALVARA!
-þrjár magnaðar bækur



**Haukur á Röðli**
Hér segir Haukur á Röðli frá lífshlaupi sínu og samferðarmönnum og það Í FÚLUSTU ALVÖRU eins og honum einum er lagið.



**Milli mjalta og messu**
Einstakar lífsreynslusögur; sorglegar og skemmtilegar og allt þar á milli.



**Papa Jazz**
Ævisaga Guðmundar Steingrímssonar er jafnframt saga djass- og dægurtónlistar á Íslandi. Og þær eru margar sögurnar af sviðinu og utan þess.

BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR
holabok.is



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



RISALAGERSALA
HEFST MÁNUDAGINN 16. NÓVEMBER
OPNUNARTÍMAR: MÁN-FÖS 12-18 / LAU 10-16 / SUN 12-16
NOAH Lightshell regnjakki 12.500,-
JAKOB Softshell jakki 5.900,-
JAKOB Softshell jakki 5.900,-
MICHAEL Softshell jakki 6.500,-
MICHAEL Softshell jakki 6.500,-
DAVID Tæknilegur Softshell jakki 8.900,-
JAKOB Softshell jakki 5.900,-
JAKOB Softshell jakki 5.900,-
ELIA Micro Fleece 3.900,-
ELIA Micro Fleece 3.900,-
TELEMARK Micro Fleece 1.500,-
VIDAR Wind Cutter 2.900,-
VIDAR Wind Cutter 2.900,-
VIDAR Wind Cutter 500,-
VIDAR Wind Cutter 500,-
JOHN
ICE WEAR
íslensk hönnun
Dúnúlpa
19.900,-
ÁSTA Softshell jakki 7.900,-
MOCCA Mocca Fleece 2.500,-
SIGRUN Tæknilegur Softshell jakki 8.900,-
SIGRUN Tæknilegur Softshell jakki 8.900,-
RAKEL Softshell jakki 5.900,-
MARGRET Super Soft Fleece 3.500,-
MARGRET Super Soft Fleece 3.500,-
MARGRET Super Soft Fleece 3.500,-
RAKEL Softshell jakki 5.900,-
RAKEL Softshell jakki 5.900,-
MARGRET Super Soft Fleece 3.500,-
MARGRET Super Soft Fleece 3.500,-
MARGRET Super Soft Fleece 3.500,-
SUSANNA Fur Softshell jakki 6.900,-
ANNA Micro Fleece 1.900,-
RAKEL
Softshell jakki
5.900,-
SIGRUN Softshell jakki m/ hettu stúlkna 5.900,-
RAKEL Softshell jakki stúlkna 4.900,-
JAKOB Softshell jakki drengja 4.900,-
DAVID Softshell jakki m/ hettu drengja 5.900,-
ELIA Micro Fleece drengja 3.500,-
ANNA Micro Fleece stúlkna 1.500,-
ANNA Micro Fleece stúlkna 1.500,-
ELIA Micro Fleece drengja 3.500,-
JAKOB Softshell jakki drengja 4.900,-
ELIA Micro Fleece drengja 3.500,-
MARGRET Micro Fleece stúlkna 2.900,-
MARGRET Micro Fleece stúlkna 2.900,-
MARGRET Super Soft Fleece 2.900,-
GUNNAR/BIRNA Micro Fleece buxur stúlkna/drengja 1.950,-
GUNNAR/BIRNA Micro Fleece buxur stúlkna/drengja 1.950,-
SIGRUN/DAVID
Softshell jakkar
5.900,-
hönnun: www.skissa.net
Drífa ehf. - Suðurhrauni 12c - Garðabæ - Sími 555 7400 - www.icewear.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í gjafakassanum frá Kaffitári má finna tvær tegundir af kaffi, kramarhús með súkkulaðimolum, öskju með súkkulaði, kaffipokaklemmu, tvö krembrauð og öskju með smákökum. Þessi kassi kostar 3.400 krónur.

# Eitthvað handa öllum og ömmu þeirra líka

**Alltaf er gaman að fá gjafakörfu eða kassa, stútfulla af varningi sem gleður líkama og sál.**

Skemmtilegast er að fá eitthvað sem manni hefði aldrei dottið í hug að kaupa sér sjálfur, framandi kaffi, öðruvísi sultu eða ilmandi krem til að bera á sig fyrir jólanóttina. Gjafakörfur geta líka verið heilmikil búbót þegar halda á stór jólaboð þar sem þarf að bera á borð kræsingar og veisluföng fyrir fjölda manns. Þá er gaman að bjóða upp á sérstaklega gott kaffi, öðruvísi hangikjöt eða veglegan ostabakka. Fréttablaðið fékk nokkur fyrirtæki til að útbúa gjafir sem gaman væri að fá fyrir jólin. *- bb*



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Í þessari gjafakörfu frá Kaffitári kennir ýmissa grasa. Þar eru fjórar tegundir af kaffi, jólate, súkkulaðihúðaðar espressobaunir, súkkulaðimolar með karamellufyllingu og sírópsflaska. Svona karfa kostar 5.900 krónur.**



**Gjafakassinn frá L´Occitaine inniheldur náttúruvænar dekurvörur fyrir bæði karla og konur. Í kassanum er sturtusápa, líkamsmjólk, handáburður og ilmpoki, allt úr Verbena-línunni. Svona kassi kostar 5.670 krónur og þá er handáburðurinn með sem kaupauki.**



**Girnileg sælkeraostakarfa frá Ostahúsinu: Fyllt ostarúlla með sætri papriku og jurtakryddi, ostarúlla með beikoni og papriku, brie með hvítlauksrönd, brie með sólþurrkuðum tómötum og brie með piparrönd, hvítlauksrjómaostur og piparrjómaostur, hummus, ólífur, graflax og graflaxsósa, salami, tveir kexpakkar og þrjá litlar sultur. Þetta er einkar vegleg sælkerakarfa en hægt er að sjá staðlaðar ostakörfur á heimasíðunni ostahusid.is. Þeim er svo hægt að breyta eftir óskum hvers og eins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





**● Í ÞAÐ MINNSTA ...** Ef ætlunin er að vera á sígildum, góðum og gegnum íslenskum nótum er engin jólagjöf íslenskari en kerti og spil. Fallegt kerti veitir öllum fjölskyldum gleði um jólin og ekki spillir ef hægt er að styrkja góðan málstað í leiðinni og til dæmis kaupa kertin af Kertagerðinni á Sólheimum. Spilin geta verið af ýmsum toga og skemmtilegt borðspil er góð jólagjöf. Ýmis spil eru ný á markaðnum fyrir þessi jól, til dæmis Sprengjuspilið. Kerti og spil eru ein af þessum pottþéttum jólagjöfum sem allir eru glaðir að fá.



**HÁTÍÐLEGT HANDVERK** Þeir sem reka minni fyrirtæki þurfa kannski ekki að gefa eins margar jólagjafir og þeir sem reka stórfyrirtæki og geta því leyft sér að líta um víðari völl í leit að jólagjöfum til starfsmanna. Þá er til dæmis hægt að skoða íslenskt handverk, fallega og persónulega gripi sem gleðja viðtakandann og verða hluti af heimilishaldinu. Handverkstæðið að Ásgarði er rómað fyrir fallega muni sem eru búnir til á löngum tíma af mikilli alúð sem skilar sér í vönduðu handverki með heilmikla sál. Jólamarkaður Ásgarðs verður haldinn að Ásgarði í Mosfellsbæ laugardaginn 5. desember en starfsmenn Ásgarðs verða einnig með handverk til sölu í Kringlunni milli 26. og 29.nóvember.



**ÍSLENSK HÖNNUN OG GOTT MÁLEFNI** Flestir skreyta heima hjá sér fyrir jólin og flestum finnst gaman að fá nýtt jólaskraut. Íslenskir hönnuðir hafa undanfarin ár gert garðinn frægan á jólaskreytingamörkuðum og hver undrafallegi og alíslenski gripurinn á fætur öðrum lítur dagsins ljós fyrir hver jól. Kærleikskúlan er til dæmis íslenskt jólaskraut sem hannað er sérstaklega fyrir Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra ár hvert. Það eru þekktir íslenskir listamenn sem hanna kúluna sem fær nýtt útlit á hverju ári. Með því að gefa starfsmönnum og vinum fyrirtækja Kærleikskúluna í jólagjöf er hægt að slá tvær flugur í einu höggi, gefa góða og fallega gjöf og styrkja gott málefni í leiðinni.



Jólagleði Rauðará

Senn líður að jólum og erum við á Rauðará komin í jólaskap. Í tilefni af því bjóðum við upp á nýjan og glæsilegan jólamatseðil.

Forréttaplatti:
Heitreyktur silungur með sýrðum rjóma
Sænsk lauksíld með kapers og dilli
Rauðvínssoðin nautatunga
Sinnepssíld og rúgbrauð
Hangikjötstartar.

Villisveppasúpa.

Eftirréttur:
Jólaglögg með piparkökum
Ris a la mande með kirsuberjum og jólasúkkulaðikaka með mandarínum.

Aðalréttur: val milli tveggja rétta:

Hunangs-sinnepsgljáð grísalund með reyktu fleski,sveppum og týtuberjum, borið fram með kartöfluraurauðrófu- gratíni og sinnepsósu

Gæsabringa með heimalögðuðu rauðkáli, rauðvínssoðunum perum sykurbrúnuðum kartöflum og gulrótum, borin fram með portvínssósu

6900kr Á Jólagleði Rauðará fá allir krakkar undir tíu ára aldri frítt .

Komdu og eigðu ánægjulega stund með okkur á Rauðará.
Borðpantanir í síma 562-6766 eða á raudara@raudara.is

Gleðileg Jól
RAUÐARÁ
RESTAURANT

**BESTA OG VERSTA GJÖFIN**

# Ánægður með hlutabréfin

„Jú, jú, ég hef fengið ýmsar jólagjafir frá þeim fyrirtækjum sem ég hef unnið hjá, en líklega þótti mér vænst um jólagjöfina sem ég fékk frá Bylgjunni árið 1986 þegar hún var nokkurra mánaða gömul,“ rifjar Hermann Gunnarsson fjölmiðlamaður upp.



**Hermann Gunnarsson**

„Þá fengum við 25.000 króna hlutabréf í stöðinni sem síðan áttu eftir að margfaldast. Svo var þetta sameinað Stöð 2 og ég man ekki hvort þau fjórfölduðust eða fimmfölduðust í verði á einni nóttu. Mér finnst að fyrirtæki ættu að gera meira af þessu, að gefa starfsfólkinu nokkur prósent í fyrirtækjunum svo það leggi sig meira fram.“

Þá segist Hermann hafa fengið alls kyns hangikjötslæri í gegnum tíðina. „Eftir að kreppan skall á fékk ég flíspeysu frá núverandi vinnuveitendum. Hana hef ég ekki enn notað. Hún er lítið spennandi og svo var hún of lítil á mig.“ *- nrg*

# Best að fá bók

„Það eru svo sem engin fyrirtæki sem ég hef verið að vinna fyrir nema leikhúsin og ég man ekki eftir neinum jólagjöfum þar. Þar er bara meira haldið partí. Jólamatur og eitthvað dúllerí og það kemur í staðinn fyrir gjafir,“ segir Helga Braga Jónsdóttir leikkona.



**Helga Braga Jónsdóttir**

„Fyrir mér eru íslenskar bækur bestu jólagjafirnar, til dæmis bækurnar hennar Kristínar Marju Baldursdóttur. Það eru dásamlegar stundir um jólin að liggja uppi í rúmi og lesa.“ Hún hugsar sig um. „Kerti, jólaseríur og lesa góða bók, það er toppurinn skilurðu.“

Ekki segist Helga mun eftir slæmri jólagjöf. „Því miður; ég vildi ég gæti hjálpað þér en ég man bara ekki eftir neinni.“ *- nrg*

# Hundurinn fékk flísteppið

„Já, góð spurning. Ég er nú ekki í neinum vafa að flísteppið frá Kaupþingi var versta gjöfin; það var ekkert spes. Þegar allt fór í vaskinn í „dottkomm“ hérna um árið, þá sendu þeir flísteppi á kúnnana sem fengu ekkert sérstakar viðtökur. Þau voru ljót og hafa alltaf verið notuð sem hundateppi á mínu heimili,“ segir Sveinn Andri Sveinsson lögfræðingur og hlær. „Ætli besta gjöfin sé ekki eitthvað sem lögfræðistofan hefur gefið okkur hérna. Ég held að það séu bara vínflöskurnar sem við gefum sjálfum okkur. Þetta er ekki mjög frumlegt svar en svar þó,“ segir Sveinn. *- nrg*



**Sveinn Andri Sveinsson**



**● GÓÐAR HUGMYNDIR** Sérsniðnir gjafapakkar og heimsending er meðal þess sem gjafavörufyrirtækið Valfoss býður upp á fyrir þessi jól; sem dæmi um gjafir má nefna matarkassa og ýmsa erlenda og innlenda gjafavöru, svo sem sérstakan jólaóróa, jólakött á rauðu bandi. Hluti söluandvirðisins af honum rennur til Mæðrastyrksnefndar. Þá hefur Valfoss gefið út sérstakan bækling með hugsanlegum gjafasamsetningum sem gaman getur verið að blaða í til þess að fá góðar hugmyndir.








## Vinnuvélar




Óska eftir að kaupa bílkrana ásamt dælu og tengibúnaði á pickup sem lyftir 500kg. Uppl. í s. 893 0597, Siggi.

## Bátar

20-40% afsláttur af öllum vörum út þessa viku! Þurrgallar, blautgallar, skór, hanskar, bátastígvél, hettur, björgunarvesti, brimbretti og fl. Fullt af flottum vörum! ATH opið frá 17-20 eftirmiðdag, 12-16 laugardag. Gúmmíbátar & Gallar S: 571 1020, Askalind 7, 201 Kópavogur. Gúmmíbátar & Gallar, www.gummibatar.is

6 tonna trétrilla til sölu, ýmis skipti koma til greina. Uppl. í s. 849 3230.

## Bílaþjónusta

Gott Bón á góðu verði fyrir bílinn þinn! Sækjum og skilum frítt. Fannar og Guðmundur. S: 694 9384, 867 9121.

## Hjólbarðar




Óslitin vetrardekk. Harðskeljadekk. Stærð 275/60 R18. 4 stk. V. 100 þús. S. 892 4488.

Vantar heilsársdekk 225/65 R17. Lítið notuð. S. 898 0808.

## Varahlutir

VAKA

Kaupum og sækjum bilaða bíla. Hafðu samband í síma 5676700 (varahlutaverslun). Vakabílar.is

Er að rífa Toyota Yaris '00, Corollu Hatcback '96, '97 1600, Xli 1300 '94, Escord '98. Accent árg. '95. Impreza árg. '99. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Hyundai Elantra Wagon '97. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**www.netpartar.is Bílapartasala**
Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa Swift 05-09, Grand Vitara '05 Yaris '05 BMW 525 disel '02 Honda Civic '97 Renult Kango '99, Dodge Carvan '97 og Nissan Primera '99, almera '99, Peugot 306 '98. , Kaupum bíla í niðurrif.

# ÞJÓNUSTA

## Jólaskemmtanir




Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S. 692 6020 & 692 6010, gryla@jolasveinarnir.is

## Hreingerningar



gluggahreinsun-bg.com Hreinir gluggar er okkar fag. Fáðu tilboð S.892 8949.

Tek að mér þrif í heimahúsum, leikskólum, skólum og skrifstofum. S. 663 7712.

**Teppahreinsun**
Tek að mér teppahreinsun fyrir húsfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Upplýsingar í s. 892 9499

## Garðyrkja

**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum. Sími 892 1663.**







Jólaskreytingar, trjáklippingar og fellingar, laufa og lóðahreinsanir, stéttahreinsun, þökulagnir, jarðvegsvinna, smíðar og margt fleira. Garðar Best ehf s. 698 9334 www.garðarbest.is, netfang: gardarbest@gardarbest.is

Til sölu Aspir 4-6m. 10.000 kr. stk. nokkuð magn. Upplýsingar í s: 898-2489.

## Bókhald

Bókhald, uppgjör, ársreikningar, launavinnslur. Mjög öflugur bókhalds- og uppgjörsaðili getur bætt við sig verkefnum. S. 772 55 33 Info@BetraBokhald.com

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Fjármál

**Fjárhagserfiðleikar?**
Við aðstoðum einstaklinga og smærri fyrirtæki við endurskipulagningu fjármálanna. 100% trúnaður. Áralöng reynsla. B7 Ráðgjafar sími: 845 3777.

## Málarar

**Málarar geta bætt við sig verkefnum, uppl. s. 891 9890**

Málarar geta bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, hagstæð kjör! Uppl. í s. 773 0317.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málari getur bætt við verkefnum !**
Málari með réttindi getur bætt við sig verkefnum. Reynsla og fagmennska í fyrirrúmi. Uppl. í s. 699 5501.

## Búslóðaflutningar

Búslóðaflutningar og allir alm. flutningar. Meðalstór og stór bíll. S. 661 1977 www.toppflutningar.is

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




**Málingarvinna**
**Tökum að okkur að mála íbúðir, sameignir og stigaganga, ásamt verslunar og skrifstofuhúsnæði. Leggjum áherslu á snyrtilega umgegni. Gerum föst tilboð að kostnaðarlausu eða tímavinna. Bjóðum örugga þjónusta og lærða fagmenn. Uppl. í s. 869 3934.**

Viðhalds Verk ehf

**Húsaviðgerðir**
Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

**ERU SKOLPLAGNIR BILAÐAR?**
**Endurnýjum skolplagnir með nýrri tækni, ástandsskoðum skolplagnir með röramyndavél. Kíktu á nylogn.is Uppl. í síma 893 9229.**

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**




**smidaland.is**
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

**VIÐHALD** fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Setjum upp jólaljós í garða og hús. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Húsaviðgerðir**
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598. .

**Óli smiður**
Smíðaverk stór sem smá, mikil reynsla og sanngjarnt verð. Óli smiður, 698 9608.

**Flisaverk.is**
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö Niðurrif-Förgun-Múrverk-Flísalagnir-Pípulagnir-Rafmagn-Smíðar kristjan@flisaverk.is S: 898 4990.

Smiður getur bætt við sig verkefnum, vanur allri smíðavinnu úti sem inni, áratugareynsla. Uppl. s. 867 7753

**Múrverktakar**
Múrvertakar geta bætt við sig öllu almennu múrverki og húsaviðgerðum. Einnig flísalagnir og hellulagnir. Margt kemur til greina. S. 865 2782.

## Stífluþjónusta

**Stífluþjónustan ehf**
**S. 554 2255 / 896 5800**
**Stíflulosun-röramyndum**
**www.stiflutjonustan.is**

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

**Tölvufjarhjálp**
Við tengjumst við skjáinn þinn og leysum tölvuvandamálin. Nánar á www.midnet.is Opið 18-24 alla virka. Miðnet ehf. S 564-0690.

**Tölvuviðgerðir - vírushreinsanir - Gagnabjörgun**
Geri við allar tegundir. 15 ára reynsla og microsoft vottun.Ríkharður - Miðnet ehf - S. 6152000

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, flest tölvuvandræði leyst. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

## Nudd

Whole body massage. Tel. 849 5247.

NUDD.NUDD.NUDD. EXCELLENT TANTRIC WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN.S.822 7301.

**NUDD**
Whole body massage. S. 841 8529.

NEW!LUXURY TANTRIC MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME! 869 8602.

NEW NEW NEW!!!HAPPY WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME! 8956687 .BETTI.

Whole body massage. S. 869 1824.

## Spádómar

**Steinunn 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Opið 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro**

**Spálínur Sjáandans**
**Opið virka daga Sjáandinn S. 908 2727 kl. 18-22 þri.-fim**
**Sibba 908 2507 kl. 22-24**
**Spádómar og ráðgjöf**

**Spásími Daddýar 846 6364.**
**Opið frá kl. 12-24 alla daga. Ekkert mínútugjald Visa/Euro**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir frá kl. 16.00. Alla daga.

## Rafvirkjun




## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í HP, Brother, Canon og Epson send samdægurs heim að dyrum eða í vinnuna sjá nánar á www.blekhylki.is

# KEYPT & SELT

## Verslun



Erum að taka upp nýjar vörur. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 www.clamal.is

**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
**bathmate.is**




## Til sölu




Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. Tilboð Jólakort með umslagi 99 kr.- www.prentlausnir.is

## Barnagæsla

Erum hjón í vallarhverfi í Hafnarfirði og vantar barnapössun af og til í miðri viku á kvöldin fyrir 7 og 3ja ára börn. nánar 6180317

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is Eina löggilda hundaræktunin í landinu.**
**Sími 566 8417 bjóðum visa/euro raðgreiðslur.**

## Ýmislegt

**Jólahreingerningar!**
Tek að mér hreingerningar á fyrirtækjum og heimilum fyrir jólin. Vönduð vinnubrögð. Uppl. á email hrannarjons@simnet.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 35.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi til leigu í Kópavogi. Aðgangur að eldhúsi og þvottahúsi. Tengi fyrir Stöð 2 og Sýn. Uppl. s. 893 2385.

Til leigu 5 herb. íbúð á Framnesvegi í Rvk frá 1. des '09. V. 125 þús. Langtímaleiga. S. 865 9611 & 554 3168 & 554 3158.

4 herb. 100fm íbúð í atvinnuhúsnæði á Bíldshöfða. 130þús. á mán. Laus strax. s: 699 0059.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

62 fm 2 herb. íbúð í 111 til leigu strax. Stór herb. til leigu með öllu. S. 615 4775.

**Stúdíóíbúð**
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð 57 þ. S. 824 6692.

Herb. til leigu á sv. 109. Uppl. í s. 895 8601.

## Húsnæði óskast

Studió / 2ja herb í REY / KOP óskast í 3 mán skammtímal 858 8265.

Óska eftir studíóíbúð á góðum stað frá og með áramótum. Er reyklaus, reglusamur og skilvís. Greiðslug. 50-70þ. S. 897 9405.

Óska eftir litlu iðnaðarbili eða góðum bílskúr til leigu, helst í Kópavogi eða nágrenni. Uppl. s. 698 1838 sigurtak@internet.is

## Atvinnuhúsnæði

Iðnaðar- og lagerhúsnæði til leigu í Hafnarfirði. Nokkrar stærðir, hagstætt verð. S: 8224200

Óska eftir að taka á leigu eldhús fyrir veisluþjónustu. Með eða án leyfis. S. 897 4912 larus@simnet.is

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Sparaðu þér sporin**
Sparaðu þér sporin Upphituð geymsla fyrir bíla, ferðavagna, mórorhjól og báta í pósnúmeri 105 Reykjavik. Uppl í síma 824 8425.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymsluhús.is**
Mjög gott 3000m2 upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi,fellihýsi, tjaldvagnar, bílar ofl. ATH!gott verð!! Uppl, í síma 770-5144

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

## Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

2 manna herb. í miðbæ Rvk. 6500 kr. nóttin. Gistiheimilið Egilsborg s. 896 4661.

## Fasteignir

**VALHÖLL FASTEIGNASALA**
Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

**Viðskiptatækifæri**
**Leigufélag við Hraunbæ í Reykjavík.**



Við hjá Valhöll fasteignasölu Síðumúla 27, höfum fengið til sölumeðferðar leigufélag sem er staðsett við Hraunbæ í Reykjavík. Um er að ræða 22 íbúðir 2ja og 3ja herbergja og 6 íbúða raðhús. Húsin voru byggð árið 2004 . Allar eignirnar eru í útleigu. Góð áhvílandi lán. Kjörið viðskiptatækifæri fyrir fjárfesta.
**Allar nánari upplýsignar um eignirnar gefur sölufulltrúi Valhallar Páll Höskuldsson í síma 864 0500 - pall@valhöll.is**

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

## Tilkynningar

MOSFELLSBÆR

### Við Skarhólabraut

### Tillaga að deiliskipulagi og breytingum á aðalskipulagi

Mosfellsbær auglýsir hérmeð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að deiliskipulagi lóðar fyrir slökkvi- og lögreglustöð norðan Skarhólabrautar, næst gatnamótum við Vesturlandsveg. Lóðin er um 16.700 m$^2$ að stærð, með tvær tengingar við Skarhólabraut. Meginbyggingin er tveggja hæða, staðsett norðantil á lóðinni, með aðstöðu slökkviliðs í austurenda og fyrir miðju en lögreglustöð í vesturenda Bílastæði og athafnasvæði verða sunnan hússins. Austast á lóðinni er gert ráð fyrir tækjageymslu í stakri byggingu. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,4.

Samhliða ofangreindri tillögu að deiliskipulagi er einnig auglýst skv. 1. mgr. 21. gr. sömu laga tillaga að breytingum á aðalskipulagi. Í tillögunni felst að settur er inn 1,7 ha reitur með skilgreiningunni „svæði fyrir þjónustustofnanir" norðan Skarhólabrautar næst Vesturlandsvegi. Vesturhluti þessa reits er í gildandi aðalskipulagi skilgreindur sem opið, óbyggt svæði en austurhluti hans er skilgreindur sem íbúðarsvæði (hluti af Túnahverfi).

Ofangreindar tillögur verða til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 1. hæð, frá 19. nóvember 2009 til 31. desember 2009, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér þær og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni: www.mos.is/Skipulagogumhverfi/Skipulagsmal-/Skipulagsauglysingar/Umkynningu/. Tillaga að breytingum á aðalskipulagi liggur einnig frammi hjá Skipulagsstofnun.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og hafa borist skipulags- og byggingarnefnd Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eigi síðar en 31. desember 2009. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við auglýsta tillögu innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

13. nóvember 2009,
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Rjúpur Rjúpur Rjúpur!**
**Nú er snjólínan kominn niðurí byggð!**
**og Rjúpan fylgir með!**

**Tilboð á Gistingu og Mat í Víðigerði!**

**Kjötsúpa í kvöldmat!**

**Gisting og íslenskur morgunmatur!!!**

**Aðeins 5000 íslenskar krónur**
**Upplýsingar og pantanir í s. 451 2592.**

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Hlölli á Höfaðnum**
**Óskar eftir afgreiðslu fólki, ekki yngra enn 18 ára. Vaktavinna. Upplýsingar í s. 892 9846 eftir kl. 14:00 á daginn eða á staðnum.**

**Veitingahúsið - Lauga-ás.**
**Okkur vantar duglegan og reglusaman starfskraft við uppvask og aðstoð í eldhúsi. Kvöld og helgarvinna**
**Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1.**

**Kökuhornið Bæjarlind**
**Óskum eftir starfsfólki á tvískiptar vaktir 06:30-13:00 og 13:00-18:30 (ca. 73,43% starfshlutfall). íslenskukunnátta skilyrði.**
**kokuhornid@kokuhornid.is**
**S. 866 0060, Ingibjörg**

**Háseta vantar.**
**Vana háseta vantar á beitningavélarbát sem gerir út frá Vestfjörðum**
**Upplýsingar í síma 846 3526**

**Afgreiðslustarf**
**Bakarameistarinn Húsgagnahöll óskar eftir snyrtilegum og duglegum starfsmanni til afgreiðslustarfa. Íslennskukunnátta skilyrði. Vinnutími frá 06:00-13:00 virka daga, viðkomandi þarf að vera á bíl**
**Umsóknareyðublöð má nálgast á www.bakarameistarinn.is**

**Vaxandi útgáfufélag leitar að sölumönnun.**
**Um er að ræða verktakavinnu í nóvember og desember. Umsækjendur þurfa að hafa bíl til umráða og vera 20 ára eða eldri. Mikil vinna og sanngjörn laun fyrir réttan aðila. Sendið póst á hildur@goggur.is. Takið fram símanúmer, nafn, aldur og fyrri störf. Öllum verður svarað.**

Nýr valkostur skráðu þig í
**atvinnuleit.is**
það virkar!
**Atvinnurekendur auglýsa frítt!**

**Kvöld- og helgarvinna**
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 550 3610 kol@kol.is

**Bílamálari óskast**
Bílmálning ehf. óskar eftir bifreiðasmið og bílamálara. Góð laun í boði. Umsóknir sendist á tjonaskodun@tjonaskodun.is. Uppl. í s 445 6480.

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

Óska eftir tilboði í uppsetningu á gipsveggjum. Óska einnig eftir tilboði í að einangra loft. Guðbjörg 863 1616.

## Atvinna

**Tal leitar að kraftmiklu fólki í skemmtilega og vel borgaða vinnu!**

Ef þú ert dugleg/ur og heiðarleg/ur þá við viljum þig í vinnu hjá okkur í söluverinu.

- Mjög góð laun
- Skemmtilegur vinnustaður
- Vinna frá 17-22 mánudaga til fimmtudaga

Frekari upplýsingar veitir Hannes í síma 615-2090 eða hannes@tal.is

## Fasteignir




**Eignatorg** Sími 510 3500
Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl.
Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali

**Eignatorg kynnir:** Mikið endurnýjuð og vel skipulögð 90 fm, 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu fjölbýli í Árbænum. Nánari lýsing: Komið er inn í forstofuhol með parketi á gólfi og forstofuskápum. Endurnýjað eldhús með náttúruflísum á gólfi, fallegri, hvítri innréttingu, borðkrók og glugga. Sér Svefnherbergisgangur með parketi á gólfi. Endurnýjað baðherbergi með flísum á gólfi, flísum á veggjum, baðkari, innréttingu, glugga og tengi fyrir þvottavél. Herbergi með plastparketi á gólfi. Hjónaherbergi með plastparketi á gólfi og eldri skápum. Stofa með parketi á gólfi, gluggum til vesturs og hurð út á vestursvalir. Í kjallara er sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús. Verð 20,8

**Allar nánari upplýsingar gefur Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is**






**Sóleyjargata 17 | 101 Reykjavík | Fax 510 3501 | www.eignatorg.is**

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Svartur tveggja ára fresskötur fór í fóstur á Holtsgötu í Hafnarfirði fyrir um þrem vikum og hefur ekki skilað sér. Hann er með smávegis hvítt á loppunum og sérstakan hvítan hring hægra megin á trýninu. Sjá mynd. Kötturinn heitir Herbert, hann var ekki með ól en hann er eyrnamerktur 09H028. Vinsamlegast hafið samband við Ingibjörgu í síma 863 6394, Meðalholti 12, 105 Reykjavík.

## Einkamál

**Símadömur 908 1616**
**Hringdu og daðraðu við okkur. Njóttu þess að tala og hafa gaman að.**

**Við erum alltaf við.**

**Vodafone/Tal 908 1616**



**Ný upptaka**
Hún tók sjálfa sig upp í ljúfum leik í baði í - og hlustaðu eftir blæbrigðum raddarinnar þegar nær dregur, þau eru svo ákaflega djúp og innileg. Þú heyrir upptökuna hjá Sögum Rauða Torgsins, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort) uppt.nr. 8570.

**Fjörugar símadömur**
Nú er stuð á dömunum á Rauða Torginu! Undanfarið hafa um 10 yndislegar dömur verið að leika sér og það hefur ekki verið spjallað svona mikið síðan löngu fyrir hrun! Hver verður vinkona þín í kvöld? En á morgun? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).



**LISTDANSARAR** Hittingur verður hjá þeim, Ingibjörgu Björnsdóttur til heiðurs.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR.

# Dansarar hittast

Fyrrverandi nemendur og aðstandendur Listdansskóla Þjóðleikhússins munu hittast í Þjóðleikhúskjallaranum klukkan 20 næstkomandi laugardagskvöld, hinn 21. nóvember 2009. Tilgangurinn er að heiðra Ingibjörgu Björnsdóttur sem var skólastjóri skólans í rúm tuttugu ár og einnig myndast þar gott tækifæri fyrir fyrrverandi nemendur og aðstandendur þeirra að hittast og gleðjast saman.

Fyrsti skólastjóri Listdansskólans var Erik Bidsted en árið 1977 var Ingibjörg Björnsdóttir ráðin til starfans. Hún stýrði skólanum til ársins 1997 er Örn Guðmundsson tók við. Núverandi skólastjóri er Lára Stefánsdóttir.

**- gun**

# Styrkir hreyfihamlaða

Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar óskar eftir umsóknum um styrki sem koma til úthlutunar 3. desember 2009, á Alþjóðadegi fatlaðra.

Umsóknunum skal skila til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, Hátúni 12, Reykjavík fyrir 30. nóvember 2009 í umslagi merktu minningarsjóðnum.

Tilgangur sjóðsins er einkum tvíþættur. Hann er að styrkja hreyfihamlaða einstaklinga til náms og einnig einstök málefni með aðgengi fyrir hreyfihamlaða í huga.

Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef svo ber undir og hún þakkar öllum sem hafa lagt sitt af mörkum að undanförnu til að styrkja sjóðinn.



**JÓHANN PÉTUR SVEINSSON** Lögfræðingur.




**SÖFNUNARFÉÐ AFHENT** Forsvarskonur átaksins „Á allra vörum“ með formanni og framkvæmdastjóra SKB.

# Góð byrjun fyrir Hetjulund

Formleg lok söfnunarátaksins „Á allra vörum“, var í gær. Þá var söfnunarféð afhent forsvarsmönnum Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna (SKB). Alls söfnuðust í átakinu 53.100.000 krónur og verður söfnunarféð notað til að byggja nýtt hvíldarheimili fyrir krabbameinssjúk börn og fjölskyldur þeirra.

Átakið hófst formlega 1. júní síðastliðinn en þá hafði undirbúningur staðið frá því í desember 2008 þegar forsvarskonur „Á allra vörum“ komu að máli við Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna með það í huga að styrkja félagið með sölu á varaglossi á árinu 2009. Áður hafði stjórn SKB rætt um þörfina á að koma upp nýju og fullkomnu hvíldarheimili fyrir félagsmenn og því kom boðið um stóra söfnun sér afar vel fyrir félagið.

Í upphafi voru seld DiorKiss varagloss og fór salan fram í völdum verslunum á höfuðborgarsvæðinu, í flugvélum Iceland Express og í gegnum Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna. Söfnunin náði hámarki með beinni útsendingu á Skjá einum hinn 28. ágúst þegar íslenska þjóðin gaf hvorki meira né minna en 45 milljónir króna á þeim þremur klukkustundum sem útsendingin fór fram. Að auki bárust ómæld framlög í formi vinnu við tilvonandi hús og loforð um ýmsa hluta í innbú hússins og fleiri góðar gjafir. Í þættinum var einnig efnt til samkeppni um nafn á nýja hvíldarheimilið og valdi þjóðin nafnið Hetjulundur sem vísar glöggt til þess hverjir það eru sem munu nýta húsið.



# GÓÐAR FRÉTTIR

## Nú er Fréttablaðið aðgengilegt hringinn í kringum landið.

Frídreifing verður áfram á höfuðborgarsvæðinu, suðvesturhorninu, Akranesi, Reykjanesi, Akureyri, í Borgarnesi og Árborg.

Nú verður Fréttablaðið líka aðgengilegt í öllum öðrum landshlutum og fæst í lausasölu á kostnaðarverði.

Þeir sem hafa áhuga á að fá blaðið til sölu á kostnaðarverði vinsamlegast hafi samband við Pósthúsið í síma 585 8300.




### Hér færðu Fréttablaðið á kostnaðarverði:

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Ásbyrgi** | Verslunin Ásbyrgi | **Neskaupstaður** | Olís |
| **Bakkafjörður** | Mónakó | **Ólafsfjörður** | Olís |
| **Baula** | Verslun | **Ólafsvík** | N1 – Olís |
| **Blönduós** | N1<br>Potturinn og pannan | **Patreksfjörður** | Grillskálinn Patreksfirði<br>N1 |
| **Dalvík** | N1 – Olís | **Raufarhöfn** | Verslunin Urð |
| **Egilsstaðir** | N1 | **Reyðarfjörður** | N1 – Olís – N1 |
| **Eskifjörður** | Shell skáli<br>Kría veitingastaður | **Rif** | Umboð Shell / Tandur |
| **Fellabær** | Olís | **Sauðárkrókur** | N1 – Shell skáli<br>Hlíðarkaup |
| **Hella** | Olís | **Siglufjörður** | Olís |
| **Hellissandur** | Hraðbúð N1<br>Shell | **Skagaströnd** | Olís |
| | | **Staðarskáli** | N1 |
| **Húsavík** | N1 – Olís – Shell skáli | **Stykkishólmur** | Bónus – Olís – Bakarí |
| **Hvolsvöllur** | N1 – Söluskálinn Björk | **Stöðvarfjörður** | Brekkan veitingastaður |
| **Höfn** | N1 – Olís | **Víðigerði** | Verslunin Víðigerði |
| **Ísafjörður** | N1 | **Vík** | N1 |
| **Kópasker** | Búðin Kópasker | **Vopnafjörður** | N1 |
| **Laugarvatn** | Tjaldmiðstöðin | **Þórshöfn** | N1 |

Hægt er að fá Fréttablaðið sent frítt í tölvupósti á morgnana eða nálgast það á Visir.is.




Allt sem þú þarft...


# Mitt framlag til þjóðfundar

**BAKÞANKAR Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Fréttir af þjóðfundinum mikla í Laugardal, sem mér bárust hingað til Spánar, urðu til þess að ég fór að hugleiða hvernig þjóðfélag ég vil. Ég ræddi þetta meira að segja við Manolo kaupmann meðan ég var að versla hjá honum fyrir skemmstu.

**HANN** og nýlenduvöruverslun hans mega muna sinn fífil fegri. Karlinn heyrir afar illa og er ósköp fótalúinn. Þess vegna ganga viðskiptin oftast hægt fyrir sig því panta þarf yfir búðarborðið og bíða uns sá aldni nær í varninginn í hólfum og hillum sem sumar ná margra metra upp í loft.

**MÉR** er minnisstætt þegar ég spurði hann hvaða rauðvín þetta væri í efstu hillunni. Ég ætlaði einungis að forvitnast um vínið en hann fór þá þegar að fikra sig upp óstöndugar tröppurnar. Ég bað hann að hætta þessu brölti enda sá ég fram á að vínleiðangur þessi yrði honum að aldurtila. Hann hélt sínu striki en þegar komið var í efsta þrep varð honum ljóst að enn vantaði upp á svo hann næði í flösku. Ekki veit ég hvort hann hafði skroppið svona saman frá því að hann raðaði í efstu hilluna.

**MANOLO** náði í prik, hélt síðan aftur upp til að ná í vínflösku og hélt mér í sálarangist á meðan. „Þetta er afskaplega gott vín," sagði kaupmaðurinn en náði svo að fikra flösku fram af hillunni með prikinu en greip hana svo í fallinu. Ég var við það að hringja í spænsku neyðarlínuna. „Það gera fimm evrur, góði," sagði hann loks er hann kom niður.

**FRÁ** Manolo fór ég í Mercadona-stórmarkaðinn. Þar sá ég nær ótakmarkað úrval af ávöxtum sem voru óaðfinnanlegir í laginu en ekki skítugir og óreglulegir eins og hjá þeim gamla. En ég hef oft keypt ávexti í stórmarkaðnum og þeir reyndust iðulega svo bragðlausir að þeir minntu á svipbrigði starfsfólksins meðan það býður góðan daginn með vélrænum hætti. Eflaust er starfsliðið löngu orðið hálfgeggjað á pípinu í skannanum, tómlætislegu viðmóti viðskiptavinanna, viðbjóðslegum auglýsingastefjum sem dynja úr hátölurunum og gerviefnunum í vörunum sem boðið er upp á.

**ÉG** hef enn ekki ákveðið hvernig þjóðfélag ég vil nema þá að ég kysi heldur að hafa það í anda Manolos gamla en Mercadona.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




MESTA ÚRVALIÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
WINDOWS 7
MEÐ ÖLLUM NÝJUM FARTÖLVUM
9.990
UPPFÆRSLA
14.900
TIL AFGREIÐSLU STRAX
40% AFSLÁTTUR
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
512MB
VIFTULAUST GIGABYTE 9600GT SKJÁRKORT
14.940
HVERGI BETRA VERÐ
SPILARI
MARGMIÐLUNARSPILARI
TENGIST USB FLAKKARA
720P UPSCALING
9.990
4 BLAÐSÍÐUR
STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**Skilamiði**
Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.
Skilafrestur bóka 11. jan. 2010
**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar

## Einfalt að skila og skipta!




35%* afsláttur
TILBOÐ 2.260
Leiðb. verð 3.490,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 2.260
Leiðb. verð 3.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.980
Leiðb. verð 5.690,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 4.190
Leiðb. verð 5.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.830
Leiðb. verð 5.480,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 2.390
Leiðb. verð 3.680,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.840
Leiðb. verð 5.490,-






35%* afsláttur
TILBOÐ 1.800
Leiðb. verð 2.790,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 1.740
Leiðb. verð 2.690,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 1.800
Leiðb. verð 2.790,-



Allir titlar fást í Smáralind, Kringlu, Holtagörðum og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum
* Afsláttur reiknast af almennu verði eða leiðbeinandi verði.

Gildir 19.-22. nóvember

# 30-70% afsláttur

## af vinsælum bókum




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.980
Leiðb. verð 5.690,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 13.290
Leiðb. verð 18.990,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.690
Leiðb. verð 5.690,-



30%* afsláttur
TILBOÐ 3.840
Leiðb. verð 5.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.699
Leiðb. verð 5.290,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Leiðb. verð 4.999,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.880
Leiðb. verð 5.980,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 4.890
Leiðb. verð 6.990,-



70%* afsláttur
TILBOÐ 900
Alm. verð 2.999,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.720
Leiðb. verð 3.890,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Leiðb. verð 4.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.090
Leiðb. verð 2.990,-

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

**ath kl. 16.**
*Fimm þýðendur lesa upp úr verkum sínum á Þýðingahlaðborði Bandalags þýðenda og túlka á Háskólatorgi í dag. Þýðendurnir eru Elísa Björg Þorsteinsdóttir (Málavextir), Jón Hallur Stefánsson (Chicago), Kristján Árnason (Ummyndanir), Sigrún Á. Eiríksdóttir (Leikur engilsins) og Sigurður Karlsson (Yfir hafið og í steininn). Þýðendurnir ræða jafnframt um verkin og þýðingarvinnuna sjálfa. Allir velkomnir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Rússíbanar koma saman á ný

Það hefur farið lágt nema fyrir austan en Rússíbanarnir hafa verið á túr. Í samstarfi við tónlistarfélög fyrir austan hafa þeir félagar spilað kvöld og daga fyrir Austfirðinga og Héraðsmenn: Egilsstaðir, Reyðarfjörður, Þórshöfn og Vopnafjörður voru sóttir heim og á daginn spiluðu þeir á tónleikum í grunnskólum í hinu merkilega átaki mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem Jónas Ingimundarson hrinti af stað fyrir mörgum árum.

Nú snúa þeir hingað í heimabæ sinn, Reykjavík, og slútta þessari törn með tónleikum í Norræna húsinu á sunnudag í tónleikaröðinni 15:15.

Rússíbanar hafa haft hægt um sig undanfarin misseri en ferð þeirra austur og tónleikarnir í Vatnsmýri eru kærkomið tækifæri aðdáendum þeirra til að hitta bandið á endurfundum. Í hópinn á sunnudag bætist harmónikusnillingurinn Tatu Kantomaa sem kominn er til landsins og dvelur hérlendis í nokkra daga. Fyrir eru á fleti þeir Guðni Franzson, Jón Skuggi, Kristinn H. Árnason og Matthías M.D. Hemstock.



**TÓNLIST** Rússíbanar á blússi.

Rússíbanar leika blandaða dagskrá höfunda á borð við Mozart, Brahms, Milhaud og fleiri erlenda menn, heimstónlist frá Austur-Evrópu, Asíu, Suður-Ameríku og víðar, ný tónverk eftir íslensk tónskáld s.s. Hróðmar I. Sigurbjörnsson, Hjálmar H. Ragnarsson, tónsmíðar sérstaklega saman settar fyrir bandið og lög úr smiðju meðlima hljómsveitarinnar. Talsvert af efninu hefur áður komið út á geisladiskum en hluti er nýtt efni og útsetningar hópsins.

Þetta verða einu tónleikar Rússíbananna hér á höfuðborgarsvæðinu að þessu sinni.

### > Ekki missa af

Í kvöld heldur hljómsveitin Árstíðir tónleika á Café Rosenberg. Þetta eru fyrstu tónleikar sveitarinnar þar í nokkurn tíma en hún hefur verið tíður gestur þar frá því hún hóf að koma fram. Meðlimir hafa legið undir feldi að undanförnu og mun nýtt efni líta dagsins ljós á tónleikunum sem hefjast kl. 22.00.

## Brahms og Schumann

Milli tónskáldanna Roberts Schumann og Johannesar Brahms ríkti djúp vinátta þótt kynni þeirra yrðu ekki langvinn. Þeir áttu samleið um tíma og hefur verkefnanefnd Sinfóníunnar notað tækifærið og sett þá í samlokugerð sem gestir hennar munu njóta fram undir vor 2011. Svo er líka nægt tilefni að 8. júní 2010 eru 200 ár liðin frá fæðingu Schumanns. Í þessari röð verða sinfóníur þeirra og einleikskonsertar fyrir ýmis hljóðfæri á dagskrá.

Á fyrstu tónleikunum í kvöld hljómar hinn geysivinsæli píanókonsert Schumanns, glóðheit ástarjátning hans til Clöru eiginkonu sinnar. Clara Schumann var líka sú fyrsta sem Brahms leyfði að heyra fjórðu sinfóníu sína tæpri hálfri öld síðar. Í sinfóníunni mætast nútíð og fortíð á áhrifamikinn hátt; tónlistin er tilfinningaþrungin og rómantísk en í síðasta kafla lítur aldna tónskáldið um öxl og byggir á kantötukafla eftir Johann Sebastian Bach.

Hjómsveitarstjórn er í höndum Evu Ollikainen sem er ekki nema 27 ára gömul en hefur þegar vakið verðskuldaða athygli víða um heim. Hún vakti mikla aðdáun þegar hún stýrði Sinfóníuhljómsveit Íslands í 4. sinfóníu Nielsens haustið 2007 og bæði hljómsveit og áheyrendur létu í ljós ósk um að hún kæmi fljótt aftur. Nú er komið að því og það er gaman að geta þess að þau Siirala voru samtíða í Sibeliusar-akademíunni í Helsinki. Þar léku þau stundum saman píanókonserta fjórhent en þetta verður í fyrsta sinn síðan þau luku námi sem þau koma fram á sömu tónleikum.



**STJÓRNANDINN** Eva Ollikainen vann hjörtu gesta hér fyrir tveimur árum og er snúin aftur. MYND/SÍ/JUKKA RITOLA

Einleikari á tónleikunum er finnski píanóleikarinn Antti Siirala sem skaust upp á stjörnuhimininn þegar hann bar sigur úr býtum í Beethoven-píanókeppninni í Vínarborg 1997 og festi sig í sessi þegar hann endurtók leikinn í píanókeppninni í Leeds 2003. Þessi einstaklega hæfileikaríki píanisti er á algjörum heimavelli í píanókonserti Schumanns, enda hefur hann fengið mikið lof heimspressunnar fyrir flutning sinn á rómantískri tónlist.

Tónleikarnir verða sendir út á rás 1 Ríkisútvarpsins og fyrir þá verður Árni Heimir Ingólfsson með kynningu á verkunum á efnisskránni í safnaðarheimili Neskirkju.

**pbb@frettabladid.is**

## RAUTT BRENNUR FYRIR

**Nýtt íslenskt verk verður frumsýnt á Nýja sviði Borgarleikhússins í kvöld á vegum Leikfélags Reykjavíkur. Höfundur verksins er Heiðar Sumarliðason en leikstjóri er Kristín Eysteinsdóttir.**

Heiti leiksins kemur spánskt fyrir sjónir, Rautt brennur fyrir sækir titilinn í forna texta og segir Heiðar að það þýði að einhvers góðs sé að vænta. Þetta er fyrsta verk Heiðars sem kemur á svið en hann er skólaður úr diplómanámi Listaháskólans, Fræði og framkvæmd, og stundar nú nám í leikstjórn í London.

Þótt titillinn sé forn að uppruna er efni leiksins tekið úr samtíma okkar: „María og Kristján eru á yfirborðinu ósköp venjulegt ungt par. Kristján telur sig hafa ráðið leyndardóma mannskepnunnar með kenningum sálfræðinga, en eftir að ókunnugur maður brýst inn hjá honum verður hann að takast á við þá staðreynd að heimurinn er ekki eins einfaldur og hann hélt.

Undir sléttu yfirborðinu leynast ógnvænlegir hlutir, fólk er ekki allt eins og það er séð og líf bláókunnugs fólks getur skarast með ófyrirsjáanlegum afleiðingum,“ segir í útlistun leikhússins um efni þess. Heiðar dregur enga dul á að hann sækir efnið í nánasta umhverfi sitt, fréttir í dagblöðum, samtöl í partíum, lífsgildi: „En það sem verkið í raun og veru fjallar um og er viðbragð við, er þessi „aspartame“-kynslóð sem ég sá að var að koma upp og ég var hluti af. Hundrað prósent upplifun, engar afleiðingar. Verkið fjallar um að það eru alltaf afleiðingar, en að fólk má þó ekki gleyma fyrirgefningunni, við erum öll mannleg og okkur verða öllum á mistök,“ segir Heiðar.



**LEIKLIST** Rautt brennur fyrir eftir Heiðar Sumarliðason verður frumsýnt í kvöld í Borgarleikhúsinu. Myndin sýnir leikendur og leikmynd og er tekin á æfingu. MYND/LR/GRÍMUR BJARNASON

Finnur Arnar gerir leikmynd og heldur áfram að vinna með hugmynd sína um útlínur húsnæðis, teikninguna af hýbýlum eins og myndin sýnir með greininni. Leikendur eru þau Jörundur Ragnarsson, Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Dóra Jóhannsdóttir.

Heiðar er fæddur 1979 í Garðabænum og þvældist inn og út úr námi og deildum þar til hann fann fjölina sína í fræðum og framkvæmd. Nú er spurningin hvernig krufning hans á sinni kynslóð, sínum samtíma, hittir í hjörtu áhorfenda. Sem fyrr er gert ráð fyrir snörpum sýningartíma á verkinu á Nýja sviði svo þeir sem vilja fylgjast með verða að drífa sig.

**pbb@frettabladid.is**


Íslenski dansflokkurinn

Djammvika

Fersk og tilraunakennd dansveisla, 25. til 28. nóv.

Sýning A
Cardiac Strain (Hjartastreita) Tony Vezich
Shit Kristján Ingimarsson
25/11 kl. 20 Frumsýning – UPPSELT
26/11 kl. 20 Önnur sýning – UPPSELT
28/11 kl. 17 Þriðja sýning

Sýning B
Heilabrot Brian Gerke og Steinunn Ketilsdóttir
Kjúklingur í sauðagæru Peter Anderson
27/11 kl. 20 Frumsýning – UPPSELT
28/11 kl. 20 Önnur sýning – ÖRFÁ SÆTI LAUS
28/11 kl. 22 Þriðja sýning

Miðaverð kr. 2.450
Tilboð: Miðaverð á báðar sýningar (A+B) er 3.450
Miðasala í síma 568 8000 eða á www.id.is

Landsbankinn
Traustur samstarfsaðili Íslenska dansflokksins

[ Íd ] Íslenski dansflokkurinn


## Baggalútur á Garðatorgi



**TÓNLIST** Baggalútur hittir Garðbæinga í kvöld. MYND/BAGGALÚTUR

Hin árlega Tónlistarveisla í skammdeginu á vegum menningar- og safnanefndar Garðabæjar verður haldin í kvöld kl. 21.00 í göngugötunni á Garðatorginu í Garðabæ.

Í tónlistarveislu ársins er það hljómsveitin Baggalútur sem treður upp á torginu. Að venju verður reynt að skapa skemmtilega kaffihúsastemningu, borðum og stólum raðað upp á torginu og gestir geta keypt sér veitingar. Tónleikarnir standa í um eina og hálfa klukkustund.

Hópur myndlistarmanna úr Garðabæ ætlar að sýna verk sín á torginu þetta kvöld og gera má ráð fyrir því að einstaka verslanir verði með opið hús.

Baggalútur er rótgróið framleiðslufyrirtæki í íslenskum menningar- og afþreyingargeira, sem sérhæfir sig í heildarlausnum á sviði þjóðlegrar hámenningar og alþýðlegrar skemmtunar. Félagið starfrækir m.a. sívinsæla hljómsveit og þjóðþekkt vefsvæði.

Hljóðverkadeild Baggalúts hefur sent frá sér hljómskífurnar Pabbi þarf að vinna, Aparnir í Eden, Jól & blíða, Nýjasta nýtt og nú síðast Sólskinið í Dakota. Hljómsveitin sjálf, sem skipuð er mörgum valinkunnustu listamönnum þjóðarinnar, nýtur almennrar hylli, faglegrar virðingar og viðurkenningar alþjóðasamfélagsins.

Garðbæingar hafa undanfarin ár fjölmennt á torgið til að gera sér glaða kvöldstund og hlusta á skemmtilega tónlist. Það er menningar- og safnanefnd Garðabæjar sem býður til þessarar tónlistarveislu. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir á Garðatorgið. Tónleikarnir hefjast kl. 21.

**- pbb**

# Einstök kona, litríkt líf

**KOMIN ÚT**




Ása Guðmundsdóttir Wright var glæsileg læknisdóttir úr Stykkishólmi sem fór út í heim, var kynnt fyrir Bretakonungi og varð hefðarfrú í Cornwall. Síðar flutti hún með manni sínum til Trínidad þar sem þau stunduðu margs konar búskap – jafnvel flóðsvínarækt.

Inga Dóra Björnsdóttir rekur óvenjulega sögu einstakrar konu og ævintýralegt líf hennar á þremur eyjum – Íslandi, Englandi og Trínidad.



*„... merk og sérstæð kona sem á stórbrotinn og næsta einstæðan hátt hlynnti að menningarmálum.“*

*Kristján Eldjárn, forseti Íslands (úr minningargrein um Ásu)*

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




Kraftmikið íslenskt leikrit frumsýnt í kvöld

| | | |
|---|---|---|
| Fim 19/11 | kl. 20 | UPPSELT |
| Fös 20/11 | kl. 20 | Örfá sæti |
| Lau 21/11 | kl. 20 | Örfá sæti |
| Sun 29/11 | kl. 20 | Örfá sæti |

Höfundur
Heiðar Sumarliðason

Miðasala er í síma 568 8000 og á borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

Fíton/SÍA

# Bóksala herðist

Bóksölu er nú tekið að herða. Á nýjum sölulistum Eymundsson Pennans fyrir liðna viku getur að líta hverjir seljast mest og verður fróðlegt að sjá hvað lesendur sækja í verslanir þessa dagana: Svörtuloft Arnalds eru söluhæst en Kristín Marja Baldursdóttir sækir fast á. Í þriðja sæti er ævisaga Óskars Guðmundssonar um frægasta Íslending allra tíma, Snorra Sturluson, þá kemur Brauð og kökubók Jóa Fel sem Hagkaup gefa út. Í fimmta sæti er hin margauglýsta ævisaga Vilhjálms Vilhjálmssonar söngvara eftir Jón Ólafsson. Í sjötta sæti er Jólasveinasaga Brians Pilkington, þá er umdeild skáldsaga Böðvars Guðmundssonar, Enn er morgun. Áttunda sætið skipar Matur og drykkur Helgu Sigurðardóttur. Níunda sætið vermir eini erlendi höfundurinn, Francesca Simon með nýja sögu í röðinni um skálkinn Skúla skelfi, og Rósa Guðbjartsdóttir rekur lestina í tíunda sætinu með nýja uppskriftabók sína, Eldað af lífi og sál.


**BÆKUR** Kristín Marja sækir á Arnald á sölulistum. MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

Bókmenntir ★★★★

**Karlsvagninn**
skáldsaga eftir Kristínu Marju Baldursdóttur




## Tvær konur á flandri

Eftir tvær stórar skáldsögur um listakonu á síðustu öld, uppeldi hennar og örlög, vendir Kristín Marja Baldursdóttir kvæði sínu í kross í stuttri samtímasögu, Karlsvagninum. Hún er samt ekki fjarri eldri högum: Gunnur er sálfræðingur komin yfir miðjan aldur og situr ein eftir í búi sínu, börnin eru farin og hún er komin á þann aldur að endurlitið er óhjákvæmilegt. Þegar á hana er plaserað unglingsstúlku fær hún óvænt áheyranda sem hún er til í að miðla upprifjun á æsku sinni, forfeðrum, foreldrum og fortíð. Krakkinn er dæmigerður íslenskur unglingur og milli þessara tveggja kvenna rís spenna sem sú eldri reynir að leysa með elskusemi, þótt gildi og hugarástand reynist þar erfiðir hjallar.

Gunnur er hin dæmigerða íslenska miðstéttar- og menntakona okkar daga. Hún gengur óhrædd á móti upplifun sinni í bernsku, kryfur af kulda og takmörkuðum skilningi þátt móður sinnar, rétt eins og henni er áfátt og nánast ómögulegt að skilja unglinginn sem hún hefur fangað og vill spegla sig í.

Það er vanþóknun í textanum, hvort sem hún er innlögð af slægð skáldsins eða óhjákvæmilegur fylgifiskur hins miðaldra hugar skaparans: Gunnur, sögumaðurinn, skáldið sannar á sjálfri sér nánast sama fyrirhyggju-forræðishugsunarháttinn og brann á henni sjálfri, þó röddin klæði sig skilningnum og umhyggjusláin sé kirfilega sett á herðarnar.

Þetta er afbragðsvel samin saga þó lesandi fái í pirrurnar yfir máttsterku fjasi um lífsstíl unglinga, andúð á nútímaþægindum eins og gemsum, tölvunotkun og öðru sem hægt er að amast við. Kristín hefur sterk tök á stíl sínum og byggir samskiptin upp af næmi fyrir stígandi, hléum og nýrri spennusúlu. Það er þó eins og í fyrri verkum hennar sterk tilhneiging til að rómantísera í fjarlægð fyrri tíð þótt tilgangurinn virðist vera að fjalla um þá tíma af gagnrýni og rannsóknarvilja kryfjandans. Það hefði verið fróðlegt að sjá hana spegla alveg sögumanninn og segja okkur sömu sögu frá sjónarhóli stúlkunnar. Hvað ætli sú aðför hefði leitt í ljós?

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Athyglisverð og vel skrifuð saga um aðskilda heima.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 19. nóvember 2009**

### → Tónleikar

**19.00** Styrktartónleikar fyrir stofnfrumumeðferð **Ellu Dísar** verða haldnir á Skemmtistaðnum Spot við Bæjarlind í Kópavogi. Meðal þeirra sem fram koma eru: Alan Jones, Edgar Smári, Thin Jim and the Castaways, Bermuda og 3 raddir.

**20.00** Hljómsveitin **BOBA** kemur fram á Fimmtudagsforleik Hins hússins við Pósthússtræti (gengið inn í kjallara frá Austurstræti). Allir eldri en 16 ára og allsgáðir velkomnir. **Enginn aðgangseyrir.**

**20.30** **Bubbi Morthens** heldur tónleika í Félagsheimilinu Hlégarði við Háholt í Mosfellsbæ. Á efnisskránni verða ný lög í bland við eldra efni.

**21.00** Hljómsveitin **Baggalútur** kemur fram á hinni árlegu tónlistarveislu Menningar- og safnanefndar Garðabæjar sem fram fer í göngugötunni á Garðatogi. Enginn aðgangseyrir.

**21.00** Sextett **Reynis Sigurðssonar** heldur tónleika í jazzkjallaranum á Cafe Cultura við Hverfisgötu 18.

**21.00** Dúndurfréttir flytja helstu stórvirki **Pink Floyd** á tónleikum á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri.

**22.00** **Andrea Gylfa** og Eddi Lár halda tónleika á Gallery – Bar 46 við Hverfisgötu 46.

**22.00** Hljómsveitin **Árstíðir** heldur tónleika á Café Rosenberg við Klapparstíg.

### → Sýningar

Hjá **Íslenskri grafík** við Tryggvagötu 17 (hafnarmegin) hefur verið opnuð sýning sem varpar ljósi á sögu grafíklistar á Íslandi í máli og myndum. Opið fim.-sun. kl. 14-18.

### → Kvikmyndir

**20.00** Heimildarmynd um ferð nokkurra Íslendinga til **Tsjúkotka-sýslu** í Síberíu eftir Ara Trausta Guðmundsson og Valdimar Leifsson verður sýnd hjá MÍR við Hverfisgötu 105.

### → Bókakynningar

**16.00** Bandalag þýðenda og túlka stendur fyrir kynningu á þýddum verkum á Háskólatorgi HÍ við Sæmundargötu 4. Nánari upplýsingar á **www.thot.is.**

### → Pub Quiz

**20.00** **Fótbolta-quiz Sammarans** fer fram á Enska barnum við Austurstræti. Enginn aðgangseyrir og vegleg verðlaun. Nánari upplýsingar á www.sammarinn.com.

### → Fyrirlestrar

**12.10** Deborah Saunt heldur fyrirlestur um arkitektúr og borgarskipulag í Opna Listaháskólanum að Skipholti 1 (st. 113). Nánari upplýsingar á **www.lhi.is.**





VERÐ ÁÐUR: 6.995
5.995
LÆGRA VERÐ!!!
GERIÐ VERÐSAMANBURÐ
LÆKKAÐ VERÐ Á SPILUM
19-22 NÓV
Á ÖLLUM JÓLABÓKUM FRAM AÐ JÓLUM
VERÐ ÁÐUR: 8.549
6.495
VERÐ ÁÐUR: 5.995
4.995
AÐEINS
4.123
AÐEINS
2.395
VERÐ ÁÐUR: 7.595
6.495
SPURT AÐ LEIKSLOKUM
VERÐ ÁÐUR: 3.791
2.995
AÐEINS
1.393
AÐEINS
4.893
LAGERSALAN
Í FULLUM GANGI
JÓLAPOKAR LAGERVERÐ FRÁ:
49
GJAFAÖRK + BORÐI + MERKIMIÐI
89
LAGERVERÐ
DÓT Í SKÓINN LAGERVERÐ FRÁ:
49
MERKIMIÐAR LAGERVERÐ FRÁ:
79
JÓLASVEINAR, ÓDÝRT DÓT Í SKÓINN
OPIÐ
VIRKA DAGA 10-18
LAUGARDAG 11-17
SUNNUDAG 12-17
ALLTAF ÓDÝRARI
GRIFFILL
SKEIFUNNI 11
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM MYNDABRENGL, INNSLÁTTARVILLUR.
LÆKKAÐ VERÐ Á SPILUM GILDIR FRÁ 19.NÓV TIL OG MEÐ 22. NÓV EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST


MORÐINGJARNIR


BB & BLAKE

## > Í SPILARANUM

**Me, the Slumbering Napoleon** - The Bloody Core of It
**Snorri Helgason** - I'm Gonna Put My Name on Your Door
**Bloodgroup** - Dry Land
**Ourlives** - We Lost the Race
**BB & Blake** - BB & Blake

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Hjálmar á vínyl

Nýjasta Hjálma-platan, IV, er nú komin út á vínylplötu. Vínylsnobbarar landsins gleðjast eflaust við þessi tíðindi og eins þau að Hjálmar stefna á að gefa út hinar plöturnar þrjár á vínylforminu.

„Það verður reyndar að bíða eitthvað því við viljum ekki fara alveg strax á hausinn,“ segir Guðmundur Kristinn Jónsson, gítarleikari og prímus mótor hjá útgáfufélaginu Borginni. Hann segir rándýrt að láta framleiða vínylplötur og að markaðurinn fyrir þetta útgáfuform sé ekki stór, þótt hann stækki ört. „Þetta er ekki gert af gróðahyggju, heldur finnst okkar bara að það geti verið gaman að allar plöturnar okkar séu til á vínyl þegar til langs tíma er litið.“


**EKKI GRÓÐAHYGGJA** Rándýrt en gaman, segir Guðmundur Kristinn.



## > Plata vikunnar

GusGus - 24/7

★★★

„Aðdáendur GusGus fá skammtinn sinn og vel það á fremur alvörugefinni plötu. Endurkoma Daníels Ágústs er fagnaðarefni.“

Kjartan Guðmundsson



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# *Nýjar áherslur Emilíu*

Franska menningarhátíðin Pourquoi pas? sem haldin var í Reykjavík vorið 2007 er eftirminnileg m.a. fyrir fína tónleika. Hin mjög svo líflega sveit Dionysos opnaði hátíðina í Hafnarhúsinu og Emilie Simon spilaði í Háskólabíói með aðstoð íslenskra hljóðfæraleikara. Dionysos heldur upp á 15 ára starfsafmæli þessa dagana með safnplötu og tónleikahaldi og Emilie var að senda frá sér nýja plötu, The Big Machine, sem er hennar þriðja plata, – fjórða ef platan með tónlistinni úr kvikmyndinni Ferðalag keisaramörgæsanna er talin með.

Emilie, sem stundum hefur verið kölluð „hin franska Björk“, nýtur mikilla vinsælda í heimalandinu þar sem hún er margverðlaunuð. Hún ákvað hins vegar að breyta til fyrir nýju plötuna og prófa eitthvað alveg nýtt. Í staðinn fyrir að semja hana á tölvuna í huggulegheitum heima í Montpellier þá flutti hún búferlum til New York þar sem hún kom sér fyrir í Williamsburg í Brooklyn. Hún setti sér þá reglu að nota engar tölvur við vinnslu plötunnar og spilaði lögin sem hún samdi með hljómsveit á tónleikum víðs vegar um Bandaríkin áður en hún tók þau upp. Og útkoman er töluvert ólík fyrri plötunum. Á The Big Machine er Emilie undir greinilegum áhrifum frá Kate Bush eins og glöggt heyrist í fyrsta smáskífulaginu Dreamland og hljómurinn er breyttur. Annað sem er breytt er tungumálið. The Big Machine er næstum öll á ensku sem tekur kannski burt hluta af sjarmanum fyrir suma. En lagasmíðarnar eru mjög góðar og platan hefur fengið fínar viðtökur.


**EMILIE SIMON** Hélt ágæta tónleika í Háskólabíói vorið 2007 og var að senda frá sér nýja plötu, The Big Machine.







**EKKERT UPPFYLLINGAREFNI Á NÝJU PLÖTUNNI** Haukur Heiðar Hauksson (lengst til vinstri) og félagar hans í Diktu fagna útgáfu nýrrar plötu á Nasa í kvöld. MYND/AUÐUR SIGURBERGSDÓTTIR

# Rólegri en enn þá rokkaðir

**Þriðja plata Diktu, Get It Together, er loksins komin út. Á plötunni má finna lögin „Let Go“ og „Just Getting Started“, sem hafa verið vinsæl, auk tíu annarra. Platan var hljóðrituð sumarið 2009 af sveitinni sjálfri en sænski upptökustjórinn Jens Bogren var fenginn til að hljóðblanda verkið.**

Haukur Heiðar Hauksson, söngvari og gítar- og píanóleikari, útskýrir tilkomu Svíans. „Hann hefur verið að taka upp metal-bönd aðallega, til dæmis Opeth og Amon Amarth. Við hlustum mikið á metal í bandinu, mismikið þó. Á Bandaríkjatúr í fyrra vorum við á glænýjum mínivan með geðveikum græjum. Nýja Opeth-platan var mikið spiluð á fullu blasti og við gátum ekki annað en tekið eftir því hvað þetta sándaði rosalega vel. Svaka kraftur og allt kristaltært. Seinna, þegar við fórum að taka upp sjálfir í æfingahúsnæðinu okkar, spurðum við okkur: Hvað með að finna náungann sem mixaði Opeth? Bara upp á djókið. Það kom svo í ljós að við þekkjum umboðsmanninn hans svo þetta gekk upp. Við gerðum fyrst eitt lag og þegar við fengum það til baka frá honum vorum við ótrúlega sáttir og gerðum heila plötu með þessari aðferð.“

### Mesta floppið í Færeyjum

Haukur segir nýju plötuna rólegri en þá síðustu, Hunting for Happiness, sem kom út 2005. „Það er samt alveg rokk á henni. Mesti munurinn finnst mér vera að öll lögin á nýju plötunni eru góð og mér þykir vænt um þau. Við byrjuðum með einhver 30 lög svo erfiðast var að velja hvaða 12 lög ættu að koma út. Það er því ekkert uppfyllingarefni á plötunni.“

Strákarnir í Diktu eru búnir að ströggla í meikinu um hríð. „Við höfum farið í nokkrar tónleikaferðir til bæði Ameríku og Evrópu og oftast gengið mjög vel,“ segir Haukur. „Fáum reyndar bestu viðtökurnar í Bandaríkjunum. Það kemur alltaf eitthvað út úr þessu hvort sem það koma 200 eða tuttugu á tónleika. Oftar en ekki kynnumst við fólki sem nýtist okkur að þekkja seinna meir. Mesta floppið var líklega í Færeyjum í fyrra. Í kjölfar velgengni G-fesivalsins fóru allir að halda festivöl og við spiluðum á einu slíku, Jóhannsvöku festivalurinn. Þar var risa útisvið, rigning og drulla og fáir á svæðinu. Stærsta nafnið var, held ég, söngvarinn í The Commitments.“

### Doktor rokk

Haukur er læknir og vinnur meðal annars á slysavarðstofu Borgarspítalans. „Þetta er óvenjuleg blanda,“ segir hann. „Pabbi (Haukur Heiðar Ingólfsson) var reyndar í rokkinu með Ómari Ragnarssyni á frumárum þess. Ég er búinn að vera í tvö til þrjú hundruð prósent vinnu og kærastan er mjög hrifin af því, eða þannig. Ég tók mér því rokkfrí núna til áramóta til að geta fylgt plötunni eftir án þess að fara yfir um.“

Það eru engir glæsidílar við sjóndeildarhringinn en áfram verður harkað. En eru menn tilbúnir að slaufa öllu ef kallið kemur?

„Ég veit nú ekki með að slaufa öllu, en auðvitað langar alla sem eru mikið í tónlist að geta lifað á þessu eingöngu. Þetta er áhugamálið og hver vill ekki vinna við áhugamálið? Það eru allir í bandinu að grautast í tónlist og starfsferli í einu. Trommarinn að klára atvinnuflugmanninn og hinir tveir eru að læra að vera tónlistarkennarar.“

Dikta heldur upp á útgáfu plötunnar á Nasa við Austurvöll í kvöld. Kalli úr Tenderfoot hitar upp kofann. „Það verður öllu tjaldað til,“ segir Haukur. „Miðasalan hefur gengið alveg fáránlega vel svo maður er bæði glaður og hrærður.“ drgunni@frettanbladid.is

# Áratugurinn gerður upp

Nú þegar fyrsti áratugur 21. aldarinnar er að renna sitt skeið á enda keppast tónlistarspekingar við að gera áratuginn upp. Enska tónlistartímaritið NME hefur gefið út sinn lista yfir 100 bestu plöturnar frá 2000 til 2009. Þar eru þrjú efstu sætin skipuð plötunum XTRMNTR með Primal Scream, Up the Bracket með The Libertines og sú besta þykir þeim vera Is This It með The Strokes. Tvær íslenskar plötur komast á lista NME, Ágætis byrjun með Sigur Rós nær 97. sætinu og Vespertine með Björk er númer 95.

Á samskonar lista hjá bandaríska vefritinu Pitchfork eru þrjár íslenskar plötur á topp 200. Vespertine Bjarkar er númer 92, en Sigur Rós eru með plötuna ( ) í 135. sæti og Ágætis byrjun kemst alla leið í áttunda sæti. Pitchfork segja Kid A með Radiohead bestu plötu áratugarins, en Funeral með Arcade Fire og Discovery með Daft Punk koma þar á eftir.


**IS THIS IT?** Plata The Strokes er best að mati NME.

Íþróttavörur - Barnaföt - Sundföt - Skór - Sokkar - Töskur

# 50%

# AUKAAFSLÁTTUR

**á tískufatnaði frá**

DESIGUAL og SKUNK FUNK

**og barnafötum frá**

Mala, Xboys og Xgirls

**FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!**

**Voru þó fyrir á verulega lækkuðu verði**

PUMA®

**VORUM AÐ TAKA UPP VÖRUR FRÁ PUMA**

speedo®

**MIKIÐ ÚRVAL AF SUNDFÖTUM FRÁ SPEEDO**

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6-8 113 Reykjavík

Opið: Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16



**> LEIKUR WINNIE MANDELA**

Jennifer Hudson leikur Winnie Mandela í myndinni Winnie, sem fjallar um þessa fyrrverandi eiginkonu Nelsons Mandela. Tökur á myndinni hefjast í Suður-Afríku 30. maí. Sams konar mynd um Nelson Mandela, Invictus, er einnig væntanleg. Þar fer Morgan Freeman með aðalhlutverkið og leikstjóri verður Clint Eastwood.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Ekkert að því að gleðja fólk

Nicolas Cage hefur undanfarin ár verið gagnrýndur fyrir að leika í innantómum Hollywood-myndum á kostnað mynda þar sem leikhæfileikar hans fengju betur að njóta sín. Hann gefur lítið fyrir þessa gagnrýni og segir að stórmyndirnar veiti sér frelsi til að leika í smærri, áhugaverðum myndum eins og nýjustu mynd sinni Bad Lieutenant: Port of Call New Orleans. Bætir hann við að annar kostur við stóru myndirnar sé að þær dragi að sér fjölda áhorfenda.

„Ég er fjölhæfur og mig langar að leika í alls konar myndum. Sá sem orðinn nógu stórt nafn getur látið framleiða myndir, sem sumar hverjar hefðu kannski aldrei verið framleiddar vegna þess að umfjöllunarefnið er of viðkvæmt," segir Cage. „En ég vil ekki gera lítið úr myndum sem ég hef leikið í eins og National Treasure. Þær gleðja fólk. Fjölskyldur fara á þær með börnunum sínum og mér finnst ekkert að því að leika í svoleiðis myndum."

Þrjár Cage-myndir verða frumsýndar á næsta ári: ævintýramyndin Season of the Witch, hasargrínið Kick-Ass og The Sorcerer's Apprentice.



**NICOLAS CAGE** Cage finnst ekkert að því að leika í stórum Hollywood-myndum.

# Brüno fékk tilnefningar

**Hin umdeilda gamanmynd Sacha Baron Cohen, Brüno, hefur fengið flestar tilnefningar til Bresku grínverðlaunanna sem verða afhent í London 12. desember.**

**Í myndinni leikur Cohen samkynhneigða sjónvarpsmanninn Brüno og þótti sumum hann ganga yfir strikið í túlkun sinni á Austurríkismanninum. Brüno er tilnefnd sem besta grínmyndin ásamt The Hangover og In the Loop, sem er byggð á sjónvarpsþáttunum The Thick of It. Í flokknum Besti gamanþátturinn keppa Peep Show, The It Crowd og Outnumbered: Series 2.**

# Gleymdi sér í tökunum

**Thandie Newton segist hafa gleymt sér á tökustað, þegar hún átti að vera að leika í senu fyrir kvikmyndina 2012. Newton, sem er 37 ára, leikur dóttur Bandaríkjaforseta í myndinni og hún segir í viðtali við breska dagblaðið Daily Mirror að hasarsenur í myndinni hafi verið svo yfirþyrmandi að hún hafi gleymt sér.**

**„Í einni senunni stóð ég á gangi þar sem flóðbylgja kom á móti mér. Það var magnað, en ég gleymdi alveg að leika því að vatnið flæddi út um allt," segir Newton, sem þurfti að endurtaka senuna í kjölfarið. Þá segir hún vinnuna við myndina hafa tekið á. „Ég var gjörsamlega uppgefin eftir senurnar í myndinni og fór yfirleitt í húsvagninn minn og lagði mig."**



**UPPGEFIN** Thandie Newton segist hafa verið uppgefin eftir að leika í kvikmyndinni 2012.

# 47 Ronin fær leikstjóra



**KEANU REEVES** Reeves leikur aðalhlutverkið í hasarmyndinni 47 Ronin.

Kvikmyndin 47 Ronin með Keanu Reeves í aðalhlutverki hefur loksins fengið leikstjóra, einu ári eftir að fyrst var tilkynnt um gerð hennar. Hann heitir Carl Erik Rinsch og er reyndur auglýsingaleikstjóri. Þetta verður fyrsta kvikmyndin hans en óvenjulegt er að leikstjóri sem á engan feril að baki í Hollywood fái að leikstýra svona dýrri mynd. 47 Ronin fjallar um hóp samúræja sem leggja upp í goðsagnarkenndan hefndarleiðangur eftir að leiðtogi þeirra er neyddur til að fremja sjálfsvíg.








# Fight Club verður tíu ára

**Tíu ár eru liðin síðan kvikmyndin Fight Club var tekin til sýninga. Síðan þá hefur hún öðlast költ-stöðu og margir líta á hana sem eina af sínum uppáhaldsmyndum.**



**„ÞÚ TALAR EKKI UM FIGHT CLUB"** Kvikmyndin Fight Club hefur öðlast költ-stöðu og er í uppáhaldi hjá mörgum.

Kvikmyndin Fight Club er byggð á samnefndri skáldsögu Chucks Palahniuk sem kom út árið 1996. Sagan varð til eftir að hann lenti í slagsmálum í tjaldferðalagi. „Þegar ég mætti aftur í vinnuna var andlitið á mér í rúst. Augun á mér voru svört eins og á pandabirni," sagði Palahniuk í viðtali við tímaritið Empire. Á þessum tíma vann hann hjá vörubílafyrirtæki og reyndu samstarfsmenn hans að sniðganga hann vegna útlitsins. „Ef þú lítur nógu illa út vill enginn vita hvað kom fyrir þig," sagði hann.

Á sama tíma og Palahniuk hripaði niður hugmyndina að bókinni fór hann að taka þátt í fleiri slagsmálum. „Að hluta til hafði ég mjög gaman af þessum slagsmálum. Ég var gjörsamlega úrvinda eftir þau og ég svaf ótrúlega vel á eftir. Mig langaði virkilega til að deila þessari tilfinningu með öðru fólki."

„Njósnari" á vegum framleiðandans 20th Century Fox frétti af bókinni skömmu áður en hún kom út og sýndi yfirmönnum sínum, sem þótti heldur lítið til koma í fyrstu. Hún þótti ekki gróðavænleg, enda fjallaði hún um subbulega slagsmálaklúbba og hryðjuverk heima fyrir. Á endanum var þó ákveðið að gera myndina. Upphaflega átti Peter Jackson að leikstýra en ekkert varð af því og því næst las Danny Boyle bókina en ákvað frekar að gera The Beach.

Bryan Singer var sömuleiðis líklegur kandídat en á endanum fékk David Fincher verkefnið í sínar hendur. Hentaði það í raun vel því hann hafði áður reynt að kaupa kvikmyndaréttinn að bókinni.

Russell Crowe var fyrst hugsaður í hlutverk aðalpersónunnar Tyler Durden, enda sjóðheitur eftir leik sinn í LA Confidential. Brad Pitt varð á endanum fyrir valinu, enda nýbúinn að leika í Seven í leikstjórn Finchers, auk þess sem hann var þekktara nafn en Crowe. Edward Norton fékk hlutverk sögumannsins og var þar hlutskarpari en Matt Damon og Sean Penn. Að lokum valdi Fincher Helenu Bonham-Carter í hlutverk Mörlu Singer. Áður voru Courtney Love og Winona Ryder orðaðar við hlutverkið.

Eftir að tökum lauk í Los Angeles óttuðust framleiðendurnir að myndin væri of drungaleg og myndi ekki falla í kramið. Frumsýningin átti að vera í júlí en var frestað til haustsins, aðallega vegna fjöldamorðanna í Columbine fyrr á árinu.

Fight Club var loks frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum 1999 og skömmu síðar í Bandaríkjunum. Gagnrýnendur skiptust í tvo hópa. Annar taldi myndina allt of barnalega, ofbeldisfulla og fasíska en hinn var heillaður upp úr skónum, taldi myndina einmitt gera vel heppnað grín að öllum þessum atriðum. Áhorfendur virtust aftur á móti ekki „fatta" myndina því hún þénaði aðeins 37 milljónir dollara í Bandaríkjunum en reyndar fór sú tala í 100 milljónir á heimsvísu. Eftir að hún var gefin út á mynddiski hefur henni síðan vaxið fiskur um hrygg og er Fight Club nú í uppáhaldi hjá mörgum. Hún er orðin ein af þessum költ-myndum sem á vafalítið eftir að lifa um ókomin ár.

# Jólasaga, hrollur og rómantík

Fjórar kvikmyndir af fjölbreyttum toga verða frumsýndar á morgun og ættu allir að fá eitthvað fyrir sinn snúð.

Jim Carrey talar fyrir nirfilinn Ebenezer Scrooge í teiknimyndinni A Christmas Carol sem er byggð á Jólasögu Charles Dickens. Scrooge er bitur, gamall maður sem þolir ekki jólin og allt tilstandið í kringum þau. Á jólanótt heimsækja hann þrír draugar: draugur fortíðar, nútíðar og framtíðar, en það á eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar. Leikstjóri myndarinnar er Robert Zemeckis sem beitti við myndina sömu tölvutækni og hann notaði við gerð The Polar Express. Með helstu hlutverk fara Jim Carrey, Gary Oldman, Cary Elwes og Colin Firth.

A Serious Man er nýjasta mynd meistara svarta húmorsins, Coen-bræðra. Hún gerist árið 1967 og fjallar um miðaldra prófessor sem horfir upp á hjónaband sitt leysast upp vegna þess að klaufskur og óhæfur bróðir hans vill ekki flytja út úr húsinu þeirra.



**LOVE HAPPENS** Love Happens er enn ein rómantíska myndin með Jennifer Aniston.

Love Happens er enn ein rómantíska myndin með Jennifer Aniston í aðalhlutverki. Núna leikur hún konu sem er hætt að hugsa um karlmenn og ákveður að einbeita sér að blómabúð sinni. Þegar hún hittir Burke (Aaron Eckhart) breytast þær áætlanir heldur betur því þau verða umsvifalaust ástfangin. En geta tvær manneskjur sem hafa hitt réttu manneskjuna á röngum tíma látið sambandið ganga upp?

Saw VI er sjötta hryllingsmyndin í þessari óstöðvandi seríu. Núna er Strahn fulltrúi dáinn og rannsóknarlögreglumaðurinn Hoffman hefur tekið við kyndli hans í von um að halda goðsögninni Jigsaw á lífi. Alríkislögreglan, FBI, reynir hvað hún getur til að hafa hendur í hári Hoffmans en það reynist hægara sagt en gert.

# FJÓRIR STÓRIR




## Dragon Age Origins
PC, PS3, Xbox 360

Nýr hlutverkaleikur frá Bioware sem sagður er vera hálfgert framhald af Baldur's Gate. Meira en 100 klukkutímar í spilun.

**Dómar :**

„Frábær upplifun frá upphafi til enda..“ 100 af 100 - Gamepro
„Nýr staðall í gerð hlutverkaleikja..“ 99 af 100 – GameZone




## Borderlands
PC, PS3, Xbox 360

Blanda af hlutverka- og skotleik, en hér geta allt að fjórir leikmenn spilað saman í gegnum þennan grjótharða leik. Frábær söguþráður og netspilun.

**Dómar :**

„Frábært að spila nokkrir saman..“ 93 af 100 – Game Informer
„Nánast fullkominn..“ 93 af 100 – Extreme Gamer




## Brutal Legend
PC, Xbox 360

Jack Black er hér í fantaformi sem rótari Eddie Riggs í þessum drepfyndna ævintýra- og hasarleik. Brutal Legend er gerður af Tim Schafer, en hann hefur áður gert Monkey Island og Full Throttle.

**Dómar :**

„Einstakur leikur..“ 100 af 100 – Play Magazine
„Meistaraverk..“ 100 af 100 – Gaming Age




## Left 4 Dead 2
PC, Xbox 360

Magnaður skotleikur þar sem allt að fjórir geta spilað saman. Veröldin er orðin full af uppvakningum og þurfa leikmenn að bjarga því.

**Dómar :**

„Stútfullur af hasar..“ 95 af 100 – Game Informer
„Frábær bæting frá fyrsta leiknum..“ 100 af 100 – 1UP

ELKO

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

Lindum - Skeifunni - Vefverslun - sími 544 4000 - símsala 575 8115

> **EKKI AÐDÁANDI**

Söngkonan **Miley Cyrus** viðurkenndi í nýlegu viðtali að hún væri ekki aðdáandi Twilight-kvikmyndanna. „Mér finnst ég ótrúlega hallærisleg af því að allir eru svo hrifnir af þessari mynd. Ég nenni ekki einu sinni að ræða þetta,“ sagði Miley.



# Fólk

folk@frettabla

# Baggalútur stelur á jólunum

Grínveldið Baggalútur heldur áfram að stuðla að gleði í lífi landsmanna. Nú á að taka stíft á fyrir jólin.

„Það er allt að verða tryllt,“ segir Bragi Valdimar Skúlason Baggalútur. „Við sjáum um Jóladagatal Rásar 2 sem verður á hverjum degi til jóla í Popplandi. Á hverjum sunnudegi frumflytjum við nýtt jólalag og þau verða að sjálfsögðu öll stolin. Við höfum fyrir sið að stela á jólunum. Þessi lög koma úr ýmsum áttum og eitt þeirra er að sjálfsögðu ítalskt. Vilji fólk byrja að hita sig upp bendi ég því á að horfa á Dirty Dancing.“

Jólatónleikar Baggalúts verða í Borgarleikhúsinu 20. desember. „Það stefnir allt í að það verði uppselt og þá höldum við aukatónleika. Það heldur enginn jólatónleika í dag án þess að halda aukatónleika. Það er klárt mál.“

Baggalútur fékk viðurkenningu á degi íslenskrar tungu. „Við fengum engan pening, glatað,“ segir Bragi. „Þetta var meira svona „bjartasta vonin“. Við fengum reyndar listaverk sem ég veit ekki hvað er. Mér sýnist þetta vera neðri tanngarðurinn af Jónasi Hallgrímssyni. En við fengum að tjilla á Akureyri. Og þetta er vitanlega mikill heiður.“ - drg



**GERA FJÖGUR NÝ JÓLALÖG Í ÁR** Mikill jólafílingur er fyrirhugaður hjá Baggalúti.

# Fyrirsæta verður móðir

Ofurfyrirsætan Adriana Lima og eiginmaður hennar, serbneski körfuknattleiksmaðurinn Marko Jaric, eignuðust sitt fyrsta barn á mánudag. Hjónin eignuðust lítið stúlkubarn sem hefur hlotið nafnið Valentina Lima Jaric. „Adriana og Marko eru himinlifandi. Móður og barni heilsast vel og föðurnum sömuleiðis,“ sagði í fréttatilkynningu sem hinir nýbökuðu foreldrar sendu frá sér.



**ADRIANA LIMA**

Andriana Lima er þekktust sem fyrirsæta undirfatarisans Victoria‘s Secret og hefur tekið þátt í sýningum fyrirtækisins allt frá árinu 2000.

# Letterman fluttur út

David Letterman er fluttur út af heimili sínu og eiginkonu sinnar og dvelur nú í íbúð sinni á Manhattan. Stutt er síðan upp komst um framhjáhald Lettermans, en hann hafði þá haldið við unga aðstoðarkonu sína um nokkra hríð.

„Dave er fluttur út eftir að Regina lét hann hafa það óþvegið. Hann tók sér nokkurra daga frí frá vinnu til að reyna að bæta sambandið en það gerði sambandið aðeins verra ef eitthvað er. Regina heimtaði að hann væri algjörlega hreinskilinn við hana en hann tók því heldur illa. Regina varð mjög ósátt og bað hann um að koma sér út,“ var haft eftir innanbúðarmanni. Regina á nú að vera að íhuga framhaldið og vill að endanleg ákvörðun verði tekin áður en árið er liðið. „Hún vill ekki skilja en hún vill heldur ekki láta særa sig aftur. Henni finnst sem Dave hafi gert hana að athlægi.“



**FLUTTUR ÚT** David Letterman býr einn í íbúð sinni á Manhattan.



**YRSA SIGURÐARDÓTTIR** Yrsa Sigurðardóttir fékk hugmyndina að sinni nýjustu bók eftir að hafa lesið frétt um særingar þjóðkirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Særingafrétt breytti söguþræðinum

**Drottning íslenskra glæpasagna, Yrsa Sigurðardóttir, fékk hugmyndina að sinni nýjustu bók, Horfðu á mig, eftir að hafa lesið frétt um að þjóðkirkjan hefði framkvæmt sína fyrstu særingu í meira en öld er hún reyndi að kveða niður draug í heimahúsi.**

Þetta var í byrjun ársins þegar Yrsa var þegar byrjuð á nýrri bók. Hætti hún snarlega við hana og ákvað að byrja á nýrri eftir að hún las fréttina um særinguna. „Mér tókst að grafa upp hvað þarna var á ferðinni en hæfilega lítið samt því ég vildi ekki vita of mikið. Það er raunverulegt fólk á bak við málið sem ég vildi ekki blanda í bókina,“ segir Yrsa. „Ég kynnti mér þetta nægilega mikið til að átta mig á því í grófum dráttum út á hvað þetta gekk og nýti mér það í bókinni.“

Bókin er þó ekki draugasaga eins og margir kynnu að halda heldur eru særingarnar hliðarsaga í bókinni. Aðalpersónan er sú sama og í síðustu fjórum bókum Yrsu, lögmaðurinn Þóra Guðmundsdóttir.

En finnst Yrsu alltaf jafngaman að skrifa um Þóru eftir öll þessi ár? „Nei, alls ekki. Það er rosalega erfitt að halda áhuga sem höfundur og hvað þá sem lesandi, þótt ég viti það ekki. En það er mjög erfitt að skrifa bækur um sama karakterinn. Ég hugsa að ég taki næst það sem kallast á bókamálinu „Stand alone“,“ segir Yrsa og á þar við bók sem stendur ein og sér og tengist engum öðrum bókum sem hún hefur skrifað. „Ég held að höfundar þurfi þetta hlé, bara til að prófa annað. Það er hverjum manni hollt að þróa sig.“

Í bókum Yrsu hefur aðalpersónan Þóra átt kærasta sem hefur unnið í Kaupþingi. Eftir að bankahrunið varð fannst höfundinum ekki passa að tengja söguþráðinn við hrunið. „Hann gat ekki verið að vinna í banka lengur og mig langaði ekki að skrifa um banka. Hann er bara atvinnulaus.“

Yrsa starfar sem verkfræðingur og viðurkennir að minna sé að gera nú en fyrir hrunið. Í staðinn getur hún eytt meiri tíma í skriftirnar og útilokar hún ekki að senda frá sér tvær bækur á næsta ári, eina fullorðins og eina barnabók. Hún hefur einmitt gefið út fimm barnabækur á ferli sínum.

freyr@frettabladid.is




**Schumann og Brahms í Laugardalslauginni**

Bein útsending frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Tilvalið að slaka á í heitum potti og hlýða á fagra tóna. Tónleikarnir hefjast kl. 19.30 í kvöld.

**Franskir straumar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur**

*André Kértesz: Frakkland – landið mitt/Ma France.* Sigurður Pálsson, rithöfundur, les upp ljóð og Tríó Vadim Forov spilar franska tónlist. Fimmtudaginn 26. nóv. kl. 20.00, Tryggvagötu 15, 6. hæð.

**Barnadagar á Borgarbókasafninu**

Valgerður Ólafsdóttir les upp úr bók sinni *Saga um tilfinningar*, sunnudaginn 22. nóvember kl. 15.00. Sunnudagar eru barnadagar í Aðalsafni, Tryggvagötu 15.

**Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/ljomandi**

# Vinalegt gítarpopp

Félagarnir Edgar Smári og Símon Hjaltason hafa sent frá sér plötuna Simon and Clover. „Hún er búin að vera í vinnslu í svona þrjú ár. Við vorum ekkert voða mikið að flýta okkur,“ segir Edgar Smári. „Þetta er hrátt kassagítarpopp, svolítið Turin Brakes og smá Crosby, Stills and Nash. Þetta er voða vinalegt.“

Edgar Smári og Símon voru áður í hljómsveitinni Stoneslinger. Eftir að hún lagði upp laupana hafa þeir gert nokkuð af því að spila saman á mannamótum. „Það var kominn tími á að gefa þetta út til að losa okkur við þetta. Maður nennir ekki að spila lögin aftur og aftur og hafa ekki gefið þetta neitt út.“

Edgar Smári gaf árið 2006 út sína fyrstu sólóplötu, Ferðalangur. Hann er meðlimur í Gospelkór Reykjavíkur og hefur sungið töluvert með Fíladelfíukórnum. Útgáfutónleikar Edgars Smára og Símonar verða í Ýmishúsinu í kvöld. - fb



**EDGAR OG SÍMON** Edgar Smári og Símon Hjaltason hafa sent frá sér plötuna Simon and Clover. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


OPNUM Í DAG KL. 17
Ný glæsileg verslun í SMÁRALIND
20%
OPNUNAR-AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
DJ
Flott föt frábært verð
opið til kl. 22
DIESEL
galleri sautján
Smáralind
ntc.is
DIESEL BZR EMAMI GESTUZ GSTAR RAW ICHI MAO MIA MOSS NUDIE NÜMPH RELIGION SAMSØE SAMSØE SISTERS POINT SOLID



**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Ragnheiður og Helgi Hrafn eru á leiðinni í tónleikaferð um Austurríki, Þýskaland og Sviss. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Fara saman í tónleikaferð

**Ragnheiður Gröndal og Helgi Hrafn Jónsson eru á leiðinni í tónleikaferð um Austurríki, Þýskaland og Sviss dagana 24. til 29. nóvember. Ferðin er farin á vegum Norðursins, sem vinnur að því að kynna íslenska tónlist í Þýskalandi og nágrenni. Fyrstu tónleikarnir verða í Zürich en þeir síðustu í Admiralspalast í Berlín, þar sem Ragnheiður er einmitt búsett. Hún er væntanleg til Íslands í byrjun desember þar sem hún mun kynna sína sjöttu plötu, Tregagás, sem kom út fyrir skömmu.**



**RUSLAKONA** Reese Witherspoon segist heltekin af rusli.

# Reese í rusli

**Leikkonan Reese Witherspoon mætti í viðtal til Conans O'Brien fyrir stuttu og þar ræddi hún meðal annars eina undarlega áráttu sína. „Mér finnst gott að henda hlutum. Ég er heltekin af rusli. Daginn eftir hátíðisdaga eru ruslatunnur mínar yfirfullar af drasli og rusli. Stundum stelst ég til að gægjast í ruslatunnur nágrannana og þær eru alltaf tómar, það er eins og nágrannar mínir hendi engu," sagði leikkonan og bætti við að stundum stælist hún til að fleygja rusli í tunnur nágrannanna. Hún segist jafnframt klæðast sérstökum stígvélum þegar ruslið er sérstaklega mikið og traðkar svo ötullega ofan á því svo meira pláss myndist. „Ég hoppa og traðka og þjappa ruslinu saman. Ég er eins og mennsk ruslaþjöppunarvél."**

# Of gott til að sitja á þessu ein

„Við gáfum fyrst út bókina Stattu með þér, sem eiginmaður minn, Gunnar Hrafn Birgisson, skrifaði árið 1998. Seinna gáfum við út spilið Skilaboð frá hulduheimum auk bókarinnar Þín hjartans þrá sem kennir mjög merkilega lífsspeki um það hvernig fólk geti unnið að draumum sínum. Ástæðan fyrir því að ég þýddi hana var sú að mér fannst þetta einum of gott efni til að halda þessu fyrir sjálfa mig," segir Hildur Halldóra Karlsdóttir, bókasafnsfræðingur og bókaútgefandi, en hún og eiginmaður hennar stofnuðu bókaútgáfuna Upptök ehf. fyrir rúmum tíu árum.

Hildur Halldóra, sem er móðir leikkonunnar Ísgerðar Elfu, lauk nýverið við að þýða þriðju bókina, sem ber titilinn Karlmenn, peningar og súkkulaði. „Þessi bók er ólík fyrri bókunum sem við höfum gefið út. Þetta er saga um konu sem er að fást við sitt daglega líf, bókin hefur farið sigurför um heiminn og er gefin út í nítján löndum," segir Hildur. Aðspurð segir hún ekki erfitt að starfa með eiginmanni sínum. „Maðurinn minn er sálfræðingur þannig að við deilum þessum áhuga á andlegum málefnum. Hann hefur verið duglegur að lesa yfir



**ANDLEG** Hildur Halldóra Karlsdóttir gefur út bækur ásamt manni sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

bækurnar og það er mikill stuðningur í því," segir Hildur að lokum. Karlmenn, peningar og súkkulaði kemur í verslanir í næstu viku og verður til sölu í Eymundsson, versluninni Betra líf, Ditto og Gjöfum Jarðar auk annarra verslana. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar um bókina á fésbókarsíðu Upptaka. - sm



Blaðamaðurinn Kolbrún Bergþórsdóttir ásamt markaðsstjóranum Heiðari Inga Svanssyni og útgefandanum Agli Erni Jóhannssyni.



Jón Þórisson leikmyndahönnuður ásamt konu sinni Ragnheiði Steindórsdóttur og foreldrum hennar, leikurunum Steindóri Hjörleifssyni og Margréti Ólafsdóttur.

# VIGDÍS TÓK Á MÓTI GESTUM

**Ævisagan Vigdís – Kona verður forseti er komin út. Af því tilefni var haldið útgáfuhóf í Iðnó þar sem Vigdís Finnbogadóttir tók á móti hverjum gestinum á fætur öðrum. Útgáfustjórinn Páll Valsson ritaði þessa ævisögu Vigdísar sem margir hafa beðið spenntir eftir. Það ber margt á góma sem hefur ekki farið hátt í gegnum tíðina, bæði er varðar einkalíf og opinber störf Vigdísar sem forseta Íslands.**



Vigdís Finnbogadóttir spjallar við Ólaf Ólafsson, fyrrverandi landlækni, og konu hans, Ingu Ólafsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Ómar Ragnarsson óskar Vigdísi til hamingju með ævisöguna.



Bryndís Schram og Jón Baldvin Hannibalsson fögnuðu ævisögu Vigdísar.



Evald Krog og Guðjón Sigurðsson, formaður MND-félagsins, mættu í Iðnó.

# Leikur lausum hala

**Bradley Cooper hefur verið að hitta leikkonuna Renée Zellweger frá því í byrjun sumars og virðast þau hafa notið selskaps hvort annars hingað til. Nú eru þó á lofti sögur um að Cooper hafi ekki verið við eina fjölina felldur síðastliðna mánuði heldur hafi hann einnig verið að hitta fyrrverandi kærustu sína á laun. „Bradley átti í sjóðheitu sambandi við Isabellu Brewster í heilt ár og þau hafa ekki getað slitið sig frá hvort öðru þrátt fyrir að sambandinu sé lokið og Bradley sé að hitta Renée. Bradley hefur hitt Isabellu á laun í allt sumar og henni finnst ekkert mál að vera „hin konan". Bradley hefur engan áhuga á að festa ráð sitt heldur vill hann leika lausum hala um hríð nú þegar hann er orðinn frægur," var haft eftir heimildarmanni sem bætir við að Zellweger sé algjörlega grunlaus. „Renée telur sig hafa fundið hinn fullkomna mann í Bradley og hefur jafnvel verið að tala um brúðkaup."**



**FRJÁLSAR ÁSTIR** Bradley Cooper vill ekki festa ráð sitt nú þegar hann hefur öðlast frægð.

# Ekki bara fallegt andlit

**Ummæli fyrirsætunnar Kate Moss í nýlegu viðtali hafa vakið harða gagnrýni meðal almennings, en í viðtalinu er Moss spurð hvort hún eigi sér lífsmottó og því svarar fyrirsætan: „Ekkert bragðast eins vel og vellíðanin sem fylgir því að vera mjór."**

**Í viðtalinu segir hún það vera persónuleika sínum að þakka hversu langt hún hefur náð í starfi sínu sem fyrirsæta. „Það þýðir ekkert að vera bara fallegt andlit, því ef þú hefur ekki góðan persónuleika líka þá nærðu ekki langt. Ég er ekki með hefðbundið útlit en ætli fólk kunni ekki ágætlega við mig," segir Moss.**



**GOTT AÐ VERA GRÖNN** Ummæli Kate Moss í nýlegu viðtali hafa vakið harða gagnrýni.





NÝTT PRJÓNABLAÐ

Prjónablaðið Björk

kemur út 20. nóvember

**Blaðið verður kynnt sérstaklega á eftirtöldum stöðum 20. nóv kl. 16-18**

- Mál og menning og Súfistinn Laugavegi prjónakaffi, þrjár raddir syngja kl. 17.
- Hannyrðaverlsunin Mólý Kópavogi.
- Verslunin Esar Húsavík, heitt á könnunni.
- Skrínan Selfossi.
- Framtíðin Vestmannaeyjum.
- Hannyrðabúðin Sunnumörk Hveragerði, kertaljós, jólaöl og pipakökur.
- Laufskálinn Neskaupsstað, hnallþórur og kaffi.
- Ævintýrakistan Akranesi.
- Heitt á prjónunum Ísafirði, prjónað til góðs.
- Landamót Seyðisfirði.
- Sælukjallarinn Patreksfirði prjónakaffi, kertaljós og smákökur.
- Sunnlenska bókakaffið Selfossi góðgerðaprjón.

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18
SÚFISTINN KAFFIHÚS
Bjarkarhóll
HEITT Á PRJÓNUNUM

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is





# Hvað finnst stelpum skemmtilegt? Allt!

Viltu læra um lófalestur, hnúta, sítrónuknúnar klukkur, karate, verkfæri, vinabönd, keilu, njósnakvendi, sjóræningja, útilegubúnað, frægar vísindakonur, lotukerfið, svölustu pappírsskutlur í heimi og svo MIKLU meira?

**Það leiðist engum sem á Stórskemmtilegu stelpubókina.**




**Bók fyrir allar stelpur á aldrinum 8–80 ára**








**Stórhættulega strákabókin, sem sló í gegn í fyrra, er nú fáanleg að nýju.**

## Bók fyrir stráka á öllum aldri

# Tennisþema hjá Jean-Paul Gaultier

Vorlína Hermès 2010 var sýnd í París á dögunum. Tennis var augljóslega þemað í hönnun Jean-Paul Gaultier, sem var jafnframt stílhrein og klassísk, en á sýningunni mátti sjá allt frá stuttum pilsum upp í síðar peysur og sjiffonskyrtur.

- ag



**SVART** Fallegur kvöldklæðnaður úr vorlínu Hermès 2010.



**STÍLHREINT** Vorlína Hermès var mjög stílhrein, eins og sjá má.



**TÖFF** Stuttbuxnasamfestingur kom vel út með svart belti og veski í stíl.



**ÞÆGILEGT** Sportleg áhrif leyndu sér ekki á sýningu Hermès.



**Í TENNIS** Síð prjónapeysa kom vel út við hvítt tennispils, með hárbandi og sokkum í stíl.




# Börnin halda þeim saman

Fyrir stuttu síðan fluttu tímaritin hið vestra fréttir af meintu sambandi söngvarans Chris Martin og leikkonunnar Kate Bosworth. Í kjölfarið hótaði Martin að fara í mál við tímaritið sem fyrst flutti fréttirnar. Enn sem komið er hefur Martin þó ekki látið verða af því og sögusagnirnar halda áfram.

Hjónaband Martins og eiginkonu hans, leikkonunnar Gwyneth Paltrow, stendur víst völtum fótum og eru börnin það eina sem heldur þeim saman. „Þau eyða sjaldan tíma saman og eru oftast hvort í sinni heimsálfunni. Þau eiga lítið sameiginlegt lengur og Gwyneth hefur breyst mikið síðustu ár á meðan Chris er enn sá sami og hann var þegar þau kynntust,“ var haft eftir vini hjónanna.



**STUTT Í SKILNAÐ?** Hjónaband Chris Martin og Gwyneth Paltrow stendur ekki vel að sögn vina.



**SYNGUR VIÐ PÍANÓUNDIRLEIK** Helgi verður á Grand hóteli til jóla.

# Helgi á jólahlaðborði

Á mánudaginn birtist í blaðinu listi yfir jólahlaðborðin sem í boði eru fyrir hátíðarnar. Þessi listi var langt því frá tæmandi. Á hann vantaði til að mynda jólahlaðborðið á Grand hóteli, en þar eru í boði jólahlaðborð á Setrinu á 7.500 kr. og í Gullteigi á 8.500 kr. Þar syngur Helgi Björnsson jólalög og vinsæl dægurlög við píanóundirleik allar helgar til jóla. En reyndar ekki á næsta föstudag því hann er í tökum við þýsku kvikmyndina Heaven's Taxi. Gullbarkinn Páll Rósinkranz leysir Helga af þetta kvöld, en Helgi verður mættur á laugardagskvöldið. Á jólahlaðborði Grand hótels klárar svo hljómsveitin Hafrót kvöldið og leikur fyrir dansi fram á nótt.

- drg





**KOI** Kjartan Orri Ingvason spilar í Bæjarbíói í Hafnarfirði til að kynna plötuna Sum of All Things.

# Kántrískotin popptónlist

Tónlistarmaðurinn Koi heldur útgáfutónleika í Bæjarbíói í Hafnarfirði á föstudag til að kynna plötu sína Sum of All Things sem kom út í september. „Ég byrjaði á henni 2007 þegar ég bjó í Hollandi. Síðan flutti ég heim síðasta haust og kláraði plötuna,“ segir Koi, eða Kjartan Orri Ingvason, sem lýsir tónlistinni sem kántrískotnu popp-rokki. Kjartan spilar á gítar og munnhörpu á plötunni auk þess að syngja. Til viðbótar kemur við sögu á plötunni 21 annar hljóðfæraleikari, enda notaðist Kjartan við blásturshljóðfæri, strengi og ýmislegt fleira til að útkoman yrði eins góð og kostur er. Auk tónleikanna í Bæjarbíói heldur hann tónleika á Café Rosenberg á þriðjudaginn. Bæði kvöldin koma einnig fram Lára Rúnarsdóttir og Hjörvar.

# Spennt fyrir hverjum degi

„Maður verður að líta kreppuna annað hvort jákvæðum eða neikvæðum augum og ég ákvað að líta á þetta sem tækifæri,“ segir arkitektinn og innanhússhönnuðurinn Gulla Jónsdóttir, sem hefur sagt skilið við hönnunarfyrirtækið Dodd Mitchell og stofnað sitt eigið undir nafninu G+ Gulla Jonsdottir Design Group. Gulla hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir hönnun sína og hlaut meðal annars fimm verðlaun á hönnunarhátíðinni Boutique Design 2008 í Miami.

„Ég mun sinna arkitektúr, innanhússarkitektúr og hönnun í framtíðinni. Ég lærði arkitektúr á sínum tíma en með árunum hef ég leiðst meira út í innanhússarkitektúr. Mig langaði að breyta til og fara aftur í arkitektúrinn en sinna hönnuninni líka áfram,“ útskýrir Gulla.

Aðspurð segist hún hafa ráðið til sín tvo arkitekta og verða aðalskrifstofur fyrirtækisins í Los Angeles þar sem Gulla er búsett. Þegar Fréttablaðið náði tali af Gullu stóð hún í ströngu við að mála og standsetja skrifstofuna en sagðist bjartsýn á framtíðina og sér ekki eftir ákvörðun sinni. „Með hverjum deginum sem líður verð ég sannfærðari um að ég hafi gert rétt. Ég er spennt á að byrja vinnudaginn og það er góð tilfinning,“ segir Gulla að lokum.

- sm



**SINN EIGIN HERRA** Gulla Jónsdóttir hefur stofnað sitt eigið hönnunarfyrirtæki í borg englanna.











**TAKE THAT** Take That áður en Robbie Williams sagði skilið við hljómsveitina.

# Táraðist á sviði með Take That

Robbie Williams steig á svið með sínum gömlu félögum í Take That í fyrsta sinn í fimmtán ár á góðgerðartónleikum í Royal Albert Hall. Robbie söng þó ekki með félögum sínum heldur flutti einn lögin Bodies og You Know Me.

„Þetta er frábært tækifæri til að kynna fyrir ykkur gamlan vin,“ sagði Gary Barlow við áhorfendur. Robbie kom þá á sviðið og faðmaði hina strákana með tárin í augunum. „Ég var byrjaður að tárast áður en ég kom upp á svið,“ sagði Robbie. Í lok tónleikanna fluttu allir tónlistarmennirnir sem komu fram í Royal Albert Hall Bítlalagið Hey Jude og fremstur í flokki var Paul McCartney. Þar héldu Robbie og Gary hvor um annan og virtist fara vel á með þeim þrátt fyrir að þeir hafi lengi vel átt í harðvítugum deilum.

Orðrómur hefur verið uppi um að Robbie syngi aftur með Take That þegar Brit-verðlaunin verða afhent á næsta ári. Þá verður Robbie einmitt verðlaunaður fyrir framlag sitt til tónlistarheimsins. „Við ætlum að geyma endurkomuna fyrir sérstakt tilefni, hvað sem það svo verður,“ sagði Robbie og vildi ekki játa því að það tilefni yrðu Brit-verðlaunin.

Robbie segir að deilur hans við meðlimi Take That séu liðin tíð. „Ég hef engar áhyggjur af þessari endurkomu lengur vegna þess að við erum búnir að hittast og öll óvildin er horfin. Núna er þetta bara ég og fjórir aðrir gaurar sem mér þykir ótrúlega vænt um.“



**SVEFNLAUS** Susan Boyle þjáðist af ofþreytu og lagðist inn á spítala eftir að hún lenti í öðru sæti í Britain's Got Talent í maí, en fyrsta sólóplata hennar er nú væntanleg.

# Leitaði sérfræðiaðstoðar

**Susan Boyle segir að það hafi verið nauðsynlegt fyrir sig að leita sérfræðiaðstoðar eftir að hún lenti í öðru sæti í hæfileikakeppninni Britain's Got Talent í maí. Í viðtali við breska tímaritið OK segist Susan muna lítið eftir þessum tíma. „Eftir úrslitin þjáðist ég af mikilli ofþreytu og lagðist inn á Priory-spítalann í London. Þá hafði ég ekki sofið í heila viku og ég vissi ekki hvað var að mér,“ segir söngkonan, sem er 48 ára.**

**„Ég var inni á spítalanum í þrjá daga og hef aldrei verið svona þreytt en þegar ég lít til baka var þetta nauðsynlegt fyrir mig. Ég þurfti hvíld fjarri öllum myndavélunum,“ segir Susan, en fyrsta sólóplata hennar, I Dreamed a Dream, er væntanleg í verslanir 23. nóvember og er nú þegar orðin söluhæsta platan á Amazon í forsölu.**

# Mæta til leiks á ný eftir áramót

„Það er búið að vera svo mikið að gera hjá okkur sem að þessu stöndum að við höfum ekki haft tíma til að uppfæra síðuna. Við erum öll í fullu námi og vinnu og þess vegna hefur síðan setið svolítið á hakanum,“ segir Dagný Berglind Gísladóttir, einn stofnenda vefritsins iheartrvk.is sem var sett á laggirnar fyrr í sumar. Á síðunni mátti finna umfjöllun um tísku, menningu, tónlist auk annarra viðburða en sé síðan heimsótt í dag má sjá að hún hefur ekki verið uppfærð nýlega. Dagný Berglind tekur þó fram að þetta séu ekki endalok vefritsins. „Við ætlum að mæta aftur sterk til leiks eftir áramót. Þá fáum við til liðs við okkur bloggara sem munu blogga reglulega á síðunni og munum auk þess uppfæra síðuna reglulega. Það fer mikill tími og vinna í að halda úti svona síðu, mun meiri en við gerðum ráð fyrir í fyrstu. En þetta er ekki búið,“ segir Dagný Berglind að lokum. - sm



**EKKI BÚIÐ** Dagný Berglind segir vefritið iheartrvk.is ekki hætt, heldur sé bara mikið að gera hjá aðstandendum þess. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# MIKIÐ STUÐ Á SKREKK

**Skrekkur, hæfileikakeppni íþrótta- og tómstundasviðs fyrir grunnskóla í Reykjavík, var haldin í tuttugasta sinn á þriðjudagskvöld. Laugalækjarskóli bar sigur úr býtum með verkinu Ástarkveðju, í öðru sæti varð Hagaskóli og í því þriðja hafnaði Seljaskóli. Góð stemning var á úrslitakeppninni, sem fór fram í Borgarleikhúsinu, og afhenti Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri sigurvegurunum Skrekkstyttuna.** - ag



**Í TUTTUGASTA SINN** Góð stemning var í Borgarleikhúsinu á úrslitakeppninni, sem var sjónvarpað beint á Skjá einum.



**HÖRÐ KEPPNI** Alls tóku 28 skólar þátt í undankeppninni fyrir Skrekk en aðeins átta skólar komust í úrslitakeppnina.



**FJÖLBREYTT** Fjölbreytt atriði kepptu til sigurs á Skrekk og mikil sköpunargleði einkenndi keppnina.



**ÁSTARKVEÐJA** Laugalækjarskóli fór með sigur af hólmi í Skrekk með verkinu Ástarkveðja.



**HAMINGJUSÖM** Ashley segist ánægð með útlit sitt eftir barnsburð og segir húðslit ekki fara fyrir brjóstið á eiginmanni sínum, Pete Wentz.

# Húðslit skiptir engu máli

Ashley Simpson segir líkama sinn hafa breyst eftir að hún eignaðist son sinn Bronx, ellefu mánaða, en hún segist ánægð með útlit sitt. Í viðtali við tímaritið Women's Health segist Ashley vera hamingjusöm og segir eiginmann sinn Pete Wentz finnast hún kynþokkafull. „Pete er alveg saman um húðslit og lætur mér alltaf finnast ég kynþokkafull. Það mun koma að því að ég mun fitna, en það verður bara flott. Kynþokki er ekki mældur í kílóum og mér finnst flott að vera með ávalar útlínur,“ segir söng- og leikkonan.

Ashlee, sem er 25 ára, segist fá regulega hreyfingu með því að halda á Bronx. „Ég geri „Bronx pilates“ og upphandleggsvöðvarnir á mér eru svona stórir af því að ég held á honum öllum stundum,“ segir hún.



**DÖKKHÆRÐ** Robin Wright hefur skipt um háralit eftir skilnaðinn við Sean Penn.

# Sér ekki eftir Sean Penn

**Leikkonan Robin Wright virðist pluma sig vel eftir skilnaðinn við Sean Penn. Hún hefur meðal annars fjarlægt Penn-nafnið og litað hárið á sér dökkt. Leikkonan mætti á frumsýningu myndarinnar The Private Lives of Pippe Lee á sunnudaginn. Í nýlegu viðtali ræddi hún um skilnaðinn við Penn, en þau höfðu þá verið gift í rúm tuttugu ár. „Ég vil ekki fara út í smáatriðin af því að ég hef ekki áhuga á að deila þeim með hverjum sem er. Ég sé ekki eftir neinu, ég á tvö yndisleg börn og þegar fólk spyr mig „af hverju fórstu?“ held ég að þetta hafi bara verið tímapunktur í lífi mínu þegar ég varð að breyta til.“**

# Bandaríkjamenn fóstra kindur

Hlédís Sveinsdóttir hleypti af stokkunum verkefninu www.kindur.is fyrir ári, en þar gefst fólki kostur á að eignast eða taka í fóstur kind í íslenskri sveit. Hún segir verkefnið hafa gengið vonum framar og nú séu um fimmtíu manns sem eiga eða fóstra íslenska kind.

„Þetta hefur gengið alveg ótrúlega vel. Maður vissi ekki við hverju átti að búast þegar maður fór af stað með þetta verkefni og þetta sprakk eiginlega í andlitið á okkur. Athyglin hefur verið gríðarleg,“ segir Hlédís og bætir við að nokkuð sé um að Bandaríkjamenn kaupi kindur. „Háskólaprófessor einn á nú orðið sex kindur, að mig minnir. Hann kemur hingað til lands árlega með hóp nemenda með sér og heimsækir kindurnar sínar. Þau eru mjög heilluð af frelsi fjárins og finnst næstum eins og þetta sé villibráð.“

Kaupendur eignakinda fá heimsendar kjötafurðir auk þess sem hægt er að fá unna ull af kindinni gegn vægu aukagjaldi. „Í réttunum í haust hitti ég til dæmis konu sem sat og prjónaði peysu úr ullinni af kindinni sem hún átti. Mér fannst mjög skemmtilegt að sjá það,“ segir Hlédís og hlær. Hún segir margar kindurnar bera nokkuð skemmtileg nöfn og má þar á meðal nefna kindina Höllu Pönkrottu, Frú Hillary Clinton, hrútana Þveng og Íra og svo kindina Rakel sem er í eigu forsetafrúarinnar Dorrit Moussaieff.

Spurð hvort hægt verði að fóstra önnur húsdýr í framtíðinni segir Hlédís ekkert útlokað. „Þó að hugmyndin sé mín var pælingin alltaf að láta þetta í hendur bænda svo þeir gætu séð um framhaldið. Mig langaði að sýna fram á það að sveitin er gott umhverfi fyrir nýsköpun, sérstaklega í dag þar sem áhuginn á landbúnaði hefur aukist til muna.“ - sm



**FÉ TIL EIGNAR** Hlédís Sveinsdóttir átti hugmyndina að verkefninu kindur.is, þar sem fólki gefst kostur á að fóstra kindur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Loftkastalinn

„Þekktasta jólasaga allra tíma“

„Mikilvæg áminning um hinn sanna jólaanda“



PIPAR\TBWA • SÍA • 92002

Laddi

# JÓLASAGA

eftir Charles Dickens

**Frábær skemmtun sem kemur allri fjölskyldunni í jólaskapið**

**Miðasala er hafin!**
Aðeins sýnt í nóvember og desember

Miðasala Loftkastalans 527 1000
– opin alla virka daga frá 14–18
– um helgar frá 12 og fram að sýningu

www.loftkastalinn.is

**Sýningar:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 19.11. | Forsýning kl. 20 (UPPSELT) | 28.11. | Sýningar kl. 14 & 17 |
| 20.11. | Forsýning kl. 20 (UPPSELT kr.) | 29.11. | Sýningar kl. 14 & 17 |
| 21.11. | **Frumsýning kl. 18** | 05.12. | Sýningar kl. 14 & 18 |
| 22.11. | Sýningar kl. 14 & 17 | 06.12. | Sýningar kl. 14 & 17 |

Miðaverð er 2.500 kr. **Miðasala á miði.is**

Óseldir miðar seldir í miðasölu samdægurs á 1.500 kr.

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

VIÐ FENGUM VIÐVÖRUN
POWERSÝNING KL. 10.00
2012

★★★½ H.S - MBL
★★★★ Þ.Þ. - DV
★★★★ V.J.V - Fréttablaðið
★★★★ T.V. - Kvikmyndir.is
PARANORMAL ACTIVITY

JÓHANNES
34.000 MANNS
★★★★★ - A.K. - Útvarp Saga
★★★★¾ - Atli Steinn, Bylgjan

FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2
ATH! 650 kr.

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 7 og 10(Power) | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 og 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 6 - Ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 6, 8 og 10 | L |

NIA VARDALOS RICHARD DREYFUSS
MY LIFE IN RUINS
NIA VARDALOS, STELPAN ÚR „MY BIG FAT GREEK WEEDING“ ER LOKSINS TIL GRIKKLANDS Í FRÁBÆRRI RÓMANTÍSKRI GAMANMYND

DENNIS QUAID ZIYI ZHANG
HORSEMEN
FRÁ FRAMLEIÐANDUM MICHAEL BAY KEMUR HÖRKUSPENNANDI MYND Í ANDA SE7EN

LAW ABIDING CITIZEN
matt damon is The Informant!
COUPLES RETREAT

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR SAMBÍÓANNA HJÁ JÁ - 118

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HORSEMEN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| MORE THAN A GAME | kl. 8 | 7 |
| THE INFORMANT | kl. 8 -10:20 | L |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MY LIFE IN RUINS | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 6 - 8:10 - 10:30 | 16 |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6:15(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 8:10D | 12 |
| GAMER | kl. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HORSEMEN | kl. 8 | 16 |
| THE INFORMANT | kl. 8 | L |

NÝTT Í BÍÓ!
VIÐ FENGUM VIÐVÖRUN
VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI!
★★★½ „2012 er Hollywood-rússíbani eins og þeir gerast skemmtilegastir! Orð frá því ekki lýst hvað störslysa-senurnar eru öflugar.“ T.V. - Kvikmyndir.is
★★★ VJV - FBL
★★★ S.V. - MBL
2012
15.000 MANNS Á 5 DÖGUM!
STÆRSTA FRUMSÝNING ÁRSINS!
FRÁ LEIKSTJÓRA INDEPENDENCE DAY OG THE DAY AFTER TOMORROW
LÚXUS

★★★★ - H.S., MBL
★★★½ - T.V., Kvikmyndir.is
★★★½ - E.E., DV
★★★ - Dr. Gunni, FBL
Desember

★★★★ T.V. - Kvikmyndir.is
★★★★ -Þ.Þ., DV
PARANORMAL ACTIVITY

MICHAEL JACKSON'S THIS IS IT
SÝND ÚT NÓVEMBER SÖKUM VINSÆLDA
UPPLIFÐU LISTAMANNINN EINS OG ÞÚ HEFUR ALDREI SÉÐ HANN ÁÐUR. ÁÐUR ÓSÉÐ MYNDEFNI SEM HEIMURINN HEFUR BEÐIÐ EFTIR.
★★★ -E.E., DV

ZOMBIELAND
★★★★ V.J.V. - Fréttablaðið
★★★★ T.V. - kvikmyndir.is
★★★ - S.V. - MBL
★★★★★ Þ.Þ. - DV
★★★ D.Ö.J. - kvikmyndir.com

JÓHANNES
★★★½ - S.V. - MBL
★★★★★ - A.K. - ÚTVARP SAGA
★★★★★ - A.S.G. - BYLGJAN

30.000 MANNS!
★★★★ - Þ.Þ., DV
★★★ T.V. - Kvikmyndir.is
★★★ MMJ - kvikmyndir.com
SÝNINGUM FER FÆKKANDI

FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 4.45 - 5.45 - 8 - 9 - 10.30 | 10 |
| 2012 LÚXUS | kl. 4.45 - 8 | 10 |
| DESEMBER | kl. 4 - 6 - 8 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 3.45 | L |

HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 5.45 - 9 | 10 |
| DESEMBER | kl. 6 - 10 | 10 |
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |

facebook.com/smarabio AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 6 - 9 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 10 | L |
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| BROKEN EMBRACES | kl. 5.20 | 12 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |


Tónlist ★★★

**Flatey**

Lay Low

## Ljúfur millileikur



Í fyrra kom Lay Low með hina frábæru Farewell Good Night's Sleep, plötu sem mér fannst stimpla tónlistarkonuna gjörsamlega inn. Flatey er léttur en góður millileikur þar til Lay Low kemur með næstu fullburða sólóplötu, kannski pakki ætlaður til að halda nafni hennar heitu. Jafnvel grunar mann að náttúruáherslan sé til útflutnings. Þetta er pakki sem auðveldlega væri hægt að setja á túristamarkaðinn.

Hugmyndin er fín: Lay Low tekur sjö lög á ýmsum stöðum úti í Flatey. Bara hún ein og kassagítarinn, gullfalleg náttúran og umhverfishljóð í bakgrunni. Fimm laganna eru af hljóðversplötunum tveim, tvö áður óútgefin. Pakkinn er tvöfaldur. Lögin sjö eru á CD og sömu lög í sömu röð á DVD. Það er tæplega hálftíma löng tónlistarmynd, leikstýrt af Denna Karlssyni. Auk þess að sýna Lay Low í ljúfum fílingi að spila lögin sín blandast inn í íbúar eyjarinnar, bæði menn og dýr.

Þetta er átakalaust, angurvært og einlægt. Aðdáendur Lay Low og ekki síst aðdáendur Flateyjar fá mikið fyrir sinn snúð. Flatey er flottur pakki, góður biti á milli mála. Svo býst maður við næstu veislumáltíð þegar næsta hljóðversplata kemur, hvenær svo sem það gerist. **Dr. Gunni**

**Niðurstaða:** Góður biti á milli mála.

# Kvæntur rokkari



**GIFTUR** Trommuleikari hljómsveitarinnar Kings of Leon gifti sig um helgina.

**Nathan Followill, trommuleikari hljómsveitarinnar Kings of Leon, gekk í það heilaga síðustu helgi. Sú heppna er söngkonan Jessie Baylin og hafa þau skötuhjú verið saman í þrjú ár. Bræður Nathans, sem báðir eru meðlimir í hljómsveitinni, voru að sjálfsögðu viðstaddir athöfnina auk leikkonunnar Scarlett Johansson sem er æskuvinkona brúðarinnar. Nathan var hinn ánægðasti og á sunnudaginn ritaði hann eftirfarandi á Twitter-síðu sína: „Ég vaknaði í morgun með gifta konu mér við hlið. Heppilegt að hún var gift mér.“**

# Sannkölluð fjölskylduhugmynd

„Mamma átti eiginlega upphaflegu hugmyndina, en við tókum öll vel í það fjölskyldan og skipulögðum þetta í sameiningu,“ segir Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm sem stendur fyrir styrktartónleikum fyrir Mæðrastyrksnefnd í Guðríðarkirkju í Grafarholti ásamt fjölskyldu sinni.

Tónleikarnir fara fram sunnudaginn 22. nóvember klukkan 20.30 og hefur Hreindís fengið fjölda tónlistarmanna til að koma fram. Þar á meðal eru Guðrún Gunnarsdóttir, Helga Möller og Regína Ósk auk þess sem Hreindís mun sjálf syngja á tónleikunum, en hún tók meðal annars þátt í Söngvakeppni sjónvarpsins fyrr á árinu. „Við sáum grein í blaðinu um að það væru alltaf að lengjast raðirnar í úthlutun hjá Mæðrastyrksnefnd. Þá var fjölskyldan búin að fá hugmynd að því að halda svona tónleika svo málefnið kom bara til okkar. Við viljum að peningurinn sem við söfnum fari til þeirra því það verður eflaust sprenging fyrir jólin,“ segir Hreindís. Miðasala er farin af stað í verslunum Eymundsson í Smáralind, Kringlunni og Austurstræti og í síma 894-7200, en allir sem koma að tónleikunum koma gefa vinnu sína og mun allur ágóði renna óskiptur til Mæðrastyrksnefndar. **- ag**



**STYRKIR MÆÐRASTYRKSNEFND** Hreindís Ylva skipuleggur styrktartónleikana fyrir Mæðrastyrksnefnd ásamt foreldrum sínum og bróður.

FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON


skítamórall
RISADANSLEIKUR
NASA
LAUGARDAGSKVÖLD 21. NÓVEMBER
ÖLL BESTU SKÍMÓ LÖGIN OG CARLSBERG Á TILBOÐI ALLT KVÖLDIÐ
MIÐASALA HAFIN Á WWW.MIDI.IS
Carlsberg LÉTTÖL



**Verð síðan fyrir gengishrun!**

# ÚTISERÍUR

## 30-50% AFSLÁTTUR

**Aðeins í fjóra daga, fimmtudag, föstudag, laugardag, sunnudag**




### EINSTAKIR EIGINLEIKAR

- Allt að 4.000 perur á einni innstungu.
- Hægt að tengja allar seríutegundir saman: venjulegar, net, grýlukerta, gardínu og fleiri.
- Líftími allt að 50.000 tímar eða yfir 2.000 dagar.
- Allt að 90% orkusparnaður

SIRIUS

## Einstakar TECH-LINE útiseríur

Sirius TECH-LINE ljósaseríurnar bjóða upp á mikla möguleika. Þú getur skeytt þær saman, eftir því sem þér hentar hvort sem er utan um tré eða runna eða utan á húsið.

Sirius TECH-LINE er framleitt úr sterku efni sem stenst hin verstu veður. Perurnar nota mjög lítinn straum og lýsa helmingi meira en venjulegur perur. Þótt ein og ein pera verði ónýt, slökknar ekki á seríunni, þú bara skiptir út perunni þegar þér hentar.

**byggtogbúið**
KRINGLUNNI
Sími 568 9400 | www.byggtogbuid.is
www.facebook.com/byggt.og.buid

### > Dæma í Íslendingaslag

Handboltadómararnir Ingvar Guðjónsson og Jónas Elíasson fá það verðuga verkefni að dæma Íslendingaslag Amicitia Zürich frá Sviss og Kiel frá Þýskalandi í Meistaradeild Evrópu um næstu helgi en Íslendingar leika með báðum liðum. Kári Kristján Kristjánsson leikur með Amicitia en Aron Pálmarsson með Kiel. Þjálfari síðarnefnda liðsins er Alfreð Gíslason. Þessi lið mættust í Þýskalandi um síðustu helgi og þá vann Kiel stórsigur, 42-24.



# sport

sport@frettabladid.is

**VIKTOR BJARKI ARNARSSON:** SAMNINGSLAUS OG LEITAR AÐ NÝJU FÉLAGI Á NORÐURLÖNDUNUM

## *Nánast engar líkur á því að ég komi heim strax*

Samningur Viktors Bjarka Arnarssonar við Lilleström í Noregi rennur út í næsta mánuði og verður honum þá frjálst að finna sér nýtt félag. Hann hefur reyndar verið á láni hjá Nybergsund sem leikur í norsku B-deildinni en honum finnst ekki líklegt að hann verði áfram þar.

„Ég held að fótboltinn sem er spilaður í Svíþjóð og Danmörku henti mér betur," segir Viktor Bjarki við Fréttablaðið. „Hér í Noregi er meira um „kick and run" og mikil hlaup. Meiri áhersla er lögð á að spila boltanum í hinum löndunum og það hentar mér betur."

Hann segir málið allt á frumstigi og því enn mikil óvissa um framhaldið. „Það eru þó einhver lið sem hafa sýnt manni áhuga en markaðurinn hefur auðvitað breyst mikið að undanförnu og félögin hafa minna á milli handanna. Ég ætla mér þó að vera áfram á Norðurlöndunum og tel nánast engar líkur á því að ég komi aftur heim til Íslands eins og er. Ég vil þó ekki útiloka neitt eins og er."



Viktor Bjarki fór frá Víkingi til Lilleström fyrir þremur árum. Hann lenti hins vegar í erfiðum meiðslum og fékk lítið sem ekkert að spila með liðinu. Hann var lánaður til KR í fyrra og svo til Nybergsund í ár.

„Það háði mér líka að þjálfarinn sem keypti mig, Uwe Rösler, var rekinn viku eftir að ég kom til félagsins. Ég var svo einfaldlega ekki í myndinni, hvorki hjá Tom Nordlie né Henning Berg sem hafa þjálfað Lilleström síðan þá. Maður verður bara að bíta í það súra epli en ég tel líklegt að ég hefði fengið meira að spila ef Uwe hefði haldið áfram."

Hann segist ekki mótfallinn því að spila í annað hvort sænsku eða dönsku B-deildinni. „Ég geri mér grein fyrir því að ég er ekki að fara að labba inn í stór lið eins og Bröndby eða FCK. Ég þarf fyrst og fremst á því að halda að komast að hjá liði þar sem ég nýt trausts þjálfarans og fæ nóg að spila. Ég vil sýna og sanna að það býr enn mikið í mér – en þó fyrst og fremst fyrir sjálfum mér."

Guðmundur Guðmundsson og lærisveinar rústuðu Danmerkurmeistarana:

## Frábær leikur af okkar hálfu

**HANDBOLTI** Landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson hefur verið að gera hreint út sagt frábæra hluti sem þjálfari GOG Svendborg í dönsku úrvalsdeildinni í handbolta en liðið er í öðru sæti eins og stendur.

Til að undirstrika gott gengi liðsins undir stjórn Guðmundar þá er nærtækast að nefna stórsigur GOG í fyrrakvöld þegar liðið tók toppllið deildarinnar og núverandi meistara í KIF Kolding í kennslustund og vann ellefu marka sigur, 35-24.

„Þetta var frábær leikur af okkar hálfu. Það liggur við að fyrri hálfleikurinn hafi verið gallalaus og það er ekki oft sem það gerist en staðan var 18-11 í hálfleik. Kolding er náttúrulega gríðarlega sterkt lið og hefur til að mynda verið að standa sig mjög vel í Meistaradeildinni þar sem liðið hefur gert jafntefli við bæði Kiel og Ademar León," segir Guðmundur.

Margir óvissuþættir hafa verið í kringum GOG á þessari leiktíð vegna fjárhagsörðugleika og meiðsla lykilmanna enda var liðinu heldur ekki spáð sérlega góðu gengi fyrir leiktíðina.

„Þetta er búið að vera mjög erfitt að mörgu leyti. Bæði misstum við Snorra Stein frá okkur fyrir tímabilið og misstum svo tvo lykilmenn í meiðsli auk þess að vera bara nýbúnir að endurheimta Ásgeir Örn úr meiðslum. Síðan eru það fjárhagsörðugleikarnir sem hafa verið að plaga okkur og þau mál eru enn óleyst.

Þó svo að fjárfestar hafi komið er fjárhagsstaða liðsins með þeim hætti að þetta er erfitt. Við höfum því þurft að aðskilja fjárhagsvandamálin utan vallar frá handboltahliðinni innan vallar og menn hafa gert það mjög vel því þetta er ekkert auðvelt.

Við vonumst hins vegar til þess að komast í gegnum tímabilið með ákveðnum hætti upp á framhaldið að gera," segir Guðmundur og viðurkennir að liðið eigi á hættu á að missa lykilleikmenn frá sér ef fjárhagsvandamálin leysast ekki. - óþ



**ÁRANGUR** Guðmundur Guðmundsson hefur gert góða hluti með GOG. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**MIKILVÆGUR** Ásgeir Örn Hallgrímsson er mikilvægur hlekkur í liði GOG en liðið er í toppbaráttu dönsku úrvalsdeildarinnar.

## Stefni klárlega á að vera með á EM

**Ásgeir Örn Hallgrímsson hefur komið sterkur til baka eftir að hafa verið meiddur í næstum hálft ár.**

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Ásgeir Örn Hallgrímsson hefur leikið vel með liði sínu GOG Svendborg eftir að hafa snúið aftur úr erfiðum hnémeiðslum sem héldu honum utan vallar í tæpt hálft ár.

Ásgeir Örn hóf endurkomu sína sem kunnugt er með stæl í byrjun nóvember þegar hann tryggði GOG 24-23 sigur gegn Bjerringbro-Silkeborg með sigurmarki á lokasekúndunni. GOG tapaði reyndar næsta leik gegn fallbaráttuliðinu Århus GF en fékk svo heldur betur uppreisn æru í fyrrakvöld þegar liðið vann ellefu marka stórsigur, 35-24, gegn toppliðinu KIF Kolding þar sem Ásgeir Örn skoraði þrjú mörk.

„Þetta var helvíti þétt hjá okkur og virkilega vel gert. Við bara völtuðum yfir þá eins og sagt er. Þetta er vissulega sterk yfirlýsing sem við erum að senda með þessum sigri en við töpuðum reyndar fyrir liðinu í næstneðsta sæti í umferðinni þar á undan. Þannig að það má kannski segja frekar að við séum að senda frá okkur svona blendin skilaboð. Við verðum samt að reyna að byggja á þessum góða sigri í síðasta leik. Það er það sem þetta snýst um," segir Ásgeir Örn.

Ásgeir Örn kveðst eðlilega ekki vera kominn í sitt gamla form enn eftir langvarandi meiðsli en er bjartsýnn á að þau séu nú að baki.



„Mér finnst ég náttúrlega ekki vera alveg sami maður og fyrir meiðslin og það er ekkert óeðlilegt miðað við hvað ég var lengi frá. Maður er ekki jafn sterkur og ekki jafn snöggur og áður og á enn smá í land með þá þætti en það kemur allt á endanum. Ég fór í aðgerð á hnénu og finn alveg fyrir því en það er ekkert sem ég hef áhyggjur af eða er eitthvað óeðlilegt. Maður þarf bara að passa sig og hugsa vel um þetta svo þetta taki sig ekki upp aftur," segir Ásgeir Örn.

Hann er harðákveðinn í því að vera klár í slaginn með íslenska landsliðinu fyrir EM í Austurríki í janúar. „Ef ég verð heill áfram þá stefni ég klárlega á að vera með landsliðinu á EM en það er auðvitað hlutverk Guðmundar [Guðmundssonar, landsliðsþjálfara og þjálfara GOG] að velja liðið. Ég hef svo sem ágætis glugga til að sýna mig fyrir honum," segir Ásgeir Örn á léttum nótum. omar@frettabladid.is






VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# ÚRSLIT

## N1-deild kvenna

**Valur - Stjarnan** **24-24 (13-11)**
**Mörk Vals (skot)**: Hrafnhildur Skúladóttir 7/4 (11/6), Katrín Andrésdóttir 6 (7), Hildigunnur Einarsdóttir 3 (3), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 3 (4), Rebekka Skúladóttir 2 (5), Íris Pétursdóttir 2 (5), Ágústa Edda Björnsdóttir 1 (3), Kristín Guðmundsdóttir 0 (5)
**Varin skot**: Berglind Hansdóttir 24/2
**Hraðaupphlaupsmörk**: 1 (Katrín)
**Fiskuð víti**: 6 (Katrín 3, Íris 2, Rebekka)
**Utan vallar**: 4 mín.
**Mörk Stjörnunnar (skot)**: Alina Tamasan 9/1 (20/3), Þorgerður Atladóttir 4 (8), Aðalheiður Hreinsdóttir 3 (5), Elísabet Gunnarsdóttir 3 (6), Þórhildur Gunnarsdóttir 2 (2), Esther Ragnarsdóttir 2 (5), Jóna Halldórsdóttir 1 (1), Harpa Sif Eyjólfsdóttir 0 (2), Kristín Clausen 0 (2)
**Varin skot**: Florentina Stanciu 11/1, Sólveig Ásmundsdóttir 2
**Hraðaupphlaupsmörk**: 3 (Þorgerður, Jóna, Þórhildur)
**Fiskuð víti**: 3 (Kristín, Esther, Þórhildur)
**Utan vallar**: 4 mín.

**Fylkir - Fram** **19-20 (12-7)**
**Mörk Fylkis**: Sunna Jónsdóttir 6, Elín Helga Jónsdóttir 4, Ela Kowal 4, Sunna María Einarsdóttir 2, Sigríður Hauksdóttir 2, Hildur Harðardóttir 1.
**Mörk Fram**: Stella Sigurðardóttir 8, Guðrún Þóra Hálfdánardóttir 3, Hildur Þorgeirsdóttir 3, Marthe Sördal 2, Karen Knútsdóttir 2, Pavla Nevarilova 2.

### STAÐAN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | **7** | **6** | **1** | **0** | **216-130** | **13** |
| Stjarnan | 8 | 6 | 1 | 1 | 248-178 | 13 |
| **Fram** | **7** | **6** | **0** | **1** | **205-148** | **12** |
| Fylkir | 7 | 3 | 0 | 4 | 172-150 | 6 |
| **Haukar** | **6** | **3** | **0** | **3** | **161-165** | **6** |
| FH | 6 | 3 | 0 | 3 | 162-168 | 6 |
| **KA/Þór** | **6** | **1** | **0** | **5** | **138-174** | **2** |
| HK | 7 | 1 | 0 | 6 | 152-227 | 2 |
| **Víkingur** | **6** | **0** | **0** | **6** | **101-215** | **0** |

## Iceland Express d. kvenna

**Haukar - Keflavík** **67-68 (29-43)**
**Stig Hauka**: Heather Ezell 27, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 18 (14 fráköst), Telma Fjalarsdóttir 12 (10 fráköst), Bryndís Hanna Hreinsdóttir 6, Margrét Rósa Hálfdánardóttir 2, María Lind Sigurðardóttir 2.
**Stig Keflavíkur**: Kristi Smith 19, Bryndís Guðmundsdóttir 18 (13 fráköst, 7 stoðsendingar), Marín Rós Karlsdóttir 10, Birna Valgarðsdóttir 7, Rannveig Randversdóttir 6, Telma Lind Ásgeirsdóttir 4, Svava Ósk Stefánsdóttir 3, Sigrún Albertsdóttir 1.

**Snæfell - Hamar** **71-87 (45-41)**
**Stig Snæfells**: Kristen Green 36, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 8, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 6, Sara Sædal Andrésdóttir 5, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 5, Björg Guðrún Einarsdóttir 3, Gunnhildur Gunnarsdóttir 3, Ellen Alfa Högnadóttir 3, Rósa Indriðadóttir 2.
**Stig Hamars**: Koren Schram 26, Kristrún Sigurjónsdóttir 18, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 16, Guðbjörg Sverrisdóttir 14, Fanney Guðmundsdóttir 7, Hafrún Hálfdánardóttir 4, Íris Ásgeirsdóttir 2.

**Grindavík - Njarðvík** **75-60 (34-31)**
**Stig Grindavíkur**: Ingibjörg Jakobsdóttir 14, Michele DeVault 14, Jovana Lilja Stefánsdóttir 13, Helga Hallgrímsdóttir 11 (18 fráköst), Petrúnella Skúladóttir 10, Íris Sverrisdóttir 9, Berglind Anna Magnúsdóttir 2, Alma Rut Garðarsdóttir 2.
**Stig Njarðvíkur**: Shantrell Moss 23, Auður Jónsdóttir 11, Sigurlaug Guðmundsdóttir 8, Anna María Ævarsdóttir 6, Heiða Valdimarsdóttir 5, Harpa Hallgrímsdóttir 5, Ólöf Helga Pálsdóttir 2.

### STAÐAN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **7** | **7** | **0** | **509-340** | **14** |
| Hamar | 7 | 5 | 2 | 514-484 | 10 |
| **Grindavík** | **7** | **4** | **3** | **454-439** | **8** |
| Keflavík | 7 | 3 | 4 | 468-479 | 6 |
| **Haukar** | **7** | **3** | **4** | **502-478** | **6** |
| Snæfell | 7 | 2 | 5 | 401-504 | 4 |
| **Valur** | **7** | **2** | **5** | **405-482** | **4** |
| Njarðvík | 7 | 2 | 5 | 472-519 | 4 |

## Undankeppni HM 2010

**Úkraína - Grikkland** **0-1**
0-1 Dimitris Salpigidis (31.)
Grikkland vann samanlagt, 1-0.

**Frakkland - Írland** **1-1**
0-1 Robbie Keane (33.), 1-1 William Gallas (103.)
Frakkland vann samanlagt, 2-1, en framlengja þurfti leikinn.

**Bosnía - Portúgal** **0-1**
0-1 Raul Maireles (55.)
Portúgal vann samanlagt, 2-0.

**Slóvenía - Rússland** **1-0**
1-0 Zlatko Dedic (44.)
Slóvenía kemst áfram á útivallarmarki þar sem liðin skildu jöfn eftir samanlögð úrslit, 2-2.

**Alsír - Egyptaland** **1-0**
1-0 Antar Yahia (40.)

## Þýska úrvalsdeildin

**Füchse Berlín - HSV Hamburg** **25-37**
Rúnar Kárason komst ekki á blað hjá Füchse Berlin.

**Göppingen - TV Grosswallstadt** **27-27**
Sverre Andreas Jakobsson komst ekki á blað hjá Grosswallstadt en Einar Hólmgeirsson var ekki með liðinu vegna meiðsla.

**Hannover-Burgdorf - Gummersbach** **24-28**
Hannes Jón Jónsson skoraði 3 mörk fyrir Hannover-Burgdorf og Róbert Gunnarsson 4 mörk fyrir Gummersbach.

**SG Flensburg - MT Melsungen** **34-30**
Alexander Petersson skoraði 3 mörk fyrir Flensburg.

Heather Ezell var einu misheppnuðu víti frá því að tryggja Haukum framlengingu:

# Keflavíkurkonur komnar á sigurbrautina

**KÖRFUBOLTI** Keflavíkurkonur eru komnar á sigurbrautina eftir fjögur töp í röð í upphafi móts og í gær unnu þær sinn þriðja sigur í röð þegar liðið vann Íslandsmeistara Hauka, 68-67, í æsispennandi leik á Ásvöllum. Keflavíkurliðið lagði grunninn að mikilvægum sigri í fyrri hálfleik en það var með 14 stiga forskot í hálfleik, 43-29.

Keflavíkurliðið hélt Heather Ezell í aðeins sex stigum í fyrri hálfleik en Ezell var nærri því búin að koma sínu liði í framlengingu þegar hún skoraði 21 stig í seinni hálfleik. Heather fékk reyndar gullið tækifæri til að jafna rúmum fimm sekúndum fyrir leikslok en klikkaði á seinna víti sínu. Hún var þá búin að skora úr átta vítum í röð.

„Heather er stórkostlegur leikmaður og takmarkið í dag var að halda henni undir 30 stigum. Það tókst því hún skoraði bara 27 stig," sagði Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, í léttum tón en Heather var samt einu misheppnuðu vítaskoti frá því að tryggja Haukum framlengingu. „Það var flott hjá henni að klikka á eina vítinu sínu í leiknum þegar fimm sekúndur voru eftir. Ég var mjög ánægður með það en ég þakkaði henni þó ekkert sérstaklega fyrir það í leikslok," sagði Jón.

„Fyrri hálfleikurinn fór alveg með okkur því það er ekki nóg að spila bara einn hálfleik. Stelpurnar mættu bara ekki tilbúnar í leikinn og það gengur ekki að lenda fjórtán stigum undir á móti alvöru liðum því þau gefa ekki svona forskot frá sér," sagði Henning Henningsson, þjálfari Hauka en hann segir sitt unga lið enn vera að læra. „Þær læra vonandi hvernig þær eiga koma til leiks því þær lærðu allavega hvernig á ekki að koma til leiks," sagði Henning.

Bryndís Guðmundsdóttir átti mjög góðan leik hjá Keflavík þar sem hún var með 18 stig, 13 fráköst og 7 stoðsendingar. Keflavíkurliðið hefur unnið þrjá af fjórum leikjum sínum eftir að hún fékk langþráða leikheimild. „Við vorum aðeins værukærar í seinni hálfleiknum og við spiluðum ekki vel í honum. Það var einhver spenna í okkur en það var mjög sterkt að klára leikinn og það mun hjálpa okkur mikið í stigatöflunni," sagði Bryndís og bætti við: „Mér finnst ég verða betri og betri með tímanum. Það er erfitt að tapa fjórum leikjum í röð og sérstaklega þegar maður getur ekki verið með og situr á bekknum," sagði Bryndís.


**BRYNDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR** Átti góðan leik með Keflavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stigin tvö voru Keflavíkurliðinu miklu mikilvægari en hvernig leikurinn spilaðist og þjálfarinn var sáttur í leikslok. „Ég var rosalega ánægður með að ná því að vinna þennan leik. Stelpurnar voru skíthræddar í restina um að þær væru að fara að tapa þessu. Ég var mjög ánægður með að við náðum að halda þessu, hleyptum þeim ekki fram úr okkur og kláruðum leikinn," sagði Jón Halldór og bætti við:

„Það vissu það allir sem vildu vita að það var ekkert eðlileg byrjun. Það vita það allir í Keflavík að það er ekki í boði að tapa fyrstu fjórum leikjunum og vonandi verður talað jafnmikið um það að við séum búnar að vinna þrjá í röð," sagði Jón að lokum. **- óój**

# Stjörnustúlkur sáttari við stigið

**Valskonur eru enn ósigraðar í N1-deild kvenna en þurftu að sætta sig við eitt stig þegar Stjarnan kom í heimsókn í gær. Bæði lið hafa þrettán stig en Stjarnan hefur leikið leik meira.**

**HANDBOLTI** „Fyrir fram ætluðum við okkur að ná í tvö stig en miðað við hvernig leikurinn þróaðist má segja að eitt stig sé sigur fyrir okkur. Við vorum nánast ekki með í seinni hálfleik en sýndum karakter í lokin," sagði Elísabet Gunnarsdóttir, fyrirliði Stjörnunnar, eftir jafnteflið í toppslagnum gegn Val á Hlíðarenda.

Heimakonur voru yfir allan seinni hálfleikinn en gestirnir voru aldrei langt undan og Elísabet jafnaði 24-24 með síðasta marki leiksins.

Leikurinn hófst á mýmörgum mistökum á báða bóga en Stjörnuliðið var þó á undan að finna einhvern takt á sinn leik. Liðið náði fjögurra marka forystu snemma en þá náðu heimastúlkur að laga varnarleik sinn, sem var ekki upp á marga fiska í byrjun, og sneru taflinu sér í vil. Staðan var 13-11 fyrir Val í hálfleik.

Snemma í seinni hálfleiknum komst Valur í 19-15 en Garðabæjarliðið gafst ekki upp og krækti í ansi mikilvægt stig upp á stöðuna í deildinni að gera. Bæði lið hafa þrettán stig en Stjarnan leikið leik meira. Stefán Arnarson, þjálfari Vals, var greinilega alls ekki sáttur við úrslitin.

„Við byrjuðum mjög illa og lékum alls ekki nægilega vel fyrstu tíu mínúturnar. Síðan vorum við betra liðið og áttum að klára þennan leik. En á einhvern óskiljanlegan hátt töpum við stigi hérna. Eina skýringin er sú að það vantaði skynsemi," sagði Stefán.

„Við höfum verið lengi í gang í leikjunum, ég hef ekki fundið ástæðuna fyrir því. En ef við tökum það jákvæða er liðið enn taplaust og var að mínu viti betra liðið í þessum leik."

Markahæst í liði Stjörnunnar var Alina Tamasan með níu mörk. Hrafnhildur Skúladóttir skoraði mest fyrir Val, sjö mörk, og þá Katrín Andrésdóttir frábæran leik og skoraði sex. Berglind Hansdóttir var eins og oft áður í stuði í marki Valsliðsins og varði 24 skot.

„Mér finnst mjög gott að hafa náð stigi með Berglindi á móti sér í þessum ham," sagði Atli Hilmarsson, þjálfari Stjörnunnar. „Þetta er ekki einn af okkar betri leikjum. Tvö af betri liðum deildarinnar voru þarna að mætast og þetta eru mjög jafnir leikir eins og úrslitin hafa sýnt." **- egm**


**SKORAÐI ÞRJÚ** Hildigunnur Einarsdóttir á fullu í sókninni hjá Val gegn Stjörnunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Síðustu leikirnir í undankeppni heimsmeistaramótsins í knattspyrnu fóru fram í gærkvöldi og nótt:

# Hönd Henrys bjargaði Frökkum í París

**FÓTBOLTI** Sex síðustu leikirnir fóru fram í undankeppni HM 2010 í gærkvöldi og nótt. Úrslit réðust í undankeppninni í Evrópu þar sem síðari leikirnir í umspilinu fóru fram.

Óhætt er að segja að Frakkar hafi sloppið með skrekkinn á heimavelli sínum í París þar sem þeir mættu Írum. Frakkar unnu 1-0 sigur í fyrri leik liðanna en Írar náðu að svara fyrir sig í gær.

Robbie Keane kom Írum 1-0 yfir með marki á 32. mínútu eftir laglegan undirbúning og fyrirgjöf Damiens Duff. Keane skoraði með hnitmiðuðu skoti úr vítateignum.

Írar fengu nokkur færi til viðbótar í leiknum og hefðu vel getað tryggt sér farseðilinn til Suður-Afríku með því að bæta við marki í venjulegum leiktíma.

Það gerðist hins vegar ekki og þurfti því að grípa til framlengingar.

Þar voru það Frakkar sem höfðu lukkudísirnar á sínu bandi í framlengingunni. Á 103. mínútu kom há sending inn á teig Íranna. Thierry Henry var við það að missa boltann aftur fyrir endamörk en náði að koma knettinum fyrir sig með hendinni og gefa boltann fyrir markið. Þar var William Gallas mættur og skallaði knöttinn í autt markið.

Frakkar skoruðu þar með kolólöglegt mark og mótmæltu írsku leikmennirnir því mjög að markið fengi að standa.

Guus Hiddink og lærisveinar hans í rússneska landsliðinu máttu sætta sig við 1-0 tap í Slóveníu í gær. Samanlögð úrslit voru því 2-2 en Slóvenar fóru áfram á markinu sem Nejc Pecnik skoraði í blálok fyrri leik liðanna í á Luzhniki-leikvanginum í Moskvu.

Rússar misstu tvo leikmenn af velli með rautt spjald í leiknum í gær. Fyrst varamanninn Alexander Kerzhakov á 66. mínútu og svo Yury Zhirkov sem fékk að líta sitt síðara gula spjald í uppbótartíma leiksins.

Portúgalar komust áfram eftir 1-0 sigur á Bosníu á útivelli og 2-0 samanlagðan sigur. Raul Meireles, leikmaður Porto, skoraði eina mark leiksins í gær.

Þá komust Grikkir einnig á HM með 1-0 sigri á Úkraínu á útivelli í gær. Dimitris Salpigidis skoraði eina mark leiksins eftir stungusendingu Georgios Samaras. Þetta er í fyrsta sinn sem Grikkir keppa á HM síðan 1994 en þeir urðu Evrópumeistarar árið 2004 undir stjórn Otto Rehhagel sem enn er landsliðsþjálfari Grikkja.

Þá bókaði Alsír farseðilinn til Suður-Afríku eftir 1-0 sigur á Egyptalandi er liðin mættust í hreinum úrslitaleik á hlutlausum velli í Súdan.

Síðasti leikurinn var svo síðari umspilsleikur Kosta Ríka og Úrúgvæ en þeim leik var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Úrslitakeppnin sjálf hefst svo í Suður-Afríku hinn 11. júní næsta sumar en dregið verður í riðla í Höfðaborg þann 4. desember næstkomandi. **- esá**


**UMDEILT MARK RÉÐI ÚRSLITUM** Frakkar fagna marki William Gallas í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Paul Hart getur ekki beðið eftir að Hermann Hreiðarsson verði leikfær á ný:

# Frábært að fá Hermann aftur

**FÓTBOLTI** Knattspyrnustjórinn Paul Hart hjá Portsmouth bindur miklar vonir við að stutt sé í að Hermann Hreiðarsson snúi aftur til leiks í ensku úrvalsdeildinni.

Hermann hefur ekki getað leikið með liðinu til þessa á tímabilinu eftir að hafa rifið sin í il á æfingu með landsliðinu fyrir leik gegn Noregi í upphafi september.

Hermann spilaði aftur á móti með Portsmouth í æfingarleik gegn Cheltenham í fyrrakvöld sem fór fram fyrir luktum dyrum og komst í gegnum rúman klukkutíma án þess að kenna sér meins. Hart segir að betur komi í ljós á næstu sólarhringum eða svo hvernig staðan verði á Hermanni.

„Fyrir það fyrsta er frábært að fá Hermann aftur en við sjáum það betur næstu daga hvort hann verði í lagi," segir Hart en Portsmouth hefur átt erfitt uppdráttar í upphafi tímabilsins og er sem stendur í botnsæti deildarinnar.

Mikil óvissa var í kringum Portsmouth síðasta sumar vegna breytinga á eignarhaldi félagsins og það hafði slæm áhrif á liðið innan vallar. Portsmouth tapaði sjö fyrstu leikjum sínum í deildinni, sem er versta byrjun ensks félags í efstu deild síðan Manchester United tapaði tólf fyrstu leikjum sínum haustið 1930. Portsmouth hefur síðan verið að rétta úr kútnum og hefur nú unnið tvo leiki af síðustu fimm, gert eitt jafntefli og tapað tveimur. Hart telur að endurkoma Hermanns muni hafa jákvæð áhrif á gengi liðsins.

„Hermann býr yfir eldmóði á við sautján ára ungling á vellinum. Hann er bara eins og eitthvert dýr og reynsla hans mun einnig verða okkur mjög dýrmæt. Það er einmitt ástæðan fyrir því að við buðum honum nýjan samning eftir síðasta tímabil," segir Hart í viðtali við Portsmouth News.

Hart kveðst þó enn vera óviss um hvort Hermann geti spilað gegn Stoke á sunnudaginn en ljóst er að stutt er í að Eyjapeyinn fari að hrella sóknarmenn ensku úrvalsdeildarinnar. - óþ



**ÞRAUTREYNDUR** Knattspyrnustjórinn Paul Hart hefur miklar mætur á Hermanni Hreiðarssyni og hlakkar til þess að hann verði leikfær á ný. NORDIC PHOTOS/AFP



**HATTON** Lætur líklega ljós sitt skína næsta sumar. NORDIC PHOTOS/AFP

Hatton líklega að snúa aftur:

## Mætast Hatton og Marquez?

**HNEFALEIKAR** Samkvæmt breskum fjölmiðlum í gær er hnefaleikakappinn Ricky Hatton í viðræðum við Juan Manuel Marquez um bardaga í léttveltivigt næsta sumar.

Hinn 31 árs gamli Hatton hefur til þessa verið hljóður um mögulega endurkomu í hringinn eftir niðurlægjandi tap gegn Manny Pacquiao síðasta sumar og hefur í millitíðinni einbeitt sér að því að koma ungum hnefaleikamönnum frá heimaborg sinni Manchester á framfæri.

Hinn 36 ára gamli Marquez tapaði aftur á móti gegn Floyd Mayweather Jr. í síðasta bardaga sínum í september síðastliðnum. Talið er að þeir félagar muni mætast á Borgarleikvanginum í Manchester, sem er heimavöllur enska úrvalsdeildarfélagsins Manchester City, en Hatton er einmitt forfallinn aðdáandi félagsins. - óþ



**ÖFLUGUR** Sergio Aguero myndi styrkja sóknarlínu Chelsea mikið. NORDIC PHOTOS/AFP

Rætt um framtíð Aguero:

## Chelsea vill kaupa Aguero

**FÓTBOLTI** Samkvæmt heimildum Daily Telegraph munu forráðamenn Chelsea og Atletico Madrid vera búnir að ákveða að hittast á fundi strax eftir helgi til þess að ræða félagaskipti framherjans Sergio Aguero. Hinn 21 árs gamli landsliðsmaður Argentínu er einnig sagður áhugasamur að ganga í raðir Chelsea en hann viðurkenndi í nýlegu viðtali við spænska dagblaðið AS að hann væri ánægður með að vera orðaður við félög á borð við Chelsea. Lundúnafélagið þarf líklega að punga út í kringum fjórutíu milljónum punda fyrir leikmanninn. Það yrði nýtt met hjá enskum félögum þar sem Robinho er dýrastur eins og staðan er núna en hann kostaði Manchester City 32,5 milljónir punda í september árið 2008. - óþ




Iceland Express-deild karla:

## Hæstu menn

**KÖRFUBOLTI** Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir hvaða leikmenn liðanna koma best út í nýja tölfræðiþættinum á heimasíðu KKÍ. Fyrri talan er gengi liðs leikmanna þegar þeir eru inni á vellinum en innan sviga er síðan gengi liðsins þegar viðkomandi leikmaður er utan vallar. - óój

### HÆSTIR Í PLÚS OG MÍNUS:

| | |
|---|---|
| Pálmi Freyr Sigurgeirsson, Snæfelli | +112 (-12) |
| Jóhann Árni Ólafsson, Njarðvík | +110 (-30) |
| Hlynur Bæringsson, Snæfelli | +96 (+4) |
| Magnús Þór Gunnarsson, Njarðvík | +86 (-6) |
| Sigurður Þorvaldsson, Snæfelli | +81 (+19) |
| Sigurður Gunnar Þorsteinss., Keflavík | +78 (+29) |
| Jón Ólafur Jónsson, Snæfelli | +75 (+25) |
| Jovan Zdravevski, Stjörnunni | +75 (-10) |
| Hörður Axel Vilhjálmsson, Keflavík | +72 (+35) |
| Sveinn Arnar Davíðsson, Snæfelli | +72 (+28) |
| Justin Shouse, Stjörnunni | +71 (-6) |
| Magnús Helgason, Stjörnunni | +68 (-3) |
| Friðrik Stefánsson, Njarðvík | +65 (+15) |
| Brenton Joe Birmingham, Grindavík | +64 (-15) |
| Páll Kristinsson, Njarðvík | +61 (+19) |
| Emil Þór Jóhannsson, Snæfelli | +61 (+39) |
| Rashon Clark, Keflavík | +59 (+48) |
| Elentínus Margeirsson, Keflavík | +59 (+48) |

***Leik Fjölnis og KR vantar þar sem tölfræðin var tekin á gamla mátann. Finnur Atli Magnússon (+51) og Semaj Inge (+46) ættu því örugglega að vera báðir inni á þessum lista.**

# Mikill plús að hafa Pálma og Jóhann

**KKÍ býður upp á nýja tölfræði en nú má sjá hvernig gengur þegar ákveðinn leikmaður er inni á vellinum. Fréttablaðið skoðaði hvaða leikmenn koma best út í fyrstu umferðum Iceland Express-deildarinnar.**

**KÖRFUBOLTI** Ný aðferð er komin fram til að meta mikilvægi leikmanna í körfuboltanum. Snæfellingurinn Pálmi Freyr Sigurgeirsson og Njarðvíkingurinn Jóhann Árni Ólafsson eru hæstir í nýjum tölfræðiþætti KKÍ eftir fyrstu sex umferðir Iceland Express-deildar karla – þeir koma best út í svokölluðum plús og mínus tölfræðiþætti.

Snæfell hefur unnið þær 180 mínútur sem Pálmi hefur spilað með 112 stigum og Njarðvík hefur unnið þær 182 mínútur sem Jóhann Árni Ólafsson hefur spilað með 110 stigum.

Það er flestum ljóst að tölfræði í körfubolta segir ekki alla söguna og margir mikilvægir þættir innan leiksins skila sér aldrei inn á tölfræðiskýrsluna eftir leik. Hlutir eins og góðar ákvarðanir, góð vörn, góðar hindranir eða óeigingirni inni á vellinum stuðla oftast að betri leik liðsins en koma hvergi fram í tölfræðilínu leikmanna.

Í nýju tölfræðikerfi KKÍ er þó komin fram ein leið til þess að mæla áhrif leikmanna á leik liða þeirra. Nú er nefnilega hægt að sjá hvernig liðunum gengur þegar ákveðinn leikmaður er inni á en þar má sjá hvort liðið sé í plús eða mínus þegar viðkomandi leikmaður er meðal þeirra fimm sem eru á vellinum hverju sinni.

Pálmi Freyr Sigurgeirsson kom til Snæfells fyrir tímabilið og hefur hjálpað sínum mönnum til þess að vinna 4 af 6 fyrstu leikjum tímabilsins. Snæfell er 112 stig í plús með Pálma inni á vellinum en í 10 stig í mínus þegar hann er utan vallar. Pálmi er sjálfur með 8,8 stig, 5,2 fráköst og 4,2 stoðsendingar að meðaltali í leik og framlag hans er upp á 12,3 stig í leik. „Pálmi er okkur gríðarlega dýrmætur. Hann er reynslumikill og góður alhliða leikmaður. Hann er skapandi auk þess að vera prýðis skytta,“ segir Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfellsliðsins.


**JÓHANN ÁRNI ÓLAFSSON** Kom til Njarðvíkur á ný eftir að hafa spilað í Þýskalandi í eitt ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Hann er mjög fórnfús og hugsar fyrst og fremst um liðið áður en hann hugsar um sjálfan sig. Það er frábært fyrir Pálma og ýtir undir sjálfstraustið að fá svona umfjöllun því þetta eru tölurnar sem ekki allir lesa. Frekar er verið að horfa á stigaskorið og einhverjir hafa spurt af hverju hann gerir ekki meira. Þeir hinir sömu gera sér ekki grein fyrir því hvað hann hefur góð áhrif á spilið og hvað hann býr til fyrir okkur,“ segir Ingi, sem býst við enn meiru af Pálma þegar hann fer að spila stöðu skotbakvarðar á ný.

Njarðvíkingurinn Jóhann Árni Ólafsson er ekki langt á eftir Pálma og áhrif þess að hafa hann ekki inni á vellinum eru enn meiri. Njarðvík er með 110 stig í plús með Jóhann á vellinum en er í mínus 30 stigum þegar hann situr á bekknum.


**PÁLMI FREYR SIGURGEIRSSON** Kom til Snæfells frá KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Jóhann hefur spilað gríðarlega vel á þessu tímabili og verið mun stöðugri í sínum leik en ég hef séð til hans áður,” segir Sigurður Ingimundarson, þjálfari Njarðvíkur, en Jóhann er með 20,0 stig, 4,7 fráköst og 3,3 stoðsendingar að meðaltali í fyrstu sex leikjunum sem gerir framlag upp á 19,7 stig í leik.

Sigurður segir stóran hluta af leik Jóhanns ekki koma fram í tölfræðinni. „Þarna koma einmitt inn margir hlutir sem koma ekki fram inni á tölfræðinni eins og hvað hann spilar flotta liðsvörn.

Tölfræðin hans er líka mjög flott en það er engu að síður fullt af öðrum þáttum leiksins sem hann er mjög góður í. Ákvarðanataka hans inni á vellinum er sífellt að verða betri og hann er gríðarlega mikilvægur liðinu,“ segir Sigurður.

„Jóhann er mikill liðsmaður og gefur sig í að spila samkvæmt því sem á að gera. Hann er ekkert að reyna of mikið heldur og heldur sig innan leikkerfisins. Það er mjög flott þegar góðir leikmenn eins og hann eru til í að spila eftir því sem á að gera,“ segir Sigurður.

Þeir Pálmi og Jóhann skera sig nokkuð úr á listanum en í þriðja sæti er liðsfélagi Pálma, Hlynur Bæringsson. Njarðvíkingurinn Magnús Þór Gunnarsson er síðan í fjórða sætinu.

Hér til hliðar má sjá hvaða leikmenn Iceland Express-deildar karla eru í mestum plús í fyrstu sex umferðunum deildarinnar. Hægt er að nálgast þessar upplýsingar á nýja tölfræðivefnum á heimasíðu KKÍ. Þar er hægt að sjá +/- fyrir hvern leikmann í hverjum leik.

**ooj@frettabladid.is**



# SJÓNVARPSTILBOÐ




## Panasonic

**Panasonic TXP42C10**
42" Vreal 4 Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., 100Hz, 24p Playback, x.v Colour, Real Black Drive 2000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Viera Link, háskerpu DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart (með RGB), 2 HDMI (1.3), Component, CI rauf, SVHS, CVBS ofl.

**TILBOÐ 199.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990




### UNITED

**United 22DD91HD**
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, stafrænum móttakara (DVB-T), 1440x900 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video & VGA (PC) tengjum. **Tekur 12v og 220v straum.**

**TILBOÐ 72.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990




### UNITED

**United LTV9732**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl., 3D Comb filter, FullPIX2 / FullPIX HD, 100.000:1 skerpa, PIP (mynd í mynd) og PAP, DVB-T stafr. móttakari, 2 x HDMI, VGA ofl.

**TILBOÐ 119.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990




### Panasonic

**Panasonic TXL32C10**
32" HD LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., Vreal 4 Engine, IPS Alpha, 24p Playback, 15.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, VIERA Link, stafrþ. DVB-T mótt., SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart, 2 HDMI & Component tengi ofl.

**TILBOÐ 139.990**
FULLT VERÐ kr. 169.990




### PHILIPS

**Philips 32PFL7404H**
32" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p Full-HD upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, 80.000:1 skerpu, HD Natural Motion, 3ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, 4 x HDMI, 2 x Scart, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990




### Panasonic

**Panasonic TXP37C10**
37" Vreal 4 Plasma BREIÐTJALD með 1024 x 768p uppl., 100Hz, 24p Playback, x.v Colour, dýnamískri 2000.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Viera Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara, SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart, 2 HDMI ofl.

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990




### UNITED

**United LTV9742**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p uppl., 3D Comb filter, FullPIX2 / FullPIX HD, 100.000:1 skerpa, PIP (mynd í mynd) og PAP, DVB-T stafr. móttakari, 2 x HDMI, VGA ofl.

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990




### Panasonic

**Panasonic TXL42S10**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Vreal Pro3, 24p Playback, Viera Link, dínamískri 50.000:1 skerpu, Intelligent Scene Controller, stafr. háskerpu DVB-T mótt., tölvuleikja- og Eco Mode stilling, VGA (PC), 3 x HDMI, Composite, Component & S-Video, 2x Scart, Audio L/R, CI, Digital Audio tengi ofl.

**TILBOÐ 219.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990




### Panasonic

**Panasonic TXP42S10**
42" Full HD 1080p Plasma BREIÐTJALD með 1920 x 1080p uppl., Vreal Pro3, 400Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, Viera Link, x.v Colour, 20.000:1 skerpu, 3D Colour, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, SD/SDHC korta-lesara, 2 x Scart, 3 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

## > Tom Hanks

„Það má vel vera að einhverjum finnist ég fá of há laun fyrir störf mín en ef ég þigg þau ekki þá gerir það einhver annar.“

***Hanks fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Bachelor Party sem Stöð 2 Bíó sýnir 20.00 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFIR Á ENDURSÝNINGAR, AFTUR OG AFTUR

# *Tíu ára Seinfeld betri en glænýtt efni*

Gildi endursýninga í sjónvarpinu er vanmetið, alla vega þegar þættir á borð við Seinfeld og Friends eru annars vegar. Báðir hafa þeir verið sýndir að undanförnu á Stöð 2 Extra og Stöð 2 og þrátt fyrir að um það bil áratugur sé liðinn síðan þeir voru síðast framleiddir eru þeir langt í frá orðnir úreldir.

Hér á árum áður skiptist fólk upp í tvo hópa, Seinfeld-aðdáendur eða Friends-aðdáendur. Sjálfur hef ég alla tíð verið í fyrrnefnda hópnum og þó svo að Vinirnir hafi alltaf verið fínir hefur samt alltaf eitthvað vantað upp á til að ég geti hrifist upp úr skónum.

Seinfeld hefur með árunum breyst í tímalausa snilld þar sem engu máli skiptir hversu oft maður horfir, alltaf stendur hann fyrir sínu. Ekki skiptir heldur máli hvort eitthvað annað sé á dagskrá á sama tíma, alltaf sogast maður að þessu óborganlega gríni. En kannski ætti það að vera áhyggjuefni fyrir sjónvarpsstöðvarnar þegar maður velur tíu ára gamla þætti, sem maður er þegar búinn að sjá, fram yfir allt þetta glænýja sem er á boðstólum.

Annars mætti vel endursýna fleiri þætti og helst sakna ég Staupasteinsþáttanna sem gengu ár eftir ár í Sjónvarpinu við miklar vinsældir. Hvernig væri að gefa Woody og félögum séns, þótt ekki væri nema eitt kvöld í viku? Barði Hamar, eða Sledge Hammer, stóð einnig vel fyrir sínu hér á árum áður en kannski eldist hann ekkert sérlega vel. Hann mætti þó alveg fá sitt tækifæri eins og aðrir.



**SEINFELD** Endursýndir Seinfeld-þættir eru betri en glænýtt efni sem er á boðstólum annars staðar.

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.20 The Simpsons** STÖÐ 2



▶ **20.30 30 Rock** SKJÁREINN



▶ **21.50 You Are What You Eat** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00 Man About Town** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.25 Framtíðarleiftur** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.15 Viðtalið** (Mats Josefsson) (e)
**15.45 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.15 Táknmálsfréttir**
**17.25 Flautan og litirnir** (7:9) (e)
**17.45 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn** (6:12)(e)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Mæðralíf** (In the Motherhood)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Eldað með Jóhönnu Vigdísi**
**20.40 Bræður og systur** (Brothers and Sisters III) (62:63) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina og viðburðaríkt líf þeirra.
**21.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (8:12) Þáttaröð um vísindi. Sagt verður frá því hvernig lesa má sögu eldgosa í landinu úr gömlu seti í stöðuvötnum og hvernig stjórnmál, rannsóknir og upplýsingar fléttast saman við að efla almenna heilsu.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
▶**22.25 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) (4:13) Bandarísk þáttaröð. Alríkislögreglumaður í Los Angeles rannsakar framtíðarsýnir fólks og kemur upp gagnagrunni yfir þær.
**23.10 Himinblámi** (Himmelblå) (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 I'ts a Boy Girl Thing**
**10.00 School for Scoundrels**
**12.00 Jimmy Neutron: Boy Genius**
**14.00 I'ts a Boy Girl Thing**
**16.00 School for Scoundrels**
**18.00 Jimmy Neutron: Boy Genius**
**20.00 Bachelor Party** Ein af fyrstu myndunum sem Óskarsverðlaunahafinn Tom Hanks lék í. Hér segir frá piparsveinapartíi þar sem allt fer úrskeiðis.
▶**22.00 Man About Town** Rómantísk gamanmynd með Ben Affleck í aðalhlutverki.
**00.00 An Inconvenient Truth**
**02.00 A Scanner Darkly**
**04.00 Man About Town**
**06.00 Eragon**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Elías og Ævintýri Juniper Lee.
**08.15 Oprah** Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Atvinnumennirnir okkar: Eiður Smári Guðjohnsen**
**11.45 Supernanny** (7:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 La Fea Más Bella** (71:300)
**13.45 La Fea Más Bella** (72:300)
**14.30 Eldsnöggt með Jóa Fel** (3:12)
**15.00 Ally McBeal** (7:23)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Bratz, Ævintýri Juniper Lee og Elías.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
▶**19.20 The Simpsons** (10:22) Marge er lögð inn á spítala vegna fótbrots og Lísa tekur völdin á heimilinu. Karlmennirnir taka lítinn þátt í heimilisstörfunum en Lísa finnur áhrifaríka leið til að hefna sín á þeim.
**19.45 Two and a Half Men** (23:24) Gamanþáttur um bræðurna Charlie og Alan Harper.
**20.15 Eldsnöggt með Jóa Fel** (8:12) Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel.
**20.45 NCIS** (15:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**21.35 Eleventh Hour** (18:18) Eðlisfræðingurinn Jacob Hood aðstoðar FBI við rannsókn sakamála sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða eru jafnvel talin af yfirnáttúrulegum toga.
**22.20 The Godfather 2**
**01.35 Fangavaktin: Þetta eru engin geimvísindi**
**02.40 Supercross**
**04.00 Lost Behind Bars**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Bosnía - Portúgal** Útsending frá leik í umspili fyrir HM 2010. Fyrri leikur liðanna fór 1-0 fyrir Portúgal.
**16.40 Childrens Miracle Network Classic** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
**17.35 Frakkland - Írland** Útsending frá leik í umspili fyrir HM 2010.
**19.15 Box: Manny Pacquiao - Miguel Cotto** Útsending frá bardaga Manny Pacquiao og Miguel Cotto.
**20.15 Jermain Taylor - Arthur Abraham** Útsending frá bardaga Jermain Taylor og Arthur Abraham.
**21.00 Super Six - All Access** Skyggnst á bak við tjöldin.
**21.30 UFC 106 Countdown** Hitað upp fyrir UFC 106 sem fram fer í Las Vegas 28. nóvember næstkomandi.
**22.00 Bestu leikirnir: ÍBV - Keflavík 21.09.97** Árið 1997 börðust Skagamenn og Eyjamenn um Íslandsmeistaratitilinn. Eyjamenn höfðu beðið í 18 ár eftir titlinum og fannst löngu kominn tími á að Íslandsmeistaratitilinn færi aftur til Vestmannaeyja.
**22.30 Bosnía - Portúgal** Útsending frá leik í umspili fyrir HM 2010. Fyrri leikur liðanna fór 1-0 fyrir Portúgal.
**00.10 World Series of Poker 2009**
**01.05 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Hold ´Em.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.05 Season Highlights 2001/2002** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp.
**19.00 Goals of the Season 2005** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**19.55 Premier League World** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
**20.25 PL Classic Matches** Chelsea - Man. Utd, 1999.
**20.55 PL Classic Matches** Leeds - Newcastle, 1999.
**21.25 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**22.50 Tottenham - Man. Utd** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (7:10) (e)
**08.00 Dynasty** (9:29) (e)
**08.50 Innlit/Útlit** (4:10) (e)
**09.20 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (7:10) (e)
**12.50 Innlit/Útlit** (4:10) (e)
**13.20 Pepsi MAX tónlist**
**16.55 Yes Dear** (10:15) (e)
**17.20 Dynasty** (10:29)
**18.10 Lífsaugað** (9:10) (e)
**18.50 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.
**19.00 King of Queens** (25:25) (e)
**19.25 Game Tíví** (10:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**19.50 Fréttir** (e)
**20.05 The Office** (5:28) Á meðan Michael og Holly eru upptekin í ástarleik er skrifstofan rænd.
▶**20.30 30 Rock** (7:22) Salma Hayek leikur gestahlutverk í þessum þætti. Áhugi Liz á litlum börnum leiðir hana inn á óvæntar brautir og Jack fellur fyrir hjúkkunni sem hann ræður til að annast mömmu sína.
**20.55 House** (5:24) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.
**21.45 CSI: Miami** (5:25) Unglingsstúlka er myrt þegar hún mátar kjól í tískuverslun og Horatio kemst að því að Julia er tifandi sprengja þegar hún hættir að taka lyfin sín.
**22.35 The Jay Leno Show**
**23.25 Nurse Jackie** (5:12) (e)
**23.55 United States of Tara** (5:12) (e)
**00.25 King of Queens** (25:25) (e)
**00.50 Pepsi MAX tónlist**

## iNN

**20.00 Hrafnaþing** Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra er gestur Ingva Hrafns í dag.
**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm heldur áfram með sitt tveggja manna tal við Gunnar Dal.
**21.30 Birkir Jón** Þingmaður Framsóknarflokksins Birkir Jón Jónsson skoðar pólitískt landslag dagsins í dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


HAFÐU ÞAÐ HUGGULEGT Í HAUST

ALLT AÐ 75% AF ARIN-ELDSTÆÐUM



50% AFSLÁTTUR

SOLO
ÚTSÖLUVERÐ: 49.900



50% AFSLÁTTUR

PARIS
ÚTSÖLUVERÐ: 69.900



75% AFSLÁTTUR

BASIC
ÚTSÖLUVERÐ: 29.900

RúmGott

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121 · Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.15**

### Eldsnöggt með Jóa Fel



Kjúklingaforréttur, lambasteik og kaka í eftirrétt. Jói Fel sýnir okkur hvernig nýta má afganga úr lambasteikinni á bragðgóðan og einfaldan hátt. Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel. Matreiðslan verður þjóðlegri en áður, góðar steikur, matarmiklir pottréttir, súpur og einfaldir fiskréttir. Hollur, hagkvæmur og heimilislegur matur af hjartans lyst. Jói ætlar einnig að kenna okkur að baka einföld brauð, fín og gróf, formkökur, klatta, flatkökur og skonsur svo eitthvað sé nefnt.

**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**
**Mæðralíf – NÝTT**

**Sjónvarpið kl. 18.30**

Í kvöld byrjar Sjónvarpið að sýna nýja bandaríska gamanþáttaröð sem fjallar um þrjár konur sem reyna eftir megni að sinna móðurhlutverkinu, vinnunni og ástarlífinu án árekstra. Með aðalhlutverk fara Cheryl Hines, Jessica St. Clair, Horatio Sanz og Megan Mullally.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Andrarímur
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Kyrr kjör
**15.25** Raddir barna
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Í minningu Flosa Ólafssonar
**23.25** Bláar nótur í bland
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (24:25)
**17.00 Doctors** (25:25)
**17.30 The O.C. 2** (21:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
**18.15 Seinfeld** (17:24)
**18.45 Doctors** (24:25)
**19.15 Doctors** (25:25)
**19.45 The O.C. 2** (21:24)
**20.30 Seinfeld** (17:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**▶21.50 You Are What You Eat** (10:18) Dr. Gillian McKeith er sérfræðingur á sviði mataræðis og aðstoðar fólki sem er komið í ógöngur.
**22.15 Gossip Girl** (7:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartí.
**23.00 Grey's Anatomy** (4:23) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
**23.45 Medium** (12:19)
**00.30 True Blood** (9:12)
**01.25 Auddi og Sveppi**
**01.55 Sjáðu**
**02.25 Fréttir Stöðvar 2**
**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.40** Lab Rats **13.10** After You've Gone **13.40** Monarch of the Glen **14.30** Strictly Come Dancing **16.15** How Do You Solve A Problem Like Maria? **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** After You've Gone **19.30** Extras **20.00** Rob Brydon's Annually Retentive **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** Dalziel and Pascoe **21.50** After You've Gone **22.20** Extras **22.50** The Catherine Tate Show **23.20** The Catherine Tate Show **23.50** EastEnders

## DR 1

**12.00** Blomsterkvartet **12.15** DR1 Dokumentaren **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.50** S P eller K **15.00** Boogie Update **15.30** Lloyd i Rummet **15.55** Den lyserode panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Pinky Dinky Doo **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Forsvundne danskere **19.30** 6200 Aabenraa **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Månen over Carolina **22.30** Forbrydelsen II **23.30** Seinfeld **23.55** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **12.55** Offentlige hemmeligheter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Viten om **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Ut i nærturen **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Men Kasper da! **17.05** Fritt fram **17.35** Suppeopera **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 60-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Forbrytelsen 2 **21.30** Den norske humor **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Livet i Fagervik **23.30** Skavlan

## SVT 1

**12.05** Andra Avenyn **13.15** Fråga doktorn **14.00** Sommarpratarna **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Robins **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Niklas mat **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **20.30** Ett fall för Louise **21.00** Debatt **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Uppdrag Granskning **23.00** Skavlan




## MORGUNMATURINN



*„Ég er ekki mikið fyrir morgunmat, en fæ mér alltaf búst í World Class eftir æfingu á morgnana, einn Vöðvasmell og svo te.“*

Alan Jones söngvari.

# Ingibjörg sýnir á tískuvikunni í New York

„Þetta er stærsta tískuvika í heimi og ég komst að. Ég trúi þessu varla,“ segir fyrirsætan og fegurðardrottningin Ingibjörg Ragnheiður Egilsdóttir, sem hefur dvalið í New York síðustu mánuði og komið sér á framfæri.

Ingibjörg sýnir á tískuvikunni í New York í febrúar á næsta ári, en allir helstu hönnuðir heims kynna þar haustlínu ársins 2010. Hún býst við annasamri viku. „Ég fór í prufu og maðurinn sem ég talaði við vill koma mér að hjá sem flestum hönnuðum,“ segir Ingibjörg. „Hann vill að ég sýni fyrir hvern hönnuð í klukkutíma í senn. Sem þýðir að ég tek spretthlaup á milli sýningarpalla.“

Viðbrögðin sem Ingibjörg fékk í prufunni komu henni í opna skjöldu. „Ég bjóst ekki við að fá jákvætt svar um leið og ég mætti inn. Það var þannig,“ segir hún.

Fjölmargar fyrirsætur sóttust eftir að komast að og ljóst er að færri komast að en vilja. Ingibjörg verður vafalaust í góðum félagsskap þar sem fyrirsætur á borð við Gisele Bündchen, Kate Moss og Heidi Klum hafa sýnt á tískuvikunni og stjörnur eins og Victoria Beckham, Rihanna og Nicole Ritchie hafa setið á fremstu bekkjum við pallana. - afb



**GLÆSILEG** Ingibjörg Ragnheiður sýnir haustískuna fyrir árið 2010 á tískuvikunni í New York.



**LÁRÉTT**
**2.** egna, **6.** 999, **8.** vandlega, **9.** fugl, **11.** guð, **12.** miklu, **14.** þrætur, **16.** tímabil, **17.** af, **18.** röð, **20.** persónufornafn, **21.** etja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kvenflík, **3.** átt, **4.** ávaxtaré, **5.** fóstra, **7.** andstaða, **10.** svörður, **13.** rangl, **15.** rótartauga, **16.** tímabils, **19.** skóli.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** espa, **6.** im, **8.** vel, **9.** lóm, **11.** ra, **12.** stóru, **14.** þrátt, **16.** ár, **17.** frá, **18.** róf, **20.** ég, **21.** siga.
**LÓÐRÉTT: 1.** pils, **3.** sv, **4.** perutré, **5.** ala, **7.** mótþrói, **10.** mór, **13.** ráf, **15.** tága, **16.** árs, **19.** fg.






SIGURJÓN SIGHVATSSON: BROTHERS FENGIÐ JÁKVÆÐ VIÐBRÖGÐ

# Fjögur hundruð milljónum varið í Óskarsherferð

„Þetta kostar aukapening en við höfum fengið það góð og jákvæð viðbrögð við myndinni að við töldum raunhæft að herja sérstaklega á þennan hóp,“ segir Sigurjón Sighvatsson, kvikmyndaframleiðandi í Hollywood. Kvikmyndin Brothers, sem Sigurjón framleiðir, fer í svokallaða Óskarsverðlaunaherferð. Það þýðir að hún verður markaðssett sérstaklega fyrir þá sem hafa atkvæðisrétt á Óskarsverðlaununum, svokallaða Akademíu, og annað áhrifamikið fólk innan kvikmyndabransans. Greinar og viðtöl verða birt í fagtímaritum um myndina og forsýningar haldnar þar sem þessum hópi verður boðið sérstaklega.

Að sögn Sigurjóns kostar herferð á borð við þessa þrjár milljónir dollara, eða tæplega fjögur hundruð milljónir íslenskra króna. „Við verðum því með tvær herferðir í gangi, annars vegar fyrir almenning og hins vegar fyrir þennan faghóp. Markaðsherferðin í heild sinni mun því ekki kosta undir 23 milljónum dollara,“ útskýrir Sigurjón en það gerir litla þrjá milljarða íslenskra króna.

Sigurjón segir óvanalegt að jafn alvarlegri mynd og Brothers sé dreift í almenn kvikmyndahús en myndin verður frumsýnd í átján hundruð bíósölum víðs vegar um Ameríku í byrjun desember. „Við erum auðvitað að taka áhættu með þessu, venjulega er bara takmarkaður hópur sem vill sjá svona myndir.“ Sigurjón útskýrir að auglýsingaherferðin einblíni nú aðallega á þann ástarþríhyrning sem sé fyrirferðarmikill í myndinni en minna á stríðið í Afganistan en það hefur þó mikil áhrif á líf aðalpersónanna. Með helstu hlutverk fara þau Natalie Portman, Jake Gyllenhaal og Tobey Maguire en leikstjóri er Jim Sheridan. U2 semur síðan sérstakt titillag myndarinnar.

Sigurjón segir að ef allt gangi að óskum og herferðin heppnist vel geti þau ef til vill uppskorið fimm til sex tilnefningar. Slík uppskera krefjist þess hins vegar að lukkudísirnar séu á þeirra bandi. „Það er margt sem vinnur með okkur, umræðan um stríðið í Afganistan, þrír ungir leikarar sem njóta mikillar hylli og svo leikstjóri sem hefur verið tilnefndur sex sinnum til þessara verðlauna en aldrei fengið. Ég er þó búinn að vera nógu lengi í þessum kvikmyndabransa til að vita að það getur brugðið til beggja vona.“ freyrgigja@frettabladid.is



**MARKAÐSSETT FYRIR ÓSKARINN**
Aðstandendur kvikmyndarinnar Brothers hafa tröllatrú á henni og hafa hleypt af stokkunum sérstakri Óskarsherferð. **Sigurjón Sighvatsson** er einn framleiðenda myndarinnar en með helstu hlutverk fara þau **Natalie Portman**, **Jake Gyllenhaal** og Tobey Maguire. U2 semur síðan titillag myndarinnar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Skopmyndasnillingurinn **Halldór Baldursson** hefur í nógu að snúast eins og endranær. Ásamt því að teikna daglega mynd í Moggann teiknar hann andlitsmyndir af bloggurum á Eyjan.is, en þar virðast nýir bætast í hópinn nær daglega. Þá myndskreytti hann barnabók Guðmundar Steingrímssonar sem nefnist Svínið Pétur og hefur hlotið mikið lof fyrir. Loks teiknar Halldór myndir í væntanlegri heimildarmynd leikstjórans Gunnars Sigurðssonar um hrunið, sem verður frumsýnd í janúar.



Stikla úr kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Mamma Gógó, er komin á netið og má meðal annars sjá á heimasíðunni logs.is. Í stiklunni kennir margra grasa og má meðal annars sjá forseta Íslands, **Ólaf Ragnar Grímsson**, á frumsýningu nýrrar kvikmyndar leikstjórans, aðalpersónu myndarinnar, en það er Hilmir Snær sem leikur hann. Myndin sem þarna er frumsýnd heitir Börn náttúrunnar en hún nýtur ekki alveg sömu vinsælda og nafna sín og fær meðal annars aðalverðlaunin á kvikmyndahátíð á Benidorm.

- fgg, afb

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. 1919.
2. Björk.
3. Transparency International.


HAFBERG
fiskbúð sælkerans

GLÆNÝ LÍNUÝSA
STÓRLÚÐA PLOKKFISKUR
MARINERAÐUR FISKUR
FISKIBOLLUR

TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 990

Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686


# Hálfvitar sjá um gleðina

„Það kom inn pöntun um lag frá Unicef, reyndar fyrsta pöntunin sem við fáum. Nú hljóta Nova og Kringlan að fylgja í kjölfarið,“ segir Oddur Bjarni, meðlimur Ljótu hálfvitanna, um nýtt lag með hljómsveitinni. Lagið er lag dags rauða nefsins, sem Unicef stendur fyrir 4. desember. Hálfvitarnir fengu lausan tauminn við að semja lagið, þó með því skilyrði að það tengdist hugmyndinni að baki degi rauða nefsins, sem er að virkja gleðina til góðra hluta. „Það var vitaskuld mikil áskorun fyrir okkur því við erum frekar tregablandið batterí,“ segir Oddur. „Við settum því þunglyndissjúklinginn í bandinu í málið, Snæbjörn „Bibba“ Ragnarsson, og hann tæklaði þetta með glans.“

Niðurstaðan er lag sem heitir „Hættu þessu væli“. „Það er um gaur sem er að kvarta undan lúxusvandamálum. Laginu er beint til þjóðarinnar og hún hvött til að hætta að nöldra og hafa bara gaman af þessu.“

Unicef hélt síðast upp á dag rauða nefsins fyrir þremur árum. Af því tilefni gerði Baggalútur lagið „Brostu“. Lagið með Ljótu hálfvitunum verður sett í spilun um leið og það verður tilbúið, líklega á morgun. Bandið tekur lagið svo auðvitað á sjálfum degi rauða nefsins í mikilli dagskrá sem Stöð 2 sýnir. Eftir fjölskyldutónleika í Salnum í Kópavogi hinn 6. desember ætla Hálfvitarnir svo að fara í jólafrí. „Við eigum reyndar einhver jólalög á lager en það eru bara svo harðir jólalaga-andstæðingar í bandinu að við förum líklega aldrei í þann bransa,“ segir Oddur Bjarni. - drg



**RAUÐA NEFIN KOMIN UPP** Ljótu hálfvitarnir með Axel Axelssyni, sem tók lagið upp, Unicef að kostnaðarlausu.


GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
AFSLÁTTUR
30-70%
ÁÐUR 1.999.-
NÚ 999,-
Náttbuxur herra og dömu
100% bómull st. XS-XXL
ÁÐUR 999.-
NÚ 499,-
Herra boxernærbuxur
100% bómull st. XS-XXL
ÁÐUR 699.-
NÚ 499,-
Íþróttasokkar herra og dömu
5 í pakka
ÁÐUR 299.-
NÚ 99,-
Afþurkunarkústur
ÁÐUR 199.-
NÚ 99,-
Þvottaklemmur úr plasti
24 stk í pakka
ÁÐUR 299.-
NÚ 99,-
Fægiskófla og sópur
ÁÐUR 299.-
NÚ 99,-
Keramik kaffikrúsir
ÁÐUR 299.-
NÚ 99,-
Hræriskál Hammarplast
NÝTT
KORTA
TÍMABIL
NÝTT
FRÁ 499,-
Kubbakerti
8 sm og 18 sm
NÝTT
399,-
Átta falleg jólakort og umslög
í pakka
NÝTT
999,-
Ostabakki. Tilvalin jólagjöf
ÁÐUR 499.-
NÚ 99,-
Microfiber klútar
marglitir 5 stykki
ÁÐUR 299.-
NÚ 99,-
Servíettur margar
gerðir 20 í pakka
NÝTT
KORTA
TÍMABIL
NÝTT
1.299,-
Skrautkerti frostrósir
Stórt kerti
FRÁ 499,-
Jólasveina skrautkerti
NÝTT
999,-
Penslasett
5 stykki í pakka
OFURTILBOÐ ÚT SUNNUDAG
299,-
STÓRAR ÞVOTTAKÖRFUR
ÁÐUR: 1.999,-
NÝTT
899,-
Átta kerti í pakka 28 cm
Hvít og rauð
NÝTT
899,-
Útskorin skrautkerti 3 litir
NÝTT
999,-
Gjafasett. Body lotion,
sturtusápa og baðsalt
NÝTT
999,-
Gjafasett. Ilmandi jurtasápa
AÐEINS 999,-
Sængur og koddasett
Koddi 50x70 sæng 140x200 sm
999,-
Taukarfa úr basti
40x30 cm
ÁÐUR 1.299.-
NÚ 999,-
Geymslukassar á hjólum með
loki, 32 lítra
ÁÐUR 1.499.-
NÚ 999,-
10 stór viskastykki í pakka
FAXAFENI 8 · OPIÐ 10-18 · SUNNUDAGA 12-17

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Svansmerkt prentverk

UMHVERFISMERKI SVANURINN

GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gripin í jólaheimsókninni?

Rétt eftir hádegið í gær stóð til að þingfesta fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur opinbert mál á hendur **Sophiu Hansen**, sem landsþekkt er fyrir baráttu sína við barnsföður sinn Halim Al um forræði yfir dætrum þeirra. Sophia er sökuð um fjársvik, en málið tengist fyrri deilum hennar og Sigurðar Péturs Harðarsonar, áður náins samstarfsmanns Sophiu, sem enduðu fyrir dómi fyrr á þessu ári. Fyrsta tilraun til þingfestingar var í september og önnur í október. Sophia mætti ekki þá fremur en nú, en hún er sögð dvelja úti í Tyrklandi. Næst verður reynt 21. desember og kemur þá væntanlega í ljós hvort Sophia kemur heim í jólaheimsókn.



### Ellý Ármanns snýr aftur

**Ellý Ármannsdóttir** hefur lengi verið á meðal umdeildustu penna landsins. Hún var langvinsælasti bloggarinn í árdaga Moggabloggsins og þóttu færslurnar stundum fara að strikinu og jafnvel yfir það. Í dag eru ekki allir sáttir við fréttirnar hennar af fræga fólkinu á Vísir.is, sem klífa þó á topp leslistanna dag eftir dag. Nú er Ellý byrjuð að blogga aftur á vefsíðunni ellyarmanns.blogspot.com og byrjar á sannri, nærbuxnalausri ástarsögu sem hefst á orðunum: „Þetta er búið. Kláraðist á sama tíma og bankakerfið hrundi. Þetta er allt þessari elsku að kenna. Hann lét sér ekki nægja að hverfa úr mínu lífi heldur gerði hann þjóðina gjaldþrota á sama tíma.“

- afb



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Lögreglan varar fólk við að skilja bíla eftir bensínlausa
2. Viltu sofa hjá pabba?
3. Hrædd um börnin á leiðinni í bótaviðtöl
4. Þungt haldinn eftir fall
5. Fjögurra daga fæðing tvíbura
6. Ásmundur ætlar að gera Samfylkingunni lífið leitt





